Kitáb-i-Aqdas

hin helgasta bók

Bahá'u'lláh

Kitáb-i-Aqdas

HIN HELGASTA BÓK

PDF ÚTG. 1.0, 2021

Kitáb-i-Aqdas

HIN HELGASTA BÓK

Bahá'u'lláh

BAHÁ'Í ÚTGÁFAN
REYKJAVÍK

Kitáb-i-Aqdas
Hin helgasta bók

Útgáfuréttur á Íslandi © 2021
Bahá'í útgáfan — Kletthálsi 1, Reykjavík

Þýðing:
Eðvarð T. Jónsson

Endurskoðun:
Þýðingarnefnd Andlegs þjóðarráðs bahá'ía

Umbrot og kápuhönnun:
Geoffrey Pettypiece

Prentun: Prentmet Oddi

ISBN 978-9979-883-32-6

Öll réttindi áskilin

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun
eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild,
án skriflegs leyfis útgefanda.

Bahá'í útgáfan er nefnd á vegum Andlegs þjóðarráðs bahá'ía á Íslandi
Kletthálsi 1, Reykjavík.

www.bahai.is

Efnisyfirlit

Inngangsorð / vii

Formáli / 1

Lýsing á Kitáb-i-Aqdas
eftir Shoghi Effendi / 13

Kitáb-i-Aqdas / 19

Nokkrir textar til viðbótar
Kitáb-i-Aqdas / 79

Spurningar og svör / 93

Skráning og yfirlit laga
og fyrirmæla Kitáb-i-Aqdas / 127

Textaskýringar / 151

Orðalisti / 231

Atriðisorðaskrá / 237

Inngangsorð

Eitt af markmiðum tíu ára áætlunarinnar sem Shoghi Effendi, Verndari bahá'í trúarinnar, hratt úr vör árið 1953 var að hefja undirbúning að skráningu og yfirliti yfir lög og fyrirmæli Kitáb-i-Aqdas sem yrði frumforsendan fyrir þýðingu bókarinnar. Hann vann sjálfur að skráningunni en henni var ekki lokið þegar hann lést 1957. Verkinu var haldið áfram á grundvelli vinnu hans og kom út í riti árið 1973. Auk skráningar og yfirlits yfir bókina og skýringa við hana hafði útgáfan að geyma samantekt þeirra efnisgreina sem Shoghi Effendi var búinn að þýða og gefa út í ýmsum ritum. Skráningin og yfirlitið náði bæði til textans í Kitáb-i-Aqdas og viðaukans við Aqdas, Spurningar og svör. Árið 1986 ákvað Allsherjarhús réttvísinnar að tímabært og nauðsynlegt væri að hefja enska þýðingu á öllum texta Hinnar helgustu bókar. Var fullgerða þýðingin eitt af markmiðum sex ára áætlunarinnar 1986–1992. Í kjölfar þessarar útgáfu á ensku mun bókin verða þýdd á önnur tungumál.

Ljóst hefur verið að koma eigi Kitáb-i-Aqdas, sem er heilagt orð, á framfæri í formi sem er auðvelt aflestrar,

örvandi og laust við neðanmálsgreinar og atriðanúmer sem gjarnan fylgja fræðitextum. Til að aðstoða lesandann við að fylgja eftir ýmsum þemum hefur textanum samt verið skipt niður í efnisgreinar—slík skipting er ekki algeng í arabískum bókmenntaverkum—og þær verið tölusettar til að auðvelda aðgengileika, skráningu atriðisorða og samkvæmni hvað varðar tilvísanir í öllum þeim tungumálum sem verkið verður gefið út á.

Textanum í Aqdas fylgir stutt samantekt úr ritum Bahá'u'lláh sem er viðauki við Hina helgustu bók, og birtist þýðingin á Spurningum og svörum hér í fyrsta sinn.

Shoghi Effendi hefur sagt að enskri þýðingu Aqdas skuli fylgja „ítarlegar textaskýringar." Við undirbúning þessara skýringa var þeirri stefnu fylgt að leggja áherslu á atriði sem lesanda sem ekki skilur arabísku gæti þótt óljós eða sem af ýmsum ástæðum þörfnuðust útskýringa eða bakgrunnsupplýsinga. Að þessum grunnkröfum undanskildum er þeim ekki ætlað að vera yfirgripsmiklar athugasemdir við textann.

Skýringarnar sem fylgja „Skráningu og yfirliti" eru raðtölusettar. Á undan hverri skýringu er vitnað til viðeigandi efnisgreinar og vísað í töluliðinn þar sem hún birtist. Þetta auðveldar millivísanir milli texta og skýringa og gerir lesendum auk þess kleift að gaumgæfa skýringarnar án þess að leita ítrekað til textans, ef þeir svo kjósa. Með þessum hætti er vonast til að mæta þörfum lesenda af ýmsum bakgrunni og áhugasviðum.

Atriðisorðaskráin veitir leiðsögn um efnisatriði í öllum hlutum bókarinnar.

Í sagnriti Shoghi Effendi um fyrstu bahá'í öldina, *God Passes By*, er einkennum og mikilvægi Kitáb-i-Aqdas og þeim málefnasviðum sem hún fjallar um lýst á skýran og lifandi hátt. Lesandanum til aðstoðar kemur þessi kafli

strax á eftir formálanum. Kaflinn Skráning og yfirlit er endurútgefinn í þessari bók og þjónar einnig sem hjálpargagn til að gefa yfirsýn yfir bókina.

Formáli

Þetta ár, hið 149. í bahá'í tímatalinu, markar aldarártíð Bahá'u'lláh, boðbera allsherjaropinberunar Guðs sem leiða mun allt mannkyn til sameiginlegs þroska. Það er til marks um þau einingaröfl sem leyst voru úr læðingi með komu Bahá'u'lláh að þessum viðburði er fagnað af samfélagi átrúenda, þversniði af öllu mannkyni, sem á einni og hálfri öld hefur fest rætur í fjarlægustu heimshornum. Frekari vitnisburð um starf þessara sömu afla má greina í því hvernig sýn Bahá'u'lláh hefur orðið fyrirboði mannlegrar reynslu á svo mörgum sviðum samtímans. Þetta er heillarík stund fyrir fyrstu staðfestu þýðinguna á ensku á móðurbók opinberunar Hans, „helgustu bók" Bahá'u'lláh, þar sem Hann setur fram lög Guðs fyrir trúarkerfi sem áformað er að standi ekki skemur en í eitt þúsund ár.

Af þeim rúmlega hundrað bindum sem geyma helgirit Bahá'u'lláh hefur Kitáb-i-Aqdas einstæða þýðingu. *„Að byggja allan heiminn að nýju"* er tilkall og áskorun þess boðskapar sem Hann setur fram og Kitáb-i-Aqdas er stofnskrá þeirrar heimssiðmenningar framtíðar sem Bahá'u'lláh hefur komið til að reisa. Fyrirmæli hennar

hvíla á þeim bjargfasta grunni sem lagður var í fyrri trúarbrögðum, því eins og Bahá'u'lláh segir: *„Þetta er óbreytileg trú Guðs, eilíf í fortíðinni, eilíf í framtíðinni.“* Í þessari opinberun eru hugmyndir fortíðar hafnar upp á nýtt svið og gæddar nýjum skilningi. Samfélagsleg löggjöf er sniðin að nýrri öld og til þess að leiða mannkynið inn í heimssiðmenningu sem er svo skínandi björt að vart er hægt að gera sér hana í hugarlund.

Með staðfestingu sinni á gildi allra hinna miklu trúarbragða fortíðar ítrekar Kitáb-i-Aqdas þau eilífu sannindi sem allir guðlegir boðberar hafa kunngert: einingu Guðs, náungakærleika og siðferðilegan tilgang lífsins á jörðu. Um leið fjarlægir hún þá þætti fyrri trúarlaga sem nú tálma aukinni sameiningu heimsins og endurreisn mannlegs samfélags.

Lög Guðs fyrir þetta trúarkerfi snúa að þörfum allrar fjölskyldu mannsins. Í Kitáb-i-Aqdas eru lög sem beinast fyrst og fremst að meðlimum ákveðins hluta mannlegs samfélags og eru þeim strax skiljanleg, en gætu við fyrstu sýn virst torskilin fólki á öðrum menningarsvæðum. Þannig er því til dæmis varið með lögin sem banna skriftir og syndajátningar. Þau eru skiljanleg fólki af kristnum bakgrunni en gætu vafist fyrir öðrum. Mörg lög tengjast fyrri trúarkerfum, sérstaklega hinum yngstu, trúarkerfum Múhameðs og Bábsins sem Kóraninn og Bayáninn geyma. En þótt viss fyrirmæli Aqdas vísi til þeirra með skýrum hætti fela þau einnig í sér altæka skírskotun. Með lögum sínum afhjúpar Bahá'u'lláh smám saman þýðingu nýrra sviða þekkingar og mannlegrar hegðunar sem allar þjóðir heims eru kallaðar til að eigna sér. Hann greypir siðaboð sín í umgjörð andlegra skýringa og minnir lesandann ætíð á að án tillits til þess málefnis sem lögin fjalla um þjóna þau þeim margþætta tilgangi að gera mannlegt samfélag

friðsælla, bæta mannlega hegðun, auka skilning manna og hefja líf hvers og eins í andlegt veldi. Endanlegur tilgangur trúarlaganna er alltaf tengsl hverrar sálar við Guð og uppfylling andlegs hlutskiptis hennar. *„Haldið ekki að Vér höfum opinberað yður einn saman lagabálk,“* segir Bahá'u'lláh sjálfur. *„Nei, miklu fremur höfum Vér rofið innsigli úrvals víns með fingrum máttar og valds.“* Um lagabók sína segir Hann: *„Vissulega er hún þungvægasti vitnisburður Minn til handa öllum mönnum og sönnun Hins almiskunnsama fyrir alla sem eru á himni og jörðu.“*

Kynning á þeim andlega alheimi sem Kitáb-i-Aqdas afhjúpar kæmi að litlu haldi ef lesandinn fengi ekki innsýn í þær stofnanir sem hafa túlkunar- og löggjafarvald og eru órjúfanlegur hluti þess lagakerfis sem Bahá'u'lláh opinberaði. Til grundvallar þessari leiðsögn liggur það einstæða hlutverk sem rit Bahá'u'lláh—og sjálfur texti Kitáb-i-Aqdas—veita elsta syni Hans, 'Abdu'l-Bahá. Þessi einstæða persóna er í senn fordæmi þess lífsmynsturs sem Faðir hans boðaði, innblásinn guðlegum rétti til að túlka kenningar Hans, Miðja þess sáttmála sem Höfundur bahá'í opinberunarinnar gerði við alla sem játast Honum. Í þau tuttugu og níu ár sem 'Abdu'l-Bahá gegndi ætlunarverki sínu miðlaði hann bahá'í heiminum framúrskarandi skýringarritum sem opna fjölmörg sjónarsvið til skilnings á áformi Föður hans.

Í erfðaskrá sinni fékk 'Abdu'l-Bahá elsta afasyni sínum, Shoghi Effendi, hlutverk sem Verndari málstaðarins og óskeikull túlkandi kenninganna. Hann staðfesti þá heimild og tryggingu fyrir guðlegri handleiðslu sem Bahá'u'lláh hafði ákvarðað Allsherjarhúsi réttvísinnar í öllum málum *„sem hið ytra hafa ekki verið opinberuð í bókinni.“* Verndarann og Allsherjarhús réttvísinnar má þannig með orðum Shoghi Effendi skoða sem „tvo

arftaka“ Bahá’u’lláh og ‘Abdu’l-Bahá. Hvorir tveggja eru æðstu stofnanir stjórnskipulagsins sem grunnur var lagður að í Kitáb-i-Aqdas og útskýrðar eru í erfðaskrá ‘Abdu’l-Bahá.

Á þrjátíu og sex ára ferli sínum sem Verndari trúarinnar byggði Shoghi Effendi upp stofnun kjörinna andlegra ráða—hús réttvísinnar sem vísað er til í Kitáb-i-Aqdas og nú eru á frumstigi. Í samstarfi við þau hóf hann kerfisbundna framkvæmd hinnar guðlegu áætlunar sem ‘Abdu’l-Bahá hafði gert fyrir útbreiðslu trúarinnar um allan heim. Á grundvelli sterks stjórnkerfis sem þegar var fyrir hendi hratt hann einnig af stað þeim ferlum sem nauðsynleg voru til að undirbúa kjör Allsherjarhúss réttvísinnar. Þessi stofnun leit dagsins ljós í apríl 1963 og til hennar kjósa fullorðnir bahá’íar um allan heim í leynilegri meirihlutakosningu. Opinberað orð Bahá’u’lláh ásamt túlkunum og skýringum Miðju sáttmálans og Verndara málstaðarins fela í sér bindandi skipunarbréf Allsherjarhúss réttvísinnar og eru bjargföst undirstaða þess.

Hvað varðar lögin sjálf leiðir rækileg athugun í ljós að þau taka til þriggja svið: tengsla einstaklingsins við Guð, efnislegra og andlegra málefna sem koma einstaklingnum að beinu gagni, tengsla einstaklinga á milli og sambands þeirra við samfélagið. Þau má flokka þannig: Bænir og fasta, persónuleg lög um hjónaband, skilnað og erfðir, önnur lagasvið, boð og bönn auk hvatninga og áminninga, og ógilding sérstakra laga og fyrirmæla fyrri trúarkerfa. Áberandi er hversu gagnorð þau eru. Þau eru kjarni umfangsmikilla laga sem líta munu dagsins ljós á komandi öldum. Þessi útfærsla laganna er á valdi Allsherjarhúss réttvísinnar samkvæmt þeirri heimild sem Bahá’u’lláh sjálfur veitti þessari stofnun. Í einni af töflum

sínum varpar ʻAbdu'l-Bahá ljósi á þessa meginreglu:

> *Þau þungvægu málefni sem eru grundvöllur laga Guðs eru skráð með skýrum hætti í texta bókarinnar en aukalög eru á valdi Húss réttvísinnar. Viskan sem í þessu felst er sú að tímarnir breytast og breytingar eru nauðsynleg og ómissandi einkenni þessa heims, tíma og staðar. Þess vegna mun Hús réttvísinnar grípa til viðeigandi ráðstafana…*
>
> *Þetta er í stuttu máli viskan sem felst í því að vísa lögum þjóðfélagsins til Húss réttvísinnar. Í íslam voru fyrirmæli ekki alltaf opinberuð með afdráttarlausum hætti; nei, aðeins brotabrot þeirra er að finna í textanum og þótt sérstaklega væri vísað til allra þungvægra málefna voru þúsundir lagagreina án efa ótilgreindar. Þær voru samdar af guðsmönnum síðari tíma samkvæmt lögum íslamskrar réttarheimspeki, og einstakir guðsmenn komust að misvísandi niðurstöðum á grundvelli þeirra reglna sem fyrst voru opinberaðar. Öllum var framfylgt. Í dag hefur stofnun Húss réttvísinnar með höndum þetta afleiðsluferli en afleiðsla og niðurstöður einstakra lærdómsmanna hafa ekkert gildi nema Hús réttvísinnar staðfesti þær. Munurinn er nákvæmlega þessi: enginn ágreiningur mun rísa af niðurstöðum og staðfestingu stofnunar Húss réttvísinnar sem skipað er mönnum sem bahá'í heimssamfélagið þekkir og kýs, en niðurstöður einstakra guðsmanna og fræðimanna myndu tvímælalaust leiða til ágreinings og valda klofningi og sundrung. Eining Orðsins myndi rofna og glatast, eining trúarinnar hverfa og voldug bygging trúar Guðs bifast.*

Þótt Allsherjarhús réttvísinnar hafi skýra heimild til að breyta eða nema úr gildi sína eigin lagasetningu þegar aðstæður breytast og þannig veita bahá'í lögum nauðsynlegan sveigjanleika, getur það ekki numið úr gildi eða breytt neinum þeirra laga sem sett eru fram með afdráttarlausum hætti í hinum helga texta.

Þjóðfélagið sem viss lög í Aqdas eru ætluð mun aðeins verða til stig af stigi og Bahá'u'lláh hefur séð fyrir stighækkandi beitingu bahá'í laga:

> *Að sönnu eru lög Guðs eins og hafið og mannanna börn eins og fiskar, ef aðeins þau vissu það. Þegar þeim er framfylgt verður þó að gæta háttvísi og visku … Þar sem flestir menn eru veiklyndir og fjarri áformi Guðs verður að gæta háttvísi og skynsemi undir öllum kringumstæðum svo ekkert geti gerst sem valdið gæti uppnámi og sundurlyndi eða framkallað háreysti hinna gálausu. Vissulega hefur Hann veitt öllum alheimi hylli sína og örlæti Hans hefur umlukið alla sem dvelja á jörðu. Leiðbeina verður mannkyni að úthafi sanns skilnings í anda ástar og umburðarlyndis. Sjálf Kitáb-i-Aqdas ber ástúðlegri forsjón Guðs mælskt vitni.*

Meginreglan að baki þessari stighækkandi beitingu var sett fram í bréfi sem ritað var fyrir hönd Shoghi Effendi til andlegs þjóðarráðs 1935:

> Lögin sem Bahá'u'lláh hefur opinberað í Aqdas eru, hvenær sem þau eru framkvæmanleg og ekki í beinni andstöðu við landslög, algjörlega bindandi fyrir alla átrúendur og bahá'í stofnanir hvort heldur er í austri eða vestri. Á viss lög … ættu átrúendurnir

> að líta sem allsherjarlöggjöf sem hafi mikla þýðingu á okkar tímum. Önnur lög eru sett fram með það ástand þjóðfélagsins í huga sem áformað er að rísi upp úr því öngþveiti sem ríkir í dag … Það sem ekki hefur verið sett fram í Aqdas, auk einstakra og minniháttar atriða sem koma upp við beitingu laganna sem Bahá'u'lláh hefur þegar sett fram, mun Allsherjarhús réttvísinnar þurfa að leiða í lög. Þessi stofnun getur aukið við en aldrei ógilt eða breytt á minnsta hátt því sem Bahá'u'lláh hefur þegar sett fram. Verndarinn hefur ekki heldur neinn rétt til að draga út bindandi áhrifum og ennþá síður ógilda fyrirmæli svo grundvallandi helgirits.

Þeim lögum sem eru bindandi fyrir bahá'ía fjölgar ekki með útgáfu þessarar þýðingar. Þegar það er talið tímabært verður bahá'í samfélaginu gert kunnugt um hvaða viðbótarlög eru bindandi fyrir átrúendurna og látin verður í té öll leiðsögn eða viðbótarlöggjöf sem nauðsynleg er fyrir framkvæmd þeirra.

Almennt eru lögin í Kitáb-i-Aqdas sett fram á gagnorðan hátt. Dæmi um þessa samþjöppun má sjá í þeirri staðreynd að mörg eru sett fram eins og þau eigi aðeins við um karlmenn en ljóst er af ritum Verndarans að þegar Bahá'u'lláh setur lög sem gilda milli karls og konu eiga þau að breyttu breytanda við um konu og karl nema samhengið útiloki það. Textinn í Kitáb-i-Aqdas bannar til dæmis karli að kvænast konu föður síns (þ.e. stjúpmóður sinni) og Verndarinn hefur bent á að með sama hætti sé konu bannað að giftast stjúpföður sínum. Þessi skilningur á beitingu laganna hefur víðtæk áhrif í ljósi grundvallareglu bahá'í trúarinnar um jafnrétti kynjanna og hafa ætti hann í huga þegar helgitextinn er íhugaður. Munur á körlum

og konum hvað varðar viss einkenni og líkamsstarfsemi er óumflýjanleg staðreynd náttúrunnar. Sá munur gerir gagnkvæma uppfyllingu hlutverka þeirra í lífi samfélagsins mögulega. Þýðingarmikil eru orð 'Abdu'l-Bahá hvað þetta varðar í þessu trúarkerfi: *„Jafnrétti karla og kvenna hefur verið kunngert afdráttarlaust og til fullnustu nema í nokkrum smávægilegum tilvikum."*

Þegar hefur verið minnst á náin tengsl Kitáb-i-Aqdas við helgirit fyrri trúarkerfa. Sérstaklega náin eru tengslin við Bayáninn, lagabókina sem Bábinn opinberaði. Þetta er útskýrt í eftirfarandi útdráttum úr bréfum sem rituð voru fyrir hönd Verndarans:

> Shoghi Effendi telur að leggja eigi áherslu á einingu bahá'í opinberunarinnar sem eina fullkomna heild sem felur í sér trú Bábsins … Ekki ætti að aðskilja trú Bábsins og Bahá'u'lláh. Þótt kenningar Bayánsins hafa verið numdar úr gildi og leystar af hólmi með lögunum í Aqdas ættum við samt með hliðsjón af þeirri staðreynd að Bábinn leit á sig sem fyrirrennara Bahá'u'lláh að líta á trúarkerfi Hans og Bahá'u'lláh sem eina heild. Hið fyrra boðar komu hins síðara.
>
> Bábinn segir að lög Hans séu til bráðabirgða og háð samþykki framtíðar opinberandans. Þess vegna heimilar Bahá'u'lláh í Aqdas sum lög Bayánsins, breytir öðrum og leggur mörg til hliðar.

Bábinn opinberaði Bayáninn á miðjum boðunarferli sínum og þannig opinberaði Bahá'u'lláh einnig Kitáb-i-Aqdas í kringum 1873, um tuttugu árum eftir að Hann hafði fengið vísbendingu um opinberun sína í Síyáh-Chál í Teheran. Í einni af töflum sínum gefur Hann til kynna

að jafnvel eftir að Hann opinberaði Aqdas hafi bókin ekki verið látin af hendi um nokkurt skeið en síðan send til vinanna í Íran. Shoghi Effendi hefur sagt frá því sem síðan gerðist:

> Í kjölfar þess að Bahá'u'lláh setti fram grundvallarlög trúarkerfis síns í Kitáb-i-Aqdas komu, í lok ætlunarverks Hans, vissar lífs- og meginreglur sem liggja við rætur trúar Hans með ítrekun sanninda sem Hann hafði áður kunngert, með útfærslu og skýringu á nokkrum þeirra laga sem Hann hafði þegar sett fram, með opinberun frekari spádóma og viðvarana og með sérstökum fyrirmælum til þess ætluð að auka við ákvæði helgustu bókar Hans. Þessi fyrirmæli voru skráð í fjölda taflna sem Hann hélt áfram að opinbera allt fram til síðustu stundar á þessari jörð …

Meðal slíkra verka eru Spurningar og svör, samantekt Zaynu'l-Muqarrabín, hins fremsta þeirra sem unnu að afritun helgirita Bahá'u'lláh. Í samantektinni opinberar Bahá'u'lláh svör við spurningum sem ýmsir átrúendur lögðu fyrir Hann. Þessi samantekt er ómetanlegur viðauki við Kitáb-i-Aqdas. Árið 1978 voru eftirtektarverðustu töflurnar af þessu tagi gefnar út á ensku í samantekt sem nefnist *Tablets of Bahá'u'lláh revealed after the Kitáb-i-Aqdas*.

Nokkrum árum eftir opinberun Kitáb-i-Aqdas lét Bahá'u'lláh senda afrit í handritum til bahá'ía í Íran og við lok ævi Hans árið 1308 A.H. (1890–91 e.Kr.) gerði Hann ráðstafanir til að upprunalegur arabískur texti bókarinnar væri gefinn út í Bombay.

Segja þarf nokkur orð um stílinn á enskri þýðingu

Kitáb-i-Aqdas. Bahá'u'lláh hafði framúrskarandi vald á arabískri tungu og kaus að beita henni í þeim töflum og öðrum ritum þar sem nákvæm merking átti sérstaklega við í útskýringu grundvallarreglu. En auk málsins sjálfs er stíllinn upphafinn og tilfinningaþrunginn, einstaklega heillandi, ekki síst fyrir þá sem eru kunnugir þeirri auðugu bókmenntahefð sem hann er sprottinn úr. Þegar Shoghi Effendi hóf þýðingar sínar blasti sú áskorun við honum að finna þau stílbrigði enskrar tungu sem ekki aðeins væru trú frumtextanum og miðluðu nákvæmri merkingu hans en vektu einnig í lesandanum anda hugleiðslu og lotningar sem einkennir viðbrögðin við frumritinu. Það tjáningarform sem hann valdi minnir á stílinn sem þýðendur biblíunnar notuðu á sautjándu öld og fangar vel arabískt tungutak Bahá'u'lláh auk þess sem það er aðgengilegt nútímalesanda. Þýðingar Shoghi Effendi eru auk þess upplýstar einstæðum skilningi hans á inntaki og merkingu frumritanna.

Þótt bæði arabíska og enska búi yfir auðugum orðaforða og fjölbreyttum tjáningarmáta eru þessi tungumál mjög ólík frá formrænu sjónarmiði. Arabískan í Kitáb-i-Aqdas einkennist af feiknlegri einbeitingu og gagnorðri framsetningu. Það eru einkenni þessa stíls að sé merkingarblær augljós á ekki að orða hann sérstaklega. Þetta veldur vandamáli lesendum sem tilheyra allt öðrum menningarlegum, trúarlegum og bókmenntalegum bakgrunni en arabískum. Bókstafleg þýðing efnisgreinar sem er auðskilin á arabísku gæti reynst torræð á ensku. Þess vegna reyndist nauðsynlegt í ensku þýðingunni að umorða þá þætti arabísku setningarinnar sem eru skýrir og augljósir á frummálinu. Um leið er mikilvægt að forðast að orðlengja ferlið þannig að það auki með óverjandi hætti við frummálið eða takmarki merkingu þess. Að finna rétt

jafnvægi milli fegurðar og skýrrar tjáningar annarsvegar og bókstaflegrar þýðingar hinsvegar er eitt þeirra mikilvægu málefna sem þýðendur þurfa að takast á við og sem valdið hafa ítrekaðri endurskoðun á þýðingu vissra efnisgreina. Annað mikilsvert málefni eru lagalegar tilvísanir vissra arabískra orða sem hafa ýmsa aðra merkingu en svipuð orð á ensku.

Þýðing á helgiritum krefst augljóslega sérstakrar aðgætni og nákvæmni. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar um lagabók er að ræða þar sem brýnt er að ekki sé villt um fyrir lesandanum eða hann dreginn inn í gagnslausar deilur. Eins og við var búist var þýðing á Hinni helgustu bók mjög erfið og krafðist samráðs við sérfræðinga í mörgum löndum. Þar sem Shoghi Effendi var þegar búinn að þýða um þriðjung textans var nauðsynlegt að leggja áherslu á þrennskonar einkenni þeirra efnisgreina sem eftir voru: nákvæmni merkingar, fegurð enskrar tungu og samræmi við þann stíl sem Shoghi Effendi beitti.

Það er sannfæring okkar að nú sé þýðingin komin á það stig að hún geti talist ásættanleg túlkun frumtextans. Engu að síður mun hún án efa kalla á spurningar og tillögur sem geta varpað frekara ljósi á innihald hennar. Við erum afar þakklátir fyrir kostgæfni og vandvirkni þeirra nefndarmeðlima sem við fengum til að undirbúa og endurskoða þessa þýðingu á Aqdas og semja textaskýringar. Við erum þess fullvissir að þessi fyrsta staðfesta útgáfa á Kitáb-i-Aqdas á enskri tungu geri lesendum kleift að fá að minnsta kosti ofurlitla innsýn í dýrð móðurbókar bahá'í trúarkerfisins.

Heimur okkar er kominn inn í myrkvað hjarta aldar þar sem gerst hafa grundvallarbreytingar án fordæma í allri umbrotasamri sögu hans. Þjóðir heims, hvaða kynþætti, þjóðerni eða trúarbrögðum sem þær tilheyra

standa andspænis þeirri áskorun að setja öll minniháttar hollustubönd og takmarkanir skör lægra en einingu sína sem borgarar einnar ættjarðar mannkyns. Með orðum Bahá'u'lláh: *„Velferð mannkyns, friður þess og öryggi, verður aldrei að veruleika nema og þangað til eining þess er tryggilega staðfest.“* Megi útgáfa þessarar þýðingar Kitáb-i-Aqdas veita uppfyllingu þessarar allsherjarsýnar nýjan kraft og opna sjónarsvið endurreisnar fyrir heiminn allan.

ALLSHERJARHÚS RÉTTVÍSINNAR.

Lýsing á Kitáb-i-Aqdas eftir Shoghi Effendi

KAFLI ÚR *GOD PASSES BY*,
SAGNRITI HANS UM FYRSTU BAHÁ'Í ÖLDINA

Þótt þessi yfirlýsing væri einstæð og mikilfengleg reyndist hún aðeins undanfari ennþá voldugri birtingar á skapandi mætti Höfundar hennar og því má vel flokka Kitáb-i-Aqdas sem mikilvægustu yfirlýsinguna á boðunarferli Hans. Í Kitáb-i-Íqán er vísað óbeint til Aqdas, meginhirslu lögmálsins sem Jesaja spámaður hafði boðað og sem í opinberun Jóhannesar var lýst sem *„nýjum himni“* og *„nýrri jörð“*, sem *„tjaldbúð Guðs“* og *„borginni heilögu“*, *„brúðinni“* og *„hinni nýju Jerúsalem sem stígur niður af himni frá Guði“*. Á þessa *„helgustu bók“*, sem birtir fyrirmæli sem standa munu órofin í að minnsta kosti þúsund ár og kerfi sem ná mun til allrar heimsbyggðarinnar, má vel líta á sem skærasta ljósið frá huga Bahá'u'lláh, móðurbók trúarkerfis Hans og stofnskrá nýs heimsskipulags.

Þessi bók var opinberuð skömmu eftir að Bahá'u'lláh hafði verið fluttur í hús 'Údí Khammár (um 1873), á

sama tíma og þrengingar steðjuðu að Honum úr öllum áttum vegna verknaða sem óvinir Hans og yfirlýstir fylgjendur trúar Hans frömdu. Henni má líkja við fjárhirslu sem geymir ómetanleg djásn opinberunar Hans og er einstæð og óviðjafnanleg meðal helgirita heimsins í krafti þeirra meginreglna sem hún kennir, stjórnstofnana sem hún mælir fyrir um og umboðsins sem hún veitir útnefndum arftaka Höfundarins. Kitáb-i-Aqdas er frábrugðin Gamla testamentinu og eldri helgiritum sem ekki geyma munnlegar lífsreglur spámannsins sjálfs. Hún er frábrugðin guðspjöllunum þar sem þau fáu ummæli sem eignuð eru Jesú Kristi varðveita enga skýra leiðsögn um framtíðarskipan trúar Hans. Aqdas er jafnvel frábrugðin Kóraninum sem þrátt fyrir skýr lög og ákvæði postula Guðs segir ekkert um almikilvægt málefni arftökunnar, en þar varðveitir Kitáb-i-Aqdas opinberað orð trúarhöfundarins sjálfs frá upphafi til enda, ekki aðeins um grundvallarlögin og reglurnar sem framtíðar heimsskipan Hans hlýtur að hvíla á heldur einnig um túlkunarhlutverkið sem arftakanum er veitt og þær grundvallarstofnanir sem einar geta verndað og varðveitt heiður og einingu trúar Hans.

Í þessari stofnskrá heimssiðmenningar framtíðarinnar kunngerir Höfundurinn—sem er í senn dómari, löggjafi, sameinandi og endurlausnari mannkyns—konungum jarðarinnar birtingu *„hinnar æðstu löggjafar“*, segir þá vera þegna sína, lýsir því yfir að Hann sé *„konungur konunganna“*, afneitar sérhverju tilkalli eða ætlan um að leggja undir sig ríki þeirra; áskilur sér rétt til að *„vinna hjörtu mannanna og eignast þau“*, varar kirkjuleiðtogana við að vega *„bók Guðs“* á þeim vogum og með þeim mælikvörðum sem tíðkast meðal þeirra og staðfestir að bókin sjálf sé hin *„óskeikula vog“* meðal manna. Í henni

setur Hann formlega á stofn *„Hús réttvísinnar“*, skilgreinir verksvið þess, fastsetur tekjur þess og nefnir meðlimi þess *„menn réttvísinnar“*, *„fulltrúa Guðs“*, *„trúnaðarmenn Hins almiskunnsama“*, vísar til framtíðar Miðju sáttmála síns og veitir honum rétt til að túlka helgirit sín, gerir með óbeinum hætti ráð fyrir Verndarstofnuninni, ber vitni byltingarkenndum áhrifum heimsskipulags síns, setur fram trúarkenninguna um *„fullkominn óskeikulleika“* opinberanda Guðs, staðfestir að þessi óskeikulleiki sé eðlislægur réttur sem veitist spámanninum einum og útlokar möguleika á birtingu annars opinberanda í að minnsta kosti þúsund ár.

Í þessari bók mælir Hann auk þess fyrir um skyldubænirnar, ákvarðar tímasetningu og lengd föstunnar, bannar safnaðarbæn nema fyrir hinum látnu, ákvarðar bænaráttina, stofnsetur Rétt Guðs, setur fram erfðalögin, mælir fyrir um stofnun Mashriqu'l-Adhkár, stofnar nítján daga hátíðina, bahá'í hátíðir og aukadaga, afnemur prestastéttina, bannar þrælahald, meinlæti, betl, munlífi, syndajátningar, notkun predikunarstóla og handakossa, segir fyrir um einkvæni, fordæmir grimmd gegn dýrum, leti og iðjuleysi, baktal og lastmæli, mælir gegn skilnaði; bannar veðmál, neyslu ópíums, víns og annarra áfengra drykkja, tilgreinir refsingar fyrir morð, íkveikju af ásettu ráði, hjúskaparbrot og þjófnað, leggur áherslu á mikilvægi hjónabands og setur fram grundvallarskilyrði þess, kveður á um skyldu til að stunda einhver viðskipti eða atvinnu og segir slíkt starf jafngilda tilbeiðslu, leggur áherslu á nauðsyn þess að sjá börnum fyrir tækifærum til menntunar, skyldar sérhvern mann til að skrifa erfðaskrá og hlýðnast stjórnvöldum sínum í hvívetna.

Auk þessara ákvæða hvetur Bahá'u'lláh fylgjendur sína til að samneyta fylgjendum allra trúarbragða í

vináttu og eindrægni og án aðgreiningar, varar þá við ofstæki, undirróðri, drambi, deilum og sundurlyndi; brýnir fyrir þeim flekklaust hreinlæti, algjöra sannsögli, flekklaust skírlífi, traustverðleika, gestrisni, trúfesti, kurteisi, umburðarlyndi, réttlæti og sanngirni, ráðleggur þeim að vera eins og *„fingur einnar handar og limir eins líkama“*, hvetur þá til að hefjast handa og þjóna málstað Hans og fullvissar þá um skýlausa aðstoð sína. Hann fjallar einnig um fallvaltleik mannlegra málefna, lýsir því yfir að raunverulegt frjálsræði felist í undirgefni mannsins við boð sín; varar þá við undanlátssemi þegar þeir fara að fyrirmælum Hans, mælir fyrir um þá tvíþættu óaðgreinanlegu skyldu að bera kennsl á *„dagsbrún opinberunar Guðs“* og gæta allra fyrirmæla sem Hann opinberar, og staðfestir að hvorugt verði tekið gilt án hins.

Þýðingarmiklar hvatningar Hans sem sendar voru forsetum Ameríkulýðveldanna um að grípa tækifærið sem þeim gefst á degi Guðs og berjast fyrir málstað réttlætis, boð Hans til fulltrúa þjóðþinga um allan heim þar sem hvatt er til upptöku alþjóðlegs ritmáls og tungumáls, aðvörun Hans til Vilhjálms I, sigurvegara Napóleons III, áminningar Hans í garð Franz Jósefs keisara Austurríkis, orð Hans í ávarpi til *„bakka Rínarfljóts“* um *„kveinstafi Berlínar“*, fordæming Hans á *„hásæti harðstjórnar“* sem reist var í Konstantínópel, forsögn Hans um að *„ytri glæsibragur“* borgarinnar muni hverfa sem dögg fyrir sólu og þrengingar steðja að íbúum hennar, uppörvandi hughreystingarorð Hans til sinnar eigin fæðingarborgar og fullvissun um að Guð hafi útvalið hana til að verða *„uppspretta fagnaðar öllu mannkyni“*, spádómur Hans þess efnis að *„raustir hetjanna í Khurásán”* muni hljóma til vegsemdar Drottni þeirra, sú fullyrðing Hans að menn *„mikillar hugprýði“* sem muni minnast Hans og nefna

nafn Hans verði reistir upp í Kirmán, veglyndi Hans er Hann fullvissar svikulan bróður, sem hafði valdið Honum slíkri angist, um að Guð *„sá sem ætíð fyrirgefur, hinn algjöfuli“* muni fyrirgefa honum ójöfnuð hans ef hann aðeins iðrðist—allt auðgar þetta enn frekar efni bókar sem Höfundurinn nefnir *„uppsprettu sannrar hamingju“*, *„óskeikula vog“*, hinn *„beina veg“* og *„endurlífgara mannkyns“*.

Lögin og fyrirmælin sem eru helsta þema þessarar bókar hefur Bahá'u'lláh einnig lýst sérstaklega sem *„anda lífsins öllu sem skapað er,“ „voldugasta virkinu,“ „ávöxtum“* á *„tré Hans“*, *„æðstu leiðinni til viðhalds reglu í heiminum og öryggi þjóða hans“*, *„lömpum visku Hans og ástríkrar forsjónar,“ „ljúfum ilmi klæða Hans“* og *„lyklana“* að *„miskunn“* Hans með skepnum sínum. *„Þessi bók,“* staðfestir Hann sjálfur, *„er himinn sem Vér höfum prýtt stjörnum boða Vorra og banna.“ „Sæll er sá,“* segir Hann ennfremur, *„sem les hana og hugleiðir hin helgu orð sem Guð, Drottinn valds, hinn almáttki, sendi niður í henni. Seg, ó menn! Takið hana í hönd með undirgefni … Sem Ég lifi! Hún hefur verið send niður með hætti sem veldur hugum manna furðu. Vissulega eru hún þungvægasti vitnisburður Minn öllum mönnum, sönnun Hins almiskunnsama öllum sem eru á himni og öllum sem eru á jörðu.“* Og aftur: *„Sæll er sá gómur sem smakkar sætleika hennar, glöggt það auga sem ber kennsl á verðmætin sem hún varðveitir, skilningsríkt það hjarta sem nemur tilvísanir hennar og leyndardóma. Ég sver við Guð! Slík er tign þess sem þar er opinberað og svo stórkostleg opinberun dulinna tilvísana að lendar málsins skjálfa þegar þær reyna að lýsa þeim.“* Og loks: *„Kitáb-i-Aqdas hefur verið opinberuð með þeim hætti að hún dregur til sín og umlykur öll trúarkerfin sem Guð hefur ákvarðað. Sælir*

eru þeir sem lesa hana! Sælir þeir sem skilja hana! Sælir þeir sem ígrunda hana! Sælir þeir sem hugleiða merkingu hennar! Slíkt er umfang hennar að hún hefur umlukið alla menn áður en þeir báru á hana kennsl. Áður en langt um líður mun óskorað vald hennar, gagntakandi áhrif og mikilleiki máttar hennar verða birt á jörðu.“

KITÁB-I-AQDAS

Í NAFNI HANS SEM ER ÆÐSTI YFIRBJÓÐANDI ALLS SEM VAR OG ALLS SEM VERÐUR

Fyrsta skyldan sem Guð leggur þjónum sínum á 1
herðar er að bera kennsl á Hann sem er dögun opinberunar Hans og uppspretta laga Hans, sem er fulltrúi guðdómsins í konungríki málstaðar Hans og heimi sköpunarinnar. Sá sem uppfyllir þessa skyldu hefur öðlast allt sem gott er og sá sem vanrækir hana fer villur vegar, jafnvel þótt hann sé höfundur allra réttlátra gerða. Það sæmir hverjum og einum sem nær þessari æðstu stöðu, þessum tindi yfirskilvitlegrar dýrðar, að fylgja öllum fyrirmælum Hans sem er þrá heimsins. Þessar tvær skyldur eru óaðskiljanlegar. Hvorugri verður veitt viðtaka án hinnar. Þetta er ákvörðun Hans sem er uppspretta guðlegs innblásturs.

Þeir sem Guð hefur gætt innsæi munu fúslega 2
viðurkenna að lögin sem Guð hefur sett eru áhrifamestu leiðirnar til að viðhalda reglu í heiminum og tryggja öryggi allra þjóða. Sá sem snýr baki við þeim telst til hinna fávísu og auvirðilegu. Vér höfum vissulega boðið yður

að hafna illum ástríðum yðar og spilltum tilhneigingum og fara ekki yfir þau mörk sem penni Hins hæsta hefur sett, því þau eru andi lífsins öllu sem skapað er. Úthöf guðlegrar visku og guðlegs máls bylgjast fyrir andvara Hins almiskunnsama. Hafið hraðann á og drekkið fylli yðar, ó þér sem hafið skilning! Þeir sem hafa flekkað sáttmála Guðs með því að brjóta boð Hans og snúist á hæli, hafa framið hrapalleg mistök í augum Guðs, eiganda alls, hins hæsta.

3 Ó þjóðir heimsins! Vitið með vissu að boð Mín eru lampar ástríkrar forsjónar Minnar meðal þjóna Minna og lyklar miskunnar Minnar til handa skepnum Mínum. Þetta er það sem sent hefur verið niður frá himni vilja Drottins yðar, Drottins opinberunar. Fyndi einhver keiminn af sætleika orðanna sem vörum Hins almiskunnsama hefur þóknast að mæla, myndi hann snúa baki við fjársjóðum jarðarinnar, væru þeir í hans eigu, ef hann mætti með því móti veita brautargengi þótt ekki væri nema einu af boðum Hans, skínandi yfir dagsbrún örlátrar umhyggju Hans og ástríkis.

4 Seg: Af lögum Mínum berst ljúfur ilmur klæða Minna og með þeirra tilbeina verður sigurmerki reist á hæstu tindum. Rödd valds Míns hefur frá himni almáttugrar dýrðar Minnar ávarpað sköpun mína svofelldum orðum: „Haldið boð Mín vegna ástar á fegurð Minni.“ Sæll er elskandinn sem hefur fundið guðdómlegan ilm ástvinar síns af þessum orðum, þrungnum angan náðar sem engin tunga fær lýst. Svo sannarlega sem Ég lifi! Sá sem hefur drukkið úrvalsvín réttlætis úr örlátum höndum náðar Minnar, mun hringsóla um boð Mín sem skína yfir dagsbrún sköpunar Minnar.

5 Haldið ekki að Vér höfum opinberað yður einn saman lagabálk. Nei, miklu fremur höfum Vér rofið innsigli

úrvals víns með fingrum máttar og valds. Þessu til vitnis er það sem Penni opinberunarinnar hefur opinberað. Íhugið þetta, ó menn innsæis!

6 Vér höfum mælt fyrir um skyldubæn yður til handa með níu rak'ah sem biðja skal til Guðs, opinberanda helgra orða, á hádegi, kvölds og morgna. Vér höfum leyst yður undan fleiri rak'ah samkvæmt boði í bók Guðs. Hann er vissulega ákvarðandinn, hinn almáttugi, hinn óhefti. Þegar þér viljið fara með þessa bæn, snúið yður til hirðar helgustu návistar Minnar, þess helga staðar sem Guð hefur gert að miðdeplinum sem herskarar Hins hæsta sveima um og sem Hann hefur ákveðið að verði miðdepill tilbeiðslu íbúanna í borgum eilífðar og uppspretta tilskipunar öllum á himni og jörðu. Og þegar sól sannleika og máls hnígur til viðar, beinið ásjónum yðar að staðnum sem Vér höfum áformað yður. Hann er sannlega hinn almáttugi og alvitri.

7 Allt hefur orðið til fyrir ómótstæðilega ákvörðun Hans. Hvenær sem lög Mín birtast eins og sólin á festingu orða Minna verða allir að hlýðnast þeim staðfastlega, jafnvel þótt ákvörðun Mín verði til þess að kljúfa himin sérhverra trúarbragða. Hann gerir það sem Honum þóknast. Hann úrskurðar og enginn getur dregið úrskurð Hans í efa. Hvaðeina sem Hann, hinn heittelskaði, ákvarðar, það er að sönnu heittelskað. Þessu ber Mér vitni Hann sem er Drottinn sköpunarinnar. Hver sem fundið hefur ljúfan ilm Hins almiskunnsama og borið kennsl á uppsprettu þessara orða mun með sínum eigin augum bjóða velkomin spjót óvinarins til þess að hann geti grundvallað sannleika laga Guðs meðal manna. Heill þeim sem hefur snúið sér til þeirra og skilið merkingu bindandi fyrirmæla Hans.

8 Allt sem varðar skyldubænina höfum Vér sett fram í annarri töflu. Sæll er sá sem gætir boða Hans sem ríkir yfir

öllu mannkyni. Í bæn fyrir hinum látnu hafa sex sérstakar efnisgreinar verið sendar niður af Guði, opinberanda helgra orða. Látið þann sem getur lesið fara með það sem hefur verið opinberað á undan þessum efnisgreinum. Þann sem ekki getur það hefur Guð leyst undan þessari kröfu. Hann er í sannleika hinn máttugi, fyrirgefandinn.

9 Hvorki hár né annað sem andinn hefur yfirgefið, svo sem bein og þessháttar, ógildir bæn yðar. Yður er frjálst að klæðast safalaskinni og feldi af bjór, íkorna eða öðrum dýrum; bann við slíkri notkun styðst ekki við Kóraninn heldur ranghugmyndir klerkanna. Hann er sannlega hinn aldýrlegi, hinn alvísi.

10 Vér höfum boðið yður að biðjast fyrir og fasta frá upphafi fullþroska; þetta eru fyrirmæli Guðs, Drottins yðar og feðra yðar. Hann hefur undanskilið þá sem eru lasburða sakir sjúkleika eða elli sem tákn um náð návistar sinnar og Hann er fyrirgefandinn, hinn örláti. Guð hefur gefið yður leyfi til að knéfalla á sérhvern hreinan stað því Vér höfum að þessu leyti fjarlægt þær takmarkanir sem settar voru fram í Bókinni. Guð hefur að sönnu þekkingu á því sem þér ekki vitið. Sá sem ekki finnur vatn til að lauga hendur og andlit á undan bæn endurtaki fimm sinnum þessi orð: „Í nafni Guðs, hins skírasta, hins skírasta“, og hefji svo tilbeiðslu. Þetta eru fyrirmæli Drottins allra veraldanna. Á svæðum þar sem daga og nætur tekur að lengja, skal ákvarða bænatíma með klukkum og öðrum tímamælum. Hann er vissulega sá sem útskýrir, hinn vitri.

11 Vér höfum leyst yður undan þeirri skyldu að fara með bæn táknanna. Þegar ógnvænar náttúruhamfarir dynja yfir minnist máttar og tignar Drottins yðar, Hans sem allt heyrir og sér, og segið: „Ríkið er Guðs, Drottins hins séða og óséða, Drottins sköpunarinnar.“

Mælt er svo fyrir að þér farið með skyldubæn hvert í 12
sínu lagi. Sá siður að fara með safnaðarbæn er aflagður, að undanskilinni bæninni fyrir látnum. Hann er í sannleika ákvarðandinn, hinn alvitri.

Að boði Guðs eru konur sem hafa á klæðum undan- 13
þegnar skyldubæn og föstu. Í stað þess færi þær Guði lof eftir að hafa laugað hendur sínar og andlit og endurtaki níutíu og fimm sinnum milli eins hádegis og hins næsta „Dýrlegur sé Guð, Drottinn dýrðar og fegurðar.“ Þessi eru fyrirmæli Bókarinnar, ef þér tilheyrið þeim sem skilja.

Er þér ferðist og nemið staðar til að hvílast á öruggum 14
stað, fallið fram—karlar jafnt sem konur—einu sinni í stað hverrar ósagðrar skyldubænar og segið þá „Dýrlegur sé Guð, Drottinn máttar og tignar, náðar og örlætis“. Sá sem ekki getur þetta, segi aðeins „Dýrlegur sé Guð“; sannlega nægir það honum. Hann er í sannleika sá sem öllum nægir, sá sem varir að eilífu, fyrirgefandi og vorkunnsamur Guð. Setjist með krosslagða fætur að þessu loknu—karlar jafnt sem konur—og endurtakið átján sinnum „Dýrlegur sé Guð, Drottinn í ríkjum jarðar og himins“. Þannig upplýsir Drottinn vegu sannleika og leiðsagnar, leiðirnar sem liggja að einum og sama vegi sem er þessi beina braut. Færið Guði þakkir fyrir þessa náðarsamlegustu hylli sem hefur umlukið himna og jörð og vegsamið Hann fyrir þessa miskunn sem hefur umvafið allt sköpunarverkið.

Seg: Guð hefur gert hulda ást Mína að lykli að 15
fjársjóðnum, gætuð þér aðeins skilið það! Væri það ekki fyrir þennan lykil myndi fjársjóðurinn dyljast að eilífu, ef aðeins þér mættuð trúa því! Seg: Þetta er uppspretta opinberunar, dagsbrún dýrðar sem hefur uppljómað sjónhringa heimsins. Ef aðeins þér mættuð skilja! Þetta er í sannleika sú fastráðna ákvörðun sem liggur til grundvallar sérhverri óafturkallanlegri tilskipun.

16 Ó penni Hins hæsta! Seg: Ó þjóðir jarðar! Vér höfum boðið yður að fasta í skamman tíma og tilnefnt Naw-Rúz sem hátíð fyrir yður í lok hans. Þannig hefur sól málsins skinið yfir sjónhring bókarinnar samkvæmt ákvörðun Hans sem er Drottinn upphafsins og endalokanna. Aukadagarnir komi á undan föstumánuðinum. Vér höfum ákveðið að meðal allra annarra daga og nótta birti þeir bókstafinn Há, og því eru þeir ekki háðir takmörkunum ársins og mánaða þess. Þessa daga sæmir það fylgjendum Bahá að gera sér, ættingjum sínum og þar að auki hinum fátæku og þurfandi, dagamun og færa Drottni sínum dýrð og vegsömun í gleði og fögnuði, syngja Honum lof og mikla nafn Hans. Og er þeim lýkur—þessum dögum gjafa sem koma á undan tíma aðhalds—hefji þeir föstuna. Slík er ákvörðun Hans sem er Drottinn alls mannkyns. Ferðamaðurinn, hinn sjúki, barnshafandi konur og þær sem hafa á brjósti þurfa ekki að fasta; Guð hefur veitt þeim undanþágu til merkis um náð sína. Hann er vissulega hinn almáttugi, hinn örlátasti.

17 Þetta eru fyrirmæli Guðs sem sett eru fram í bókum og töflum upphafnasta penna Hans. Haldið fast við lög Hans og fyrirmæli og tilheyrið eigi þeim sem fylgja fánýtum ímyndunum sínum og hugarórum, halda fast við mælikvarða sem þeir sjálfir setja og varpa frá sér mælikvörðum Guðs. Neytið ekki matar og drykkjar frá sólaruppkomu til sólseturs og varist að láta ástríðu svipta yður þessari náð sem ákvörðuð er í Bókinni.

18 Mælt er svo fyrir að hver sem trúir á Guð, Drottin dómsins, skuli dag hvern eftir að hafa laugað hendur sínar og síðan andlit, setjast, snúa sér til Guðs og endurtaka „Alláh-u-Abhá“ níutíu og fimm sinnum. Þetta var ákvörðun skapara himnanna þegar Hann með mætti og tign settist í hásæti nafna sinna. Laugið yður líka fyrir

skyldubænina—þetta er boð Guðs, hins óviðjafnanlega, hins óhefta.

19 Yður hefur verið bannað að fremja morð og hjúskaparbrot eða iðka baktal og óhróður. Forðist því það sem bannað er í helgum bókum og töflum.

20 Vér höfum skipt arfi í sjö hluta: börnum höfum Vér ætlað níu hluti sem samanstanda af fimm hundruð og fjörutíu einingum; eiginkonu átta hluti sem samanstanda af fjögur hundruð og áttatíu einingum; föður sjö hluti sem samanstanda af fjögur hundruð og tuttugu einingum; móður sex hluti sem samanstanda af þrjú hundruð og sextíu einingum; bræðrum fimm hluti eða þrjú hundruð einingar; systrum fjóra hluti eða tvö hundruð og fjörutíu einingar; og kennurum þrjá hluti eða eitt hundrað og áttutíu einingar. Þetta voru fyrirmæli forvera Míns, Hans sem kvölds og morgna vegsamar nafn Mitt. Þegar Vér heyrðum hróp ófæddra barna tvöfölduðum Vér þeirra hlut og skertum hlut hinna. Hann hefur sannlega vald til að ákveða það sem Honum líst og Hann gerir það sem Honum þóknast í krafti yfirbjóðandi máttar síns.

21 Eigi hinn látni ekki afkomendur, skal hlutur þeirra renna til Húss réttvísinnar og trúnaðarmenn Hins almiskunnsama verji honum til gagns fyrir ekkjufólk og munaðarlausa og allra málefna sem gagnast öllum þorra almennings til þess að allir megi færa Drottni sínum þakkir, hinum alnáðuga, fyrirgefandanum.

22 Eigi hinn látni börn en enga erfingja aðra sem tilgreindir eru í bókinni skulu þau fá tvo þriðju hluta arfsins og þriðjungurinn skal renna til Húss réttvísinnar. Þessi eru fyrirmælin sem Hann sem er eigandi alls, hinn hæsti, hefur gefið í tign sinni og dýrð.

23 Skilji hinn látni ekki eftir sig neinn þessara tilgreindu erfingja en meðal ættingja hans séu bræðra- eða systrabörn,

skulu tveir þriðjungar arfsins renna til þeirra, og ef engir slíkir eru, þá til bræðra eða systra foreldra og eftir það til sona þeirra og dætra. Þriðjungur skal í öllum tilvikum renna til Seturs réttvísinnar. Hann, sem er yfirbjóðandi allra manna, mælir svo fyrir í Bókinni.

24 Láti hinn látni ekki eftir sig neinn sem penni Hins hæsta hefur skráð með nafni, skal dánarbú hans allt ganga til fyrrgreinds Seturs svo hægt verði að verja því til þess sem Guð hefur mælt fyrir um. Hann er vissulega ákvarðandinn, hinn alvaldi.

25 Vér höfum ákveðið að bústaður og persónulegur klæðnaður hins látna gangi til karlkyns afkomanda, ekki kvenkyns eða annarra erfingja. Hann er sannlega hinn örláti, hinn algjöfuli.

26 Hafi sonur hins látna dáið meðan faðirinn var á lífi og látið eftir sig börn, erfa þau hlut föður síns eins og mælt er fyrir um í bók Guðs. Sýnið fullkomið réttlæti þegar þér skiptið hlut þeirra. Þannig brimar úthaf orða og máls og varpar upp perlum laganna sem Drottinn alls mannkyns hefur sett.

27 Láti hinn látni eftir sig ólögráða börn skal fela arfshlut þeirra umsjá áreiðanlegs einstaklings eða fyrirtækis svo að fjárfesta megi fyrir þeirra hönd í verslun og viðskiptum uns þau ná lögaldri. Trúnaðarmanninum ætti að úthluta tilhlýðilegum skerfi þess hagnaðar sem þannig fellur til.

28 Skipting búsins skal fyrst fara fram að lokinni greiðslu Réttar Guðs og þegar allar skuldir hafa verið greiddar ásamt útfararkostnaði og allt hefur verið gert til þess að bera megi hinn látna til hinstu hvíldar með heiðri og sæmd. Slík er ákvörðun Hans sem er Drottinn upphafsins og endalokanna.

29 Seg: Þetta er sú hulda þekking sem aldrei breytist, því að upphaf hennar er með níu, tákni hins hulda og

opinberaða, hins friðheilaga og ótilkvæmilega upphafna nafns. Það sem Vér höfum úthlutað börnunum er hylli sem þeim veitist frá Guði svo að þau megi þakka Drottni sínum, hinum vorkunnláta og miskunnsama. Þetta eru vissulega lög Guðs, brjótið þau ekki fyrir sakir lágra og eigingjarnra ástríðna yðar. Gætið þeirra fyrirmæla sem Hann sem er dagsbrún tjáningar hefur gefið yður. Hinir einlægu meðal þjóna Hans munu líta á fyrirmæli Guðs sem vatn lífsins fyrir fylgjendur sérhverra trúarbragða og leiðarljós visku og ástríkrar forsjónar öllum íbúum jarðar og himins.

30 Drottinn hefur ákvarðað að í hverri borg skuli setja á stofn Hús réttvísinnar og þar komi saman ráðgjafar að tölu Bahá, en séu þeir fleiri kemur það ekki að sök. Þeir skyldu líta svo á að þeir gangi inn í forgarð návistar Guðs, hins upphafna, hins hæsta, og líti Hann augum sem er hinn óséði. Það sæmir þeim að vera trúnaðarmenn Hins miskunnsama meðal manna og líta á sjálfa sig sem verndara, skipaða af Guði, fyrir alla sem dvelja á jörðu. Þeim ber skylda til að taka ráð saman og gæta hagsmuna þjóna Guðs fyrir Hans sakir, jafn dyggilega og þeir gæta sinna eigin hagsmuna, og kjósa það sem rétt er og sæmandi. Þannig býður yður Drottinn Guð yðar. Varist að virða það að vettugi sem opinberað er skýrum stöfum í töflu Hans. Óttist Guð, ó þér sem hafið skilning.

31 Ó þjóðir heims! Reisið tilbeiðsluhús í öllum löndum í nafni Hans sem er Drottinn allra trúarbragða. Gerið þau eins fullkomin og unnt er í heimi verundar og prýðið þau því sem þeim sæmir, en ekki með myndum og líkneskjum. Færið síðan Drottni yðar, hinum vorkunnlátasta, lof með fögnuði og geislan. Sannlega gleðst augað og hjartað fyllist birtu þegar Hans er minnst.

32 Drottinn hefur ákvarðað að þeir yðar sem þess eiga kost fari í pílagrímsför til hins helga húss. Konur eru þessu undanþegnar sakir náðar Hans. Hann er í sannleika hinn algjöfuli, hinn örlátasti.

33 Ó fylgjendur Bahá! Sú skylda hvílir á hverjum og einum yðar að stunda einhverja atvinnu, svo sem handverk, iðn og annað þesháttar. Vér höfum lagt ástundun yðar í slíku starfi að jöfnu við tilbeiðslu á hinum eina sanna Guði. Hugleiðið, ó menn, miskunn og blessanir Drottins yðar og færið Honum þakkir kvölds og morgna. Sóið eigi tíma yðar í iðjuleysi og ómennsku en leggið heldur stund á það sem kemur yður sjálfum og öðrum að gagni. Slík er ákvörðun þessarar töflu og frá sjónhring hennar skín sól visku og máls. Fyrirlitnastur manna í augum Guðs er sá sem situr og biður beininga. Haldið fast í líftaug úrræða og setjið traust yðar á Guð, Hann sem hefur í hendi sér öll úrræði.

34 Að kyssa á hendur er bannað í Bókinni. Guð, Drottinn dýrðar og skipunar, hefur forboðið þennan sið. Engum leyfist að leita aflausnar hjá annarri sál; iðrun og yfirbót eigi sér stað milli yðar sjálfra og Guðs. Hann er vissulega fyrirgefandinn, hinn örláti, hinn miskunnsami, sá sem veitir hinum iðrandi aflausn.

35 Ó þjónar Hins miskunnsama! Rísið upp og þjónið málstað Guðs þannig að sorg og beygur grípi yður ekki af völdum þeirra sem trúa ekki á dagsbrún tákna Guðs. Á þeim tíma þegar fyrirheitið var uppfyllt og Hinn fyrirheitni opinberaðist reis ágreiningur meðal kynkvísla jarðar og hver og einn fylgdi sínum eigin hugarburði og fánýtu ímyndunum.

36 Meðal manna er sá sem sest við dyrnar þar sem menn draga skó af fótum sér en girnist í hjarta sínu heiðurssessinn. Seg: Hverskonar maður ert þú, ó hégómlega og gálausa

mannvera, sem vilt sýnast annar en þú ert? Og meðal manna er sá sem kveðst búa yfir innri þekkingu og enn dýpri þekkingu sem dylst innra með þeirri þekkingu. Seg: Þú ferð með ósannindi! Sem Guð lifir! Það sem þú átt er einbert hrat sem Vér höfum látið þér eftir eins og bein sem kastað er fyrir hunda. Við réttlæti hins eina sanna Guðs! Tæki einhver sér fyrir hendur að þvo fætur allra manna og tilbiðja Guð í skógum, dölum, á fjöllum, á háum hæðum og gnæfandi tindum þannig að hvergi fyrirfyndist steinn, tré eða moldarhnaus sem ekki hefði orðið vitni að tilbeiðslu Hans—yrðu verk hans aldrei þóknanleg Guði ef ilmur velþóknunar Minnar berst ekki frá honum. Þetta er ákvörðun Hans sem er Drottinn allra manna. Hve margir hafa ekki leitað einveru í héruðum Indlands, neitað sér um það sem Guð hefur heimilað, beitt sjálfa sig harðræði og sjálfspínslum en ekki verið minnst af Guði, opinberanda helgra orða. Gerið ekki verk yðar að snörum til að fanga það sem þér þráið og sviptið yður ekki þessu hinsta markmiði sem allir sem nálgast hafa Guð hafa ætíð þráð. Seg: Sjálft líf allra verka er velþóknun Mín og allt er háð samþykki Mínu. Lesið töflurnar til þess að þér fáið vitneskju um það sem er áformað í bókum Guðs, hins aldýrlega, algjöfula. Sá sem öðlast ást Mína á rétt á að sitja í heiðri yfir öllum heimi á hásæti úr gulli. En jafnvel þótt sá sem sviptur er henni dveljist í dustinu, myndi það dust leita athvarfs hjá Guði, Drottni allra trúarbragða.

Hver sá sem gerir tilkall til beinnar opinberunar frá 37
Guði áður en full þúsund ár eru liðin, slíkur maður er vissulega ósannorður svikari. Vér biðjum Guð þess að Hann hjálpi honum náðarsamlegast til að taka aftur orð sín og hafna slíku tilkalli. Ef hann iðrast mun Guð án efa fyrirgefa honum. En ef hann þverskallast í villu sinni mun Guð vissulega senda niður þann sem ekki mun vægja

honum. Ægileg er að sönnu hirting Guðs! Sá sem túlkar þessi helgu orð á annan hátt en augljós merking þeirra gefur til kynna er sviptur anda Guðs og miskunn Hans sem umvefur allt sem skapað er. Óttist Guð og fylgið ekki fánýtum hégiljum yðar. Nei, fylgið heldur boði Drottins yðar, hins almáttuga, hins alvísa. Áður en langt um líður munu háværar raustir berast frá flestum löndum. Forðist þær, ó fólk mitt, og fylgið ekki hinum ranglátu og illgjörnu. Þetta er það sem Vér vöruðum yður við þegar Vér dvöldum í Írak, og síðar í landi leyndardómsins og nú á þessum geislandi stað.

38 Óttist eigi, ó þjóðir heimsins, þegar sól fegurðar Minnar er hnigin til viðar og himinn tjaldbúðar Minnar dylst augum yðar. Rísið upp til að efla málstað Minn og upphefja orð Mitt meðal manna. Vér erum ætíð hjá yður og munum styrkja yður með valdi sannleikans. Vér erum í sannleika voldugir. Hver sem borið hefur kennsl á Mig mun rísa upp og þjóna Mér af slíkri staðfestu að öfl himins og jarðar geta ekki aftrað honum í áformi hans.

39 Þjóðirnar sofa þungum svefni. Ef þær vöknuðu af móki sínu myndu þær feginshugar hraða sér til Guðs, hins alvitra, hins alvísa. Þær mundu varpa frá sér öllu sem þær eiga, jafnvel öllum fjársjóðum jarðar, til þess að Guð mætti minnast þeirra, þótt ekki væri nema með einu orði. Slík eru fyrirmælin sem yður eru gefin af Honum sem þekkir hið dulda, í töflu sem augu sköpunarinnar hafa eigi séð og birt er engum nema Hans eigin sjálfi, hinum alvolduga, verndara allra veraldanna. Svo ráðþrota eru þær í ölvun illra ástríðna sinna að þeim er um megn að bera kennsl á Guð allrar verundar, sem kallar hvaðanæva hárri röddu: „Enginn er Guð nema Ég, hinn máttugi, hinn alvitri.“

40 Seg: Gleðjist eigi yfir þeim hlutum, sem þér eigið; í kvöld eru þeir yðar, á morgun tilheyra þeir öðrum.

Þannig áminnir yður Hann, sem er hinn alvísi, sá sem allt þekkir. Seg: Getið þér staðhæft, að það sem yður tilheyrir sé óhult og varanlegt? Nei! Ég sver við sjálfan Mig, hinn almiskunnsama! Dagar lífs yðar líða á brott eins og vindblærinn, og allri upphefð yðar og dýrð verður vafið saman eins og upphefð og dýrð þeirra sem fóru á undan yður. Gaumgæfið, ó menn! Hvað hefur orðið af liðnum dögum yðar, yðar glötuðu öldum? Sælir eru þeir dagar sem helgaðir hafa verið minningunni um Guð, og sælar þær stundir sem eytt hefur verið í lofgjörð til Hans, sem er hinn alvitri. Ég sver við líf Mitt! Hvorki íburður hinna voldugu né auðæfi hinna ríku, né jafnvel upphefð hinna óguðlegu, mun vara. Allt mun tortímast fyrir eitt orð frá Honum. Hann er vissulega hinn alvoldugi, hinn alknýjandi, hinn almáttugi. Hvaða fremd er í þeim jarðnesku munum sem menn eiga? Það sem getur komið þeim að haldi hafa þeir gjörsamlega vanrækt. Áður en langt um líður munu þeir vakna af móki sínu og komast að raun um að þeir geta eigi öðlast það sem rann þeim úr greipum á dögum Drottins þeirra, hins almáttuga, þess sem allir vegsama. Ef aðeins þeir vissu það, myndu þeir hafna öllu sem þeim tilheyrir til þess að nöfn þeirra megi verða nefnd frammi fyrir hásæti Hans. Þeir eru sannlega taldir til hinna dauðu.

Meðal manna er sá sem hreykir sér af lærdómi sínum 41
og hefur af þeim sökum verið meinað að þekkja nafn Mitt, hins sjálfumnóga, hann sem í eigin augum verður máttugri en Nimrod þegar hann heyrir skóhljóð þeirra sem ganga á hæla honum. Seg: Ó þér úrhrök! Hvar eru híbýli hans núna? Ég sver við Guð, þau eru í hinum neðsta eldi. Seg: ó guðsmannafjöld! Heyrið þér eigi skæra rödd upphafnasta penna Míns? Sjáið þér ekki þessa sól sem skín geislandi yfir sjónhringnum aldýrlega? Hversu

lengi ætlið þér að tigna hjáguði illra ástríðna yðar? Hverfið frá hégómlegum ímyndunum og snúið yður til Guðs, ævarandi Drottins yðar.

42 Gjafir sem helgaðar eru velgerðarmálum hverfa aftur til Guðs, opinberanda tákna. Engum er réttur gefinn til að ráðstafa þeim án leyfis frá Honum sem er dögun opinberunar. Að Honum gengnum fá Aghṣán þetta umboð, og síðan Hús réttvísinnar—hafi það þá verið stofnað í heiminum—til þess að þeir geti notað þessar gjafir til gagns fyrir þá staði sem hafnir eru til vegsemdar í þessum málstað og til alls þess sem Hann, sem er Guð máttar og valds, hefur boðið þeim. Að öðrum kosti skulu gjafirnar hverfa aftur til fylgjenda Bahá sem tala ekki án leyfis frá Honum og dæma aðeins samkvæmt því sem Guð hefur mælt fyrir um í þessari töflu—sjá, þeir eru kappar sem hrósa sigri milli himins og jarðar—til þess að þeir megi nota þær með þeim hætti sem mælt er fyrir um í bók Guðs, hins máttuga, hins gjafmilda.

43 Kveinið ekki á raunastundum, og fagnið þeim eigi heldur. Leitið meðalhófsins sem er að minnast Mín í þrengingum og hugleiða hvað yður kann að falla í hlut í framtíðinni. Þannig upplýsir yður Hann sem er hinn alvitri, sá sem þekkir og veit.

44 Rakið ekki höfuð yðar. Guð hefur prýtt þau hári og í þessu er að finna tákn Drottins sköpunarinnar fyrir þá sem íhuga kröfur náttúrunnar. Hann er vissulega Guð visku og styrks. Þó er ekki við hæfi að láta hár vaxa niður fyrir eyru. Slík er ákvörðun Hans sem er Drottinn allra veraldanna.

45 Ákvarðað er að þjófurinn sæti útlegð og fangelsun, og við þriðja brot auðkennið hann með merki á enninu til þess að ekki verði við honum tekið í borgum Guðs og löndum Hans. Varist að vorkunnsemi fái yður til þess

að vanrækja fyrirmæli trúar Guðs; gerið það sem Hann, hinn samúðarfulli og miskunnsami, hefur boðið yður. Vér ögum yður með sprota visku og laga eins og faðir sem uppfræðir son sinn í þeim tilgangi einum að vernda yður sjálf og upphefja stöðu yðar. Ég sver við líf Mitt, ef þér vissuð hvers Vér höfum óskað yður með opinberun heilagra laga Vorra, mynduð þér fórna sálum yðar fyrir þessa heilögu, þessa máttugu og upphöfnustu trú.

46 Frjálst er hverjum sem það vill að nota ílát úr silfri eða gulli. Þegar þér neytið fæðu varist að dýfa hendinni í innihald skála og diska. Temjið yður sem mesta siðfágun í venjum yðar. Vissulega þráir Hann að sjá yður fara að dæmi þeirra sem dvelja í paradís máttugs og upphafins ríkis Hans. Sýnið siðfágun undir öllum kringumstæðum til þess að verja megi augu yðar frá því sem er bæði ógeðfellt sjálfum yður og íbúum paradísar. Víki einhver frá þessu verður verk hans samstundis ómerkt, en hafi hann ærna ástæðu mun Guð fyrirgefa honum. Hann er í sannleika hinn náðugi, hinn gjafmildasti.

47 Hann sem er dagsbrún málstaðar Guðs á sér engan jafningja í hinum æðsta óskeikulleika. Hann er sá sem í ríki sköpunar opinberar orðin „Hann gerir það sem Honum þóknast“. Þessa sérstöðu hefur Guð áskilið sínu eigin sjálfi og ekki ætlað neinum hlutdeild í svo háleitri og yfirskilvitlegri stöðu. Þetta er ráðsályktun Guðs, sem fram til þessa var hulin blæju órjúfanlegs leyndardóms. Vér höfum afhjúpað hann í þessari opinberun og þar með svipt burt blæjum þeirra sem ekki báru kennsl á það sem sett er fram í bók Guðs og taldir voru til hinna gálausu.

48 Sérhverjum föður hefur verið gert að skyldu að uppfræða son sinn og dóttur í lestri og skrift og í öllu sem kveðið er á um í hinum helgu töflum. Víki einhver sér

undan því sem honum er boðið eiga trúnaðarmennirnir að taka frá honum það sem þarf til uppfræðslu þeirra, sé hann góðum efnum búinn. Sé hann það ekki ber Húsi réttvísinnar að annast uppfræðslu þeirra. Vissulega höfum Vér gert það að athvarfi hinna fátæku og þurfandi. Sá sem elur upp son sinn eða son annars manns, það er sem hann hafi alið upp Minn eigin son. Yfir honum hvíli dýrð Mín, ástúð og náð sem hefur umlukið heiminn.

49 Guð hefur lagt fésekt á sérhvern hórsekan karl og konu og skal hún goldin til Húss réttvísinnar: níu mithqál gulls og tvöfaldast upphæðin við endurtekið brot. Slík er hegningin sem Hann sem er Drottinn nafna ákvarðar þeim í þessum heimi, og í heimi komanda hefur hann áformað þeim auðmýkjandi kvöl. Sá sem þjáður er vegna syndar ber að iðrast hennar og hverfa aftur til Drottins síns. Vissulega fyrirgefur Hann hverjum sem Hann vill og enginn getur dregið í efa það sem Honum þóknast að ákvarða. Hann er í sannleika sá sem ætíð fyrirgefur, hinn almáttugi, sá sem allir vegsama.

50 Varist að blæjur dýrðar aftri yður frá að bergja á kristaltæru vatni þessarar lifandi uppsprettu. Takið kaleik hjálpræðis á þessum morgni í nafni Hans sem lætur birta af degi og drekkið fylli yðar í lofgjörð til Hans sem er hinn aldýrlegi, hinn óviðjafnanlegi.

51 Vér höfum heimilað yður að hlýða á tónlist og söng. Varist þó að slík hlustun fái yður til að fara yfir mörk velsæmis og virðingar. Gleði yðar sé sú gleði sem sprettur af Mínu mesta nafni, nafninu sem færir hjartanu sælu og fyllir fagnaðarleiðslu huga allra sem hafa nálgast Guð. Vér höfum vissulega gert tónlist að stiga fyrir sálir yðar svo þær megi hefja sig upp til ríkisins á hæðum. Gerið hana því ekki að vængjum sjálfs og ástríðu. Sannlega er Oss óljúft að sjá yður teljast til hinna fákænu.

Vér höfum ákvarðað að þriðjungur alls sektarfjár renni 52
til Seturs réttvísinnar og Vér áminnum meðlimi þess að gæta fullkomins réttlætis og verja því sem þannig aflast til þess sem Hann, hinn alvitri og alvísi, hefur skyldað þá til. Ó þér menn réttlætis! Verið fjárhirðar hjörð Guðs í ríki Hans og verndið hana gegn gráðugum úlfum sem birst hafa í dulargervi líkt og þér mynduð vernda yðar eigin syni. Þannig áminnir yður Hann sem er ráðgjafinn, hinn trúfasti.

Rísi ágreiningur á meðal yðar um eitthvert málefni 53
vísið því til Guðs meðan Sólin skín enn ofar sjónbaug þessa himins og þegar hún sest snúið yður til þess sem Hann hefur sent niður. Þetta nægir vissulega þjóðum heims. Seg: Fyllist ekki hugarangri, ó menn, þegar sól návistar Minnar gengur til viðar og haf orða Minna kyrrist. Í návist Minni meðal yðar er visku að finna og í fjarvist Minni enn aðra, órannsakanlega öllum nema Guði, hinum óviðjafnanlega og alvitra. Vissulega sjáum Vér yður frá ríki dýrðar vorrar og munum aðstoða hvern þann sem rís upp til sigurs fyrir málstað Vorn með liðssveitum herskaranna á hæðum og fylkingum útvalinna engla vorra.

Ó þjóðir jarðar! Guð, sannleikurinn eilífi, er Mér til 54
vitnis um að elfur ferskra og lygnra vatna hefur sprottið af klettunum sakir sætleika orðanna sem Drottinn yðar, hinn óhefti, mælir—og enn mókið þér. Varpið frá yður því sem þér eigið og hefjið yður á vængjum sjálfslausnar yfir allt sem skapað er. Svo býður yður Drottinn sköpunarinnar sem með hreyfingu penna síns hefur gerbylt sál mannkynsins.

Vitið þér frá hvaða hæðum Drottinn yðar, hinn 55
aldýrlegi, kallar? Haldið þér að þér hafið borið kennsl á pennann sem skráir fyrirmæli Drottins yðar, Drottins allra nafna? Nei, Ég sver við líf Mitt! Ef þér aðeins vissuð það munduð þér afneita heiminum og af öllu hjarta hraða

yður á fund Ástvinarins. Svo uppnumdar yrðu sálir yðar af orði Hans að hinn meiri heimur kæmist í uppnám —hversu miklu fremur þessi hinn smái og lítilmótlegi! Þannig hefur regn gjafa Minna fallið frá himni ástríkis Míns til vitnis um náð Mína, að þér megið teljast til hinna þakklátu.

56 Refsingar fyrir að ljósta aðra persónu eða valda henni áverka eru háðar alvarleika meiðslanna. Sérhverju stigi hefur Drottinn dómsins úrskurðað ákveðnar bætur. Hann er í sannleika ákvarðandinn, hinn máttugi, hinn upphafnasti. Sé það vilji Vor munum Vér tilgreina réttlát þrep þessara greiðslna—þetta er fyrirheit Vort og Hann er vissulega sá sem efnir orð sín, sá sem allt þekkir.

57 Yður er vissulega skylt að bjóða til hátíðar einu sinni í mánuði hverjum, jafnvel þótt það sé með vatni einu saman, því Guð hefur áformað að tengja saman hjörtun jafnvel þótt til þess verði að beita bæði jarðneskum og himneskum ráðum.

58 Varist að ástríður holdsins og spilltra hneigða valdi misklíð yðar á meðal. Verið sem fingur einnar handar, limir eins líkama. Þannig ráðleggur yður Penni opinberunar, ef þér tilheyrið þeim sem trúa.

59 Íhugið náð Guðs og gjafir Hans. Hann hvetur yður til þess sem gagnar yður þótt sjálfur komist Hann vel af án skepna sinna. Illar gerðir yðar geta aldrei skaðað Oss né góðverk yðar komið Oss að gagni. Vér köllum yður einungis sakir Guðs. Þessu ber vitni sérhver maður skilnings og innsæis.

60 Ef þér notið dýr eða ránfugla við veiðar ákallið nafn Guðs þegar þér sendið þá eftir bráðinni, því þá er allt sem þeir veiða yður heimilt jafnvel þótt það sé lífvana. Hann er vissulega hinn alvitri, sá sem allt þekkir. Varist þó að veiða í óhófi. Gangið vegu réttlætis og sanngirni í öllum hlutum.

Svo býður yðar Hann sem er dagsbrún opinberunar, ef aðeins þér mættuð skilja.

Guð hefur boðið yður að sýna ættingjum Mínum góðvild en Hann hefur ekki gefið þeim neinn rétt til eigna annarra. Hann er vissulega hinn sjálfumnógi, ofar öllum þörfum skepna sinna. 61

Þann sem af ráðnum hug eyðir húsi í eldi skuluð þér einnig brenna. Taki einhver vísvitandi líf annars manns skuluð þér einnig lífláta hann. Haldið fyrirmæli Guðs af öllum mætti yðar og hverfið frá vegum hinna fávísu. Yður er einnig heimilt að dæma brennuvarginn og morðingjann í lífstíðarfangelsi samkvæmt ákvæðum Bókarinnar. Hann hefur vissulega vald til að mæla fyrir um hvaðeina sem Honum þóknast. 62

Guð hefur boðið yður að ganga í hjónaband. Varist að ganga að eiga fleiri en tvær konur. Hver sá sem lætur sér nægja eina þjónustumey Guðs að maka, bæði hann og hún munu lifa í friði og ró. Og sá sem vill ráða vinnustúlku í þjónustu sína má gera það að gættu velsæmi. Slík eru í sannleika og með réttvísi fyrirmælin sem Penni opinberunar hefur skráð. Gangið í hjónaband, ó menn, svo þér megið eignast afkomanda sem minnist Mín meðal þjóna Minna. Þetta er boð Mitt yður til handa, haldið það staðfastlega sjálfum yður til fulltingis. 63

Ó heimsins þjóð! Fylgið ekki bendingum sjálfsins því það hvetur þrálátlega til illsku og fýsnar, fylgið heldur Honum sem er eigandi alls sem skapað er, Honum sem býður yður að sýna guðrækni og guðsótta. Hann er vissulega óháður öllum skepnum sínum. Varist að valda óskunda í landinu eftir að skipan hefur verið komið á mál þess. Sá sem það gerir tilheyrir Oss ekki og Vér vísum honum á bug. Þetta er boðið sem með mætti sannleikans hefur birst frá himni opinberunar. 64

65 Það er fastráðið í Bayáninum að hjúskapur sé háður samþykki beggja aðila. Vér óskum að stofna til ástar, einingar og samstillingar meðal þjóna Vorra og því höfum Vér, þegar óskir hjónaefnanna liggja fyrir, sett það skilyrði að foreldrar þeirra samþykki ráðahaginn til þess að óvild og ágreiningur rísi ekki á milli þeirra. Og hvað þetta varðar höfum Vér einnig önnur markmið. Þannig hafa boð Vor verið lögfest.

66 Ekki má stofna til hjúskapar án greiðslu heimanmundar sem fyrir borgarbúa nemur nítján mithqál í skíragulli og sömu upphæðar í silfri fyrir landsbyggðarfólk. Hverjum sem hækka vill þessa upphæð er óheimilt að fara yfir níutíu og fimm mithqál. Þannig hafa fyrirmælin verið skráð með tign og mætti. En geri hann sér að góðu lægstu upphæðina væri það honum sæmra samkvæmt Bókinni. Guð auðgar vissulega hvern sem Honum þóknast með úrræðum himins og jarðar og Hann hefur í sannleika vald yfir öllu sem er.

67 Guð hefur mælt svo fyrir að hyggist einhver þjóna Hans ferðast verði hann að fastsetja heimkomutímann með eiginkonu sinni. Komi hann heim á tilsettum tíma hefur hann hlýðnast boði Drottins síns og telst til réttlátra samkvæmt penna boða Hans. Reynist annars góð og gild ástæða fyrir töf, verður hann að tilkynna það konu sinni og gera sitt ýtrasta til að snúa til hennar aftur. Gerist hvorugt er henni skylt að bíða í níu mánuði og eftir það er ekkert því til fyrirstöðu að hún taki sér annan eiginmann, en bíði hún lengur elskar Guð vissulega þær konur og þá karla sem sýna þolgæði. Hlýðnist boðum Mínum og fylgið ekki hinum óguðlegu, þeim sem taldir eru til syndara í heilagri töflu Guðs. Berist henni á biðtímanum orð frá eiginmanni sínum ætti hún að velja þá leið sem er lofsverð. Hann óskar þess í sannleika

að þjónar Hans og þjónustumeyjar lifi í sátt hvert með öðru; varist allt sem veldur þverúð yðar á milli. Þetta er hin fastráðna ákvörðun og uppfyllta fyrirheit. Berist henni hinsvegar fregn þess efnis að eiginmaður hennar sé látinn eða hafi verið myrtur og almenn skýrsla eða vitnisburður tveggja réttlátra vitna staðfesti það, sæmir henni að vera áfram ógift, en eftir tiltekinn fjölda mánaða er henni frjálst að velja þá braut sem hún kýs. Þessi eru fyrirmæli Hans sem er máttugur og voldugur í boðum sínum.

Vakni þykkja eða andúð milli eiginmanns og eiginkonu 68
skal hann ekki skilja við hana heldur bíða þolinmóður í eitt ár ef hugsast kynni að ilmur ástúðar vakni á ný þeirra á milli. Hafi ást þeirra ekki vaknað aftur að þessum tíma liðnum er skilnaður leyfilegur. Viska Guðs hefur vissulega umlukið allt sem er. Drottinn hefur í töflu sem penni boða Hans ritaði lagt bann við því ráði sem þér gripuð til áður fyrr þegar þér þrívegis sögðuð skilið við konu. Þetta hefur Hann gert sem hylli af sinni hálfu til þess að þér megið teljast til hinna þakklátu. Sá sem skilur við konu sína getur að hverjum mánuði liðnum kosið að giftast henni aftur þegar fyrir hendi er gagnkvæm ást og samþykki, og hafi hún ekki tekið sér annan eiginmann. Hafi hún gift sig aftur er skilnaður genginn í gildi með þessu nýja sambandi og málinu lokið nema ljóst sé að kringumstæður hennar breytist. Þannig hefur Hann sem er dagsbrún fegurðar skráð úrskurðinn með tign og mætti á þessa dýrlegu töflu.

Fylgi eiginkonan manni sínum í ferðalag og 69
ágreiningur rís þeirra á milli á leiðinni ber honum að sjá fyrir útgjöldum hennar í eitt ár og senda hana annaðhvort aftur þaðan sem hún kom eða fá henni til fylgdar, ásamt nauðsynjum til ferðarinnar, áreiðanlega persónu sem fylgi

henni heim. Drottinn þinn ákvarðar vissulega það sem Honum þóknast í krafti yfirráða sem yfirskyggja þjóðir jarðar.

70 Sé skilið við konu vegna þess að á hana hafi sannast ótrúskapur fær hún ekki framfærslueyri á biðtíma sínum. Þannig hefur sól boða Vorra skinið í ljóma sínum frá himni réttlætis. Sannlega elskar Drottinn einingu og samstillingu og hefur andstyggð á aðskilnaði og hjúskaparslitum. Unið hvert með öðru, ó fólk, í geislan og fögnuði. Ég sver við líf Mitt! Allt á jörðu mun líða undir lok nema góðar gerðir sem einar munu vara. Guð ber sjálfur sannleika orða Minna vitni. Jafnið ágreining ykkar, ó þjónar mínir, og gætið áminninga frá penna dýrðar Vorrar og fylgið ekki hinum hrokafullu og vegvilltu.

71 Varist að láta veröldina glepja yður eins og hún glapti þá sem fóru á undan yður! Gætið laga og fyrirmæla Drottins yðar og gangið þessa braut sem yður er mörkuð í réttlæti og sannleika. Þeir sem sneiða hjá ójöfnuði og rangindum og eru staðfastir í dyggð, eru fyrir augliti hins eina sanna Guðs meðal ágætustu skepna Hans. Nöfn þeirra vegsama herskararnir í ríkjunum hið efra og þeir sem dvelja í þessari tjaldbúð sem reist hefur verið í nafni Guðs.

72 Yður er bannað að versla með þræla, hvort heldur eru karlar eða konur. Það sæmir ekki þeim sem sjálfur er þjónn að kaupa annan þjón Guðs og bann er lagt við því í heilagri töflu Hans. Þannig hefur Penni réttlætisins skráð fyrirmælin af miskunn sinni. Enginn maður hefji sig yfir annan: allir eru þeir aðeins bandingjar frammi fyrir Guði, og allir eru þeir táknmynd þess sannleika að enginn er Guð nema Hann. Hann er vissulega hinn alvitri, og viska Hans umlykur allt sem er.

73 Skrýðist klæðum góðra gerða. Sá sem með gerðum sínum öðlast velþóknun Guðs tilheyrir vissulega fylgj-

endum Bahá og hans er minnst frammi fyrir hásæti Hans. Aðstoðið Drottinn allrar sköpunar með réttlátum gerðum og einnig með visku og orðum. Þetta hefur yður að sönnu verið boðið í flestum töflum Hans sem er hinn almiskunnsami. Hann veit í sannleika það sem Ég segi. Enginn deili við annan og engin sál verði annarri að bana; þetta er sannlega það sem yður var bannað í Bók sem hulin var í tjaldbúð dýrðar. Hvað þá! Mynduð þér verða þeim að bana sem Guð hefur endurlífgað og gætt anda síns eigin anda? Hörmuleg væri slík yfirtroðsla frammi fyrir hásæti Hans! Óttist Guð og lyftið ekki hönd ranglætis og kúgunar til að eyða því sem Hann hefur reist upp; nei, gangið á vegum Guðs, hins sanna. Ekki fyrr höfðu herskarar sannrar þekkingar birst með gunnfána guðlegra orða en ættkvíslir trúarbragðanna voru reknar á flótta, allar nema þær sem drekka vildu af móðu eilífs lífs í paradís sem sköpuð var með anda Hins aldýrlega.

Sem tákn miskunnar með skepnum sínum hefur 74
Guð ákvarðað að sæði sé ekki óhreint. Færið Honum þakkir með fögnuði og geislan og fylgið ekki þeim sem eru fjarri dagsbrún návistar Hans. Rísið undir öllum kringumstæðum upp til að þjóna málstaðnum því að Guð mun vissulega aðstoða yður með mætti yfirráða sinna sem yfirskyggja veraldirnar. Gerið fágun að slíku haldreipi að engan vott óhreininda megi sjá á klæðum yðar. Slík eru fyrirmæli Hans sem er heilagur ofar allri fágun. Sá sem ekki hlítir þessu og hefur til þess gildar ástæður bakar sér ekki ámæli. Guð er sannlega sá sem fyrirgefur, hinn miskunnsami. Þvoið allt sem óhreint er með vatni sem engum breytingum hefur tekið í neinu af þremur einkennum sínum. Varist að nota vatn sem hefur tekið breytingum vegna áhrifa andrúmlofts eða af einhverjum öðrum ástæðum. Verið sjálf innsti kjarni hreinlætis meðal

mannkyns. Þetta er vissulega það sem Drottinn yðar, hinn óviðjafnanlegi, hinn alvitri, þráir yður til handa.

75 Sem vitnisburð um örlæti návistar sinnar hefur Guð einnig numið úr gildi hugtakið „óhreinn“ sem notað var til að lýsa fólk og ýmsa hluti óhreina. Hann er með vissu sá sem ætíð fyrirgefur, hinn örlátasti. Vissulega var öllu sem skapað er sökkt í úthaf hreinsunar þegar Vér á fyrsta degi Ridván úthelltum yfir alla sköpunina ljóma ágætustu nafna Vorra og upphöfnustu eiginda. Þetta er vissulega tákn ástríkrar forsjónar Minnar sem hefur umlukið allar veraldirnar. Samneytið því fylgjendum allra trúarbragða og kunngerið málstað Drottins yðar, hins samúðarfyllsta: þetta er sjálf kóróna allra verka, ef þér tilheyrið þeim sem skilja.

76 Guð leggur ríkt á við yður að gæta fullkomins hreinlætis og þvo jafnvel það sem atað er ryki, hvað þá hart af grómi og álíka saurgun. Óttist Hann og tilheyrið hinum flekklausu. Séu sýnileg óhreinindi á klæðum manns munu bænir Hans ekki stíga upp til Guðs og hinir himnesku herskarar snúa sér frá honum. Notið rósavatn og hreint ilmvatn; þetta er að sönnu það sem Guð hefur elskað frá því upphafi sem ekkert upphaf hefur, til þess að frá yður megi berast það sem Drottinn yðar, hinn óviðjafnanlegi, hinn alvitri, þráir.

77 Guð hefur aflétt þeim boðum sem yður voru gefin í Bayáninum varðandi eyðingu bóka. Vér höfum leyft yður að leggja stund á vísindagreinar sem koma yður að gagni, ekki þær sem enda í fánýtu karpi; slíkt er yður hollara, ef þér tilheyrið þeim sem skilja.

78 Ó konungar jarðar! Allsráðandi Drottinn allra manna er kominn. Ríkið er Guðs, hins alvalda verndara, hins sjálfumnóga. Tignið engan nema Guð og lítið með geislandi hjörtum upp til Drottins yðar, Drottins allra

nafna. Ekkert sem þér eigið getur komist í samjöfnuð við þessa opinberun, ef aðeins þér vissuð það.

Vér sjáum yður gleðjast yfir því sem þér hafið dregið 79
saman fyrir aðra og útiloka yður frá veröldunum sem enginn getur fest tölu á nema varðveitt tafla Mín. Fjársjóðirnir sem þér dragið saman hafa fært yður langt frá hinsta markmiði yðar. Þetta sæmir yður ekki, gætuð þér aðeins skilið það. Hreinsið hjörtu yðar af allri jarðneskri saurgun og hraðið yður inn til ríkis Drottins yðar, skapara himins og jarðar, sem hefur fengið veröldina til að bifast og alla menn til að kveina nema þá sem hafa snúið baki við öllum hlutum og halda staðfastlega við fyrirmæli hinnar huldu töflu.

Þetta er dagurinn þegar Hann sem ræddi við Guð 80
hefur náð til ljóss Hins aldna og drukkið tært vatn endurfunda af þessum bikar sem fengið hefur höfin til að ólga. Seg: Ég sver við hinn eina sanna Guð! Sinaí hverfist um dagsbrún opinberunar og heyra má rödd anda Guðs kunngera frá hæðum ríkisins: „Rísið upp, þér hinir drambsömu á jörðunni, og skundið á fund Hans.“ Karmel hefur á þessum degi hraðað sér í löngun og lotningarfullri aðdáun til hirðar Hans og frá hjarta Síonar berst hrópið: „Fyrirheitið er uppfyllt. Það sem var boðað í heilagri bók Guðs, hins upphafnasta og almáttuga, hins ástfólgnasta, hefur verið opinberað.“

Ó konungar jarðar! Hin æðstu lög hafa verið 81
opinberuð á þessum stað, þessum vettvangi yfirskilvitlegs ljóma. Allt sem var hulið er komið í ljós fyrir vilja Hins æðsta stjórnanda, Hans sem látið hefur lokastundina renna upp. Fyrir fulltingi Hans var máninn klofinn og sérhver óafturkallanleg ákvörðun leidd í ljós.

Þér eruð aðeins þý, ó konungar jarðar! Konungur 82
konunganna er kominn, íklæddur undursamlegri dýrð

og kallar yður til sín, þess sem hjálpar í nauðum, hins sjálfumnóga. Varist að dramb aftri yður að bera kennsl á uppsprettu opinberunar og jarðneskir hlutir byrgi yður sýn líkt og blæja á skapara himinsins. Rísið og þjónið Honum, sem er þrá allra þjóða, sem skapaði yður með orði sínu og áformaði að þér verðið um aldur og ævi tákn yfirráða Hans.

83 Ég sver við réttlæti Guðs! Vér óskum þess ekki að leggja ríki yðar undir Oss. Ætlun Vor er að ná valdi á hjörtum mannanna. Að þeim beinast augu Bahá. Þessu ber vitni ríki nafnanna, ef aðeins þér skilduð. Hver sá sem fylgir Drottni sínum mun afneita veröldinni og öllu sem í henni er. Hversu miklu fremur verður sá sem gegnir svo tiginni stöðu að afneita sjálfum sér! Yfirgefið hallir yðar og hraðið yður inn í ríki Hans. Þetta mun að sönnu stoða yður bæði í þessum heimi og þeim sem kemur. Þessu ber vitni Drottinn ríkisins á hæðum, ef aðeins þér vissuð.

84 Hversu mikil blessun bíður ekki þess konungs sem rís upp til að hjálpa málstað Mínum í ríki Mínu og leysir sig úr viðjum alls nema Mín! Slíkur konungur telst til þeirra, sem dvelja í örkinni fagurrauðu og Guð hefur fyrirbúið fylgjendum Bahá. Allir verða að vegsama nafn Hans, virða stöðu Hans og aðstoða Hann við að ljúka upp borgunum með lyklum nafns Míns, alvoldugs verndara alls sem dvelur í ríkjunum sýnilegu og ósýnilegu. Slíkur konungur er sjálft auga mannkyns, ljómandi djásn á enni sköpunarinnar, uppspretta blessunar öllum heimi. Fórnið, ó fylgjendur Bahá, eigum yðar, nei yðar eigin lífi, honum til fulltingis.

85 Ó keisari Austurríkis! Hann sem er dagsbrún ljóss Guðs dvaldi í fangelsinu í Akká þegar þú heimsóttir Aqsá moskuna. Þú fórst fram hjá Honum og spurðist ekki fyrir um Hann sem með nafni sínu hefur upphafið sérhvert

hús og opnað sérhvert háleitt hlið. Vér gerðum það vissulega að stað sem veröldin skyldi snúa sér til svo hún mætti minnast Mín, en samt hefur þú hafnað Honum sem er markmið þessarar minningar þegar Hann birtist með ríki Guðs, Drottins þíns og Drottins veraldanna. Vér höfum ætíð verið með þér og komist að raun um að þú heldur föstu taki um greinina en ert gálaus um rótina. Drottinn þinn ber vissulega vitni orðum Mínum. Það hryggði Oss að sjá þig hringsóla um nafn Vort en vita ekki af Oss þótt Vér værum frammi fyrir augum þínum. Opna augun að þú megir líta þessa dýrlegu sýn og bera kennsl á Hann sem þú ákallar á degi og nóttu og horfa hugfanginn á ljósið sem skín ofar þessum geislandi sjónhring.

Seg: Ó konungur Berlínar! Ljá eyra röddinni sem 86
kallar frá þessu augljósa musteri: „Sannlega er enginn Guð nema Ég, hinn ævarandi, hinn óviðjafnanlegi, hinn aldni.“ Varast að dramb aftri þér frá því að bera kennsl á dagsbrún guðlegrar opinberunar, að jarðneskar ástríður byrgi þér sýn líkt og með blæju á Drottin hásætisins hið efra og á jörðu niðri. Þannig ræður þér penni Hins hæsta. Hann er í sannleika hinn miskunnsamasti, hinn algjöfuli. Minnist þú hans* sem var voldugri en þú og æðri að tign. Hvar er hann? Hvað hefur orðið af því sem hann átti? Hlýð varnaðarorðum og tilheyr eigi þeim sem eru í fastasvefni. Hann var sá sem varpaði frá sér töflu Guðs þegar Vér kynntum honum það sem herskarar kúgunar höfðu látið Oss þola. Sakir þess steðjaði smán að honum úr öllum áttum, hann féll í rykið og fall Hans var mikið. Hugsa þig vel um, ó konungur, varðandi hann og aðra sem líkt og þú hafa sigrað borgir og ríkt yfir mönnum. Hinn almiskunnsami færði þá frá höllum sínum niður til grafar. Lát þér segjast, fyll flokk þeirra sem íhuga.

---

* Napóelon III

87 Vér höfum ekki beðið yður neins. Vér áminnum yður sannlega sakir Drottins og munum sýna þolinmæði eins og Vér höfum gert áður í því sem Vér höfum þurft að þola af höndum yðar, ó konungafjöld!

88 Hlýðið, ó stjórnendur og forsetar lýðvelda Ameríku, á það sem dúfan kurrar á grein eilífðarinnar: „Enginn er Guð nema Ég, hinn ævarandi, fyrirgefandinn, hinn algjöfuli.“ Skrýðið musteri yfirráða skarti réttlætis og guðsótta og höfuð þess kórónu ákalls til Drottins yðar, skapara himnanna. Þannig ræður yður Hann sem er dagsbrún nafnanna eins og Honum er boðið af Hinum alvitra, hinum alvísa. Hinn fyrirheitni hefur birst í þessari dýrlegu stöðu, og af þeim sökum hafa allar verur fagnað, bæði hinar sýnilegu og ósýnilegu. Látið dag Guðs koma yður að haldi. Að finna Hann er vissulega betra fyrir yður en allt sem sólin skín á, ef aðeins þér vissuð. Ó herskari stjórnenda! Ljáið eyra því sem hljómað hefur frá dagsbrún tignar: „Vissulega er enginn Guð nema Ég, Drottinn málsins, hinn alvitri.“ Græðið hina sáru með höndum réttlætis og ljóstið kúgarann sem dafnar og þrífst með sprota fyrirmæla Drottins yðar, stjórnandans, hins alvísa.

89 Ó íbúar Konstantínópel! Sjá, frá borg yðar miðri berst Oss að eyrum ískyggilegt væl uglunnar. Svífur á yður ástríðuvíma eða eruð þér fullir gáleysis? Ó borg við strendur hafanna tveggja! Vissulega hefur veldisstóll kúgunar verið reistur á þér og haturseldur tendraður í brjósti þínu, og það í þeim mæli að herskararnir á hæðum og þeir sem hringsóla um hið upphafna hásæti kveina og barma sér. Í borg yðar sjáum Vér hinn fávísa drottna yfir hinum vitra og myrkrið hreykja sér yfir ljósið. Þú ert að sönnu full af drambi. Hefur ytri dýrð þín fyllt þig hégóma? Ég sver við Hann sem er Drottinn mannkyns! Brátt mun hún líða undir lok og kveinstafir berast frá

dætrum þínum og ekkjum og öllum sem í þér dvelja. Þannig upplýsir þig Hann sem er alvitur, alvís.

Ó bakkar Rínarfljóts! Vér höfum séð ykkur drifna 90
blóði því að sverði hefndar var brugðið gegn ykkur, og að ykkur kemur í annað sinn. Og Vér heyrum kveinstafi Berlínar þótt í dag sé dýrð hennar augljós.

Lát ekkert hryggja þig, ó land Tá*, því að Guð hefur 91
útvalið þig sem uppsprettu fagnaðar öllu mannkyni. Sé það vilji Hans mun Hann blessa hásæti þitt með réttlátum stjórnanda sem safnar saman hjörð Guðs sem úlfarnir hafa dreift. Slíkur stjórnandi mun glaður og fagnandi beina augum að fylgjendum Bahá og auðsýna þeim hylli. Fyrir augliti Guðs er hann vissulega talinn gersemi meðal manna. Dýrð Guðs sé með honum að eilífu og dýrð allra sem dvelja í ríki opinberunar Hans.

Fagna mikillega því að Guð hefur gert þig að „dagsbrún 92
ljóss síns“ því að í þér fæddist opinberandi dýrðar Hans. Gleðst yfir þessu nafni sem þér hefur verið gefið. Fyrir sakir þess hefur sól náðar uppljómað bæði himin og jörð.

Áður en langt um líður verður breyting á högum 93
þínum og fólkið tekur stjórntaumana í sínar hendur. Vissulega er Drottinn þinn hinn alvísi. Vald Hans umvefur alla hluti. Treyst þú staðfastlega á náðarsamlega hylli Drottins þíns. Augu ástríkis Hans munu að eilífu beinast að þér. Sá dagur nálgast þegar uppnámi þínu verður snúið í frið og kyrrláta ró. Þetta er ákvörðun hinnar undursamlegu Bókar.

Ó land Khá†! Frá þér heyrum Vér hetjuraustir 94
hljóma í vegsömun til Drottins þíns, eiganda alls, hins upphafnasta. Sæll er dagurinn þegar gunnfánar guðlegra nafna verða hafnir á loft í ríki sköpunarinnar í Mínu

---

* Teheran

† Khurásán

nafni, hins aldýrlega. Á þeim degi munu hinir trúföstu fagna sigri Guðs og hinir vantrúuðu kveina.

95 Engum leyfist að deila við þá sem fara með völdin yfir fólkinu. Látið þeim eftir það sem þeirra er og beinið athygli yðar að hjörtum mannanna.

96 Ó máttugasta úthaf! Dreif yfir þjóðirnar því sem Þér hefur verið falið af Honum sem er yfirbjóðandi eilífðar og skrýð musteri allra á jörðu klæðum laga Hans sem fá öll hjörtu til að fagna og upplýsa augu allra manna.

97 Eignist maður hundrað mithqál gulls, tilheyra nítján þeirra Guði, skapara himins og jarðar, og skal gjalda Honum. Gætið þess, ó fólk að fara ekki varhluta af svo ríflegri hylli. Þetta höfum Vér boðið yður þótt Vér þurfum hvorki á yður að halda né nokkru öðru á himnum og jörðu. Að sönnu felast í þessu boði leyndardómar og hagsbætur sem eru ofar skilningi allra nema Guðs, þess sem allt þekkir, hins alvitra. Seg: Með þessum fyrirmælum vill Guð hreinsa eigur yðar og gera yður kleift að nálgast þá stöðu sem enginn fær skilið nema þeir sem Guði þóknast. Sannarlega er Hann hinn örláti, hinn náðugi, hinn gjöfuli. Ó menn! Farið ekki sviksamlega með Rétt Guðs og ráðstafið honum ekki nema með Hans leyfi. Slík er ákvörðun Hans í helgum töflum og þessari háleitu Bók. Hver sem hagar sér sviksamlega gagnvart Guði mun með réttu sjálfur verða svikinn, en þeim sem gætir boða Guðs mun veitast blessanir frá náðarhimni Drottins hans, veitandans, hins gjafmilda, hins örlátasta, hins aldna. Sannarlega þráir Hann yður til handa það sem er ofar skilningi yðar á þessari stundu þótt þér komist auðveldlega að raun um það sjálfir þegar sálir yðar taka flugið til himins og skartklæðum jarðneskrar gleði yðar verður vafið saman. Þannig áminnir yður Hann sem er eigandi hinnar varðveittu töflu.

Átrúendurnir hafa borið ýmsar bænaskrár fram fyrir 98
hásæti Vort varðandi lög frá Guði, Drottni hins séða og óséða, Drottni allra veraldanna. Vér höfum af þeim sökum opinberað þessa helgu töflu og fært hana í skikkju laga Hans, til þess að fólkinu megi auðnast að halda boð Drottins síns. Beiðnir af þessu tagi hafa borist Oss mörg undanfarin ár en í visku Vorri héldum Vér aftur af penna Vorum uns nýlega bárust bréf frá mörgum vinum og því höfum Vér með valdi sannleikans svarað með orðum sem endurlífga hjörtu mannanna.

Seg: Ó trúarleiðtogar! Vegið ekki bók Guðs á þeirri 99
vog og með þeim vísindum sem tíðkast yðar á meðal því að bókin sjálf er hin óskeikula vog meðal manna. Á þessari fullkomnu vog skal vega allt sem tilheyrir þjóðum og kynkvíslum jarðar og með henni sjálfri er skorið úr um rétta vog, ef aðeins þér vissuð það.

Augu ástúðar Minnar gráta sáran yfir yður, því að 100
yður hefur ekki tekist að bera kennsl á Hinn eina sem þér hafið ákallað á degi og nóttu, kvölds og morgna. Gangið, ó menn, með mjallhvítum ásjónum og geislandi hjörtum til þess sæla og fagurrauða staðar þar sem Sadratu'l-Muntahá kallar: „Vissulega er enginn Guð nema Ég, verndarinn alvaldi, hinn sjálfumnógi!"

Ó trúarleiðtogar! Hver á meðal yðar jafnast á við Mig 101
að framsýni eða innsæi? Hvar er sá sem þorir að kalla sig jafningja Minn í orðum og visku? Nei, Ég sver við Guð minn, hinn almiskunnsama! Allt á jörðu mun líða undir lok; og þetta er ásjóna Drottins yðar, hins almáttuga og ástfólgna.

Vér höfum ákvarðað, ó menn, að æðsta og hinsta 102
markmið alls lærdóms sé að viðurkenna Hann sem er markmið allrar þekkingar. Sjáið þó hvernig þér hafið gert lærdóm yðar að blæju sem byrgir yður sýn á Hann sem

er dagsbrún þessa ljóss. Fyrir atbeina Hans hefur hulunni verið svipt frá öllu sem dulið var. Gætuð þér aðeins komið auga á uppsprettuna þaðan sem ljómi þessara orða streymir, mynduð þér snúa baki við þjóðum heimsins og öllum eigum þeirra og nálgast þetta blessaða aðsetur dýrðar.

103 Seg: Þetta er sannlega himinninn þar sem móðurbókin er varðveitt, ef þér aðeins gætuð skilið það. Hann er sá sem hefur látið klettinn hrópa og þyrnirunnann brennandi hefja upp raust sína á fjallinu sem rís yfir landinu helga og kunngera: „Ríkið er Guðs, hins allsráðandi Drottins, hins alvolduga og ástríka!“

104 Vér höfum ekki gengið í neinn skóla né lesið neina af ritsmíðum yðar. Hneigið eyru yðar að orðum hins ólærða. Með þeim kallar hann yður til Guðs, hins eilífa. Hollara væri það yður en allir fjársjóðir jarðarinnar, ef aðeins þér gætuð skilið það.

105 Hver sá sem túlkar það sem sent hefur verið niður frá himni opinberunar og breytir augljósri merkingu þess tilheyrir í sannleika þeim sem hefur rangfært æðsta orð Guðs og fyllir flokk hinna glötuðu í hinni skýru Bók.

106 Yður hefur verið boðið að klippa neglur yðar, að laugast í hverri viku vatni sem hylur líkamann og að þrífa yður með hverju því sem þér hafið áður notað. Varist að vanrækja það sem yður hefur verið boðið af Honum sem er hinn óviðjafnanlegi, hinn náðugi. Laugist hreinu vatni, ekki er leyfilegt að baða sig í vatni sem búið er að nota. Nálgist ekki persnesku almenningsböðin—sá sem leggur þangað leið sína finnur stækan daun leggja frá þeim áður en hann kemur þar inn. Forðist þau, ó fólk, og tilheyrið ekki þeim sem með smánarlegum hætti samþykkja slíka viðurstyggð. Þau eru vissulega safnþró óhroða og mengunar, ef þér tilheyrið þeim sem skilja. Forðist einnig

illþefjandi laugar í görðum persneskra heimila og tilheyrið hinum flekklausu og helguðu. Vissulega þráum Vér að sjá yður birta paradís á jörðu svo frá yður megi berast ilmur sem gleður hjörtu þeirra sem Guð hefur dálæti á. Ef baðandinn þvær sér með því að hella yfir sig vatni í stað þess að stíga ofan í það væri það betra fyrir hann og hann þarf þá ekki að hyljast vatni. Vissulega hefur Drottinn af hylli návistar sinnar viljað létta yður lífið svo þér megið tilheyra þeim sem sannlega eru þakklátir.

Yður er bannað að kvænast eiginkonum feðra yðar. 107
Oss hrýs hugur af hreinni skömm við að nefna málefni drengja. Óttist Hinn miskunnsama, ó þjóðir heims! Fremjið ekki það sem yður er forboðið í heilagri töflu Vorri og tilheyrið ekki þeim sem reika ráðvilltir í auðnum ástríðna sinna.

Engum leyfist að muldra fyrir munni sér heilagt orð á 108
almannafæri þegar hann gengur á götu eða markaðstorgi. Nei, vilji hann vegsama Drottinn sæmir honum að gera það á stöðum sem reistir hafa verið í þeim tilgangi eða á sínu eigin heimili. Þetta samræmist betur einlægni og guðrækni. Þannig hefur sól boða Vorra skinið yfir sjónhring orða Vorra. Sælir eru því þeir sem halda boð Vor.

Öllum er skylt að gera erfðaskrá. Arfleifandinn ætti 109
að prýða yfirskrift þessa skjals Hinu mesta nafni, bera þar vitni einingu Guðs í dagsbrún opinberunar Hans og nefna að vild sinni það sem er lofsvert til þess að það megi vera honum vitnisburður í ríkjum opinberunar og sköpunar og fjársjóður með Drottni Hans, hinum æðsta verndara, hinum trúfasta.

Allar hátíðir hafa fullkomnast í tveimur hinna 110
mestu hátíða og tveimur öðrum hátíðum sem ber upp á tvenndardagana. Hin fyrri þessara mestu hátíða eru

dagarnir þegar Hinn almiskunnsami úthellti yfir alla sköpunina geisladýrð ágætustu nafna sinna og upphöfnustu eiginda, og hin síðari er dagurinn þegar Vér reistum upp þann sem kunngerði mannkyni fagnaðartíðindi þessa nafns sem vakið hefur til lífs hina dauðu og safnað saman öllum sem eru á himnum og á jörðu. Slík er ákvörðun Hans sem er ákvarðandinn, hinn alvitri.

111 Sæll er sá sem upplifir fyrsta dag mánaðarins Bahá, daginn sem Guð hefur helgað þessu Mesta nafni. Og sæll er sá sem á þessum degi er vitni að hyllinni sem Guð hefur veitt honum. Hann tilheyrir sannlega þeim sem sýnir Guði þakklæti með verkum til tákns um veglyndi Drottins sem hefur umlukið allar veraldirnar. Seg: Þessi dagur er sannlega kóróna allra mánaða og uppspretta þeirra, dagurinn þegar andi lífsins berst yfir allt sem skapað er. Mikil er blessun hans sem heilsar honum með geislan og fögnuði. Vér berum því vitni að hann tilheyrir í sannleika hinum sælu.

112 Seg: Hin mesta hátíð er að sönnu konungur hátíða. Minnist, ó menn, hyllinnar sem Guð hefur veitt yður. Þér voruð í fastasvefni þegar, sjá! Hann vakti yður með endurlífgandi andvara opinberunnar sinnar og birti yður augljósa og óbrigðula vegu sína.

113 Leitið hæfra lækna þegar sjúkleiki steðjar að. Vér höfum ekki hafnað notkun efnislegra úrræða, Vér höfum öllu fremur staðfest þau með þessum Penna sem Guð hefur gert að dagsbrún dýrlegs og skínandi málstaðar síns.

114 Guð hafði fyrr á tímum gert sérhverjum átrúanda skylt að færa hásæti Voru ómetanlegar gjafir úr eigu sinni. Sem tákn um náðarsamlega hylli Vora höfum Vér nú leyst þá undan þessari skyldu. Hann er í sannleika hinn örlátasti, hinn algjöfuli.

Sæll er sá sem í dögun beinir huga sínum að Guði, 115
er upptekinn af því að minnast Hans og biður um fyrirgefningu Hans þegar hann beinir för sinni til Mashriqu'l-Adhkár, sest þar þögull þegar hann kemur inn og hlustar á heilagt orð Guðs, yfirbjóðandans, hins máttuga, hálofaða. Seg: Mashriqu'l-Adhkár er hver sú bygging sem reist hefur verið í borgum og byggðarlögum Mér til vegsömunar. Þetta er nafnið sem því hefur verið gefið frammi fyrir hásæti dýrðar, ef þér tilheyrið þeim sem skilja.

Þeir sem hljómfögrum röddum lesa heilagt orð Hins 116
almiskunnsama munu í þeim skynja það sem yfirráð himins og jarðar komast aldrei í samjöfnuð við. Frá þeim berst að vitum þeirra himneskur ilmur veralda Minna—veralda sem enginn á þessum degi getur skynjað nema þeir sem fengið hafa sjón með fulltingi þessarar æðstu, þessarar unaðsfögru opinberunar. Seg: Þessi heilögu orð laða hrein hjörtu að þessum andlegu veröldum sem hvorki er hægt að lýsa í orðum né gefa í skyn með líkingum. Sælir eru þeir sem hlusta.

Aðstoðið, ó fylgjendur mínir, útvalda þjóna Mína sem 117
hafa risið upp til að minnast Mín meðal skepna Minna og upphefja orð Mitt í ríki Mínu. Þeir eru sannlega stjörnur á himni ástríkrar forsjónar og lampar leiðsagnar Minnar öllu mannkyni. En sá sem segir annað en það sem sent hefur verið niður í helgum töflum Mínum er ekki af Mér. Varist að fylgja sérhverjum guðlausum svikara. Þessar töflur eru prýddar innsigli Hans sem lét birta af degi og hóf upp raust sína milli himins og jarðar. Takið um þetta trausta handfang og í haldreipi máttugs og ósigrandi málstaðar Míns.

Drottinn hefur gefið hverjum sem það vill leyfi til að 118
nema hin ýmsu tungumál heims til þess að hann megi

flytja boðskap málstaðar Guðs í vestri og austri og megi minnast Hans meðal kynkvísla og þjóða heims þannig að hjörtun lifni við og hin fúnandi bein öðlist nýtt líf.

119 Óheimilt er að maður sem gæddur hefur verið skynsemi neyti þess sem rænir henni. Nei, öllu fremur ber honum að breyta þannig að það sæmi mannlegri reisn og ástundi ekki óhæfu sérhverrar gálausrar og reikullar sálar.

120 Prýðið höfuð yðar sigursveigum heiðarleika og tryggðar, klæðið hjörtu yðar guðsótta, tungur yðar fullkominni sannleiksást, líkami yðar kurteisi og hæversku. Þetta er í sannleika sú prýði sem sæmir musteri mannsins, ef þér tilheyrið þeim sem íhuga. Haldið fast, ó þér fylgjendur Bahá, í taug þjónustu við Guð, hins sanna, því að þannig mun staða yðar verða augljós, nöfn yðar skráð og varðveitt, staða yðar hækkuð og minning yðar hafin til vegs í hinni varðveittu töflu. Varist að íbúar jarðar hindri yður frá því að öðlast þessa dýrlegu og upphöfnu stöðu. Þannig höfum Vér hvatt yður í flestum pistlum Vorum og nú í þessari helgu töflu Vorri en yfir henni skín sól laga Guðs, Drottins yðar, hins volduga, hins alvísa.

121 Þegar úthaf návistar Minnar þverr og bók opinberunar Minnar er á enda beinið ásjónum yðar til hans sem Guð hefur áformað, sem runninn er af þessari fornu rót.

122 Íhugið smæð og þröngsýni mannshugans. Þeir biðja um það sem skaðar þá en kasta því á glæ sem gæti komið þeim að haldi. Þeir teljast að sönnu til þeirra sem hafa ratað í miklar villur. Vér sjáum suma menn þrá frjálsræði og hreykja sér af því. Slíkir menn reika í niðamyrkri fáviskunnar.

123 Frjálsræði hlýtur að lokum að leiða til undirróðurs og enginn getur slökkt loga þess. Þannig áminnir yður Drottinn reikningsskilanna, hinn alvísi. Vitið að holdtekja frjálsræðis og tákn þess er dýrið. Það sem sæmir manninum

er að lúta þeim hömlum sem vernda hann fyrir eigin fáfræði og verja hann atlögum illvirkjans. Frjálsræðið fær manninn til að fara yfir mörk velsæmis og skerða tign stöðu sinnar. Það lægir hann í djúp spillingar og vonsku.

Lítið á mennina sem hjörð sem þarf hirði sér til 124
verndar. Þetta er vissulega sannleikurinn, traustur og áreiðanlegur. Vér samþykkjum frjálsræði við tilteknar aðstæður en neitum að fallast á það við aðrar. Vér erum sannlega sá sem allt þekkir.

Seg: Hið sanna frjálsræði er fólgið í hlýðni við boð 125
Mín, svo lítt sem yður er það kunnugt. Ef menn gættu þess sem Vér höfum sent þeim frá himni opinberunar myndu þeir vissulega verða alfrjálsir. Sæll er sá sem hefur skilið áform Guðs í öllu því sem hann hefur sent niður frá himni vilja síns sem umlykur allt sem skapað er. Seg: Það frjálsræði sem stoðar yður er hvergi að finna nema í fullkominni þjónustu við Guð, sannleikann eilífa. Sá sem hefur fundið keiminn af sætleik þess mun neita að skipta á því fyrir ríki himins og jarðar.

Í Bayáninum var yður bannað að leggja spurningar 126
fyrir Oss. Drottinn hefur nú aflétt þessu banni til þess að þér megið spyrja þess sem þér þurfið svör við en ekki þeirra fánýtu spurninga sem menn fyrr á tímum voru vanir að leita svara við. Óttist Guð og tilheyrið hinum réttlátu! Spyrjið þess sem kemur yður að haldi í málstað Guðs og ríki Hans því að hlið mildrar miskunnsemi Hans hafa verið opnuð öllum sem dvelja á himni og jörðu.

Mánuðir ársins sem tilgreindir eru í Bók Guðs eru 127
nítján að tölu. Af þeim hefur hinn fyrsti verið prýddur þessu nafni sem yfirskyggir alla sköpunina.

Drottinn hefur ákveðið að hina látnu beri að jarðsetja 128
í kistum af kristal, hörðum haldgóðum steini eða viði sem bæði er fíngerður og endingargóður og að áletraðir

hringar séu dregnir á fingur þeirra. Hann er vissulega æðsti yfirbjóðandinn, sá sem allt þekkir.

129 Áletrunin á þessum hringum ætti að vera þessi þegar um karlmenn er að ræða: „Guði tilheyrir allt sem er á himnum og á jörðu og allt sem þar er á milli og Hann hefur í sannleika þekkingu á öllu sem er.“ Og þegar konur eiga í hlut: „Guði tilheyrir ríki himnanna og jarðarinnar og allt sem þar er á milli og Hann er í sannleika voldugur yfir öllu sem er.“ Þetta eru hin heilögu orð sem opinberuð voru áður fyrr, en sjá, nú hrópar punktur Bayánsins og segir „Ó ástvinur veraldanna! Opinbera í staðinn orð sem veita munu ilmi náðarsamlegrar hylli Þinnar yfir allt mannkyn. Vér höfum tilkynnt öllum að eitt orð frá Þér sé ágætara öllu sem sent var niður í Bayáninum. Þú hefur vissulega vald til að gera það sem Þér þóknast. Svipt ekki þjóna Þína yfirfljótandi hylli úr hafi náðar Þinnar! Þú ert í sannleika Hann hvers náð er takmarkalaus.“ Sjá, Vér höfum hlýtt kalli Hans og uppfyllum nú ósk Hans. Hann er vissulega ástvinurinn mesti, sá sem svarar bænum. Betra væri það þeim ef eftirfarandi heilög orð, sem á þessari stund stíga niður frá Guði, eru greypt á greftrunarhringi karla og kvenna. Vér erum í sannleika æðsti yfirbjóðandinn: „Ég kom frá Guði og hverf til Hans aftur, óháður öllu nema Honum og held fast við Nafn Hans, hins miskunnsama, hins samúðarríka.“ Þannig veitir Drottinn hverjum sem Honum þóknast gjafir og hylli frá návist sinni. Hann er í sannleika Guð máttar og valds.

130 Drottinn hefur auk þess ákveðið að hinn látna skuli hjúpa fimm voðum úr silki eða bómull. Fyrir þá sem hafa takmörkuð fjárráð nægir ein voð af öðru hvoru efninu. Þessi er ákvörðun Hans sem allt þekkir, hins alvitra. Yður er bannað að flytja lík hins látna lengra en sem nemur einnar klukkustundar vegalengd frá borginni. Hann skal

öllu fremur jarðsetja með geislan og hugarró á nálægum stað.

Guð hefur fellt út gildi þær ferðatakmarkanir sem 131
settar voru í Bayáninum. Hann er vissulega hinn óhefti. Hann gerir það sem Honum líst og ákvarðar það sem Honum þóknast.

Ó þjóðir heims! Ljáið eyra kalli Hans sem er Drottinn 132
nafnanna, sem kunngerir yður frá dvalarstað sínum í hinu mesta fangelsi: „Sannlega, enginn er Guð nema Ég, hinn voldugi, hinn máttugi, hinn allt-sigrandi, hinn upphafnasti, hinn alvitri, hinn alvísi.“ Í sannleika er enginn Guð nema Hann, alvaldur yfirbjóðandi veraldanna. Væri það vilji Hans myndi aðeins eitt orð frá návist Hans nægja til að hrífa allt mannkyn. Varist að hika við að játast þessum málstað—málstað sem herskararnir á hæðum og þeir sem dvelja í borgum nafnanna hafa lotið. Óttist Guð og tilheyrið ekki þeim sem eru útilokaðir frá Honum eins og með blæju. Brennið sundur blæjurnar með eldi ástar Minnar og dreifið mistri hégómlegra ímyndana með mætti nafns Hans. Með því höfum Vér yfirbugað alla sköpunina.

Reisið og gerið vegsamleg húsin tvö á helgu stöðunum 133
tveimur og annars staðar þar sem hásæti Drottins þíns, hins almiskunnsama, hefur verið reist. Svo býður yður Drottinn sérhvers skilningsríks hjarta.

Varist að annir og áhyggjuefni þessa heims aftri yður 134
frá að gæta þess sem yður hefur verið boðið af Honum sem er hinn máttugi, hinn trúfasti. Verið líkamning slíkrar staðfestu meðal mannkyns að efasemdir þeirra sem ekki trúðu á Guð þegar Hann opinberaði sig, gæddur máttugu valdi, haldi yður ekki frá Honum. Varist að láta eitthvað sem skráð er á Bókina aftra yður frá því að hlýða á þessa lifandi Bók, sem kunngerir sannleikann: „Vissulega er

enginn Guð nema Ég, hinn ágætasti, sá sem allir vegsama.“ Horfið augum sanngirni á Hann sem stigið hefur niður frá himni guðdómlegs vilja og valds og tilheyrið ekki þeim sem fremja órétt.

135 Minnist þessara orða sem streymdu fram til vegsemdar opinberun Minni frá penna Hans sem var fyrirrennari Minn og íhugið það sem hendur kúgaranna hafa gert á dögum Mínum. Vissulega teljast þeir til hinna týndu. Hann sagði: „Ef þér komist í návist Hans, sem Vér munum birta, biðjið Guð þess að gefa af náð sinni að Honum þóknist að taka sér sæti á bekkjum yðar því það eitt myndi færa yður einstakan og óviðjafnanlegan heiður. Drekki Hann bikar vatns á heimilum yðar væri það yður heilladrýgra en þótt þér byðuð sérhverri sál, nei öllu sem skapað er, vatn lífsins sjálfs. Vitið þetta, ó þér þjónar Mínir!“

136 Þessi eru orðin sem fyrirrennari Minn mælti til vegsemdar verund Minni, ef þér aðeins gætuð skilið. Hver sem íhugar þessi heilögu orð og gerir sér grein fyrir perlunum sem dyljast innra með þeim, mun fyrir réttlæti Guðs finna angan Hins almiskunnsama berast frá þessu fangelsi og af öllu hjarta hraða sér til Hans svo löngunarfullur að herskarar jarðar og himins gætu ekki haldið aftur af honum. Seg: Þetta er opinberun sem allar sannanir og vitnisburðir hverfast um. Þetta er það sem Drottinn yðar, Guð miskunnar, hefur sent niður, ef þér tilheyrið þeim sem fella réttlátan dóm. Seg: Þetta er sjálf sál allra helgiritanna sem innblásin er penna Hins hæsta og lýstur furðu allar sálir, nema þær einar sem heillast hafa af mildum andvara ástríkis Míns og sætum ilmi hylli Minnar sem hefur gagntekið allt sköpunarverkið.

137 Ó fylgjendur Bayánsins! Óttist Hinn miskunnsamasta og íhugið það sem Hann hefur opinberað á öðrum stað.

Hann sagði: „Bænaráttin er að sönnu Hann sem Guð mun birta. Hvenær sem Hann hreyfir sig hreyfist hún allt þar til Hann nemur staðar.“ Þessi var ákvörðun Hins æðsta yfirbjóðanda þegar Hann vildi minnast þessarar mestu fegurðar. Hugleiðið þetta, ó fólk, og tilheyrið ekki þeim sem reika ráðvilltir í auðnum villunnar. Ef þér hafnið Honum að boði fánýtra ímyndana yðar, hver er þá bænaráttin sem þér ætlið að snúa yður til, ó samansafn gálausra? Hugleiðið þessi heilögu orð og dæmið af sanngirni frammi fyrir Guði, svo að þér megið hljóta perlur leyndardóma úr hafinu sem brimar í nafni Mínu, hins aldýrlega, hins hæsta.

Enginn skyldi á þessum degi halda fast við neitt nema 138
það sem birst hefur í þessari opinberun. Þessi var ákvörðun Guðs áður fyrr og verður héðan í frá—ákvörðun sem prýddi helgirit boðberanna til forna. Þessi var áminning Drottins áður fyrr og verður héðan í frá—áminning sem prýtt hefur inngangsorðin í bók lífsins, ef aðeins þér skilduð. Slík voru boð Guðs áður fyrr og verða héðan í frá, varist að kjósa vansæmd og niðurlægingu í þeirra stað. Ekkert mun stoða yður á þessum degi nema Guð og hvergi er athvarf að finna nema Hann, hinn alvitra, hinn alvísa. Hver sem þekkt hefur Mig hefur þekkt markmið allrar eftirlöngunar og hver sem snýr sér til Mín hefur snúið sér að markmiði allrar vegsömunar. Þannig er framsetning Bókarinnar og þessi er ákvörðun Guðs, Drottins allra veraldanna. Að lesa aðeins eina helgigrein opinberunar Minnar er betra en að lesa í þaula helgirit fyrri og síðari kynslóða. Þetta eru orð Hins almiskunnsama, ef aðeins þér hefðuð eyru að heyra! Seg: Þetta er kjarni þekkingar, ef þér aðeins skilduð.

Og gefið nú gaum að því sem hefur verið opinberað 139
á enn öðrum stað svo yður megi auðnast að snúa baki

við eigin hugmyndum og beina ásjónum yðar til Guðs, Drottins verundar. Hann* hefur sagt: „Ekki er leyfilegt að stofna til hjónabands með öðrum en þeim sem trúa á Bayáninn. Játist aðeins annar makinn þessum málstað verða eignir hans eða hennar óheimilar hinum, allt fram til þess tíma er hinn síðarnefndi skiptir um trú. Þessi lög munu þó aðeins taka gildi eftir upphafningu málstaðar Hans sem Vér í sannleika munum birta eða þess sem þegar hefur verið birt með réttvísi. Fram til þess tíma er yður frjálst að ganga í hjónaband eins og þér kjósið til þess að þér megið með þeim hætti upphefja málstað Guðs.“ Þannig berst fagur söngur næturgalans frá hinni himnesku grein í lofgjörð til Drottins síns, hins almiskunnsama. Heill sé þeim sem á hann hlýða.

140 Ó fylgjendur Bayánsins, Ég heiti á yður sakir Drottins yðar, Guðs miskunnar, að líta augum sanngirni á þessi ummæli sem send hafa verið niður með valdi sannleikans og ekki heyra þeim til sem sjá vitnisburð Guðs en hafna Honum samt og afneita. Þeir tilheyra í sannleika þeim sem vissulega munu tortímast. Í þessum heilögu orðum hefur Punktur Bayánsins með skýrum hætti nefnt upphafningu málstaðar Míns á undan sínum eigin málstað; þessu ber vitni sérhver réttlátur og skilningsríkur hugur. Eins og þér sjáið skýrt á þessum degi er upphafning þeirra slík að enginn getur afneitað því nema þeir sem sjá víndrukknum augum í þessu lífi og búin er auðmýkjandi refsing í því sem kemur.

141 Seg: Ég sver við réttlæti Guðs! Ég er sannlega mesti ástvinur Hans†, og á þessari stundu hlustar Hann á þessi heilögu orð stíga niður frá himni opinberunar og kveinar yfir rangindunum sem þér fremjið á þessum dögum.

---

* Bábinn

† Bábsins

Óttist Guð og gangið ekki til liðs við yfirgangsmanninn. Seg: Ó menn ef þér kjósið að trúa ekki á Hann*, rísið þá að minnsta kosti ekki gegn Honum. Ég sver við Guð! Nógir eru þeir herskarar kúgunar sem fylkja sér gegn Honum!

Vissulega opinberaði Hann† ákveðin lög til þess að 142
ekki þyrfti að beita penna Hins hæsta í þessu trúarkerfi nema til að vegsama dýrlega stöðu og geislandi fegurð Hans sjálfs. En þar sem Vér vildum sýna yður náð Vora og hylli höfum Vér með mætti sannleikans sett fram þessi lög á skýran hátt og mildað boðin sem Vér viljum að þér gætið. Hann er sannlega hinn örláti, hinn gjafmildi.

Hann‡ hafði áður kynnt yður orð og ummæli 143
þessarar dagsbrúnar guðlegrar visku. Hann sagði, og Hann talar sannleikann: „Hann§ er sá sem undir öllum kringumstæðum mun kunngera: „Vissulega er enginn Guð nema Ég, hinn eini, hinn óviðjafnanlegi, hinn alvitri, sá sem allt þekkir.“ Þetta er staða sem Guð hefur eingöngu ætlað þessari æðstu, einstæðu og undursamlegu opinberun. Þetta er tákn örlátrar náðar Hans, ef þér tilheyrið þeim sem skilja, og tákn ómótstæðilegrar ákvörðunar Hans. Þetta er mesta nafn Hans, upphafið orð Hans og dögun ágætustu nafna Hans, ef þér gætuð skilið. Nei, meira en svo, því fyrir atbeina Hans hefur sérhver uppspretta, sérhver dögunarstaður guðlegrar leiðsagnar verið leiddur í ljós. Hugleiðið, ó fólk, það sem sent hefur verið niður til yðar í sannleika, gefið því gaum og tilheyrið ekki misgerðarmönnunum.

Samneytið fylgjendum allra trúarbragða í vináttu og 144
eindrægni svo þeir megi finna ljúfa ilman Guðs berast frá

---

* Bahá'u'lláh
† Bábinn
‡ Bábinn
§ Bahá'u'lláh

yður. Varist að þér verðið eldi fákænnar vanþekkingar að bráð meðal manna. Allt kemur frá Guði og til Hans snýr allt aftur. Hann er uppspretta alls sem er og í Honum líður allt undir lok.

145 Gætið þess að ganga ekki inn í hús í fjarvist eigandans nema með leyfi hans. Látið sómakennd einkenna hegðun yðar undir öllum kringumstæðum og teljist ekki til hinna villuráfandi.

146 Yður hefur verið boðið að hreinsa fjármuni yðar og annað þesháttar með því að greiða Zakát. Þetta eru fyrirmæli Hans sem er opinberandi heilagra orða í þessari háleitu töflu. Sé það Guðs vilji og áform munum Vér áður en langt um líður gera grein fyrir hvernig það skal metið og mælt. Hann útskýrir vissulega hvaðeina sem Honum þóknast í krafti þekkingar sinnar og Hann er í sannleika hinn alvitri, hinn alvísi.

147 Óheimilt er að betla og bannað að gefa þeim sem betlar. Öllum hefur verið gert að skyldu að vinna fyrir sér og hvað þá varðar sem ekki geta það ber fulltrúum Guðs og hinum ríku að gera fullnægjandi ráðstafanir fyrir þá. Fylgið boðum og fyrirmælum Guðs, nei gætið þeirra eins og sjáaldurs augna yðar og heyrið ekki þeim til sem bíða hrapallegt tjón.

148 Yður hefur verið bannað í Bókinni að taka þátt í deilum og átökum, að ljósta aðra eða fremja viðlíkar gerðir sem kunna að hryggja hjörtu og sálir. Áður hafði sá sem er Drottinn alls mannkyns lagt fjársekt að upphæð nítján mithqál á hvern þann sem olli öðrum hryggð. Í þessu trúarkerfi hefur Hann hinsvegar leyst yður undan henni og hvetur yður til að sýna réttvísi og guðrækni. Slík eru boðin sem Hann setur yður í þessari geislandi töflu. Óskið öðrum ekki þess sem þér ekki óskið sjálfum yður og heyrið ekki til hinum dramblátu. Öll eruð þér sköpuð

af vatni og að dusti munuð þér aftur verða. Hugleiðið hvað bíður yðar að lokum og gangið ekki vegu kúgarans. Ljáið eyra heilögum orðum Guðs sem Hann, sem er hinn heilagi lótusviður, flytur yður. Þau eru vissulega óskeikull mælikvarði sem Guð hefur sett, Drottinn þessa heims og hins næsta. Fyrir þeirra tilstuðlan fær sál mannsins vængi og hefur sig til flugs í átt að dagsbrún opinberunar og hjarta hvers sanns átrúanda fyllist ljósi. Þetta eru lögin sem Guð hefur sett yður, þessi eru boðin sem yður eru gefin í heilagri töflu Hans; hlýðnist þeim með gleði og fögnuði því það er yður hollast, ef aðeins þér vissuð.

Lesið orð Guðs á hverjum morgni og hverju kvöldi. 149
Hver sem lætur undir höfuð leggjast að lesa þau hefur ekki verið trúr sáttmála Guðs og erfðaskrá Hans og hver sem snýr baki við þessum helgu orðum á þessum degi tilheyrir þeim sem um alla eilífð hefur snúið baki við Guði. Óttist Guð, ó þjónar Mínir, allir sem einn. Hreykið yður ekki af miklum lestri Guðsorðs eða fjölda góðverka á degi sem nóttu, því betra er það manninum að lesa eina helgigrein í gleði og geislan en að lesa af þróttleysi allar helgar bækur Guðs, hjálparans í nauðum, hins sjálfumnóga. Lesið heilagt orð þannig að þér þreytist ekki og örmagnist. Leggið ekki á sálir yðar það sem þjakar þær og mæðir heldur það sem örvar þær og upphefur svo þær fái svifið á vængjum guðlegra orða í átt að dögun augljósra tákna Hans; þannig nálgist þér Guð, ef aðeins þér skilduð.

Kennið börnum yðar hin helgu orð sem hafa 150
verið opinberuð frá himni tignar og valds svo að þau megi hljómfögrum röddum fara með töflur Hins almiskunnsama innan veggja Mashriqu'l-Adhkár. Hver sem upplifað hefur fagnaðarleiðsluna sem sprettur af vegsömun nafns Míns, hins vorkunnlátasta, mun fara þannig með heilagt orð Guðs að hjörtu þeirra heillast sem

enn sofa föstum svefni. Heill sé þeim sem hefur drukkið dulúðugt vín eilífs lífs af orðum hins miskunnsama Drottins síns í Mínu nafni—nafni sem hefur sundurmolað sérhvert gnæfandi og tignarlegt fjall.

151 Yður hefur verið boðið að endurnýja húsmuni heimila yðar á nítján ára fresti; þetta eru boð Hans sem er alvitur og allt skynjar. Hann þráir sannlega fágun fyrir yður og allar eigur yðar; hverfið ekki frá Guðsótta og tilheyrið ekki hinum hirðulausu. Hver sem kemst að raun um að efnahagur hans leyfir það ekki, honum veitist fyrirgefning Guðs, þess sem ætíð fyrirgefur, hins gjafmildasta.

152 Þvoið fætur yðar dag hvern á sumrin og einu sinni á þriggja daga fresti á veturna.

153 Ef einhver reiðist yður svarið honum með alúð, og ef einhver álasar yður forðist að álasa honum á móti, látið hann einan með sjálfum sér og setjið traust yðar á Guð, hefnandann alvalda, Drottin máttar og réttvísi.

154 Yður hefur verið bannað að nota predikunarstóla. Hver sem fara vill með orð Guðs fyrir yður, fáið honum hærra sæti svo að hann megi minnast Guðs, Drottins síns og Drottins alls mannkyns. Það er vel þóknanlegt Guði að þér takið yður sæti á stólum eða bekkjum til heiðurs ástinni sem þér berið til Hans og opinberanda dýrlegs og geislandi málstaðar Hans.

155 Yður hefur verið bannað að stunda veðmál og neyta ópíums. Forðist hvorutveggja, ó menn, og tilheyrið ekki misgerðarmönnum. Varist neyslu sérhvers efnis sem veldur sinnuleysi og sljóleika í musteri mannsins og skaðar líkamann. Vissulega óskum Vér aðeins þess sem gagnar yður og þessu ber vitni allt sem skapað er, hefðuð þér aðeins eyru að heyra.

156 Ætíð þegar yður er boðið til veislu eða hátíðarhalds svarið með fögnuði og gleði, og hver sem efnir það sem

hann lofar bakar sér ekki ámæli. Þetta er dagurinn þegar sérhver viturleg ákvörðun Guðs hefur verið skýrð.

Sjá, „leyndardómur hinna miklu umskipta í merki 157
Yfirbjóðandans“ hefur nú verið opinberaður. Heill sé honum sem Guð hefur hjálpað til að bera kennsl á hina „sex“ sem reistir voru upp í krafti þessa „beina Alif“. Hann tilheyrir vissulega þeim sem hafa sanna trú. Hversu margir eru ekki þeir sem sýndust guðræknir en sneru frá og hversu margir voru ekki hinir vegvilltu sem komu í návist Hans og hrópuðu: „Allt lof sé Þér, ó Þú þrá veraldanna!“ Í sannleika er það í Guðs hendi að gefa það sem Honum þóknast hverjum sem Hann vill, og halda hverju sem Honum þóknast frá hverjum sem Honum líst. Hann þekkir innri leyndarmál hjartnanna og það sem dylst í látbragði spottarans. Hversu mörg holdtekja gáleysis kom ekki til Vor með hreinu hjarta og Vér settum í öndvegi viðurtöku Vorrar, og hversu margir útskýrendur viskunnar sem Vér með fullum rétti sendum í eldinn. Vér erum í sannleika sá sem dæmir. Hann sem er opinberandi Guðs „gerir það sem Honum þóknast“ og situr í hásætinu „Hann ákvarðar það sem Honum líst.“

Sæll er sá sem finnur ilm innri merkingar frá þessum 158
Penna. Þegar hann hreyfist fær hann andvara Guðs til að berast yfir allt sköpunarverkið og þegar hann er kyrr lætur hann sjálfan kjarna róseminnar birtast í ríki verundar. Dýrlegur sé Hinn almiskunnsami, opinberandi svo ómetanlegrar hylli. Seg: Vegna þess að Hann þoldi rangindi hefur réttlæti birst á jörðu og vegna þess að Hann samþykkti niðurlægingu hefur tign Guðs ljómað meðal manna.

Yður er bannað að bera vopn nema brýna nauðsyn 159
beri til og yður er leyfilegt að klæðast silki. Drottinn hefur sem vott um hylli sína létt af yður þeim takmörkunum

sem áður giltu um klæðaburð og skeggskurð. Hann er vissulega ákvarðandinn, hinn alvitri. Látið ekkert í fari yðar misbjóða heilbrigðum og heiðvirðum huga og gerið yður ekki að leiksoppi hinna fávísu. Heill sé honum sem skrýðir sig klæðum sæmandi framferðis og lofsverðs lundernis. Hann telst vissulega til þeirra sem aðstoða Drottin sinn með einstökum og framúrskarandi gerðum.

160 Stuðlið að þróun borga Guðs og landa Hans og vegsamið Hann þar fagnandi raustum þeirra sem Hann hefur dálæti á. Í sannleika byggir máttur tungunnar upp hjörtu mannanna líkt og hús og borgir eru byggðar upp af mannshöndinni og eftir öðrum leiðum. Vér höfum markað leiðir að sérhverju markmiði, hagnýtið yður það og setjið traust yðar og fullvissu á Guð, hinn alvitra, hinn alvísa.

161 Sæll er sá sem hefur játað trú sína á Guð og tákn Hans og skilið að „Hann verður eigi krafinn svara við gerðum sínum." Slíka viðurkenningu hefur Guð gert að prýði sérhverrar trúar og sjálfan grundvöll hennar. Hún er forsendan fyrir viðurtöku sérhverrar góðrar gerðar. Festið sjónir á henni svo að hvískur hinna uppreisnargjörnu fái yður ekki til að hrasa.

162 Ef Hann leyfði það sem frá ómunatíma hefur verið bannað og bannaði það sem ávallt hefur verið talið lögmætt, er engum gefinn réttur til að draga myndugleika Hans í efa. Hvern sem efast, þótt ekki sé nema örskotsstund, ber að skoða sem misgerðarmann.

163 Vindar efans munu næða um hvern þann sem ekki hefur viðurkennt þennan æðsta grundvallarsannleik og ekki tekst að hljóta þessa upphöfnu stöðu, og orð hinna vantrúuðu munu raska sálarró Hans. Hver sem viðurkennt hefur þessa meginreglu öðlast fullkomna staðfestu. Allur heiður sé þessari aldýrlegu stöðu, sem mikluð er í

sérhverri háleitri töflu. Þetta er kenningin sem Guð færir yður, kenning sem mun frelsa yður frá hverskyns vafa og ráðleysi og gera yður kleift að öðlast hjálpræði, bæði í þessum heimi og þeim sem kemur. Hann er vissulega sá sem ætíð fyrirgefur, hinn gjöfulasti. Hann er sá sem sent hefur boðberana og heilagar bækur sínar niður til manna þar sem Hann kunngerir: „Enginn er Guð nema Ég, hinn almáttugi, hinn alvísi."

Ó land Káf og Rá*! Sannlega sjáum Vér að staða þín 164
er vanþóknanleg Guði og Vér skynjum að frá þér kemur það sem er órannsakanlegt öllum nema Honum, hinum alvitra, hinum alvísa, þeim sem allt þekkir. Og Vér greinum það sem berst frá þér heimullega og með leynd. Með Oss er þekking á öllu sem letrað er á töflu skýrum stöfum. Ver ekki hnipið yfir hlutskipti þínu. Áður en langt um líður mun Guð reisa upp innan mæra þinna djarfa og hugprúða menn sem munu mikla nafn Mitt af slíkri einurð að hvorki illar ráðagerðir prestanna né getsakir þeirra sem dreifa efasemdum geta haldið aftur af þeim. Þeir munu líta Guð með sínum eigin augum og gera Hann sigursælan með sínu eigin lífi. Þeir tilheyra sannlega hinum staðföstu.

Ó herskari guðsmanna! Þegar heilög orð Mín voru 165
send niður og skýr tákn Mín opinberuð sáum Vér yður hjúpaða blæjum. Þetta vekur vissulega undrun. Þér miklist af nafni Mínu en báruð samt ekki kennsl á Mig þegar Drottinn yðar, hinn almiskunnsami, birtist á meðal yðar með sönnunum og vitnisburði. Vér höfum svipt blæjunum frá. Varist að byrgja mönnunum sýn með enn annarri blæju. Brjótið hlekki hégómlegra ímyndana í nafni Drottins allra manna og tilheyrið ekki hinum svikulu. Ef þér snúið til Guðs og játist málstað Hans, valdið

* Kirmán

ekki glundroða innan hans, og leggið ekki á bók Guðs mælistiku yðar eigingjörnu ástríðna. Þetta var vissulega ráð Guðs fyrr á tímum og verður það héðan í frá og því bera hátíðlegt vitni vottar Guðs og Hans útvöldu, já, hver og einn af Oss.

166 Minnist shayksins sem bar nafnið Muḥammad-Ḥasan og talinn var meðal lærðustu guðsmanna síns tíma. Þegar Hinn sanni opinberaði sig hafnaði þessi shaykh honum ásamt öðrum guðsmönnum, en bygg- og hveitisáldrari tók á móti honum og sneri sér til Drottins. Þótt hann hafi dag og nótt verið önnum kafinn við skráningu þess sem hann taldi vera lög og fyrirmæli Guðs dugði honum þó ekki einn bókstafur þegar Hinn óhefti birtist, að öðrum kosti hefði hann ekki snúið baki við ásýnd sem hefur brugðið birtu yfir ásýndir þeirra sem Drottinn hefur dálæti á. Hefðuð þér trúað á Guð þegar Hann opinberaði sig hefði fólkið ekki snúið við Honum baki né heldur hefði Oss fallið það í skaut sem þér eruð vitni að á þessum degi. Óttist Guð og tilheyrið ekki hinum gálausu.

167 Varist að nokkurt nafn byrgi yður sýn á Hann sem er eigandi allra nafna, eða nokkurt orð útiloki yður frá þessari minningu Guðs, þessari uppsprettu visku yðar á meðal. Snúið til Guðs og leitið verndar Hans, ó guðsmannafjöld, og komið ekki eins og hyljandi blæja milli Mín og skepna Minna. Þannig áminnir Drottinn yðar og býður yður að ástunda réttlæti til þess að verk yðar ónýtist eigi og þér sjálfir blindist á hlutskipti yðar. Myndi hann sem afneitar þessum málstað geta fært sönnur á réttmæti nokkurs málstaðar í allri sköpuninni? Nei, Ég sver við Hann sem skapaði alheiminn! Samt er fólkið hjúpað augljósri blæju. Seg: Sakir þessa málstaðar hefur sól vitnisburðar runnið upp og röðull sönnunar úthellt geislum sínum yfir alla sem dvelja á jörðu. Óttist Guð, ó menn innsæis,

og tilheyrið ekki þeim sem ekki trúa á Mig. Varist að orðið „spámaður“ haldi yður frá þessari mestu boðun eða einhver tilvísun til „staðgengils“ aftri yður frá að lúta yfirráðum Hans sem er staðgengill Guðs sem yfirskyggir allar veraldirnar. Sérhvert nafn hefur verið skapað fyrir orð Hans og sérhver málstaður er háður ómótstæðilegum, máttugum og undursamlegum málstað Hans. Seg: Þetta er dagur Guðs, dagurinn þegar ekkert verður nefnt nema Hans eigið sjálf, hins alvalda verndara allra veraldanna. Þetta er málstaður sem hefur fengið allar hégiljur yðar og hjáguði til að bifast.

Vér sjáum í sannleika meðal yðar hann sem tekur bók 168
Guðs og vísar til hennar um sannanir og röksemdir til að afneita Drottni sínum líkt og fylgjendur allra annarra trúarbragða sem leituðu ástæðna í sínum helgiritum til að hafna Honum sem er hjálpin í nauðum, hinn sjálfumnógi. Seg: Guð, hinn sanni, ber Mér vitni að hvorki helgirit heimsins né allar bækur og rit veraldar munu á þessum degi stoða yður neitt án þessarar lifandi bókar, sem kunngerir mitt í hjarta sköpunarinnar: "Sannlega er enginn Guð nema Ég, hinn alvitri, hinn alvísi."

Ó guðsmannafjöld! Varist að valda deilum í landinu 169
líkt og þér urðuð þess valdandi að trúnni var hafnað á fyrstu dögum hennar. Safnið saman mönnunum um þetta Orð sem fengið hefur steinvölurnar til að hrópa: „Ríkið er Guðs, dagsbrúnar allra tákna!“ Þannig áminnir Drottinn yður sem hylli af sinni hálfu. Hann er í sannleika sá sem ætíð fyrirgefur, hinn örlátasti.

Minnist Karíms og hvernig hann brást við með 170
fyrirlitningu knúinn eigin hvötum þegar Vér kölluðum hann til Guðs. Samt höfðum Vér sent honum það sem veitti hugsvölun augum sönnunar í heimi verundar og staðfesti vitnisburðinn sem Guð gaf öllum sem dvelja á

himni og jörðu. Sem tákn um miskunn Hans, eiganda alls, hins hæsta, buðum Vér honum að taka á móti sannleikanum. En hann sneri undan uns Guð í réttlæti sínu bauð englum reiðinnar að hremma hann. Þessu berum Vér sannlega vitni.

171 Ríf sundur blæjurnar með þeim hætti að íbúar ríkisins heyri þær rifna sundur. Þetta er boð Guðs sem Hann gaf fyrr á dögum og þeim komandi. Sæll er sá sem gætir þess sem honum er boðið og vei hinum gálausa.

172 Vér höfum vissulega ekki haft neitt annað markmið í þessu jarðneska ríki en að birta Guð og opinbera yfirráð Hans, Guð nægir Mér sem vitni. Vér höfum að sönnu ekkert áform haft í hinu himneska ríki annað en að upphefja málstað Hans og gera Hann vegsamlegan. Guð nægir Mér sem verndari. Vér höfum í sannleika ekkert þráð í ríkinu á hæðum annað en að vegsama Guð og það sem Hann hefur sent niður af himni. Guð nægir Mér sem hjálpari.

173 Sælir eruð þér, ó hinir lærðu í Bahá. Ég sver við Guð! Þér eruð öldurnar á hinu mesta hafi, stjörnur á festingu dýrðar Minnar, fánar sigurs sem blakta milli jarðar og himins. Þér eruð opinberendur staðfestu meðal manna og dagsbrúnir himneskra orða öllum sem á jörðu dvelja. Heill sé honum sem snýr sér til yðar og vei hinum villuráfandi. Á þessum degi sæmir það hverjum þeim sem drukkið hefur hið dulúðga vín úr höndum ástríkis Drottins Guðs síns, hins miskunnsama, að vera líkt og slagæð í líkama mannkyns til þess að heimurinn og sérhvert fúnandi bein megi öðlast líf fyrir Hann.

174 Ó íbúar heimsins! Þegar hin dulúðga dúfa hefur tekið flugið frá griðastað lofgjörðar sinnar og leitað fjarlægs takmarks síns, sinna huldu híbýla, berið allt sem þér ekki skiljið í Bókinni undir hann sem runninn er af þessari máttugu rót.

Ó penni Hins hæsta! Rita á töfluna að boði Drottins 175
þíns, skapara himnanna, og seg frá þeim tíma þegar Hann sem er dögun himneskrar einingar hafði í hyggju að beina för sinni til skóla yfirskilvitlegs einleika, til þess að hinir hjartahreinu megi þannig sjá leiftra, þótt ekki sé nema örskotsstund, af leyndardómum Drottins þíns, hins almáttuga og alvitra, sem dyljast á bak við blæjurnar. Seg: Vér stigum vissulega inn í lærdómssetur innri merkingar og útskýringa þegar öll sköpunin var án þekkingar. Vér sáum orðin sem send voru niður frá Honum sem er hinn almiskunnsami og Vér bárum kennsl á heilagt orð Guðs, þess sem hjálpar í nauðum, hins sjálfumnóga, orðin sem Hann* kynnti Oss og Vér hlýddum á það sem Hann af djúpri alvöru hafði staðfest í töflunni. Þetta sáum Vér með sanni. Og Vér samþykktum ósk Hans með fyrirskipun Vorri því sannlega er það á Voru færi að skipa fyrir.

Ó fylgjendur Bayánsins! Sannlega stigum Vér fæti í 176
skóla Guðs meðan þér láguð í móki, og Vér lásum töfluna meðan þér voruð í fastasvefni. Ég sver við hinn eina sanna Guð! Vér lásum töfluna áður en hún var opinberuð meðan þér voruð óvitandi, og Vér höfðum fullkomna þekkingu á Bókinni áður en þér fæddust. Þessi orð eru á yðar eigin mælikvarða, ekki Guðs. Þessu ber vitni það sem fólgið er í þekkingu Hans, ef þér tilheyrið þeim sem skynja, og þessu ber tunga Hins almáttuga vitni, ef þér tilheyrið þeim sem skilja. Ég sver við Guð, ef Vér lyftum blæjunni yrðuð þér lostnir djúpri furðu.

Varist fánýtar deilur um Hinn almáttuga og málstað 177
Hans, því sjá! Hann hefur birst yðar á meðal með svo stórfenglega opinberun að hún umlykur allt sem skapað er, bæði í fortíð og framtíð. Ef Vér ættum að orða þetta

* Bábinn

stef á tungu íbúa ríkisins myndum Vér segja: „Í sannleika skapaði Guð þann skóla áður en Hann skapaði himinn og jörð og Vér gengum í hann áður en bókstafirnir V, E og R voru tengdir saman.“ Slík er tunga þjóna Vorra í ríki Voru, íhugið hvað tunga þeirra sem dvelja í upphöfnu ríki Voru myndi mæla því Vér höfum kennt þeim þekkingu Vora og opinberað þeim allt sem fólgið var í visku Guðs. Gerið yður þá í hugarlund hvað tunga máttar og tignar myndi mæla í aldýrlegum híbýlum Hans!

178 Þetta er ekki málstaður sem gera má að leiksoppi fánýtra ímyndana yðar og ekki heldur er hann vettvangur hinna fávísu og hugdeigu. Ég sver við Guð, þetta er leikvangur innsæis og andlegrar lausnar, sýnar og uppbyggingar og þar geta engir aðrir hvatt fáka sína en hugdjarfir riddarar Hins miskunnsama sem hafa leyst sig frá öllu sem tilheyrir heimi verundar. Þetta eru í sannleika þeir sem gera Guð sigursælan á jörðu, dagsbrúnir yfirráða Hans meðal mannkyns.

179 Varist að láta eitthvað sem opinberað er í Bayáninum halda yður frá Drottni yðar, hinum samúðarfyllsta. Guð ber Mér vitni að Bayáninn var sendur niður í þeim tilgangi einum að færa Mér lof, ef aðeins þér vissuð! Í honum finna hjartahreinir aðeins ilm ástar Minnar, aðeins nafn Mitt sem yfirskyggir allt hið séða og óséða. Seg: Snúið yður, ó menn, að því sem komið hefur frá upphafnasta penna Mínum. Ef þér finnið af því angan Guðs, rísið ekki gegn Honum og neitið yður ekki um skerf af náðarsamlegri hylli Hans og margvíslegum gjöfum. Þannig áminnir yður Drottinn yðar, Hann er sannlega ráðgjafinn, hinn alvitri.

180 Hvaðeina sem þér ekki skiljið í Bayáninum, berið það undir Guð, Drottin yðar og Drottin feðra yðar. Ef Honum þóknast mun Hann útskýra fyrir yður það sem þar er opinberað, afhjúpa perlur guðlegrar þekkingar og

visku sem fólgin er í úthafi orða Hans. Hann er sannlega hinn æðsti ofar öllum nöfnum, enginn er Guð nema Hann, hjálpin í nauðum, hinn sjálfumnógi.

Veröldin hefur gengið úr skorðum vegna altæks 181
áhrifavalds þessa nýja og æðsta heimsskipulags. Skipulögðu lífi mannkynsins hefur verið umbylt fyrir atbeina þessa einstæða, undursamlega kerfis hvers líka dauðleg augu hafa aldrei séð.

Sökkvið yður í úthaf orða minna svo að þér megið 182
afhjúpa leyndardóm þeirra og uppgötva allar perlur viskunnar sem liggja fólgnar í djúpum þess. Varist að hvika í ásetningi yðar að játast sannleika þessa málstaðar. Sakir Hans hefur máttur guðdómlegs valds verið opinberaður og yfirráð Hans grundvölluð. Hraðið yður til Hans með andlitin skínandi af fögnuði. Þetta er óbreytanleg trú Guðs, eilíf í fortíðinni, eilíf í framtíðinni. Sá sem leitar hennar, hann finni; og hvað þann varðar sem neitar að leita hennar, sannlega er Guð sjálfum sér nógur, ofar öllum þörfum skepna sinna.

Seg: Þetta er hin óskeikula vog, sem Guð heldur í hendi 183
sér. Á henni verða allir á himnum og jörðu vegnir og örlög þeirra metin, ef þér teljist til þeirra sem trúa og þekkja þennan sannleika. Þetta er hinn mesti vitnisburður og með honum hefur gildi sérhverrar sönnunar verið staðfest um allar aldir, mættuð þér aðeins vera þess fullvissir. Seg: Sakir hennar hafa hinir snauðu verið auðgaðir, hinir lærðu upplýstir og leitendunum gert kleift að ganga í návist Guðs. Varist að gera hana að misklíðarefni. Verið jafn óhaggandi og fjallið í málstað Drottins yðar, hins máttuga og ástríka.

Seg: Ó uppspretta öfughneigðar! Hverf frá vísvitandi 184
blindu þinni og seg sannleikann meðal manna. Ég sver við Guð að Vér felldum tár yfir þér er Vér sáum þig

fylgja eigingjörnum ástríðum þínum og afneita Honum sem hefur skapað þig og gefið þér líf. Minnstu mildrar miskunnar Drottins þíns og mundu hvernig Vér nærðum þig dag og nótt í þjónustu við málstaðinn. Óttastu Guð og gakk vegu þeirra sem iðrast í sannleika. Hafi mennirnir verið ráðvilltir vegna stöðu þinnar, er hugsanlegt að þú hafir sjálfur verið jafn ráðvilltur? Nötra frammi fyrir Drottni þínum og minnstu daganna þegar þú stóðst frammi fyrir hásæti Voru og skráðir þau helgu orð sem Vér lásum þér fyrir—orð sem Guð sendi niður, verndarinn alvaldi, Drottinn máttar og valds. Varast að eldur ósvífni þinnar aftri þér að ná til heilagrar hirðar Guðs. Snú þér til Hans og óttast ekki sakir þess sem þú hefur gert. Hann fyrirgefur í sannleika hverjum sem Honum þóknast sem vott um hylli sína, enginn er Guð nema Hann, sá sem ætíð fyrirgefur, hinn algjöfuli. Vér áminnum þig aðeins sakir Guðs. Ef þú ferð að þessu ráði verður það sjálfum þér fyrir bestu, en ef þú hafnar því getur Drottinn þinn vissulega komist af án þín og allra sem fylgja þér í augljósri villu. Sjá! Guð hefur hremmt þann sem leiddi þig afvega. Snú þér til Guðs, auðmjúkur, undirgefinn og lítilsmegandi, Hann mun vissulega taka burt syndir þínar því að Drottinn þinn er fyrirgefandinn, hinn máttugi, hinn almiskunnsami.

185 Þetta er ráðlegging Guðs, ef aðeins þú vildir fylgja henni! Þetta er hylli Guðs, ef aðeins þú mættir veita henni viðtöku! Þetta er orð Guðs, ef aðeins þú gætir skynjað það! Þetta er fjársjóður Guðs, ef aðeins þú gætir skilið!

186 Þetta er bók Guðs sem orðið hefur heiminum leiðarljós Hins eilífa, hinn beini og óskeikuli vegur meðal þjóða jarðar. Seg: Þetta er dagsbrún guðlegrar þekkingar ef þér tilheyrið þeim sem skilja og dögun boða Guðs, ef þér tilheyrið þeim sem skynja.

Leggið ekki meiri byrði á dýrið en það getur borið. 187
Vér höfum vissulega bannað slíka meðferð með bindandi fyrirmælum í Bókinni. Verið líkamning réttlætis og sanngirni meðal alls sem skapað er.

Verði einhver öðrum manni að bana af gáleysi, ber 188
honum að gjalda fjölskyldu hins látna skaðabætur að upphæð hundrað mithqál í gulli. Gætið þess sem yður hefur verið boðið í þessari töflu og tilheyrið ekki þeim sem fara yfir mörk hennar.

Ó meðlimir þjóðþinga um heim allan! Veljið 189
eitt tungumál fyrir alla á jörðu og takið einnig upp sameiginlegt skrifletur. Guð gerir yður að sönnu ljóst það sem kemur yður að gagni og gerir yður óháða öðrum. Hann er í sannleika hinn algjöfulasti, hinn alvitri, sá sem allt þekkir. Þetta mun skapa einingu, ef aðeins þér gætuð skilið það, og verður helsta leiðin til að stuðla að samlyndi og siðmenningu, ef aðeins þér mættuð skilja! Vér höfum sett tvö tákn til merkis um fullþroska mannkyns: hið fyrra, sem er hin bjargfasta undirstaða, höfum Vér sett fram í öðrum töflum Vorum en hið síðara höfum Vér opinberað í þessari undursamlegu bók.

Yður er bannað að reykja ópíum. Sannlega höfum Vér 190
lagt bann við þessari venju með ströngustu fyrirmælum í Bókinni. Neyti þess einhver er hann vissulega ekki af Mér. Óttist Guð, ó þér sem gæddir eru skilningi!

Nokkrir textar sem Bahá'u'lláh opinberaði til viðbótar Kitáb-i-Aqdas

Í nokkrum töflum sem Bahá'u'lláh opinberaði eftir Kitáb-i-Aqdas eru kaflar sem koma til viðbótar fyrirmælum Hinnar helgustu bókar. Hinir eftirtektarverðustu þeirra hafa verið birtir í bókinni *Tablets of Bahá'u'lláh revealed after the Kitáb-i-Aqdas* (Töflur Bahá'u'lláh opinberaðar eftir Kitáb-i-Aqdas). Í þessum bókarhluta er útdráttur úr Ishráqát töflunni. Hér er einnig endurbirtur texti skyldubænanna þriggja og bænar fyrir látnum sem vísað er til í bókarhlutanum Spurningar og svör.

Ishráqát taflan
Áttunda Ishráq

Þessi kafli sem Penni dýrðarinnar ritar nú telst hluti Hinnar helgustu bókar: Mönnunum í Húsi réttvísi Guðs hefur verið falin umsjá með málefnum fólksins. Þeir eru að sönnu trúnaðarmenn Guðs meðal þjóna Hans og dagsbrúnir valds og yfirráða í löndum Hans.

Ó fólk Guðs! Það sem þjálfar heiminn er réttlæti því það hvílir á tveimur stoðum, umbun og refsingu. Þessar tvær stoðir eru uppspretta lífs fyrir heiminn. Þar sem hverjum degi fylgir nýtt vandamál og hverju vandamáli hagnýt lausn, ætti að vísa slíkum málum til þeirra sem þjóna í Húsi réttvísinnar svo að þeir megi gera ráðstafanir í samræmi við þarfir og kröfur tímans. Þeir sem sakir Guðs hefjast handa um að þjóna málstað Hans þiggja himneskan innblástur frá ríkinu ósýnilega. Öllum ber skylda til að sýna þeim hlýðni. Öllum málefnum ríkisins verður að vísa til Húss réttvísinnar, en því sem lýtur að tilbeiðslu skal haga í samræmi við það sem Guð hefur opinberað í Bók sinni.

Ó fólk Bahá! Þér eruð dögunarstaðir ástar Guðs og dagsbrúnir ástríkis Hans. Saurgið eigi tungur yðar með

því að formæla eða atyrða nokkra sál og verjið augu yðar því sem ekki er sæmandi. Berið fram það sem þér eigið. Sé því veitt viðtaka er tilgangi yðar náð, ef ekki, eru mótmæli haldlaus. Látið þá sálu eina og snúið yður til Drottins, verndarans, hins sjálfumnóga. Valdið ekki sorg, hversu miklu síður ósamlyndi eða deilum. Sú von lifir að þér megið hljóta sanna uppfræðslu í forsælunni af meiði blíðrar miskunnar Hans og hegða yður í samræmi við það sem Guð þráir. Þér eruð öll lauf á einu tré og dropar í einu hafi.

(Tablets of Bahá'u'lláh revealed after the Kitáb-i-Aqdas)

Langa skyldubænin

FARA Á MEÐ ÞESSA BÆN
EINU SINNI Á SÓLARHRING

Sá sem óskar að fara með þessa bæn standi og snúi sér til Guðs, og þar sem hann stendur líti hann til hægri og vinstri, eins og hann vænti miskunnar Drottins síns, hins miskunnsamasta og vorkunnláta. Síðan segi hann:

Ó Þú sem ert Drottinn allra nafna og smiður himnanna! Ég sárbæni Þig við þá sem eru uppsprettur Þíns ósýnilega kjarna, hins háleitasta og aldýrlega, að gera úr bæn minni bál, sem brenni hulurnar sem hafa byrgt mér sýn á fegurð Þína og ljós sem leiði mig til úthafs návistar Þinnar.

Síðan lyfti hann höndum í bæn til Guðs—blessaður og upphafinn sé Hann—og segi:

Ó Þú þrá heimsins og ástvinur þjóðanna! Þú sérð mig leita til Þín, fráhverfan öllu nema Þér og halda í líftaug Þína sem vakið hefur alla sköpunina með hreyfingum sínum. Ég er þjónn Þinn, ó Drottinn minn, og sonur þjóns Þíns. Lít mig reiðubúinn að gera vilja Þinn og löngun og æskja einskis nema velþóknunar Þinnar. Ég sárbæni Þig við úthaf miskunnar Þinnar og sól náðar Þinnar, að gera við þjón Þinn það sem Þú vilt og Þér líst. Við mátt Þinn sem er langt ofar allri tjáningu og lofgjörð! Allt sem hefur komið frá Þér er þrá hjarta míns og elska sálar minnar. Ó Guð, Guð minn! Lít ekki á vonir mínar og gerðir, nei, lít

heldur á vilja Þinn sem umlykur himna og jörð. Við Þitt mesta nafn, ó Þú Drottinn allra þjóða! Ég hef þráð aðeins það sem Þú þráðir og elska einungis það sem Þú elskar.

Síðan krjúpi hann, beygi enni sitt að jörðu og segi:

Upphafinn ert Þú yfir lýsingu alls nema Þín sjálfs og skilning alls nema Þín.

Síðan standi hann upp og segi:

Ger úr bæn minni, ó Drottinn minn, lind lifandi vatna svo ég megi lifa meðan veldi Þitt varir og nefna Þig í sérhverri veröld veralda Þinna.

Síðan lyfti hann höndum á ný í bæn og segi:

Ó Guð! Hjörtu og sálir tærast upp í aðskilnaði frá Þér og eldur ástar Þinnar hefur kveikt bál í allri veröldinni! Ég sárbæni Þig við nafn Þitt sem hefur lagt undir Þig allt sköpunarverkið, að meina mér ekki um það sem er af Þér, ó Þú sem ríkir yfir öllum mönnum! Þú sérð, ó Drottinn minn, þennan ókunna hraða sér til síns æðsta heimilis undir tjaldhimni tignar Þinnar og innan vébanda miskunnar Þinnar, þennan misgerðarmann leita úthafs fyrirgefningar Þinnar, þennan lítilsverða leita til forgarðs dýrðar Þinnar og þessa vesælu veru leita ljómans af auðæfum Þínum. Þitt er valdið að skipa fyrir um hvaðeina sem Þú vilt. Ég ber því vitni að verk Þín á að vegsama, fyrirmælum Þínum ber að hlýða og Þú ert óheftur í boðum Þínum.

Síðan lyfti hann höndum og endurtaki þrívegis hið mesta nafn (Alláh-u-Abhá—Guð hinn aldýrlegi). Því næst beygi hann sig niður, hvíli hendur á hnjám sér frammi fyrir Drottni—blessaður og upphafinn sé Hann—og segi:

Þú sérð, ó Guð minn, hvernig andi minn hefur vaknað í limum mínum og líkama í löngun sinni til að tilbiðja Þig og þrá sinni að muna Þig og lofa. Hvernig hann ber því vitni sem tunga boðorða Þinna hefur vitnað um í ríki tjáningar Þinnar og á himni þekkingar Þinnar. Mér er það ljúft í þessu ásigkomulagi, ó Drottinn minn, að biðja Þig alls sem er af Þér, svo ég megi sýna fátækt mína og mikla örlæti Þitt og ríkidæmi, lýsa yfir vanmætti mínum og birta mátt Þinn og vald.

Síðan standi hann, lyfti höndum tvívegis í bæn og segi:

Enginn er Guð nema Þú, hinn almáttugi, hinn örlátasti. Enginn er Guð nema Þú, sá sem ákvarðar bæði í upphafinu og við endalokin. Ó Guð, Guð minn! Fyrirgefning Þín hefur gert mig djarfan, miskunn Þín hefur styrkt mig, kall Þitt hefur vakið mig og náð Þín reist mig upp og leitt mig til Þín. Hvernig dirfðist ég annars að standa við borgarhlið návistar Þinnar eða beina augum mínum að ljósunum sem skína frá himni vilja Þíns? Þú sérð, ó Drottinn minn, þessa aumu veru knýja á dyr náðar Þinnar og þessa svipulu sál leita að móðu eilífs lífs úr höndum örlætis Þíns. Þitt er valdið um alla tíð, ó Þú sem ert Drottinn allra nafna, og mín er undirgefnin og fús hlýðni við vilja Þinn, ó skapari himnanna!

Síðan lyfti hann höndum þrívegis og segi:

Meiri er Guð öllum sem máttugir eru!

Síðan krjúpi hann, beygi enni sitt að jörðu og segi:

Þú ert hærri en svo að lofgjörð þeirra sem nálægir eru Þér geti stigið upp til himins návistar Þinnar eða fuglar hjartna þeirra sem eru helgaðir Þér nái til hliðs Þíns. Ég ber því vitni að Þú ert helgaður ofar öllum eigindum og heilagur ofar öllum nöfnum. Enginn Guð er nema Þú, hinn æðsti og aldýrlegi.

Síðan setjist hann og segi:

Ég ber því vitni, sem allt sem skapað er hefur vitnað um ásamt herskörunum á hæðum og íbúum hinnar alhæstu paradísar og ofar þeim tunga tignarinnar sjálf frá hinum aldýrlega sjónarhring, að Þú ert Guð, að enginn Guð er nema Þú og að Hann sem hefur verið birtur er hin hulda dul, hið varðveitta tákn sem tengdi og sameinaði bókstafina V, E og R (ver). Ég ber því vitni að það er Hans nafn sem skráð var af penna Hins hæsta og nefnt í bókum Guðs, Drottins hásætisins hið efra og á jörðu.

Síðan standi hann uppréttur og segi:

Ó Drottinn allrar verundar og eigandi alls, sýnilegs og ósýnilegs! Þú skynjar tár mín og andvörp og heyrir harmatölur mínar, grátstafi og kvein hjarta míns. Við mátt Þinn! Misgerðir mínar hafa varnað mér að nálgast Þig og syndir mínar hafa haldið mér langt frá forgarði heilagleika Þíns. Ást Þín, ó Drottinn minn, hefur auðgað mig og aðskilnaður við Þig eyðilagt mig og fjarlægð frá Þér eytt mér upp. Ég sárbæni Þig við fótspor Þín

hér í auðninni og með orðunum „Hér er ég, hér er ég“ sem Þínir útvöldu hafa mælt í þessari ómælisvíðáttu og við andblæ opinberunar Þinnar og þýðvinda dögunar birtingar Þinnar, að bjóða að ég megi líta fegurð Þína og gæta alls sem er í bók Þinni.

Síðan endurtaki hann þrisvar Hið mesta nafn, beygi sig niður með hendur á hnjám sér og segi:

Lof sé Þér, Ó Guð minn, að Þú hefur hjálpað mér að muna Þig og lofa og kynnt mér Hann sem er dagsbrún tákna Þinna, látið mig lúta drottnun Þinni, auðmýkja mig frammi fyrir guðdómi Þínum og viðurkenna það sem tunga tignar Þinnar hefur mælt.

Síðan rísi hann á fætur og segi:

Ó Guð, Guð minn! Bak mitt er beygt af byrðum synda minna og gáleysi mitt hefur eyðilagt mig. Hvenær sem ég íhuga illar gerðir mínar og góðvild Þína, tærist hjartað í brjósti mér og blóðið ólgar í æðum mér. Við fegurð Þína, ó Þú þrá heimsins! Ég blygðast mín er ég lít upp til Þín og löngunarfullar hendur mínar fyrirverða sig fyrir að teygja sig til himnaríkis örlætis Þíns. Þú sérð, Ó Guð minn, hvernig tár mín aftra mér að muna Þig og vegsama dyggðir Þínar, ó Þú Drottinn hásætisins hið efra og á jörðu! Ég sárbæni Þig við tákn ríkis Þíns og dul yfirráða Þinna að gera við Þína elskuðu sem hæfir örlæti Þínu, ó Drottinn allrar verundar, og sæmir náð Þinni, ó konungur hins séða og óséða.

Síðan endurtaki hann þrisvar hið mesta nafn, krjúpi með enni að jörðu og segi:

Lof sé Þér, ó Guð okkar, að Þú hefur sent það niður til okkar sem færir okkur nær Þér og birgir okkur upp af öllu því góða sem sent er niður í bókum Þínum og ritningum. Vernda okkur, þess biðjum við Þig ó Drottinn minn, gegn sæg hégómlegra duttlunga og fánýtra ímyndana. Þú ert að sönnu hinn máttugi, sá sem allt þekkir.

Síðan rétti hann sig upp, setjist og segi:

Ég ber því vitni, Ó Guð minn, sem Þínir útvöldu hafa vitnað um og viðurkenni það sem íbúar alhæstu paradísar og þeir sem umkringja Þinn volduga veldisstól hafa viðurkennt. Ríki jarðar og himins eru Þín, ó Drottinn veraldanna!

(Prayers and Meditations by Bahá'u'lláh, CLXXXIII)

Lengri skyldubæn

FARA Á MEÐ ÞESSA BÆN
AÐ MORGNI, Á HÁDEGI
OG AÐ KVÖLDI

Hver sá sem vill biðjast fyrir laugi hendur sínar og á meðan segi hann:

Styrk hönd mína, ó Guð minn, að hún nái svo stöðugu taki á bók Þinni að herskarar heimsins hafi ekkert vald yfir henni. Vernda hana einnig gegn afskiptum af öllu sem ekki er hennar. Þú ert vissulega hinn almáttugi og voldugasti.

Og meðan hann laugar andlit sitt segi hann:

Ég hef beint augliti mínu að Þér, ó Drottinn minn! Uppljóma það birtu ásýndar Þinnar. Vernda það síðan gegn því að beinast að nokkru nema Þér.

Síðan standi hann og snúi sér til Qiblih (þ.e. í bænarátt, til Bahjí, Akká) og segi:

Guð ber því vitni að enginn er Guð nema hann. Hans eru ríki opinberunar og sköpunar. Hann hefur í sannleika birt Hann sem er dögun opinberunar, sem talaði á Sínaí og lýsti upp hæsta sjónarhringinn, Hann sem lótustréð á leiðarenda léði mál og flutt hefur öllum á himni og jörðu ákallið: „Sjá eigandi alls er kominn. Himinn og jörð, dýrð og yfirráð eru Guðs, Drottins allra manna og eiganda hásætisins hið efra og á jörðu!“

Síðan beygi hann sig niður, hvíli hendur á hnjám sér og segi:

Þú ert upphafinn yfir lofgjörð mína og lofgjörð allra annarra, lýsingu mína og lýsingu allra á himni og jörðu!

Síðan standi hann með opnar hendur, snúi lófum að andliti sínu og segi:

Bregst Þú ekki, ó Guð minn, vonum þess sem hefur tekið biðjandi fingrum í klæðisfald miskunnar Þinnar og náðar, ó Þú miskunnsamastur þeirra sem sýna miskunn!

Síðan setjist hann og segi:

Ég ber vitni um einingu Þína og einstakleika, að Þú ert Guð og að enginn er Guð nema Þú. Þú hefur vissulega opinberað málstað Þinn, uppfyllt sáttmála Þinn og opnað dyr náðar Þinnar á gátt í augsýn allra sem dvelja á himni og á jörðu. Blessun og friður, heill og dýrð hvíli yfir Þínum elskuðu, sem hverfulleiki þessa heims hefur ekki hindrað frá því að leita til Þín og gefið hafa allt sitt í von um að eignast það sem er af Þér. Þú ert í sannleika sá sem ætíð fyrirgefur, hinn örlátasti.

(*Óski einhver í stað hinnar löngu helgigreinar að mæla þessi orð:* „Guð ber því vitni að enginn er Guð nema Hann, hjálpin í nauðum, hinn sjálfumnógi“, *nægir það. Sömuleiðis myndi það nægja ef hann hefði yfir þessi orð meðan hann situr:* „Ég ber vitni um einingu Þína og einstakleika, að Þú ert Guð og að enginn er Guð nema Þú.“)

(Prayers and Meditations by Bahá'u'lláh, CLXXXII)

Stutt skyldubæn

FARA Á MEÐ ÞESSA BÆN EINU SINNI
Á SÓLARHRING, Á HÁDEGI

Ég ber því vitni, ó Guð minn, að Þú hefur skapað mig til að þekkja Þig og tilbiðja Þig. Ég staðfesti á þessu andartaki vanmátt minn og mátt Þinn, fátækt mína og auðlegð Þína. Enginn er Guð nema Þú, hjálpin í nauðum, hinn sjálfumnógi.

(Prayers and Meditations by Bahá'u'lláh, CLXXXI)

Bæn fyrir látnum

Ó Guð minn! Þetta er þjónn Þinn og sonur þjóns Þíns sem hefur trúað á Þig og tákn Þín og beint til Þín augliti sínu, fullkomlega fráhverfur öllu nema Þér. Þú ert í sannleika miskunnsamastur þeirra sem sýna miskunn. Ger við hann, ó Þú sem fyrirgefur syndir mannanna og hylur misgerðir þeirra, eins og sæmir himni hylli Þinnar og úthafi náðar Þinnar. Leyf honum að ganga inn til sviða yfirskilvitlegrar náðar Þinnar sem var fyrir sköpun himins og jarðar. Enginn er Guð nema Þú, sá sem ætíð fyrirgefur, hinn veglyndasti.

Síðan endurtaki hann sex sinnum kveðjuna Alláh-u-Abhá og hafa síðan nítján sinnum yfir sérhvert eftirfarandi helgiorða:

Í sannleika tilbiðjum við öll Guð.
Í sannleika lútum við öll Guði.
Í sannleika erum við öll helguð Guði.
Í sannleika vegsömum við öll Guð.
Í sannleika færum við öll Guði þakkir.
Í sannleika erum við öll þolinmóð í Guði.

(Ef hinn látni er kona, segi sá sem les: „Þetta er þjónustumey Þín og dóttir þjónustumeyjar Þinnar“, o.s.frv.)

(Prayers and Meditations by Bahá'u'lláh, CLXVII)

Spurningar og svör

Spurningar og svör

1. ***Spurning:*** *Um hina mestu hátíð.*
   Svar: Hin mesta hátíð hefst síðdegis þrettánda daginn í öðrum mánuði ársins samkvæmt Bayánínum. Bannað er að vinna fyrsta, níunda og tólfta dag þessarar hátíðar.

2. ***Spurning:*** *Um tvenndarhátíðina.*
   Svar: Abhá fegurðin* fæddist í dögun á öðrum degi Muḥarram† mánaðar, en fyrirrennari Hans fæddist á fyrsta degi þess mánaðar. Í augum Guðs eru þessir tveir dagar einn og hinn sami.

3. ***Spurning:*** *Um hjúskaparheitin.*‡
   Svar: Fyrir karlmenn: „Vissulega munum við allir lúta vilja Guðs.“ Fyrir konur: „Vissulega munum við allar lúta vilja Guðs.“

4. ***Spurning:*** *Fari maður í ferð án þess að tilgreina heimkomutíma, með öðrum orðum án þess að gefa vísbendingu um hve lengi hann býst við að vera að*

---

* Bahá'u'lláh

† Fyrsti mánuðurinn í tunglári múslíma

‡ Á arabísku hafa þessi tvö hjúskaparheiti mismunandi kyn

heiman—og ef ekki heyrist frá honum aftur og alls ekkert spyrst til hans, hvernig ætti eiginkona hans bregðast við?

Svar: Hafi hann ekki tilgreint ákveðinn heimkomutíma þótt honum hafi verið kunnugt um ákvæðið í Kitáb-i-Aqdas ætti kona hans að bíða í eitt ár, en síðan er henni frjálst að velja leið sem er lofsverð eða taka sér annan eiginmann. En sé honum ekki kunnugt um þetta ákvæði ætti hún að sýna þolinmæði og bíða uns Guði þóknast að upplýsa hana um afdrif hans. Með leið sem er lofsverð er í þessu sambandi átt við þolinmæði.

5. ***Spurning:*** *Um hin helgu orð: „Þegar Vér heyrðum hróp ófæddra barna tvöfölduðum Vér þeirra hlut og skertum hlut hinna.“*

Svar: Samkvæmt bók Guðs er dánarbúinu skipt í 2.520 hluta, en þessi tala er minnsta sameiginlega margfeldi allra heiltalna upp að níu. Þessum hlutum er síðan skipt í sjö flokka og hverjum um sig er úthlutað, eins og Bókin greinir frá, til ákveðins hóps erfingja. Börnin fá til að mynda í sinn hlut níu einingar, sem hver um sig er 60 hlutar, eða alls 540 hluta. Orðin „Vér tvöfölduðum þeirra hlut“ merkja því að börnin fá til viðbótar níu einingar, sem hver um sig er 60 hlutar, og það veitir þeim tilkall til alls 18 eininga. Hlutarnir sem þau fá til viðbótar eru dregnir frá því sem kemur í hlut annarra erfingjahópa. Það merkir að þótt opinberað sé til dæmis að eiginkonan eigi rétt á „átta einingum sem samanstanda af fjögur hundruð og áttatíu hlutum“ sem jafngilda átta einingum, hver um sig 60 hlutar, þá hefur með þessum ráðstöfunum ein og hálf

einingu, alls 90 hlutar, verið dregin frá hlut makans og endurúthlutað börnunum, og hið sama gildir um aðra. Niðurstaðan er sú að heildarupphæðin sem dregin er frá jafngildir níu einingum þeirra viðbótarhluta sem ætlaðir eru börnunum.

6. ***Spurning:*** *Er nauðsynlegt að bróðirinn sé sonur beggja foreldra hins látna til þess að eiga rétt á sínum arfshlut eða nægir að hann sé sonur annars?*

Svar: Ef bróðirinn er sonur föðurins fær hann sinn hlut af arfinum í samræmi við ákvæði Bókarinnar, en sé hann sonur móðurinnar fær hann aðeins tvo þriðju hluta þess sem honum ber, en þriðjungurinn rennur til Húss réttvísinnar. Þessi regla á einnig við um systurina.

7. ***Spurning:*** *Í erfðareglunum kemur meðal annars fram að eigi hinn látni enga erfingja renni hlutur þeirra til Húss réttvísinnar. Ef engum öðrum hópum erfingja er til að dreifa, svo sem föður, móður, bróður, systur og kennara, renna arfshlutir þeirra þá einnig til Húss réttvísinnar eða skal fara með þá með einhverjum öðrum hætti?*

Svar: Hin helgu orð nægja. Hann segir, vegsamað sé orð Hans: „Eigi hinn látni ekki niðja, skal hlutur þeirra renna til Húss réttvísinnar“ o.s.frv., og „Eigi hinn látni niðja en enga aðra erfingjahópa sem Bókin tilgreinir skulu þeir fá tvo þriðju hluta arfsins og þriðjungur skal renna til Húss réttvísinnar“ o.s.frv. Með öðrum orðum, ef engir niðjar eru rennur arfur þeirra til Húss réttvísinnar, og sé niðjum til að dreifa en engum öðrum erfingjahópum, renna tveir þriðjungar arfsins til niðjanna

en þriðjungur til Húss réttvísinnar. Þessi regla hefur bæði almenna og sértæka merkingu, það er að segja sé einhver erfingjahópur ekki fyrir hendi renna tveir þriðjungar af arfi hans til niðjanna og þriðjungurinn sem eftir stendur til Húss réttvísinnar.

8. ***Spurning:*** *Um þá grunnupphæð sem greiða skal af Rétti Guðs.*

Svar: Upphæðin sem lögð er til grundvallar Rétti Guðs er 19 mithqál gulls. Með öðrum orðum, þegar þessa fjár hefur verið aflað kemur Rétturinn til greiðslu. Sömuleiðis gjaldfellur Rétturinn þegar verðmæti, en ekki fjöldi, annarra eigna nær þessu marki. Réttur Guðs gjaldfellur ekki oftar en einu sinni. Til dæmis er þeim sem eignast þúsund mithqál gulls og greiðir af þeim Réttinn ekki skylt að greiða aftur af þeirri upphæð heldur aðeins þeim virðisauka sem verður til af henni við verslun, kaupsýslu og þess háttar. Þegar þessi virðisauki, þ.e. arðurinn sem til fellur, nær tilskildu marki kemur það til framkvæmda sem Guð hefur ákvarðað. Aðeins þegar höfuðstóllinn flyst yfir til annars eiganda þarf að greiða Réttinn af honum aftur eins og fyrra skiptið. Frumpunkturinn hefur mælt svo fyrir að Réttur Guðs skuli greiddur af verðmæti alls sem maðurinn á. Þó höfum Vér í þessu æðsta trúarkerfi undanþegið búnað til heimilishalds, það er að segja þann búnað sem nauðsynlegur er, svo og heimilið sjálft.

9. ***Spurning:*** *Hvað af þessu hefur forgang: Réttur Guðs, skuldir hins látna eða kostnaður við útför og greftrun?*

Svar: Útför og greftrun hafa forgang, síðan uppgjör skulda og loks greiðsla Réttar Guðs. Ef eignir hins látna hrökkva ekki fyrir skuldum skal skipta því sem eftir er af dánarbúinu milli þessara skulda í hlutfalli við upphæð þeirra.

10. ***Spurning:*** *Í Kitáb-i-Aqdas er bannað að raka höfuð en það er fyrirskipað í Súriy-i-Ḥajj.*

Svar: Öllum ber að hlýða Kitáb-i-Aqdas; allt sem þar er opinberað eru lög Guðs meðal þjóna Hans. Fyrirmælin til pílagríma til hússins helga um að raka höfuð sín hafa verið numin úr gildi.

11. ***Spurning:*** *Eigi kynferðissamband sér stað milli hjóna á ári þolinmæðinnar en síðan skiljist leiðir þeirra aftur hefst þá ár þolinmæðinnar að nýju eða má telja dagana fyrir kynferðissambandið með þegar árið er gert upp? Og þegar skilnaður er genginn í garð er nauðsynlegt að lengja biðtímann?*

Svar: Ef ástúð vaknar að nýju milli hjónanna á ári þolinmæðinnar er hjónabandið gilt og gæta verður þess sem mælt er fyrir um í bók Guðs. En sé ár þolinmæðinnar á enda og það sem Guð hefur ákveðið er gengið í garð er ekki þörf á frekari bið. Bann er lagt við kynferðislegu sambandi eiginmanns og eiginkonu á ári þolinmæðinnar og sá sem brýtur gegn þessu verður að leita fyrirgefningar Guðs og í refsingarskyni greiða Húsi réttvísinnar sekt sem nemur nítján mithqál gulls.

12. ***Spurning:*** *Vakni andúð milli hjónanna eftir að hjúskaparheitið hefur verið lesið upp og heiman-*

mundur greiddur má skilnaður eiga sér stað án þess að árs þolinmæðinnar sé gætt?

Svar: Lögmætt er að leita skilnaðar eftir lestur hjúskaparheitsins og greiðslu heimanmundar og áður en hjónabandið hefur verið fullnað. Undir slíkum kringumstæðum er engin þörf á að gæta árs þolinmæðinnar en ekki er leyfilegt að endurheimta heimanmundinn.

13. ***Spurning:*** *Er leyfi foreldra beggja hjónaefna forsenda hjónabands eða nægir leyfi foreldra annars þeirra? Eiga þessi lög aðeins við um hreinar meyjar eða aðra jafnt?*

Svar: Skilyrði fyrir hjónabandi er samþykki foreldra beggja hjónaefna og þá skiptir engu máli hvort brúðurin er hrein mey eða ekki.

14. ***Spurning:*** *Átrúendunum er fyrirskipað að snúa sér í bænaráttina Qiblih þegar þeir fara með skyldubæn sína. Í hvaða átt eiga þeir að snúa sér þegar þeir biðja aðrar bænir og í tilbeiðslu?*

Svar: Skylt er að snúa í bænarátt þegar farið er með skyldubæn en varðandi aðrar bænir og tilbeiðslu má fylgja því sem miskunnsamur Drottinn hefur opinberað í Kóraninum: „Hvert sem þér lítið, þar er ásýnd Guðs."

15. ***Spurning:*** *Um vegsömun Guðs í Mashriqu'l-Adhkár „strax í dögun."*

Svar: Þótt orðin „strax í dögun" standi í bók Guðs er hún Guði þóknanleg strax þegar birtir af degi, milli dögunar og sólarupprásar, eða jafnvel allt að tveimur klukkustundum eftir sólarupprás.

16. ***Spurning:*** *Gilda fyrirmælin um að lík hins látna skuli ekki flytja lengra en sem nemur einnar klukkustundar ferð bæði um flutning á sjó og landi?*

Svar: Þessi fyrirmæli eiga bæði við um fjarlægðir á sjó og landi hvort sem um er að ræða klukkustund með gufuskipi eða járnbraut. Því fyrr sem greftrun fer fram þeim mun betra og tilhlýðilegra.

17. ***Spurning:*** *Hvað skal gera þegar týndar eigur finnast?*

Svar: Ef þessar eigur finnast í borg eða bæ skal bæjarkallarinn kunngera það einu sinni. Ef eigandinn gefur sig fram á hann að fá þær afhentar. Annars verður sá sem finnur að bíða í eitt ár og ef eigandinn gefur sig fram á þeim tíma ætti hann að greiða finnanda kallaragjaldið og afhenda honum eign hans. Finnandinn getur aðeins eignað sér hið týnda líði ár án þess að eigandi gefi sig fram. Sé verðmæti eignarinnar minna eða jafn mikið og kallaragjaldið ætti sá sem finnur að bíða í einn dag og hafi eigandi ekki gefið sig fram á þeim tíma getur hann eignað sér hið fundna. Og ef eignin finnst á óbyggðu svæði skal hann bíða í þrjá daga. Hafi eigandi ekki gefið sig fram að þeim liðnum getur hann eignað sér hið fundna.

18. ***Spurning:*** *Hvað varðar laugun: hafi maður til dæmis þvegið allan líkama sinn þarf hann eftir sem áður að lauga hendur og andlit fyrir bæn?*

Svar: Boðsins varðandi laugun fyrir bæn verður í öllu falli að gæta.

19. ***Spurning:*** *Ætli maður að flytja frá landi sínu og kona hans sé því andvíg og ósamkomulaginu lykti með skilnaði, og taki undirbúningur hans undir ferðina eitt ár, má líta á þann tíma sem ár þolinmæðinnar eða á að líta á daginn þegar leiðir hjónanna skiljast sem upphaf þess árs?*

Svar: Upphaf ársins reiknast frá og með þeim degi þegar leiðir hjónanna skiljast. Hafi aðskilnaður orðið áður en eiginmaðurinn fór og ilmur ástúðar ekki endurnýjast þeirra á milli má skilnaður ganga í garð. Að öðrum kosti verður að reikna upphaf ársins frá brottfarardegi hans og gæta þeirra skilyrða sem sett eru í Kitáb-i-Aqdas.

20. ***Spurning:*** *Um fullþroskaaldur með tilliti til trúarskyldna.*

Svar: Fullþroskaaldur er 15 ár bæði fyrir karla og konur.

21. ***Spurning:*** *Um hin helgu orð: „Er þér ferðist og nemið staðar til að hvílast á öruggum stað, fallið fram . . . einu sinni í stað hverrar ósagðrar skyldubænar . . .“*

Svar: Þetta knéfall á að koma í staðinn fyrir skyldubæn sem sleppt er á ferðalagi og vegna ótryggra aðstæðna. Ef ferðamaðurinn er kominn á öruggan stað þegar bænastundin rennur upp ætti hann að fara með þessa bæn. Þessi ráðstöfun vegna knéfalls sem kemur í stað bænar gildir bæði heima við og á ferðalagi.

22. ***Spurning:*** *Um skilgreiningu á ferðalagi.**

Svar: Skilgreining á ferðalagi er níu klukkustundir. Stansi ferðamaðurinn þar sem hann býst við að vera ekki skemur en einn mánuð samkvæmt skilgreiningu Bayánsins ber honum að halda föstuna, en ef hann dvelur þar skemur en einn mánuð er hann undanþeginn föstu. Ef hann á föstutímanum kemur á stað þar sem hann dvelur í einn mánuð ætti hann samkvæmt Bayáninum ekki að fasta fyrr en þremur dögum síðar og síðan halda föstuna það sem eftir er tímans. En komi hann heim til sín þar sem hann áður hafði fasta búsetu skal hann halda föstuna frá fyrsta degi eftir heimkomuna.

23. ***Spurning:*** *Um refsingu hórsekra.*

Svar: Níu mithqál skal greiða fyrir fyrsta brot, átján fyrir næsta, þrjátíu og sex fyrir þriðja og svo framvegis. Sektin tvöfaldast frá fyrra broti. Eitt mithqál vegur nítján nakhud samkvæmt tilgreiningu Bayánsins.

24. ***Spurning:*** *Um veiðar.*

Svar: Hann segir, vegsamaður sé Hann: „Ef þér notið dýr eða ránfugla við veiðar“ og svo framvegis. Þetta á einnig við um aðrar aðferðir, svo sem boga og örvar, byssur og búnað sem notaður er við veiðar. En ef gildrur eða snörur eru notaðar og bráðin deyr áður en að henni er komið er óheimilt að neyta hennar.

---

* Þetta á við lágmarkslengd ferðar sem veitir ferðalangnum undanþágu frá föstu

25. ***Spurning:*** *Um pílagrímsförina.*

Svar: Skylt er að fara í pílagrímsför til annars af hinum tveimur helgu húsum, en pílagrímurinn ræður hvort þeirra hann velur.

26. ***Spurning:*** *Um heimanmundinn.*

Svar: Hvað heimanmund varðar er ætlunin að lægsta upphæð, nítján mithqál silfurs, sé látin nægja.

27. ***Spurning:*** *Um hin helgu orð: „En berist henni fregn þess efnis að eiginmaður hennar sé látinn," o.s.frv.*

Svar: Þegar vísað er til biðtíma í „ákveðinn fjölda mánaða" er átt við níu mánuði.

28. ***Spurning:*** *Spurt hefur verið aftur um hluta kennarans af arfinum.*

Svar: Hafi kennarinn látist rennur þriðjungur af hans hluta til Húss réttvísinnar og þeir tveir þriðjungar sem eftir standa renna til niðja hins látna, ekki niðja kennarans.

29. ***Spurning:*** *Aftur hefur verið spurt um pílagrímsför.*

Svar: Með pílagrímsför til hins helga húss sem mönnum er skylt að fara er átt við hið mesta hús í Bagdað og hús Frumpunktsins í Shíráz. Pílagrímsför til annars af þessum húsum nægir. Þeir geta því farið pílagrímsför til þess staðar sem næstur er bústað þeirra.

30. ***Spurning:*** *Um hin helgu orð: „sá sem vill ráða þjónustustúlku má gera það að gættu velsæmi."*

Svar: Þetta á aðeins við um þá launuðu þjónustu sem veitt er af öðrum stéttum þjónustu-

fólks, ungu og öldnu. Þessi þjónustustúlka getur valið sér eiginmann hvenær sem henni líst, því bannað er að kaupa konur og að eiga fleiri en tvær eiginkonur.

31. ***Spurning:*** *Um hin helgu orð: „Drottinn hefur . . . lagt bann við því ráði sem þér gripið til fyrr á tímum þegar þér þrívegis sögðuð skilið við konu.“*

Svar: Vísað er til laganna sem áður fyrr gerðu skylt að annar maður kvæntist slíkri konu áður en hún gæti gifst fyrri eiginmanni sínum aftur. Bann er lagt við þessari venju í Kitáb-i-Aqdas.

32. ***Spurning:*** *Um endurnýjun og varðveislu húsanna tveggja á tvenndarstöðunum og öðrum þeim stöðum þar sem hásætið hefur verið grundvallað.*

Svar: Með þessum tveimur húsum er átt við húsið mesta og hús Frumpunktsins. Hvað varðar aðra staði getur fólk þar valið á milli þess að varðveita sérhvert hús þar sem veldisstóllinn var reistur eða eitt þeirra.

33. ***Spurning:*** *Spurt er aftur um arfshlut kennarans.*

Svar: Sé kennarinn ekki meðal fylgjenda Bahá erfir hann ekki. Ef kennarar eru nokkrir ber að skipta hlutnum á milli þeirra. Ef kennari er látinn erfa niðjar hans ekki hlut hans heldur renna tveir þriðju til niðja arfleifanda en þriðjungurinn sem eftir stendur til Húss réttvísinnar.

34. ***Spurning:*** *Um bústaðinn sem eingöngu er ætlaður karlkyns afkomanda.*

Svar: Ef bústaðir eru nokkrir er átt við hinn besta og veigamesta en hinum skal skipt milli allra

erfingja á sama hátt og öðrum eignum. Sérhver erfingi utan trúar Guðs, hvaða erfingjahópi sem hann tilheyrir, telst ekki með og erfir ekki.

35. ***Spurning:*** *Um Naw-Rúz.*

Svar: Naw-Rúz hátíðina ber upp á daginn þegar sólin gengur inn í hrútsmerkið*, jafnvel þótt það gerist aðeins einni mínútu fyrir sólsetur.

36. ***Spurning:*** *Ef annaðhvort tvenndarafmælið eða yfirlýsingu Bábsins ber upp á föstuna hvað skal þá gera?*

Svar: Ef hátíðir sem eru haldnar í tilefni tvenndarafmælisins eða yfirlýsingar Bábsins ber upp á föstutíma gildir föstuboðið ekki þann dag.

37. ***Spurning:*** *Í hinum helgu fyrirmælum varðandi arf hafa bústaður og persónulegur fatnaður hins látna verið látnir renna til karlkyns afkomanda. Á þetta ákvæði aðeins við um eigur föður eða á það einnig við um eigur móður?*

Svar: Notuðum fatnaði móðurinnar á að skipta jafnt meðal dætranna en það sem eftir stendur af dánarbúi hennar, þar á meðal eigum, skartgripum og ónotuðum fatnaði, á að skipta milli allra erfingja hennar samkvæmt þeim reglum sem opinberaðar eru í Kitáb-i-Aqdas. En hafi hún ekki látið eftir sig dætur verður að skipta öllu dánarbúi hennar með þeim hætti sem tilgreindur er fyrir karlmenn í hinum helga texta.

38. ***Spurning:*** *Hvað varðar skilnað sem fer fram að*

---

* Vorjafndægur á norðurskauti jarðar

liðnu ári þolinmæðinnar: ef aðeins annar makinn er hlynntur sáttum hvað ber þá að gera?

Svar: Samkvæmt boðinu sem er opinberað í Kitáb-i-Aqdas verða báðir makar að vera sáttir, sameining getur ekki átt sér stað nema báðir séu henni samþykkir.

39. ***Spurning:*** *Hvað varðar heimanmund, hvað gerist ef brúðgumi getur ekki greitt þessa upphæð að fullu en afhendir brúði sinni í staðinn formlegt fyrirheit um greiðslu þegar brúkaupið fer fram með þeim skilningi að hann muni efna það þegar honum er það kleift?*

Svar: Uppspretta valds hefur gefið leyfi til að taka upp þennan hátt.

40. ***Spurning:*** *Ef ilmur ástúðar endurnýjast á ári þolinmæðinnar en síðan vakni aftur andúð og hjónin tvístígi milli ástar og óbeitar allt árið, en árinu ljúki í andúð getur skilnaður farið fram?*

Svar: Í hvert skipti sem andúð vaknar hefst ár þolinmæðinnar að nýju þann dag og árið verður að renna sitt fulla skeið.

41. ***Spurning:*** *Bústaður og persónulegur fatnaður hins látna eru ætlaðir karlkyns afkomendum, ekki kvenkyns né öðrum erfingjum. Hvað ber að gera ef hinn látni lætur ekki eftir sig neina karlkyns niðja?*

Svar: Hann segir, vegsamaður sé Hann: „Eigi hinn látni ekki niðja, skal hlutur þeirra renna til Húss réttvísinnar . . .“ Samkvæmt þessu helga orði renna bústaður og persónulegur fatnaður hins látna til Húss réttvísinnar.

42. ***Spurning:*** *Fyrirmælin um Rétt Guðs eru opinberuð í Kitáb-i-Aqdas. Er bústaðurinn með tilheyrandi naglföstu fylgifé og nauðsynlegum húsgögnum innifalinn í þeirri eign, sem Rétturinn skal greiddur af eða er þessu öðruvísi háttað?*

Svar: Í lögunum sem opinberuð eru á persnesku höfum Vér ákvarðað að í þessu æðsta trúarkerfi sé bústaður undanþeginn ásamt búnaði til heimilishalds—það er að segja þeim búnaði sem er nauðsynlegur.

43. ***Spurning:*** *Um heitbindingu stúlku áður en hún verður fullþroska.*

Svar: Uppspretta valds hefur lýst þessa venju ólögmæta og það er andstætt lögum að tilkynna um hjúpskap fyrr en níutíu og fimm dögum fyrir brúðkaupið.

44. ***Spurning:*** *Eigi maður til að mynda hundrað túmana, greiði Réttinn af þessari upphæð, tapi hálfri þeirri upphæð í misheppnuðum viðskiptum, en takist síðan að auka aftur handbært fé með verslun eða viðskiptum að því marki að Rétturinn verði gjaldkræfur—ber honum að greiða Rétt Guðs?*

Svar: Í þessu tilviki kemur ekki til greiðslu Réttarins.

45. ***Spurning:*** *Hafi Rétturinn verið greiddur af þessari upphæð upp á hundrað túmana, síðan tapist öll upphæðin en sama upphæð komi síðan inn í frekari viðskiptum, á þá að greiða Réttinn öðru sinni?*

Svar: Ekki þarf heldur að greiða Réttinn í þessu tilviki.

46. ***Spurning:*** *Hvað varðar hin helgu orð „Guð hefur boðið yður að ganga í hjónaband“, er þetta skylda eða ekki?*

Svar: Þetta er ekki skylda.

47. ***Spurning:*** *Hafi maður gifst ákveðinni konu í þeirri trú að hún væri hrein mey og greitt henni heimanmundinn, en í ljós komi við fullnun hjúskapar að hún sé ekki hrein mey, ber þá að endurgreiða kostnað og heimanmund eða ekki? Og hafi meydómur verið gerður að skilyrði fyrir hjónabandi ógildir óuppfyllta skilyrðið forsendu þess?*

Svar: Í þessu tilviki má endurgreiða kostnaðinn og heimanmundinn. Óuppfyllta skilyrðið ógildir forsenduna. En að leyna málinu og fyrirgefa það verðskuldar ríkulegt endurgjald fyrir augliti Guðs.

48. ***Spurning:*** *„Yður er gert að bjóða til hátíðar . . .“ Er þetta skylda eða ekki?*

Svar: Þetta er ekki skylda.

49. ***Spurning:*** *Um refsingar fyrir hórdóm, kynhvörf og þjófnað, og stig þeirra.*

Svar: Ákvörðun um stig þessara refsinga heyrir undir Hús réttvísinnar.

50. ***Spurning:*** *Um lögmæti eða ólögmæti þess að kvænast ættingjum sínum.*

Svar: Þessi mál heyra einnig undir trúnaðarmenn Húss réttvísinnar.

51. ***Spurning:*** *Hvað varðar laugun hefur eftirfarandi verið opinberað: Sá sem ekki finnur vatn til að lauga*

hendur og andlit á undan bæn endurtaki fimm sinnum þessi orð: „Í nafni Guðs, hins skírasta, hins skírasta . . .“. Er leyfilegt að fara með þessi helgu orð ef mjög kalt er í veðri eða ef sár eru á höndum eða andliti?

Svar: Heitt vatn má nota þegar mjög kalt er í veðri. Ef sár eru á höndum eða andliti eða aðrar ástæður svo sem verkir eða sársauki sem myndu aukast með notkun vatns má fara með hin tilteknu helgu orð í stað laugunar.

52. ***Spurning:*** *Er skylt að fara með helgu orðin sem opinberuð eru í stað bænar táknanna?*

Svar: Það er ekki skylt.

53. ***Spurning:*** *Hvað varðar arf þegar í hlut eiga albræður og alsystur, myndu hálfbræður og hálfsystur í móðurætt einnig fá hlut?*

Svar: Þau fá ekki neinn hlut.

54. ***Spurning:*** *Hann segir, vegsamaður sé Hann: „Hafi sonur hins látna dáið meðan faðirinn var á lífi og láti eftir sig börn, erfa þau hlut föður síns . . .“ Hvað á að gera hafi dóttirin dáið meðan faðirinn var á lífi?*

Svar: Hennar arfshluta skal skipta á milli erfingjahópanna sjö í samræmi við fyrirmæli bókarinnar.

55. ***Spurning:*** *Ef hinn látni er kona hver er þá arfshlutur „eiginkonunnar“?*

Svar: Hlutur „eiginkonunnar“ gengur þá til eiginmannsins.

56. ***Spurning:*** *Hvað varðar líkklæði fyrir hinn látna sem samkvæmt ákvörðun eru fimm voðir: er með þeim átt við fimm voðir sem hingað til hafa verið notaðar samkvæmt venju eða er átt við fimm líkklæði í fullri lengd sem vafin eru hvert um annað?*

Svar: Átt er við fimm voðir.

57. ***Spurning:*** *Um mun á vissum opinberuðum helgiorðum.*

Svar: Margar töflur voru opinberaðar og sendar í sínu upphaflegu formi án þess að þær væru kannaðar og endurskoðaðar. Þar af leiðandi voru þær lesnar upp í Hinni helgu návist, eins og beðið var um, og samræmdar málfræðivenjum fólksins til þess að fyrirbyggja aðfinnslur andstæðinga málstaðarins. Fyrir þessu var einnig sú ástæða að litið var svo á að nýja orðfærið sem Fyrirrennarinn innleiddi, megi sálum allra annarra en Hans verða fórnað sakir Hans, færi mjög frjálslega með málfræðireglur. Heilagt orð var því opinberað með orðfæri sem að mestu leyti samræmist ríkjandi venjum til að auðvelda skilning og návæmni í tjáningu.

58. ***Spurning:*** *Um hin blessuðu orð: „Er þér ferðist og nemið staðar til að hvílast á öruggum stað, fallið fram . . . einu sinni í stað hverrar ósagðrar skyldubænar“—eiga þau að koma í stað skyldubænar sem ekki var beðin vegna ótryggra aðstæðna, eða skal alfarið hætt að fara með skyldubæn meðan á ferðalagi stendur og kemur þá knéfall í hennar stað?*

Svar: Ef aðstæður eru mjög ótryggar þegar fara á með skyldubænina ætti maðurinn, þegar hann kemur á tryggan stað, að falla fram í stað sérhverrar ósagðrar skyldubænar og eftir síðasta knéfallið skal hann að sitja með krosslagða fætur og lesa hin tilgreindu heilögu orð. Sé staðurinn tryggur á ekki að fresta skyldubæn meðan á ferðalagi stendur.

59. ***Spurning:*** *Hafi ferðamaður numið staðar og hvílst og tími er kominn fyrir skyldubæn, á hann að fara með bænina eða falla fram í hennar stað?*

Svar: Ekki er leyfilegt að sleppa skyldubæn nema kringumstæður séu ótryggar.

60. ***Spurning:*** *Ef falla þarf fram nokkrum sinnum vegna ósagðra skyldubæna þarf þá að endurtaka hin helgu orð að loknu hverju knéfalli?*

Svar: Það nægir að fara með tilgreind helg orð eftir síðasta knéfall. Ef fallið er fram nokkrum sinnum þarf ekki að endurtaka helgu orðin í hvert sinn.

61. ***Spurning:*** *Ef skyldubæn er ekki sögð heima við á knéfall þá koma í hennar stað eða ekki?*

Svar: Í svari við fyrri spurningum var ritað: „Þessi fyrirmæli varðandi knéfall sem kemur í staðinn gilda bæði heima við og á ferðalagi.“

62. ***Spurning:*** *Ef laugun hefur farið fram af öðrum ástæðum og tími er kominn fyrir skyldubæn nægir þá þessi laugun eða þarf að endurnýja hana?*

Svar: Þessi sama laugun nægir og ekki þarf að endurnýja hana.

63. ***Spurning:*** *Í Kitáb-i-Aqdas eru fyrirmæli um skyldubæn sem samanstendur af níu rak'ah og fara á með á hádegi, á morgnana og kvöldin, en frá þessu virðist vikið í töflu skyldubænanna.**

Svar: Það sem opinberað er í Kitáb-i-Aqdas á við um aðra skyldubæn. Fyrir nokkrum árum voru allmörg fyrirmæli Kitáb-i-Aqdas, þar á meðal sú skyldubæn, skráð sér og send burt með öðrum helgum ritum til verndar og varðveislu. Síðar voru þessar þrjár skyldubænir opinberaðar.

64. ***Spurning:*** *Er leyfilegt að nota klukkur og úr við tímaákvörðun?*

Svar: Leyft er að nota klukkur og úr.

65. ***Spurning:*** *Í töflu skyldubænanna eru þrjár bænir opinberaðar, þarf að fara með allar þrjár?*

Svar: Mælt er svo fyrir að fara skuli með eina af þessum bænum—hver sú sem farið er með nægir.

66. ***Spurning:*** *Gildir laugun fyrir morgunbæn einnig þegar farið er með hádegisbænina? Og gildir laugun sem framkvæmd er á hádegi einnig um kvöldið?*

Svar: Laugun tengist þeirri skyldubæn sem farið er með og hana þarf að endurnýja fyrir hverja bæn.

67. ***Spurning:*** *Hvað varðar löngu skyldubænina þá ber biðjanda að standa og „snúa sér til Guðs" Þetta virðist benda til að ekki sé nauðsynlegt að horfa í bænarátt. Er það svo?*

Svar: Átt er við bænaráttina.

---

* Taflan sem inniheldur skyldubænirnar þrjár sem nú eru í notkun

68. ***Spurning:*** *Um hin helgu orð: „Lesið orð Guðs á hverjum morgni og hverju kvöldi.“*

Svar: Átt er við allt sem sent hefur verið niður frá himni guðlegs máls. Frumforsendan er ást og innileg löngun helgaðra sálna til að lesa orð Guðs. Að lesa eina helgigrein, eða jafnvel eitt orð, í anda gleði og geislunar er betra en lestur margra bóka.

69. ***Spurning:*** *Getur maður hagað málum þannig í erfðaskrá sinni, að vissum eignum sé varið til góðgerðastarfsemi að Réttinum og öðrum skyldukvöðum undanteknum, eða hefur hann ekki rétt til neins nema þess sem þarf til að greiða útfararkostnað og er þá allt annað ætlað erfingjunum samkvæmt boði Guðs?*

Svar: Manninum er frjálst að ráðstafa eignum sínum að vild. Hafi hann greitt Réttinn og sé skuldlaus, er allt sem hann ritar, staðfestir og lýsir yfir í erfðaskrá sinni ásættanlegt. Guð hefur leyft honum að gera hvað sem honum þóknast við það sem Guð hefur gefið honum.

70. ***Spurning:*** *Er greftrunarhringurinn eingöngu ætlaður fullorðnum eða er hann einnig ætlaður þeim sem eru undir lögaldri?*

Svar: Hann er eingöngu fyrir fullorðna. Bæn fyrir hina látnu er einnig fyrir fullorðna.

71. ***Spurning:*** *Vilji einhver fasta í öðrum mánuði en ‘Alá’ er það leyfilegt, og hafi hann heitið sjálfum sér að halda slíka föstu er það gilt og ásættanlegt?*

Svar: Fyrirmæli um föstuna hafa þegar verið opinberuð. En heiti einhver sjálfum sér að fasta

sakir Guðs og leitist þannig við að uppfylla ósk eða ná einhverju öðru markmiði er það leyfilegt nú sem fyrr. Engu að síður er það ósk Guðs, upphafin sé dýrð Hans, að loforð og heitstrengingar beinist að markmiðum sem koma mannkyni að gagni.

72. ***Spurning:*** *Spurningu hefur aftur verið varpað fram um bústað og persónulegan fatnað. Ef enginn karlkyns niðji er fyrir hendi á þetta þá að renna til Húss réttvísinnar eða á að skipta því eins og afganginum af dánarbúinu?*

Svar: Tveir þriðju hlutar bústaðar og persónulegs fatnaðar ganga til kvenkyns niðja og þriðjungur til Húss réttvísinnar sem Guð hefur gert að fjárhirslu fólksins.

73. ***Spurning:*** *Neiti eiginmaður að leyfa skilnað að ári þolinmæðinnar liðnu hvað á eiginkonan þá að taka til bragðs?*

Svar: Þegar tímabilinu lýkur er skilnaður genginn í garð. Hinsvegar er nauðsynlegt að vitni séu að upphafi og endi þessa tímabils svo hægt sé að kalla þau til vitnisburðar ef þörf krefur.

74. ***Spurning:*** *Um skilgreiningu á efri aldursárum.*

Svar: Arabar litu á þau sem hinstu aldursárin en fyrir fylgjendur Bahá hefjast þau við sjötugt.

75. ***Spurning:*** *Um takmörk á föstu fyrir þann sem ferðast fótgangandi.*

Svar: Mörkin eru tvær klukkustundir. Ef ferðast er lengur er leyfilegt að brjóta föstuna.

76. ***Spurning:*** *Um föstu þeirra sem stunda erfiðisvinnu í föstumánuðinum.*

Svar: Þeir eru undanþegnir föstu en til að sýna lögum Guðs og upphafinni stöðu föstunnar virðingu er mjög lofsvert og viðeigandi að matast hófsamlega og í einrúmi.

77. ***Spurning:*** *Nægir laugun fyrir skyldubæn fyrir ákall Hins mesta nafns níutíu og fimm sinnum?*

Svar: Ekki er nauðsynlegt að laugast á ný.

78. ***Spurning:*** *Hvað varðar fatnað og skartgripi sem eiginmaður kann að hafa keypt fyrir konu sína: á að skipta þeim meðal erfingjanna eftir andlát hans eða eru þeir sérstaklega ætlaðir konunni?*

Svar: Að undanteknum notuðum fatnaði, hvað sem kann að vera til af honum, skartgripum og öðru, allt er þetta eign eiginmannsins nema það sem sannanlega eru gjafir til konunnar.

79. ***Spurning:*** *Hvað varðar mælikvarða á réttlæti þegar færðar eru sönnur á eitthvert mál með vitnisburði tveggja réttlátra vitna.*

Svar: Mælikvarði réttlætis er að hafa getið sér góðan orðstír meðal manna. Vitnisburður allra þjóna Guðs, hver sem trú þeirra er eða sannfæring í trúarefnum, er þóknanlegur fyrir hásæti Hans.

80. ***Spurning:*** *Hafi hinn látni ekki greitt Rétt Guðs eða skuldir sínar skal þá greiða þær hlutfallslega af heimili hans, persónulegum fatnaði og öðrum eignum dánarbúsins eða er heimili og persónulegur fatnaður frátekinn fyrir karlkyns niðja og skal þá*

greiða skuldirnar af þeim eignum sem eftir eru? Ef þær eignir nægja ekki, hvað á þá að gera við skuldirnar?

Svar: Greiða skal skuldirnar og Rétt Guðs af þeim eignum sem eftir eru; ef þær eignir nægja ekki, skal bústaður og persónulegur fatnaður ganga upp í skuldir.

81. ***Spurning:*** *Á að fara með þriðju skyldubænina standandi eða sitjandi?*

Svar: Það er æskilegra og betur við hæfi að standa í auðmjúkri lotningu.

82. ***Spurning:*** *Hvað varðar fyrstu skyldubænina er mælt svo fyrir að „fara eigi með hana á hverjum þeim tíma þegar maður finnur til auðmýktar og lotningarfullrar ástar“: á að fara með hana einu sinni á tuttugu og fjögurra stunda fresti eða oftar?*

Svar: Einu sinni á tuttugu og fjögurra stunda fresti nægir. Þetta er það sem Tunga guðlegra boða hefur talað.

83. ***Spurning:*** *Um skilgreiningu á „morgni“, „hádegi“ og „kvöldi“.*

Svar: Þetta eru sólarupprisa, hádegi og sólsetur. Leyfilegir tímar fyrir skyldubænir eru frá morgni til hádegis, frá hádegi til sólseturs og frá sólsetri þar til tveimur tímum eftir sólsetur. Vald er í höndum Guðs, Hans sem ber nöfnin tvö.

84. ***Spurning:*** *Leyfist átrúanda að ganga í hjúskap með þeim sem ekki er átrúandi?*

Svar: Í hjónabandi er hvort tveggja leyfilegt, að taka og gefa. Þessi var ákvörðun Guðs þegar Hann settist í hásæti gjafmildi og náðar.

85. ***Spurning:*** *Hvað varðar bæn fyrir látnum—á að fara með hana fyrir eða eftir jarðarför? Og þarf að snúa í bænarátt?*

Svar: Fara skal með þessa bæn fyrir greftrun; og hvað varðar bænaráttina: „Hvert sem þér snúið yður þar er ásýnd Guðs.“*

86. ***Spurning:*** *Á hádegi sem er tími tveggja skyldubæna—stuttu hádegisbænarinnar og bænar sem fara skal með að morgni, á hádegi og að kvöldi—er nauðsynlegt í þessu tilfelli að laugast tvisvar eða nægir ein laugun?*

Svar: Ekki er nauðsynlegt að laugast aftur.

87. ***Spurning:*** *Hvað varðar heimanmund fyrir landsbyggðarmann sem vera skal úr silfri: er átt við brúði eða brúðguma eða þau bæði? Og hvað skal gera ef annar makinn er borgarbúi og hinn landsbyggðarmaður?*

Svar: Heimanmundur miðast við bústað brúðguma; ef hann er borgarbúi er heimanmundur úr gulli og ef hann er landsbyggðarmaður er hann úr silfri.

88. ***Spurning:*** *Hvernig skal gengið úr skugga um hvort um borgarbúa eða landsbyggðarmann er að ræða? Ef borgarbúi fær sér varanlega búsetu í þorpi eða landsbyggðarmaður í borg, hvaða reglu skal beitt? Á fæðingarstaður að skera úr um þetta?*

---

* Kóraninn 2:115

Svar: Mælikvarðinn er föst búseta og gæta skal fyrirmæla bókarinnar samkvæmt því.

89. ***Spurning:*** *Opinberað er í töflunum helgu að eignist einhver jafnvirði nítján mithqál gulls eigi hann að greiða Rétt Guðs af þeirri upphæð. Mætti útskýra hve mikið af þessum nítján skal greiða?*

Svar: Nítján af hundraði eru fastráðin samkvæmt boði Guðs. Reiknað skal á þeim grundvelli. Þá má ganga úr skugga um hvaða upphæð skal greiða af nítján.

90. ***Spurning:*** *Nemi eignir meira en nítján mithqál þurfa þær þá að ná jafnvirði nítján í viðbót áður en Rétturinn gjaldfellur aftur eða gjaldfellur Rétturinn af allri viðbótarupphæð?*

Svar: Réttur Guðs gjaldfellur ekki af neinni viðbótarupphæð nema sú upphæð nái nítján mithqál.

91. ***Spurning:*** *Um vatn og hvenær það geti talist notað.*

Svar: Lítið eitt af vatni, svo sem bikarfylli eða jafnvel tvær eða þrjár, telst notað eftir að hendur og andlit hafa verið lauguð einu sinni. En kurr* eða meira af vatni tekur ekki breytingum eftir að andlit hefur verið laugað einu sinni eða tvisvar og ekkert mælir gegn notkun þess nema breyting hafi orðið á einum af þremur eiginleikum† þess. Hafi liturinn til dæmis breyst ber að líta á það sem notað.

---

* Hér er átt við um það bil hálfan rúmmeter vatns

† Litur, bragð og lykt

92. ***Spurning:*** *Í ritgerð á persnesku um ýmsar spurningar er fullþroskaaldur miðaður við fimmtán ár—er fullþroskaaldur einnig skilyrði fyrir hjúskap eða er hann leyfilegur fyrir þann tíma?*

Svar: Þar sem samþykkis beggja aðila er krafist í bók Guðs, og þar sem ekki er hægt að ganga úr skugga um samþykki þeirra, eða vöntun á því, fyrir fullþroska, er hjúskapur háður fullþroskaaldri og er ekki leyfilegur fyrir þann tíma.

93. ***Spurning:*** *Um föstu og skyldubæn þegar sjúklingar eiga í hlut.*

Svar: Sannlega segi Ég, skyldubæn og fasta gegna upphafinni stöðu fyrir augliti Guðs. Kostir þeirra koma samt í ljós þegar maðurinn er við fulla heilsu. Á tímum heilsuleysis er ekki leyfilegt að gæta þessara skyldna—þetta eru boð Drottins, vegsömuð sé dýrð Hans ævinlega. Sæl eru þau karlar og konur sem gefa gaum að boðum Hans og gæta þeirra. Allt lof sé Guði, Honum sem sent hefur niður heilagt orð sitt og er opinberandi skýlausra sannana!

94. ***Spurning:*** *Um moskur, kapellur og musteri.*

Svar: Hvaðeina sem reist hefur verið til tilbeiðslu hins eina sanna Guðs, svo sem moskur, kapellur og musteri, má ekki nota til neins annars en að minnast nafns Hans. Þetta er boð Guðs og sá sem gengur gegn því telst vissulega til hinna brotlegu. Ekkert tjón er búið smiðnum því hann hefur unnið verk sitt sakir Guðs og hefur fengið, og fær áfram, sína réttlátu umbun.

95. ***Spurning:*** *Gjaldfellur Réttur Guðs á þau atvinnutæki sem eru nauðsynleg til að halda uppi starfsemi eða er farið með þau eins og húsbúnað?*

Svar: Um þau gilda sömu reglur og húsbúnað.

96. ***Spurning:*** *Um eign sem er í trúnaðarvörslu og tekin er í skiptum fyrir reiðufé eða önnur eignaform til að verjast verðrýrnun eða tapi.*

Svar: Hvað varðar skriflega spurningu um skipti á eignum sem fjárhaldsmaður varðveitir til að verjast verðrýrnun eða tapi, slík skipti eru leyfileg að því tilskildu að það sem kemur í staðinn sé jafn verðmætt. Drottinn þinn er vissulega skýrandinn, hinn alvitri, og Hann er sannlega fyrirskipandinn, hinn aldni.

97. ***Spurning:*** *Um fótaþvott á veturna og sumrin.*

Svar: Sama gildir í báðum tilfellum. Betra er að nota hlýtt vatn en ekkert mælir gegn því að nota kalt.

98. ***Spurning:*** *Nánari spurning um skilnað.*

Svar: Þar sem Guð, vegsömuð sé dýrð Hans, er ekki hlynntur skilnaði var ekkert opinberað um þetta mál. En frá því aðskilnaður hefst til loka eins árs skulu tveir aðilar eða fleiri hafa upplýsingar um gang mála sem vitni. Ef sættir takast ekki á þeim tíma gengur skilnaður í garð. Þetta á trúarlegur dómfulltrúi borgarinnar, skipaður af trúnaðarmönnum Húss réttvísinnar, að færa í gerðabók. Þessi regla er höfuðnauðsyn svo þeim sem hafa skilningsrík hjörtu sé ekki valdið hryggð.

99. ***Spurning:*** *Um samráð.*

Svar: Ljúki samráði fyrsta hópsins sem kemur saman á fundi með ósamkomulagi skal fjölga í hópnum og að því búnu skal velja fólk að tölu Hins mesta nafns, eða fleiri eða færri, með hlutkesti. Samráð skal síðan hefja að nýju og niðurstöðunni, hver sem hún verður, skal una. Náist ekki samkomulag skal sama aðferð endurtekin og ákvörðun meirihlutans ræður. Hann leiðir vissulega hvern sem Honum þóknast á hinn rétta veg.

100. ***Spurning:*** *Um arf.*

Svar: Hvað viðkemur arfi er það sem Frumpunkturinn ákvað—megi sálum allra annarra vera fórnað sakir Hans—vel þóknanlegt. Þeir sem erfa ættu að fá sinn hlut af arfinum en greinargerð um það sem eftir stendur skal senda til hirðar Hins hæsta. Í Hans höndum er uppspretta valds, Hann mælir fyrir um það sem Honum þóknast. Hvað þetta varðar voru lög opinberuð í landi leyndardómsins* sem gaf þeim erfingjum sem eru fyrir hendi tímabundið tilkall til arfs sem ganga átti til erfingja sem ekki finnast. Þetta ákvæði gildir fram til þess tíma er Hús réttvísinnar verður sett á stofn og ákvörðun varðandi það verður kunngerð. En arfur þeirra sem fluttu úr landi á sama ári og Hin aldna fegurð hefur verið veittur þeirra erfingjum og þetta er hylli sem Guð hefur sýnt þeim.

101. ***Spurning:*** *Um lögin um fundinn fjársjóð.*

Svar: Finnist fjársjóður á finnandinn rétt á þriðjungi hans og tvo þriðju sem eftir standa skal

---

* Adríanópel

fela vörslu mannanna í Húsi réttvísinnar sem verja þeim til velferðar alls fólksins. Þetta skal gera þegar Hús réttvísinnar hefur verið stofnað og fram til þess tíma skal fela þá vörslu traustverðugra einstaklinga á hverju svæði og héraði. Hann er í sannleika stjórnandinn, sá sem ákvarðar, hinn alvitri, sá sem upplýstur er um allt.

102. ***Spurning:*** *Um Rétt Guðs af fasteign sem ekki skilar arði.*

Svar: Fyrirmæli Guðs eru þau að fasteign sem hættir að skila tekjum, það er að segja ber ekki arð, er ekki skylt að greiða Rétt Guðs. Hann er vissulega stjórnandinn, hinn gjafmildi.

103. ***Spurning:*** *Um hin helgu orð: „Á svæðum þar sem dagar og nætur tekur að lengja skal ákvarða bænatíma með klukkum . . .“*

Svar: Þar er átt við fjarlæg svæði. En hér um slóðir nemur lengdarmunurinn aðeins fáeinum klukkustundum og því á þessi regla ekki við.

104. Í töflu til Abá Badí‘ voru þessi helgu orð opinberuð: „Vissulega höfum Vér gert sérhverjum syni skylt að þjóna föður sínum.“ Þetta er ákvörðunin sem Vér höfum sett fram í bókinni.

105. *Og í annarri töflu voru þessi upphöfnu orð opinberuð:* Ó Múhameð! Hinn aldni hefur beint til Þín augliti sínu, minnst á Þig og hvatt lýð Guðs til að mennta börn sín. Ef faðir vanrækir þetta þungvægasta boð sem penni Hins eilífa konungs hefur sett í Kitáb-i-Aqdas, fyrirgerir hann föðurrétti sínum og telst

til þeirra sem sekir eru frammi fyrir Guði. Heill sé honum sem varðveitir í hjarta sínu áminningar Drottins og heldur um þær föstu taki. Guð hvetur í sannleika þjóna sína til þess sem gagnast þeim og gerir þeim kleift að nálgast Hann. Hann er yfirbjóðandinn, hinn eilífi.

106. Hann er Guð, upphafinn sé Hann, Drottinn tignar og valds! Spámennirnir og hinir útvöldu hafa allir fengið umboð hins eina sanna Guðs, mikluð sé dýrð Hans, til að næra tré mannlegrar tilveru með lifandi vatni heiðarleika og skilnings svo að frá þeim megi koma það sem Guð hefur lagt til varðveislu í innsta sjálfi þeirra. Sérhvert tré ber ákveðinn ávöxt eins og glöggt má sjá og ávaxtalaust tré er eldsmatur. Tilgangurinn með öllu sem þessir Fræðarar sögðu og kenndu var að varðveita upphafna stöðu mannsins. Heill sé þeim sem á þessum degi Guðs hefur tekið föstu taki um fyrirmæli Hans og ekki vikið frá sönnu grundvallarlögmáli Hans. Ávextirnir sem best sæma meiði mannlífsins eru heiðarleiki og guðrækni, sannleiksást og einlægni, en ofar öllu þessu, eftir viðurkenningu á einingu Guðs, lofaður og vegsamaður sé Hann, er virðing fyrir réttindum foreldranna. Þessi kenning er nefnd í öllum bókum Guðs og ítrekuð af Hinum upphafnasta penna. Íhugið það sem miskunnsamur Drottinn hefur opinberað í Kóraninum, upphafin séu orð Hans: „Tilbiðjið Guð, eignið Honum engan jafningja eða líkingu, og sýnið gæsku og kærleika foreldrum yðar . . .“ Sjáið hvernig ástúð í garð foreldra hefur verið tengd viðurkenningu á hinum eina sanna Guði! Sælir eru þeir sem gæddir eru sannri visku

og skilningi, sem sjá og skynja, sem lesa og skilja, og sem gæta þess sem Guð hefur opinberað í helgum bókum fyrri tíma og í þessari óviðjafnanlegu og undursamlegu töflu.

107. *Í einni töflunni hefur Hann, upphafin séu orð Hans, opinberað:* Og hvað varðar Zakát höfum Vér einnig ákvarðað að þér skulið fylgja því sem opinberað var í Kóraninum.

Skráning og yfirlit laga og fyrirmæla Kitáb-i-Aqdas

Innihaldsyfirlit

I. Skipun ‘Abdu’l-Bahá sem eftirmanns Bahá’u’lláh og túlkanda kenninga Hans

A. Snúið yður til hans

B. Vísið til hans málum

II. Gert ráð fyrir Verndarstofnuninni

III. Stofnun Húss réttvísinnar

IV. Lög, fyrirmæli og hvatningar

A. Bæn

B. Fasta

C. Lög sem varða persónulega stöðu

D. Ýmis lög, fyrirmæli og hvatningar

V. Sérstakar áminningar, umvandanir og viðvaranir

VI. Ýmis málefni

Skráning og yfirlit

I. Skipun ‘Abdu’l-Bahá sem arftaka Bahá’u’lláh og túlkanda kenninga Hans

A. Hinum trúföstu er boðið að beina augliti sínu að honum *„sem Guð hefur áformað og runninn er af þessari fornu rót“*.

B. Hinum trúföstu er boðið að bera allt sem þeir ekki skilja í bahá’í ritunum undir *„hann sem runninn er af þessari máttugu rót.“*

II. Gert ráð fyrir Verndarstofnuninni

III. Stofnun Húss réttvísinnar

A. Hús réttvísinnar formlega stofnað.

B. Starfsvið þess skilgreind.

C. Tekjustofnar þess ákveðnir.

IV. Lög, fyrirmæli og hvatningar

A. Bæn

1. Upphafin staða skyldubæna í bahá’í opinberuninni.

2. Qiblih – bænaráttin:
   a. Bábinn mælti svo fyrir að bænaráttin væri *„Hann sem Guð mun birta.“*
   b. Bahá'u'lláh staðfestir fyrirmæli Bábsins.
   c. Bahá'u'lláh mælir svo fyrir að legstaður Hans verði bænaráttin að Honum látnum.
   d. Snúa skal í bænarátt þegar farið er með skyldubæn.
3. Lögin um skyldubænir eru bindandi fyrir karla og konur sem náð hafa fullþroskaaldri sem er fimmtán ára aldur.
4. Undanþága frá skyldubænum er veitt:
   a. Þeim sem ekki eru heilir heilsu.
   b. Þeim sem komnir eru yfir sjötugt.
   c. Konum sem hafa á klæðum að því gefnu að þær laugi hendur og andlit og fari 95 sinnum á dag með sérstaklega opinberuð helgiorð.
5. Fara skal með skyldubæn einslega.
6. Heimilt er að velja eina af þremur skyldubænum.
7. Með „morgni“, „hádegi“ og „kvöldi“ í tengslum við skyldubænir er í þessari röð átt við tímann milli sólaruppprásar og hádegis, frá hádegi til sólseturs og frá sólsetri að liðnum tveimur tímum eftir sólsetur.
8. Fyrstu skyldubænina (hina löngu) nægir að fara með einu sinni á sólahring.
9. Æskilegt er að standa meðan farið er með þriðju skyldubænina (hina stuttu).

10. Laugun:
    a. Lauga skal andlit og hendur áður en farið er með skyldubænir.
    b. Lauga skal andlit og hendur á ný fyrir hverja skyldubæn.
    c. Ef farið er með tvær skyldubænir á hádegi nægir ein laugun fyrir báðar bænir.
    d. Sé vatn ekki tiltækt eða notkun þess skaðleg höndum eða andliti skal farið með sérstaklega opinberuð helgiorð fimm sinnum.
    e. Sé of kalt í veðri er mælt með því að notað sé hlýtt vatn.
    f. Hafi laugun farið fram af öðrum ástæðum er ekki nauðsynlegt að endurtaka hana áður en farið er með skyldubænir.
    g. Laugun er nauðsynleg þótt áður hafi verið farið í bað.
11. Tímaákvörðun vegna skyldubænar:
    a. Treysta má á klukkur við tímaákvörðun vegna skyldubænar.
    b. Í mjög norðlægum eða suðlægum löndum þar sem daga og nætur tekur að lengja skal treysta á klukkur og tímamæla án viðmiðunar við sólsetur eða sólarupprás.
12. Þegar hætta steðjar að, hvort sem er á ferðalagi eða við önnur tækifæri, er kveðið á um knéfall og lestur sérstakra helgiorða fyrir hverja skyldubæn sem ekki var beðin og síðan skulu önnur tiltekin helgiorð endurtekin átján sinnum.

13. Safnaðarbæn er bönnuð að undanskilinni skyldubæn fyrir látnum.

14. Fara skal með skyldubæn fyrir látnum í fullri lengd. Ef þeir sem fara með bænina geta ekki lesið skulu þeir í þess stað endurtaka helgiorðin sex sem tiltekin eru í þeirri bæn.

15. Í stað skyldubænar sem átti að endurtaka þrívegis þrisvar sinnum á dag, að morgni, á hádegi og að kvöldi, koma þrjár skyldubænir sem síðar voru opinberaðar.

16. Bæn táknanna hefur verið felld úr gildi og sérstök helgiorð opinberuð í hennar stað en ekki er skylt að fara með þau.

17. Hár, feldur, bein og annað þesháttar ógilda ekki bænir.

B. Fastan.

1. Upphafin staða föstunnar í bahá'í opinberuninni.

2. Fastan hefst þegar aukadögum lýkur og endar með Naw-Rúz hátíðinni.

3. Neyta skal hvorki matar né drykkjar frá sólarupprás til sólarlags.

4. Fastan er bindandi fyrir karlmenn og konur sem ná fullþroskaaldri sem er 15 ára aldur.

5. Undanþágur frá föstu eru veittar:

   a. Ferðalöngum.

      i. Að því tilskildu að ferðin vari lengur en 9 klukkustundir.

      ii. Þeim sem ferðast fótgangandi að því

tilskildu að ferðin taki meira en tvær klukkustundir.

iii. Þeim sem gera hlé á ferðalagi sínu í færri en 19 daga.

iv. Þeim sem gera hlé á ferðalagi sínu í föstunni á stað þar sem þeir dvelja í 19 daga. Undanþága frá föstu gildir þá aðeins fyrstu þrjá dagana eftir komu þeirra.

v. Þeim sem koma aftur heim í föstunni en þeir skulu hefja föstu á heimkomudegi.

b. Þeim sem eru sjúkir.

c. Þeim sem komnir eru yfir sjötugt.

d. Barnshafandi konum.

e. Konum sem hafa barn á brjósti.

f. Konum sem hafa á klæðum, að því tilskildu að þær laugi hendur og andlit og endurtaki sérstaklega opinberuð helgiorð 95 sinnum á dag.

g. Þeim sem stunda erfiðisvinnu. Þeim er ráðlagt að sýna föstulögunum virðingu með því að sýna aðgát og aðhald þegar þeir nýta sér undanþáguna.

6. Leyfilegt er að heita því að fasta (í öðrum mánuði en föstumánuðinum). Heit sem gagnast mannkyni eru þó þóknanlegri fyrir augliti Guðs.

C. Lög sem varða persónulega stöðu

1. Hjónaband:

a. Eindregið er mælt með hjónabandi en það er

ekki skylda.

b. Fleirkvæni er bannað.

c. Hjónaband er háð því skilyrði að báðir aðilar hafi náð fullþroskaaldri sem er 15 ára aldur.

d. Hjónaband er háð samþykki beggja hjónaefna og foreldra þeirra hvort sem brúðurin er hrein mey eða ekki.

e. Sú skylda hvílir á báðum hjónaefnum að lesa sérstaklega opinberuð helgiorð sem gefur til kynna að þau lúti vilja Guðs.

f. Bannað er að giftast stjúpmóður sinni.

g. Öll mál sem varða hjónaband skyldmenna skal bera undir Hús réttvísinnar.

h. Heimilt er að ganga í hjónaband með öðrum en bahá'íum.

i. Trúlofun:

   i. Trúlofunartíminn má ekki fara yfir 95 daga.

   ii. Óheimilt er að trúlofast stúlku sem ekki hefur náð fullþroskaaldri.

j. Heimanmundur:

   i. Greiðsla heimanmundar er skilyrði fyrir hjónabandi.

   ii. Heimanmundur er 19 mithqál skíragulls fyrir borgarbúa og 19 mithqál silfurs fyrir landsbyggðafólk. Miða skal við búsetu eiginmanns en ekki eiginkonu.

   iii. Óheimilt er að greiða meira en 95 mithqál.

iv. Æskilegra er að 19 mithqál silfurs sé látið nægja.

v. Reynist ekki hægt að greiða allan heimanmundinn er heimilt að gefa út skuldaviðurkenningu.

k. Vakni andúð annars aðilans á hinum að loknum lestri sérstaklega opinberaðs hjúskaparheits og greiðslu heimanmundar og áður en hjónabandið er fullnustað, er biðtími ekki nauðsynlegur áður en skilnaður gengur í garð. Óheimilt er þó að krefja heimanmundarins aftur.

l. Hyggist eiginmaður fara í ferðalag skal hann láta konu sína vita hvenær hann kemur aftur heim. Geti hann af gildum ástæðum ekki komið aftur á tilsettum tíma skal hann láta hana vita og reyna að snúa heim til hennar aftur. Uppfylli hann ekki annaðhvort þessara skilyrða verður hún að bíða í 9 mánuði, en síðan getur hún gift sig aftur þó æskilegra sé að hún bíði lengur. Fái hún fregnir um að hann sé látinn eða hafi verið myrtur og almenn skýrsla eða tvö áreiðanleg vitni staðfesti það getur hún gift sig aftur að liðnum 9 mánuðum.

m. Fari eiginmaðurinn án þess að upplýsa konu sína um heimkomutíma og þekki lögin í Kitáb-i-Aqdas, má eiginkonan giftast aftur eftir að hafa beðið í eitt ár. Sé eiginmanni ókunnugt um lögin verður eiginkonan að bíða uns henni berast fregnir af eiginmanni sínum.

n. Komist eiginmaðurinn að því eftir greiðslu

heimanmundar að eiginkonan sé ekki hrein mey má krefjast endurgreiðslu heimanmundar og útlagðs kostnaðar.

o. Hafi verið stofnað til hjónabands með því skilyrði að kona sé hrein mey má krefjast endurgreiðslu heimanmundar auk útlagðs kostnaðar auk þess sem hjónabandið er ógilt. Að halda málinu leyndu er þó mjög lofsvert fyrir augliti Guðs.

2. Hjónaskilnaður:

a. Hjónaskilnaður er stranglega fordæmdur.

b. Verði fáleikar með hjónum, hvort þeirra sem í hlut á, er skilnaður leyfilegur, þó aðeins að liðnu einu ári. Tvö eða fleiri vitni verða að staðfesta upphaf og lok biðársins. Dómsfulltrúa Húss réttvísinnar ber að skrá skilnaðinn. Samræði hjóna á biðárinu er bannað og sá sem brýtur þessi lög skal gera yfirbót og greiða Húsi réttvísinnar 19 mithqál gulls.

c. Þegar skilnaður er genginn í gildi er ekki þörf á frekari biðtíma.

d. Eiginkona sem skilið er við vegna ótrúskapar fyrirgerir rétti sínum til endurgreiðslu kostnaðar á biðárinu.

e. Heimilt er að giftast aftur eiginkonu sem skilið hefur verið við, að því tilskildu að hún hafi ekki gifst öðrum. Hafi hún gert það verður hún að skilja áður en fyrri eiginmaður geti kvænst henni aftur.

f. Takist kærleikar aftur meðan á biðári stendur

er hjónabandið fullgilt. Verði fáleikar aftur með hjónum í kjölfar þessara sátta og skilnaðar sé óskað á ný skal hefja nýtt biðár.

g. Komi til ágreinings milli hjóna á ferðalagi, ber eiginmanni að senda konu sína heim eða fela hana umsjá áreiðanlegrar persónu sem fylgir henni þangað. Eiginmaður greiði ferð hennar og öll útgjöld í eitt ár.

h. Ef eiginkona krefst skilnaðar frá manni sínum fremur en að flytjast til annars lands hefst biðárið við aðskilnað þeirra og þá annaðhvort meðan hann undirbýr ferð sína eða þegar hann leggur af stað.

i. Íslömsk lög varðandi eiginmann sem kvænist aftur konu sem hann áður hefur skilið við eru felld úr gildi.

3. Arfur:*

a. Arfur skiptist í eftirfarandi flokka:

1. börn: 1,080 af 2,520 hlutum
2. eiginmaður eða eiginkona: 390 af 2,520 hlutum
3. faðir: 330 af 2,520 hlutum
4. móðir: 270 af 2,520 hlutum
5. bróðir: 210 af 2,520 hlutum
6. systir: 150 af 2,520 hlutum
7. kennari: 90 af 2,520 hlutum

b. Bahá'u'lláh tvöfaldar hlutinn sem Bábinn ætlaði börnum, en samsvarandi hluti dregst frá hlut annarra arfþega.

* Aðferðir sem beita skal við skiptingu bús liggi erfðaskrá ekki fyrir. Sjá lið o. í þessum kafla.

i. Séu afkomendur ekki fyrir hendi gengur hlutur barnanna til Húss réttvísinnar sem ver honum til munaðarlausra og ekkna og annars sem gagnast mun mannkyni.

c. ii. Ef sonur hins látna er dáinn og lætur eftir sig afkvæmi erfa þau hlut föðurins. Sé dóttir hins látna dáin og láti eftir sig afkvæmi skal skipta hennar hlut í þá sjö flokka sem tilgreindir eru í Hinni helgustu bók.

d. Skilji maður eftir sig börn en aðrir erfingjahópar, hluti þeirra eða þeir allir, séu ekki fyrir hendi ganga tveir þriðju hlutar til afkvæmanna og einn þriðji til Húss réttvísinnar.

e. Séu engir hinna tilgreindu erfingja fyrir hendi ganga tveir þriðju hlutar arfsins til systkinabarna hins látna. Séu þau ekki fyrir hendi gengur sá hluti til systkina hins látna og séu þau ekki fyrir hendi til sona þeirra og dætra. Í öllum tilvikum gengur þriðjungurinn sem eftir er til Húss Réttvísinnar.

f. Séu engir fyrrnefndra erfingja fyrir hendi gengur allur arfurinn til Húss réttvísinnar.

g. Heimili og fatnaður látins föður gengur til sona en ekki til dætra. Ef um er að ræða mörg heimili gengur hið helsta þeirra til karlkyns afkomenda. Hin heimilin ásamt öðrum eigum hins látna skiptast á milli erfingjanna. Ef ekki er um neinn karlkyns afkomanda að ræða, ganga tveir þriðju hlutar aðalheimilis og persónulegs fatnaðar látins föður til kvenkyns

afkomenda og einn þriðji til Húss réttvísinnar. Í tilviki látinnar móður skal skipta öllum notuðum fatnaði hennar milli dætra hennar. Ónotuðum fatnaði, skartgripum og eigum skal skipta á milli erfingja hennar ásamt notuðum fatnaði, eigi hún ekki dóttur.

h. Ef afkvæmi hins látna eru á barnsaldri skal annaðhvort fela áreiðanlegri persónu eða fyrirtæki hlut þeirra í fjárfestingarskyni uns þau ná fullþroskaaldri. Fjárhaldsmaður skal fá hluta uppsafnaðra vaxta.

i. Ekki skal skipta arfi fyrr en búið er að greiða Rétt Guðs ásamt skuldum hins látna og kostnaði af sómasamlegri útför og greftrun.

j. Ef bróðir hins látna er samfeðra honum erfir hann að fullu þann hlut sem honum er ætlaður. Eigi hann annan föður erfir hann einungis tvo þriðju af sínum hlut en það sem eftir stendur gengur til Húss réttvísinnar. Sömu lög gilda um systur hins látna.

k. Ef um er að ræða albræður og alsystur fá bræður og systur sem móðirin á ekki arf.

l. Kennari sem ekki er bahá'í fær ekki arf. Sé um fleiri en einn kennara að ræða skiptist hlutur kennarans á milli þeirra.

m. Erfingjar sem ekki eru bahá'íar fá ekki arf.

n. Að undanskildum notuðum fatnaði eiginkonu, skartgripum og öðru sem sannað er að eiginmaður hennar hafi gefið henni, skal allt sem eiginmaðurinn hefur keypt handa konu sinni teljast eign eiginmannsins og

skiptast á milli erfingja hans.

o. Öllum er frjálst að arfleiða þá að eigum sínum sem þeim þóknast að því tilskildu að þeir geri ráðstafanir til að greiða Rétt Guðs og gangi frá skuldum sínum.

D. Ýmis lög, fyrirmæli og hvatningar

1. Ýmis lög og fyrirmæli:

a. Pílagrímsferð

b. Huqúqu'lláh — Réttur Guðs

c. Stofngjafir

d. Tilbeiðsluhús

e. Tímalengd Bahá'í trúarkerfisins

f. Bahá'í hátíðir

g. Nítján daga hátíð

h. Bahá'í árið

i. Aukadagarnir

j. Fullþroskaaldur

k. Greftrun látinna

l. Að leggja leggja stund á iðn eða atvinnu er skylda sem skipar háan sess og gerð er að ígildi tilbeiðslu

m. Hlýðni við stjórnvöld

n. Menntun barna

o. Gerð erfðaskrár

p. Skattur (Zakát)

q. Endurtekning Hins mesta nafn 95 sinnum á dag

r. Dýraveiðar

s. Meðferð kvenna sem gegna þjónustustörfum

t. Týndar eignir sem finnast aftur

u. Ráðstöfun fundinna fjármuna

v. Ráðstöfun hluta sem öðrum er trúað fyrir

w. Manndráp

x. Skilgreining á réttlátum vitnum

y. Bann við:

    i Túlkun helgiritanna

    ii Þrælaverslun

    iii Meinlætalifnaði

    iv Klausturlífi

    v Betli

    vi Prestastétt

    vii Notkun predikunarstóla

    viii Handakossum

    ix Syndajátningu

    x Fjölkvæni

    xi Áfengum drykkjum

    xii Ópíum

    xiii Veðmálum

    xiv Íkveikju að yfirlögðu ráði

xv Hjúskaparbrotum

xvi Morðum

xvii Þjófnaði

xviii Samkynhneigð

xix Safnaðarbæn nema fyrir látnum

xx Grimmd gegn dýrum

xxi Iðjuleysi og leti

xxii Baktali

xxiii Óhróðri

xxiv Vopnaburði nema hann sé óhjákvæmilegur

xxv Notkun persneskra almenningsbaða

xxvi Inngöngu í hús án leyfis eiganda

xxvii Að ljósta eða særa aðra

xxviii Ágreiningi og deilum

xxix Að muldra heilagt orð fyrir munni sér á almannafæri

xxx Að dýfa höndum í mat

xxxi Höfuðrakstur

xxxii Að karlar láti hár sitt vaxa niður fyrir eyru

2. Ógilding tiltekinna laga og fyrirmæla fyrri trúarkerfa sem kváðu á um:

   a. Eyðileggingu bóka

   b. Bann við að klæðast silki

c. Bann við notkun borðbúnaðar úr gulli og silfri

d. Takmarkanir á ferðalögum

e. Að færa skuli Höfundi trúarinnar ómetanlegar gjafir

f. Bann við spurningum til Höfundar trúarinnar

g. Bann við að eiginmaður kvænist aftur konu sem hann hefur skilið við

h. Refsingu þeirra sem valda meðbræðrum sínum hryggð

i. Bann við tónlist

j. Takmarkanir á klæðaburði og skeggskurði

k. Óhreinleika ýmissa hluta og fólks

l. Óhreinleika sæðis

m. Óhreinleika ákveðinna hluta við knéfall í bæn

3. Ýmsar hvatningar:

a. Að samneyta fylgjendum allra trúarbragða í vináttu

b. Að heiðra foreldra sína

c. Að óska ekki öðrum þess sem maður óskar ekki sjálfum sér

d. Að kenna og útbreiða trúna að Höfundinum látnum.

e. Að aðstoða þá sem rísa upp til að efla trúna.

f. Að víkja ekki frá helgiritunum né láta afvegaleiðast af þeim sem það gera.

g. Að leita til helgiritanna þegar ágreiningur rís

h. Að leggja stund á lestur helgiritanna af gaumgæfni

i. Að láta ekki leiðast af fánýtum hugarburði og hégómlegum ímyndunum

j. Að fara með heilagt orð kvölds og morgna

k. Að fara með heilagt orð á hljómfagran hátt

l. Að kenna börnum sínum að syngja heilagt orð í Mashriqu'l-Adhkár

m. Að leggja stund á listir og vísindi sem gagnast mannkyni

n. Að taka ráð saman

o. Að sýna ekki undanlátssemi við framkvæmd boða Guðs

p. Að iðrast synda sinna frammi fyrir Guði

q. Að auðkenna sig með góðum gerðum

    i. Að vera sannorður

    ii. Að vera áreiðanlegur

    iii. Að vera trúfastur

    iv. Að vera réttsýnn og guðhræddur

    v. Að vera réttlátur og sanngjarn

    vi. Að vera nærgætinn og vitur

    vii. Að vera háttprúður

    viii. Að vera gestrisinn

    ix. Að vera þrautseigur

x. Að vera andlega frjáls

xi. Að vera algjörlega undirgefinn vilja Guðs

xii. Að valda ekki uppnámi með ósæmilegri hegðun

xiii. Að vera ekki hræsnisfullur

xiv. Að vera ekki drambsamur

xv. Að vera ekki ofstækisfullur

xvi. Að taka ekki sjálfan sig fram yfir náunga sinn

xvii. Að deila ekki að við náunga sinn

xviii. Að gefa ekki ástríðum sínum lausan tauminn

xix. Að barma sér ekki í mótlæti

xx. Að deila ekki við stjórnvöld

xxi. Að missa ekki stjórn á skapi sínu

xxii. Að reita ekki nágranna sína til reiði

r. Að vera nátengd í einingu

s. Að leita hæfs læknis þegar veikindi steðja að

t. Að bregðast við boði

u. Að sýna ættingjum Höfundar trúarinnar góðvild

v. Að læra tungumál til að stuðla að framgangi trúarinnar

w. Að stuðla að þróun borga og landa trúnni til vegsemdar

x. Að endurreisa og varðveita staði sem tengjast Höfundum trúarinnar

y. Að gæta hreinlætis í hvívetna:

i. Að þvo fætur sínar

ii. Að nota ilmvatn

iii. Að baðast hreinu vatni

iv. Að klippa neglur sínar

v. Að þvo óhreina hluti í hreinu vatni

vi. Að klæðast tandurhreinum fatnaði

vii. Að endurnýja húsgögn á heimili sínu

V. Sérstakar áminningar, umvandanir og viðvaranir

Stílað til:

1. Alls mannkyns
2. Konunga heimsins
3. Klerkastéttar
4. Stjórnenda Ameríku og forseta lýðveldanna þar
5. Vilhjálms I, konungs Prússlands
6. Frans Jósefs Austurríkiskeisara
7. Fylgjenda Bayánsins
8. Þingmanna um allan heim

VI. Málefni af ýmsu tagi

1. Yfirskilvitleg einkenni bahá'í opinberunarinnar
2. Upphafin staða Höfundar trúarinnar
3. Einstakt mikilvægi Kitáb-i-Aqdas, „Hinnar helgustu

bókar“

4. Kenningin um *„hinn mesta óskeikulleika“*
5. Tvíþætt skylda að viðurkenna opinberandann og fara að lögum Hans. Þetta tvennt verður ekki skilið að
6. Tilgangur alls lærdóms er að bera kennsl á Hann sem er markmið allrar þekkingar
7. Blessun sem hlotnast þeim sem viðurkenna þann grundvallarsannleik að *„Hann verður ekki spurður gerða sinna“*
8. Umbyltandi áhrif *„hins æðsta heimsskipulags“*
9. Val á einu tungumáli og upptaka sameiginlegs skrifleturs sem allir á jörðinni nota. Þetta er annað af tveimur táknum um fullþroska mannkyns
10. Spádómar Bábsins varðandi *„Hann sem Guð mun birta“*
11. Forsögn um andstöðu við trúna
12. Lofsorði lokið á þann konung sem játar trú á málstað Guðs og rís upp til að þjóna honum
13. Hverfulleiki mannlegra málefna
14. Merking raunverulegs frelsis
15. Verðleiki allra verka er háður samþykki Guðs
16. Mikilvægi þess að elska Guð sem hvöt til hlýðni við lög Hans
17. Mikilvægi þess að nýta efnislegar leiðir
18. Lofsorði lokið á hina lærðu meðal fylgjenda Bahá
19. Mírzá Yahyá fullvissaður um fyrirgefningu ef hann iðrast

20. Ávarpsorð til Teheran

21. Ávarpsorð til Konstantínópel og íbúa hennar

22. Ávarpsorð til *„Rínarbakka“*

23. Fordæming á þeim sem halda fram falskröfu um leynda innri þekkingu

24. Fordæming á þeim sem láta menntahroka útiloka sig frá Guði

25. Spádómar sem tengjast Khurásán

26. Spádómar sem tengjast Kirmán

27. Vísun til Shaykh Aḥmad-i-Aḥsá'í

28. Vísun til hveitisáldarans

29. Fordæming á Ḥájí Muḥammad-Karím Khán

30. Fordæming á Shaykh Muḥammad-Ḥasan

31. Vísun til Napóleons III

32. Vísun til Siyyid Muḥammad-i-Iṣfahání

33. Fyrirheit um aðstoð til allra sem rísa upp til að þjóna trúnni

Textaskýringar

TEXTASKÝRINGARNAR eru tölusettar frá 1 til 194. Hver þeirra hefst á feitletruðu orðasambandi eða setningu úr Kitáb-i-Aqdas og endar á númeri þeirrar málsgreinar í Aqdas sem vísað er til.

Textaskýringar

1. ljúfur ilmur klæða Minna ¶4

Þetta er óbein tilvísun til sögunnar um Jósef í Kóraninum og Gamla testamentinu. Þar færa bræður Jósefs Jakobi, föður sínum, klæði hans. Jakob ber þá kennsl á löngu týndan og elskaðan son sinn. Myndlíkingin ilmandi *„klæði“* er oft notuð í bahá'í ritum og vísar til viðurkenningar á opinberanda Guðs og opinberun Hans.

Bahá'u'lláh lýsir sjálfum sér í einni af töflum sínum sem hinum *„guddómlega Jósef“* sem hinir gálausu hafa látið í skiptum fyrir *„smánarverð.“* Í bók sinni Qayyúmu'l-Asmá' segir Bábinn að Bahá'u'lláh sé hinn *„sanni Jósef“* og spáir fyrir um þrengingarnar sem Hann muni þola af höndum svikuls bróður síns (sjá skýringu 190). Shoghi Effendi líkir einnig þeirri heiftugu afbrýðisemi sem yfirburðir 'Abdu'l-Bahá vöktu í huga hálfbróður hans, Mírzá Muḥammad-'Alí, við þá geigvænu öfund „sem afburðakostir Jósefs höfðu vakið í hjörtum bræðra hans.“

2. fremur höfum Vér rofið innsigli úrvals víns með fingrum máttar og valds. ¶5

Neysla víns og annarra vímuefna er bönnuð í Kitáb-i-Aqdas (sjá skýringar 144 og 170).

Táknrænar tilvísanir til „víns“ sem orsök andlegs algleymis er ekki aðeins að finna í opinberun Bahá'u'lláh heldur einnig í biblíunni, Kóraninum og arfsögnum hindúa.

Í Kóraninum er hinum réttlátu til dæmis heitið því að þeim verði gefinn drykkur af *„hinu innsiglaða úrvalsvíni.“* Í töflum sínum segir Bahá'u'lláh *„úrvalsvín“* opinberunar sinnar vera *„moskusþrunginn ilm“* sem berist yfir *„allt sem skapað er.“* Hann segir að Hann hafi *„rofið innsiglið“* af þessu *„víni“* og þannig afhjúpað áður óþekkt andleg sannindi og gert þeim sem af því drekka kleift að *„greina ljómann af ljósi himneskrar einingar“* og *„skilja grundvallartilgang heilagra bóka Guðs.“*

Í einni af hugleiðingum sínum biður Bahá'u'lláh Guð þess að veita þeim sem á Hann trúa af *„úrvalsvíni náðar Þinnar, að það megi fá þá til að gleyma öllum nema Þér og hefjast handa um að þjóna málstað Þínum og verða staðfastir í ást sinni til Þín.“*

3. Vér höfum mælt fyrir um skyldubæn yður til handa ¶6

Allmörg orð eru til yfir bænir á arabísku. Orðið „ṣalát“, sem hér er á upprunamálinu, vísar til sérstaks flokks bæna sem átrúendum er gert að fara með á ákveðnum tímum dags. Til að aðgreina þennan flokk bæna frá öðrum hefur orðið verið þýtt sem *„skyldubæn“*.

Bahá'u'lláh segir að *„skyldubæn og fasta gegni upphafinni stöðu fyrir augliti Guðs“* (Sp&Sv 93). 'Abdu'l-Bahá staðfestir að slíkar bænir *„stuðli að auðmýkt og undirgefni, að maðurinn beini ásjónu sinni til Guðs og játi Honum hollustu,“* og að með þessum bænum *„samneyti maðurinn Guði, leitist við að nálgast Hann, tali við sannan ástvin hjarta síns og öðlist andlega stöðu“*.

Skyldubænin (sjá skýringu 9) sem vísað er til í þessum orðum hefur verið leyst af hólmi af skyldubænunum þremur sem Bahá'u'lláh opinberaði síðar (Sp&Sv 63). Texti þessara þriggja bæna sem nú eru í notkun ásamt leiðbeiningum um hvernig fara skal með þær má finna í þessari bók í kaflanum Nokkrir textar sem Bahá'u'lláh opinberaði til viðbótar Kitáb-i-Aqdas.

Nokkur atriði í kaflanum Spurningar og svör fjalla um mál sem lúta að nýju skyldubænunum þremur. Bahá'u'lláh útskýrir að velja megi hverja sem er af skyldubænunum þremur (Sp&Sv 65). Önnur fyrirmæli eru skýrð í Spurningum og svörum,

málsgreinum 66, 67, 81, og 82.

Nánari atriði laganna um skyldubænina eru teknar saman í hluta IV.A.1–17. í Skráningu og yfirliti.

4. níu rak'ah ¶6

Rak'ah eru sérstaklega opinberuð helgiorð og fylgja þeim tilteknar stellingar, knéfall og aðrar hreyfingar.

Skyldubænin sem Bahá'u'lláh mælti upprunalega fyrir um til handa fylgjendum sínum samanstóð af níu rak'ah. Nánari einkenni þessarar bænar og þau sérstöku fyrirmæli sem fylgdu lestri hennar hafa glatast. (Sjá skýringu 9.)

Í töflu sem 'Abdu'l-Bahá opinberaði varðandi þær skyldubænir sem nú eru í gildi segir hann að *„í hverju orði og hreyfingu skyldubænarinnar eru tilvísanir, leyndardómar og viska sem maðurinn fær ekki skilið og sem bréf og bókrollur fá ekki innihaldið."*

Shoghi Effendi hefur útskýrt að þær fáu einföldu leiðbeiningar sem Bahá'u'lláh gefur um lestur vissra bæna hafi ekki aðeins andlega þýðingu heldur komi þær einstaklingnum einnig að gagni við að „einbeita sér til fulls í bæn og hugleiðslu."

5. á hádegi, kvölds og morgna ¶6

Varðandi orðin *„morgunn," „hádegi"* og *„kvöld,"* sem eru þeir tímar þegar fara á með lengri skyldubænina, segir Bahá'u'lláh að þau vísi til *„sólaruppprásar, hádegis og sólseturs"* (Sp&Sv 83). Hann tilgreinir nánar að *„leyfilegir tímar skyldubænanna séu frá morgni til hádegis, frá hádegi til sólseturs og frá sólsetri þar til tveimur tímum síðar."* Auk þess hefur 'Abdu'l-Bahá sagt að morgunskyldubæn megi fara með strax í dögun.

Skilgreining á að *„hádegi"* sé tíminn *„frá hádegi til sólseturs"* á við um stuttu skyldubænina sem og hina lengri.

6. Vér höfum leyst yður undan fleiri ¶6

Meiri kröfur voru gerðar til skyldubæna í trú Bábsins og í íslam, en þær sem gerðar voru til skyldubænarinnar sem samanstóð af níu rak'ah og mælt er fyrir um í Kitáb-i-Aqdas (sjá skýringu 4).

Í Bayáninum mælti Bábinn fyrir um skyldubæn sem samanstóð af nítján rak'ah og fara átti með einu sinni á sólarhring—frá hádegi til hádegis næsta dag.

Farið er með bæn múslíma fimm sinnum á dag, það er að segja snemma morguns, á hádegi, síðdegis, á kvöldin og að næturlagi. Þar sem fjöldi rak'ah breytist eftir því hvenær farið er með bænina er daglegur fjöldi rak'ah alls sautján.

7. Þegar þér farið með þessa bæn, snúið yður til hirðar helgustu návistar Minnar, þess heilaga staðar sem Guð hefur . . . ákveðið að verði miðdepill tilbeiðslu íbúanna í borgum eilífðar . . . ¶6

„Miðdepill tilbeiðslu," þ.e. áttin sem tilbiðjandinn á að snúa sér í þegar hann fer með skyldubænina er nefnd Qiblih, bænaráttin. Bænaráttin er þekkt úr eldri trúarbrögðum. Jerúsalem hafði áður fyrr verið gerð að þessum miðdepli. Múhameð breytti bænaráttinni og sneru múslímar sér þá í átt til Mekka. Fyrirmæli Bábsins í arabíska Bayáninum voru þessi:

> *Bænaráttin er að sönnu Hann sem Guð mun birta. Hvenær sem Hann hreyfir sig hreyfist hún allt þar til Hann nemur staðar.*

Bahá'u'lláh vitnar til þessara orða í Kitáb-i-Aqdas (¶137) og staðfestir hana í ofangreindum orðum. Hann gaf það einnig til kynna með eftirfarandi orðum: *„Skylt er að snúa í bænarátt þegar farið er með skyldubæn"* (Sp&Sv 14 og 67). Hvað varðar aðrar bænir og tilbeiðslu er biðjanda frjálst að snúa sér í hvaða átt sem er.

8. Og þegar sól sannleika og máls hnígur til viðar, beinið sjónum að staðnum sem Vér höfum áformað yður. ¶6

Bahá'u'lláh mælti svo fyrir að eftir Hans dag yrði legstaður Hans bænaráttin. Hið helgasta grafhýsi er í Bahjí í Akká. 'Abdu'l-Bahá lýsir þeim stað sem hinu *„geislandi grafhýsi", „staðnum sem herskararnir á hæðum hringsóla um."*

Í bréfi sem ritað var fyrir hönd Shoghi Effendi notar hann samlíkingu um jurt sem snýr sér í sólarátt til að útskýra andlega þýðingu bænaráttarinnar:

> . . . líkt og jurtin teygir sig í átt að sólinni—þangað sem hún sækir líf sitt og vöxt—þannig . . . beinum við ásjónum okkar . . . þegar við biðjum til þess staðar þar sem jarðneskar leifar Hans hvíla sem tákn um hið innra viðhorf.

9. Allt sem varðar skyldubænina höfum Vér sett fram í annarri töflu. ¶8

Upprunalega skyldubænin hafði *„fyrir sakir visku“* verið opinberuð af Bahá'u'lláh í annarri töflu (Sp&Sv 63). Hún var ekki látin átrúendunum í té meðan Hann lifði og skyldubænirnar þrjár sem nú eru í notkun leystu hana af hólmi.

Stuttu eftir uppstigningu Bahá'u'lláh tók sáttmálsbrjóturinn Muḥammad-'Alí texta þessarar bænar ófrjálsri hendi ásamt mörgum öðrum töflum.

10. bæn fyrir hinum látnu ¶8

Bænin fyrir látnum (sjá kaflann Nokkrir textar sem Bahá'u'lláh opinberaði til viðbótar Kitáb-i-Aqdas) er eina bahá'í skyldubænin sem lesa skal að öðrum viðstöddum. Einn átrúandi fer með hana meðan aðrir viðstaddir standa í þögn (sjá skýringu 19). Bahá'u'lláh hefur útskýrt að aðeins þurfi að fara með þessa bæn fyrir látnum hafi hinn látni náð fullorðinsaldri (Sp&Sv 70). Fara skal með hana áður en hinn látni er borinn til grafar og ekki er nauðsynlegt að snúa sér í bænarátt þegar farið er með bænina (Sp&Sv 85).

Frekari atriði varðandi bænina fyrir látnum er að finna í Skráningu og yfirliti, hluta IV.A. 13.–14.

11. sex sérstakar efnisgreinar verið sendar niður af Guði, opinberanda helgra orða ¶8

Endurtekning á kveðjunni „Alláh-u-Abhá“ (Guð er hinn aldýrlegi) er hluti af bæninni fyrir látnum. Endurtaka á kveðjuna sex

sinnum og eftir hverja endurtekningu eru sérstaklega opinberuð orð endurtekin nítján sinnum. Þessi helgu orð eru þau sömu og þau sem Bábinn opinberaði í Bayáninum í bæn fyrir látnum. Bahá'u'lláh bætti við bænarákalli sem fer á undan þessum helgu orðum.

12. Hvorki hár né annað sem andinn hefur yfirgefið, svo sem bein og þessháttar, ógildir bæn yðar. Yður er frjálst að klæðast safalaskinni og feldi af bjór, íkorna eða öðrum dýrum ¶9

Í nokkrum eldri trúarbrögðum var það talið ógilda bæn ef biðjandinn klæddist feldi vissra dýra eða bæri á sér vissa hluti aðra. Bahá'u'lláh staðfestir hér yfirlýsingu Bábsins í arabíska Bayáninum um að slíkt ógilti ekki bæn.

13. Vér höfum boðið yður að biðjast fyrir og fasta frá upphafi fullþroska ¶10

Bahá'u'lláh segir að *„fullþroskaaldur hvað varðar trúarskyldur"* sé *„fimmtán ár fyrir bæði karla og konur"* (Sp&Sv 20). Hvað varðar nánari atriði föstutímans sjá skýringu 25.

14. Hann hefur undanskilið þá sem eru lasburða sakir sjúkleika eða elli ¶10

Í Spurningum og svörum er undanþágan frá skyldubænum og föstu sem veitt er þeim sem eru lasburða af völdum sjúkleika eða elli útskýrð nánar. Bahá'u'lláh gefur til kynna að á *„tímum heilsuleysis sé ekki leyfilegt að gæta þessara skyldna"* (Sp&Sv 93). Hann segir í þessu samhengi að elli hefjist þegar sjötugsaldri er náð (Sp&Sv 74). Shoghi Effendi útskýrir í svari við fyrirspurn að fólk sem nær þessum aldri sé undanskilið föstu hvort sem það er lasburða eða ekki.

Undanþága frá föstu er einnig veitt öðrum tilgreindum hópum fólks sem taldir eru upp í Skráningu og yfirliti, hluta IV.B.5. Sjá skýringar 20, 30 og 31 og nánari umfjöllun þar.

15. Guð hefur gefið yður leyfi til að knéfalla á sérhvern hreinan stað því Vér höfum að þessu leyti fjarlægt þær takmarkanir sem settar voru fram í Bókinni. ¶10

Kröfur varðandi bænir í eldri trúarbrögðum hafa oft falið í sér knéfall. Í arabíska Bayáninum fer Bábinn þess á leit við fylgjendur sína að þeir leggi ennið á yfirborð úr kristal þegar þeir knéfalla. Í íslam eru sérstakar takmarkanir settar varðandi fleti sem múslímum er leyft að krjúpa á. Bahá'u'lláh nemur slíkar takmarkanir úr gildi og tiltekur einfaldlega *„alla hreina staði."*

16. Sá sem ekki finnur vatn til að lauga hendur og andlit á undan bæn endurtaki fimm sinnum þessi orð: „Í nafni Guðs, hins hreinasta, hins hreinasta", og hefji svo tilbeiðslu. ¶10

Laugun á að fara fram áður en átrúandinn fer með skyldubæn. Hún felst í því að lauga hendur og andlit. Sé vatn ekki tiltækt er mælt fyrir um sérstaklega opinberuð orð sem endurtekin eru fimm sinnum. Sjá skýringu 34 varðandi almenna umfjöllun um laugun.

Í Kóraninum og arabíska Bayáninum eru ákvæði um aðferð sem fylgja á í stað laugunar þegar vatn er ekki að finna.

17. Á svæðum þar sem daga og nætur tekur að lengja, skal ákvarða bænatíma með klukkum og öðrum tímamælum. ¶10

Hér er vísað til svæða lengst í norðri eða suðri þar sem lengd daga og nótta er breytileg (Sp&Sv 64 og 103). Þessi ákvæði eiga einnig við um föstu.

18. Vér höfum leyst yður undan þeirri skyldu að fara með bæn táknanna. ¶11

Bæn táknanna er sérstakt form skyldubænar í íslam. Fara átti með hana á tímum náttúrufyrirbæra, svo sem jarðskjálfta, tungl- og sólmyrkva og annarra fyrirbæra sem valdið gætu ótta og litið var á sem tákn eða verk Guðs. Krafan um að fara með þessa bæn

er felld úr gildi. Í þess stað geta bahá'íar sagt *„Ríkið er Guðs, Drottins hins séða og óséða, Drottins sköpunarinnar,“* en það er ekki skylda (Sp&Sv 52).

19. Sá siður að fara með safnaðarbæn er aflagður, að undanskilinni bæninni fyrir látnum. ¶12

Í bahá'í trúnni hefur safnaðarbæn verið afnumin og er þá átt við formlega skyldubæn sem fara á með í samræmi við ákveðinn helgisið eins og til dæmis er venja í íslam þar sem ímam stjórnar föstudagsbæn í moskunni. Bænin fyrir látnum (sjá skýringu 10) er eina safnaðarbænin sem Bahá'u'lláh mælir fyrir um. Einn viðstaddra fer með hana meðan aðrir standa í þögn, en sá sem fer með bænina hefur enga sérstaka stöðu. Viðstöddum er ekki gert að snúa sé í bænarátt (Sp&Sv 85).

Fara á með skyldubænirnar þrjár í einrúmi en ekki að öðrum viðstöddum.

Engin ákveðin aðferð er við lestur margra annarra bahá'í bæna og öllum er frjálst að fara með bænir aðrar en skyldubænirnar að öðrum viðstöddum eða einir sér. Um þetta segir Shoghi Effendi að

> . . . þótt vinunum sé þannig gefnar frjálsar hendur. . . ættu þeir að gæta þess vel að venjur þeirra festist ekki í ákveðnu formi og stofnanavæðist með þeim hætti. Þetta er atriði sem vinirnir ættu ávallt að hafa í huga svo ekki sé vikið af þeirri skýru braut sem kenningarnar marka.

20. Að boði Guðs eru konur sem hafa á klæðum undanþegnar skyldubæn og föstu. ¶13

Konur sem hafa á klæðum eru undanþegnar skyldubæn og föstu. Í staðinn eiga þær að lauga andlit og hendur (sjá skýringu 34) og endurtaka 95 sinnum á dag, milli eins hádegis og hins næsta, orðin *„Dýrlegur sé Guð, Drottinn ljóma og fegurðar.“* Þessi fyrirmæli eiga sér fordæmi í arabíska Bayáninum þar sem svipuð undanþága var veitt.

Í nokkrum eldri trúarbrögðum voru konur sem höfðu á klæðum taldar óhreinar samkvæmt helgisiðareglum og þeim

bannað að uppfylla skyldur sínar varðandi bæn og föstu. Bahá'u'lláh hefur ógilt hugmyndina um óhreinleika í trúarlegu samhengi (sjá skýringu 106).

Allsherjarhús réttvísinnar hefur útskýrt að fyrirmælin í Kitáb-i-Aqdas sem veita undanþágu frá vissum skyldum og ábyrgðum séu, eins og orðið gefur til kynna, undanþága en ekki bann. Sérhver átrúandi getur þess vegna kosið að notfæra sér viðeigandi undanþágu. En Hús réttvísinnar gefur þau ráð að þegar ákvörðun um slíkt er tekin skuli átrúandinn beita visku og gera sér grein fyrir að Bahá'u'lláh veitir þessar undanþágur af góðum og gildum ástæðum.

Undanþágan sem veitt er varðandi skyldubæn átti upprunalega við um skyldubæn með níu rak'ah en gildir nú um skyldubænirnar þrjár sem leystu hana af hólmi.

21. Er þér ferðist og nemið staðar til að hvílast á öruggum stað, fallið fram—karlar jafnt sem konur—einu sinni í stað hverrar ósagðrar skyldubænar ¶14

Undanþága frá skyldubæn er veitt þeim sem eru í svo ótryggum aðstæðum að þeir geta ekki farið með skyldubænirnar. Undanþágan á við hvort sem þeir eru á ferðalagi eða heima við og gefur þeim tækifæri til þess að uppfylla skylduna varðandi bænir sem ekki hafa verið beðnar vegna ótryggra aðstæðna.

Bahá'u'lláh hefur gert ljóst að skyldubæn *„eigi ekki að fresta á ferðalagi"* að því gefnu að hægt sé að finna *„öruggan stað"* þar sem hægt er að fara með hana (Sp&Sv 58).

Í liðum 21, 58, 59, 60 og 61 í kaflanum Spurningar og svör er að finna nánari skýringar á þessum ákvæðum.

22. Setjist með krosslagða fætur að þessu loknu ¶14

Arabísku orðin „haykalu't-tawḥíd," sem hér eru þýdd sem *„krosslagðir fætur"* þýða *„stelling einingar"*. Hefð er fyrir því að átt sé við krosslagða fætur.

23. Seg: Guð hefur gert hulda ást Mína að lykli að fjársjóðnum ¶15

Í íslam er vel þekkt arfsögn varðandi Guð og sköpun Hans:

> Ég var falinn fjársjóður. Ég vildi að hann fyndist, því skapaði Ég heiminn til þess að hann mætti þekkja Mig.

Tilvísanir til þessarar arfsagnar má finna víða í bahá'í ritum. Í einni bæn sinni opinberar Bahá'u'lláh:

> *Lofað sé nafn Þitt, ó Drottinn Guð minn! Ég ber því vitni að Þú varst falinn fjársjóður umlukinn ómunaverund Þinni, órannsakanlegur leyndardómur varðveittur í Þínum eigin kjarna. Er Þú vildir opinbera Þig skapaðir Þú hina meiri og minni veröld og valdir Manninn ofar öllum skepnum Þínum og gerðir Hann að tákni beggja þessara veralda, ó Þú sem ert Drottinn okkar, hinn samúðarfyllsti!*
>
> *Þú reistir Hann upp og settir Hann upp í hásæti Þitt frammi fyrir öllum í sköpun Þinni. Þú gerðir Honum kleift að afhjúpa leyndardóma Þína og skína af ljósi innblásturs Þíns og opinberunar og birta nöfn Þín og eigindir. Fyrir Hann hefur Þú skrýtt innganginn í bók sköpunar Þinnar, ó Þú sem ert stjórnandi alheimsins sem Þú hefur skapað! (Prayers and Meditations, Bahá'u'lláh, XXXVIII)*

Í Huldum orðum segir Hann einnig:

> *Ó mannssonur! Ég unni sköpun þinni, því skóp Ég þig. Elska mig, svo að Ég megi nefna nafn þitt og fylla sál þína anda lífsins.*

Í skýringu á ofangreindri arfsögn ritaði 'Abdu'l-Bahá:

> *Ó vegfarandi á braut Hins elskaða! Vit að helsti tilgangur þessarar heilögu arfsagnar er að nefna stigin í dul Guðs og opinberun Hans í holdtekjum sannleikans, þeim sem eru dögunarstaðir aldýrlegrar verundar Hans. Svo dæmi sé nefnt: Áður en logi hins ódeyjandi elds er kveiktur og*

kemur í ljós er hann til í sjálfum sér innra með sjálfum sér í duldum einkennum allsherjar opinberenda og þetta er staða „hins falda fjársjóðs." Og þegar hið blessaða tré er tendrað af sjálfu sér innra með sjálfu sér og hinn guðdómlegi eldur brennur af kjarna sínum innra með kjarna hans þá er þetta stigið „Ég vildi að hann fyndist." Og þegar hann skín frá sjónarhring alheimsins með takmarkalausum guðlegum nöfnum og eiginleikum á hinar óvissu og staðlausu veraldir er það upphaf þess að til verður ný og undursamleg sköpun sem samsvarar stiginu „því skapaði Ég heiminn." Og þegar hinar helguðu sálir slíta blæjur allra jarðneskra viðja og veraldlegs ástands og hraða sér til þess stigs er þær líta fegurð guðlegrar nálægðar og fá þann heiður að bera kennsl á opinberandann og verða vitni að ljóma hins mesta tákns Guðs í hjörtum sínum, þá kemur tilgangur sköpunarinnar í ljós og hann er þekking á Honum sem er hinn eilífi sannleikur.

24. Ó penni hins hæsta! ¶16

„Penni hins hæsta," „Hinn æðsti penni" og *„Hinn upphafnasti penni"* vísa til Bahá'u'lláh og lýsa hlutverki Hans sem opinberanda orðs Guðs.

25. Vér höfum boðið yður að fasta í skamman tíma ¶16

Fasta og skyldubæn eru stoðirnar tvær sem bera uppi opinberuð lög Guðs. Bahá'u'lláh staðfestir í einni af töflum sínum að Hann hafi opinberað lögin um skyldubæn og föstu til þess að átrúendurnir geti nálgast Guð fyrir þeirra tilstilli.

Shoghi Effendi gefur til kynna að föstutíminn, þegar átrúandinn neitar sér með öllu um mat og drykk frá sólaruppkomu til sólseturs, sé

> . . . í meginatriðum tími hugleiðslu og bænar, andleg endurnýjun þar sem átrúandinn verður að leitast við meðan á föstunni stendur að koma til leiðar nauðsynlegu jafnvægi á sínu innra lífi og styrkja og endurnæra þau andlegu öfl sem búa í sál hans. Þýðing hennar og

tilgangur eru því í grundvallaratriðum andlegs eðlis. Fastan er táknræn áminning um afneitun á eigingjörnum og holdlegum ástríðum.

Fasta er skylda allra átrúenda frá fimmtán ára aldri til sjötugs.

Yfirlit yfir ítarleg ákvæði varðandi föstulögin og undanþágur sem veittar eru ákveðnum hópum fólks er að finna í Skráningu og yfirliti, hluta IV.B.I.–6. Varðandi umfjöllun um undanþágur frá föstu sjá skýringar 14, 20, 30 og 31.

Nítján daga föstutíminn er í bahá'í mánuðinum 'Alá', yfirleitt 2.–20. mars, strax eftir að aukadögunum lýkur (sjá skýringar 27 og 147). Síðan hefst Naw-Rúz hátíðin (sjá skýringu 26).

26. og tilnefnt Naw-Rúz sem hátíð fyrir yður í lok hans ¶16

Bábinn kynnti nýtt tímatal sem nefnist Badí' eða bahá'í tímatalið (sjá skýringar 27 og 147). Samkvæmt þessu tímatali hefst dagurinn við sólsetur og honum lýkur við sólsetur. Í Bayáninum mælti Bábinn svo fyrir að mánuðurinn 'Alá' yrði föstumánuður og ákvað að Naw-Rúz dagurinn marki lok föstunnar. Hann nefnir Naw-Rúz dag Guðs. Bahá'u'lláh staðfestir Badí' tímatalið og tilgreinir Naw-Rúz sem hátíðisdag.

Naw-Rúz er fyrsti dagur hins nýja árs. Hann fer saman við vorjafndægur á norðurhveli jarðar sem venjulega er 21. mars. Bahá'u'lláh útskýrir að þessum hátíðisdegi eigi að fagna daginn sem sólin gengur inn í stjörnumerki hrútsins (þ.e. vorjafndægur), jafnvel þótt það gerist einni mínútu fyrir sólsetur (Sp&Sv 35). Af þessum sökum getur Naw-Rúz fallið á dagana 20., 21. eða 22. mars, allt eftir tíma jafndægurs.

Bahá'u'lláh hefur látið Allsherjarhúsi réttvísinnar eftir að fjalla um nánari atriði margra laga sinna. Meðal þeirra eru allmörg atriði sem varða bahá'í tímatalið. Verndarinn hefur sagt að hnattvíð framkvæmd laganna sem varða tímasetningu Naw-Rúz krefjist þess að sérstakur staður á jörðinni verði valinn sem mælikvarði til ákvörðunar á tíma vorjafndægurs. Hann benti einnig á að það komi í hlut Allsherjarhúss réttvísinnar að velja þennan stað.

27. Aukadagarnir komi á undan föstumánuðinum. ¶16
Badí' tímatalið byggir á sólarárinu sem er 365 dagar, 5 klukkustundir og um 50 mínútur. Í árinu eru 19 mánuðir með nítján dögum hver (þ.e. 361 dagur), að viðbættum fjórum aukadögum (fimm í hlaupári). Bábinn tilgreindi ekki sérstaklega hvar aukadagarnir eigi að koma í nýja tímatalinu. Í Kitáb-i-Aqdas er málið leyst og ákveðið að aukadagarnir komi strax á undan mánuðinum 'Alá' sem er föstumánuðurinn. Nánari upplýsingar er að finna í kaflanum um bahá'í tímatalið í bókinni *The Bahá'í World*, XVIII bindi.

28. Vér höfum ákveðið að meðal allra . . . birti þeir bókstafinn Há ¶16
Aukadagarnir nefnast Ayyám-i-Há (dagar Há) og tengjast „*bókstafnum Há.*" Tölugildi þessa bókstafs í arabíska abdsjad-kerfinu er fimm sem svarar til breytilegrar tölu aukadaganna.

Bókstafurinn „Há" hefur verið gæddur ýmiskonar andlegri merkingu í helgiritunum og táknar meðal annars innsta eðli Guðs.

29. þessum dögum gjafa sem koma á undan tíma aðhalds ¶16
Bahá'u'lláh hvatti fylgjendur sína til að helga þessa daga hátíðahaldi, fagnaði og góðverkum. Í bréfi sem ritað var fyrir hönd Shoghi Effendi er útskýrt að „aukadagarnir séu sérstaklega til þess ætlaðir að sýna gestrisni, gefa gjafir o.s.frv."

30. Ferðamaðurinn . . . [þarf] ekki að fasta ¶16
Bahá'u'lláh tilgreinir lágmarkstíma ferðalags sem veitir átrúanda undanþágu frá föstu (Sp&Sv 22 og 75). Samantekt á þessum ákvæðum er að finna í kaflanum Skráning og yfirlit, IV. hluta B.V.a.i.–V.

Shoghi Effendi gerir ljóst að þótt ferðalangar séu undanþegnir föstu er þeim frjálst að fasta ef þeir svo kjósa. Hann bendir einnig á að undanþágan eigi við um allan ferðatímann, ekki aðeins þann tíma sem ferðalangurinn er í lest eða bíl o.s.frv.

31. Ferðamaðurinn, hinn sjúki, barnshafandi konur og þær sem hafa á brjósti þurfa ekki að fasta. Guð hefur undanþegið þau sem tákn um náð sína. ¶16

Undanþága frá föstu er veitt veiku fólki og öldruðu (sjá skýringu 14), konum sem hafa á klæðum (sjá skýringu 20), ferðamönnum (sjá skýringu 30), barnshafandi konum og konum með barn á brjósti. Þessi undanþága nær einnig til fólks sem stundar erfiðisvinnu en því er jafnframt ráðlagt *„að sýna lögum Guðs og upphafinni stöðu föstunnar virðingu“* með því að matast *„af hófsemi og í einrúmi“* (Sp&Sv 76). Shoghi Effendi bendir á að Allsherjarhús réttvísinnar muni skilgreina störf sem veita fólki undanþágu frá föstu.

32. Neytið ekki matar og drykkjar frá sólaruppkomu til sólseturs ¶17

Þetta á við um föstutímann. Í einni af töflum sínum segir ‘Abdu’l-Bahá að fasta felist í því að neita sér um mat og drykk og hann bendir einnig á að reykingar sé ákveðið form „drykkjar“. Í arabísku nær sögnin „að drekka“ einnig til reykinga.

33. Mælt er svo fyrir að hver sem trúir á Guð ... skuli dag hvern . . . endurtaka „Alláh-u-Abhá“ níutíu og fimm sinnum. ¶18

„Alláh-u-Abhá“ er arabískt orðasamband sem þýðir „Guð hinn aldýrlegi.“ Það er ein mynd hins mesta nafns Guðs (sjá skýringu 137). Í íslamskri arfsögn segir að eitt af mörgum nöfnum Guðs væri hinn mesti en auðkenni þessa mesta nafns væri þó dulið. Bahá’u’lláh hefur staðfest að hið mesta nafn sé „Bahá.“

Ýmis afbrigði orðsins „Bahá“ eru einnig talin meðal hinna mestu nafna. Ritari Shoghi Effendi útskýrir þetta í bréfi sem ritað var fyrir hans hönd:

> Hið mesta nafn er nafn Bahá’u’lláh. „Yá Bahá’u’l-Abhá“ er ákall sem þýðir: „Ó Þú dýrð allra dýrða!“ „Alláh-u-Abhá“ er kveðja sem merkir: „Guð hinn aldýrlegi.“ Hvorutveggja á við um Bahá’u’lláh. Með Hinu mesta nafni er átt við að Bahá’u’lláh hafi birst í mesta nafni

Guðs, eða með öðrum orðum að Hann sé æðsti opinberandi Guðs.

Kveðjan „Alláh-u-Abhá“ var tekin upp þegar Bahá'u'lláh var í útlegð í Adríanópel. Áður en þessi kveðja er endurtekin níutíu og fimm sinnum á laugun að fara fram (sjá skýringu 34).

34. Laugið yður líka fyrir skyldubænina ¶18

Laugun tengist sérstökum bænum. Hún á að fara fram áður en farið er með skyldubænirnar þrjár, áður en kveðjan „Alláh-u-Abhá“ er endurtekin níutíu og fimm sinnum daglega og áður en farið er með helgiorðin sem velja má í stað skyldubænar og föstu kvenna sem hafa á klæðum (sjá skýringu 20).

Þessi laugun felst í að hendur og andlit eru þvegin áður en farið er með bæn. Hvað varðar lengri skyldubænina fer laugun fram þegar lesin eru ákveðin helgiorð (sjá kaflann Nokkrir textar sem Bahá'u'lláh opinberaði til viðbótar Kitáb-i-Aqdas).

Að laugun hafi meiri þýðingu en þvottur má sjá af þeirri staðreynd að jafnvel þótt biðjandinn hafi baðast strax fyrir skyldubæn er laugun samt nauðsynleg (Sp&Sv 18).

Sé ekkert vatn tiltækt til laugunar á að fara með ákveðin helgiorð fimm sinnum (sjá skýringu 16), og eiga þessi fyrirmæli við um þá sem myndu skaðast af notkun vatns (Sp&Sv 51).

Ítarleg fyrirmæli laganna varðandi laugun eru sett fram í kaflanum Skráning og yfirlit, hluta IV.A.10.a.–g., sem og í Spurningum og svörum 51, 62, 66, 77 og 86.

35. Yður hefur verið bannað að fremja morð ¶19

Bahá'u'lláh endurtekur bann við að ráða öðrum bana í grein 73 í Kitáb-i-Aqdas. Mælt er fyrir um refsingu fyrir morð af yfirlögðu ráði (sjá skýringu 86). Ef um er að ræða manndráp sem ekki er unnið af yfirlögðu ráði er skylt að greiða ákveðnar skaðabætur til fjölskyldu hins látna (sjá Kitáb-i-Aqdas, ¶188).

36. og hjúskaparbrot ¶19

Arabíska orðið „ziná,“ sem hér er þýtt sem „*hjúskaparbrot*“ táknar bæði skírlífisbrot og hjúskaparbrot. Það á ekki aðeins við

um kynferðissamband milli giftrar persónu og þess sem ekki er maki hans eða hennar heldur einnig almennt um samræði utan hjónabands. Ein merking „ziná“ er nauðgun. Eina sektin sem Bahá'u'lláh mælir fyrir um er vegna skírlífisbrots (sjá skýringu 77). Allsherjarhúsi réttvísinnar er látið eftir að ákveða sektir fyrir önnur kynferðisbrot.

37. baktal og óhróður ¶19

Bahá'u'lláh fordæmir ítrekað baktal, róg og tal um ágalla annarra. Í Huldum orðum segir Hann skýrum stöfum: *„Ó, verundarsonur! Hvernig gast þú gleymt þínum eigin ávirðingum og gert þér tíðrætt um ávirðingar annarra? Sá sem þetta gerir kallar yfir sig bölvun Mína.“* Og aftur: *„Ó mannssonur! Þeg yfir syndum annarra meðan þú sjálfur syndgar. Brjótir þú boð þetta munt þú bölvaður verða, því ber Ég sjálfur vitni.“* Þessi stranga áminning er ítrekuð í síðustu bók Hans, *„Bók sáttmála Míns“*: *„Sannlega segi Ég: Tungan er til þess að geta hins góða, saurgið hana ekki með ósæmilegu tali. Guð hefir fyrirgefið yður hið liðna. Héðan í frá verða allir að mæla það sem er rétt og sæmilegt og forðast róg, formælingar og allt sem veldur manninum hryggð.“*

38. Vér höfum skipt arfi í sjö hluta ¶20

Bahá'í erfðalögin eiga aðeins við þegar engin erfðaskrá liggur fyrir, þ.e.a.s. þegar einstaklingur deyr án þess að skilja eftir sig erfðaskrá. Í Kitáb-i-Aqdas (¶109) gerir Bahá'u'lláh sérhverjum átrúanda skylt að gera erfðaskrá. Á öðrum stað segir Hann skýrum stöfum að einstaklingurinn hafi fulla lögsögu yfir eignum sínum og sé frjálst að ákveða hvernig dánarbúi hans eða hennar eigi að skipta og tilgreina í erfðaskrá sinni þá, bahá'ía og aðra, sem eiga að erfa (Sp&Sv 69). Í þessu sambandi hefur Shoghi Effendi gefið eftirfarandi skýringu í bréfi sem ritað var fyrir hans hönd:

> . . . jafnvel þótt bahá'ía sé leyft í erfðaskrá sinni að ganga frá eigum sínum eins og hann sjálfur kýs er honum samt skylt af siðferðis- og samviskuástæðum við gerð erfðaskrár sinnar að hafa ætíð í huga nauðsyn þess að gæta

meginreglu Bahá'u'lláh um félagslegt hlutverk auðsins og forðast með það í huga að auður safnist á hendur fárra einstaklinga eða hópa.

Í Aqdas er langur kafli þar sem Bahá'u'lláh útskýrir bahá'í erfðalögin. Þegar þessi kafli er lesinn ætti að hafa í huga að þótt lögin séu sett fram eins og hinn látni sé karlmaður gilda fyrirmæli Hans, að breyttu breytanda, þegar hinn látni er kona.

Erfðakerfið, sem gerir ráð fyrir skiptingu dánarbús hins látna meðal sjö hópa erfingja (barna, maka, föður, móður, bræðra, systra og kennara), byggir á ráðstöfunum sem Bábinn setti fram í Bayáninum. Helstu þættir bahá'í erfðalaganna þegar erfðaskrá liggur ekki fyrir eru:

1. Sé hinn látni faðir og persónulegur bústaður meðal eigna hans gengur sá bústaður til elsta sonarins (Sp&Sv 34).
2. Eigi hinn látni enga karlkyns afkomendur ganga tveir þriðju hlutar bústaðarins til kvenkyns afkomenda og sá þriðjungur sem eftir er til Húss réttvísinnar (Sp&Sv 41, 72). Sjá skýringu 42 varðandi þau stig í stofnun Húss réttvísinnar sem lögin eiga við um. (Sjá einnig skýringu 44.)
3. Það sem eftir er eignanna skiptist milli erfingjahópanna sjö. Nánari atriði um fjölda hluta sem hver hópur á að fá má finna í kaflanum Spurningar og svör nr. 5, og í Skráning og yfirlit, hluta IV.C.3.a.
4. Ef fleiri en einn erfingi er í einhverjum þessara hópa á að skipta þeim hlut sem fellur til þess hóps jafnt á milli þeirra, hvort sem þeir eru karlar eða konur.
5. Eigi hinn látni enga afkomendur gengur hlutur barnanna til Húss réttvísinnar (Sp&Sv 7, 41).
6. Eigi hinn látni afkomendur og engir aðrir erfingjahópar eru fyrir hendi eða aðeins hluti þeirra ganga tveir þriðju hlutar arfs þeirra til afkomenda og þriðjungur til Húss réttvísinnar (Sp&Sv 7).

7. Sé enginn þessara tilteknu hópa fyrir hendi ganga tveir þriðju hlutar eignanna til systkinabarna hins látna. Ef engin slík eru fyrir hendi ganga sömu hlutar til föður- og móðurbræðra og föður- og móðursystra. Ef þau eru ekki fyrir hendi, til sona þeirra og dætra. Í öllum tilvikum gengur þriðjungurinn sem eftir er til Húss réttvísinnar.
8. Sé enginn þessara fyrrnefndu erfingja fyrir hendi ganga allar eignirnar til Húss réttvísinnar.
9. Bahá'u'lláh segir að þeir sem ekki eru bahá'íar hafi ekki rétt til að erfa bahá'í foreldra sína eða ættingja (Sp&Sv 34). Í bréfi sem ritað var fyrir hönd Shoghi Effendi er bent á að þessar takmarkanir eigi aðeins við „í þeim tilvikum þegar bahá'íi deyr án þess að skilja eftir sig erfðaskrá og þá verður að skipta eignum í samræmi við reglurnar í Aqdas. Að öðru leyti er bahá'ía frjálst að ánafna hverjum sem er eignir sínar án tillits til trúar að því tilskildu að hann skilji eftir sig erfðaskrá þar sem hann gerir grein fyrir óskum sínum." Því getur bahá'íi alltaf séð fyrir maka sínum, börnum eða ættingjum þótt þau séu ekki bahá'íar með því að gera erfðaskrá.

Önnur atriði erfðalaganna eru tekin saman í Skráningu og yfirliti, hluta IV.C.3.a.–o.

39. bræðrum fimm hluti . . . systrum fjóra hluti ¶20

Í kaflanum Spurningar og svör eru þau lagafyrirmæli skýrð sem lúta að erfðahlut bræðra og systra hins látna. Ef bróðir og systir eru samfeðra hinum látna erfir hann eða hún sinn fulla hlut. En séu bróðir eða systir ekki samfeðra fær hann eða hún aðeins tvo þriðju hlutarins en sá þriðjungur sem eftir er gengur til Húss réttvísinnar (Sp&Sv 6). Að auki í þeim tilvikum þegar alsystkini eru meðal erfingja hins látna erfa hálfbræður og hálfsystur sem eru börn móðurinnar ekki (Sp&Sv 53). Hálfbræðurnir og hálfsysturnar fá auðvitað sinn arf frá dánarbúi föður síns.

40. kennurum ¶20

Í töflu ber ʻAbdu'l-Bahá kennara sem annast andlega fræðslu barna saman við *„andlegan föður"* sem *„veitir barni sínu eilíft líf."* Hann útskýrir að þetta sé ástæðan fyrir því að *„kennarar séu taldir til erfingja"* í *„lögum Guðs"*.

Bahá'u'lláh tilgreinir þau skilyrði sem gera kennurum kleift að erfa og þá hluti sem hann eða hún fær (Sp&Sv 33).

41. Þegar Vér heyrðum hróp ófæddra barna tvöfölduðum Vér þeirra hlut og skertum hlut hinna. ¶20

Í erfðalögum Bábsins voru börnum hins látna ánafnaðir níu hlutar sem samanstóðu af 540 hlutum sem svara til tæplega fjórðungs af öllu dánarbúinu. Bahá'u'lláh jók þeirra hlut um helming eða í 1,080 hluta og lækkaði þá sem falla áttu í hlut hinum sex erfingjahópunum. Hann gerir einnig nákvæma grein fyrir tilgangi þessarar helgigreinar og hvað hún felur í sér fyrir skiptingu arfsins (Sp&Sv 5).

42. Húss réttvísinnar ¶21

Þegar Bahá'u'lláh vísar til Húss réttvísinnar í Kitáb-i-Aqdas gerir Hann ekki alltaf ótvíræðan mun á Allsherjarhúsi réttvísinnar og svæðishúsum réttvísinnar en í Aqdas er gerð grein fyrir báðum þessum stofnunum. Hann vísar yfirleitt einfaldlega til *„Húss réttvísinnar"* og opnar fyrir seinni tíma skýringar á því stigi eða stigum stofnunarinnar sem hver lagagrein gæti átt við.

Í töflu þar sem ʻAbdu'l-Bahá fjallar um tekjur svæðissjóðsins nefnir hann arfshlutinn sem engir erfingjar eru að og gefur þannig til kynna að þeir kaflar í Aqdas sem fjalla um erfðir eigi við um svæðishús réttvísinnar.

43. Eigi hinn látni börn en enga erfingja aðra ¶22

Bahá'u'lláh gerir ljóst að *„þessi regla hafi bæði almenna og sértæka merkingu, það er að segja sé einhver erfingjahópur ekki fyrir hendi renna tveir þriðjungar af arfi hans til niðjanna og þriðjungurinn sem eftir stendur til Húss réttvísinnar."* (Sp&Sv 7).

44. Vér höfum ákveðið að bústaður og persónulegur klæðnaður hins látna gangi til karlkyns afkomanda, ekki kvenkyns eða annarra erfingja. ¶25

Í einni af töflum sínum bendir 'Abdu'l-Bahá á að bústaður og persónulegur klæðnaður hins látna verði áfram hjá karlkyns afkomendum. Þeir ganga til elsta sonarins og sé hann ekki fyrir hendi til hins næstelsta o.s.frv. Hann útskýrir að þessi lög vísi til frumburðarréttar sem ævinlega hafi verið haldinn í heiðri í lögum Guðs. Í töflu til fylgjanda trúarinnar í Persíu ritar hann: *„Í öllum guðlegum trúarbrögðum hefur elsta syninum verið sýndur sérstakur heiður. Jafnvel staða spámennsku hefur verið fæðingarréttur hans.“* Þeim heiðri sem veitist elsta syninum fylgja samsvarandi skyldur. Hann ber til dæmis siðferðilega ábyrgð á því gagnvart Guði að annast móður sína og hafa jafnframt í huga þarfir annarra erfingja.

Bahá'u'lláh útskýrir ýmsar hliðar þessa hluta erfðalaganna. Hann segir að ef bústaðir séu fleiri en einn gangi hinn helsti og mikilvægasti til karlkyns afkomanda. Öðrum bústöðum ásamt öðrum eignum hins látna ber að skipta milli erfingjanna (Sp&Sv 34). Hann segir að ef enginn karlkyns afkomandi er fyrir hendi gangi tveir þriðju hlutar helsta bústaðarins og persónulegur fatnaður hins látna föður til kvenkyns afkomenda og einn þriðji til Húss réttvísinnar (Sp&Sv 72). Ennfremur, ef hinn látni er kona segir Bahá'u'lláh að öllum notuðum fatnaði hennar beri að skipta jafnt milli dætra hennar. Ónotuðum fatnaði hennar, skartgripum og eignum á að skipta milli erfingja hennar sem og notuðum fatnaði, eigi hún ekki dætur (Sp&Sv 37).

45. Deyi sonur hins látna meðan faðirinn er á lífi og láti eftir sig börn, erfa þau hlut föður síns ¶26

Þessi lagagrein á aðeins við um son sem látist hefur á undan föður sínum eða móður. Ef dóttir hins látna er látin og skilur eftir sig afkomendur á að skipta hlut hennar í samræmi við þá sjö flokka sem tilgreindir eru í Hinni helgustu bók (Sp&Sv 54).

46. Láti hinn látni eftir sig ólögráða börn skal fela arfshlut þeirra umsjá áreiðanlegs einstaklings ¶27

Orðið „amín“ sem í þessari málsgrein er þýtt sem *„áreiðanlegur einstaklingur“* og *„trúnaðarmaður“* hefur á arabísku víða merkingu sem tengist aðallega hugmyndinni um traustverðleika en merkir einnig eiginleika eins og áreiðanleika, hollustu, trúfesti, heiðarleika, ráðvendni o.s.frv. Á lagamáli merkir „amín“ meðal annars fjárhaldsmaður, ábyrgðarmaður, forráðamaður, verndari og gæslumaður.

47. Skipting búsins skal fyrst fara fram að lokinni greiðslu Réttar Guðs og þegar allar skuldir hafa verið greiddar ásamt útfararkostnaði ¶28

Bahá'u'lláh tilgreinir að forgangsröðin vegna greiðslu á þessum kostnaði sé í fyrsta lagi útfararkostnaður, síðan skuldir hins látna og loks Réttur Guðs (sjá skýringu 125) (Sp&Sv 9). Hann tekur einnig fram að þegar dánarbúið ber þennan kostnað verði greiðsla fyrst að koma úr eftirstöðvum búsins og nægi það ekki, þá úr bústað og persónulegum klæðum hins látna (Sp&Sv 80).

48. Þetta er sú hulda þekking sem aldrei breytist, því að upphaf hennar er með níu ¶29

Í arabíska Bayáninum lýsir Bábinn erfðalögum sínum þannig að þau séu *„í samræmi við hulda þekkingu í Bók Guðs—þekkingu sem aldrei muni breytast eða verða leyst af hólmi.“* Hann segir einnig að tölurnar sem lýsa skiptingu arfsins hafi verið gæddar merkingu sem eigi að hjálpa til að bera kennsl á Hann sem Guð mun birta.

Talan *„níu“* sem hér er nefnd er í arabíska textanum táknuð með bókstafnum „Ṭá“ sem jafngildir níu í abdsjad-kerfinu (sjá orðalista). Þetta er fyrsti þátturinn í skiptingu Bábsins á eignum þar sem Hann segir að *„níu hlutar“* sé hlutur barnanna. Þýðing tölunnar níu felst í því að hún er tölulegt jafngildi hins mesta nafns „Bahá“ sem vísað er til í næsta hluta þessarar helgigreinar sem *„hið hulda og opinberaða, hið ólýtanlega og ótilkvæmilega upphafna nafn.“* (Sjá einnig skýringu 33.)

49. Drottinn hefur ákvarðað að í hverri borg skuli setja á stofn Hús réttvísinnar ¶30

Stofnun Húss réttvísinnar eru kjörin ráð sem starfa á svæðis-, þjóðar- og alþjóðasviði. Í Kitáb-i-Aqdas mælir Bahá'u'lláh fyrir um stofnun Allsherjarhúss réttvísinnar og svæðisbundinna Húsa réttvísinnar. Í erfðaskrá sinni mælir 'Abdu'l-Bahá fyrir um annars stigs (þjóðar- og landshluta) Hús réttvísinnar og útskýrir aðferðina sem nota á við kosningu til Allsherjarhúss réttvísinnar.

Í ofangreindum helgiorðum er vísað til svæðishúss réttvísinnar, sem er stofnun sem kjósa skal á svæðum þar sem níu eða fleiri fullorðnir bahá'íar eru búsettir. Af þessum ástæðum sagði Verndarinn að fullorðinsaldri væri náð við 21 árs aldur og gaf til kynna að Allsherjarhús réttvísinnar gæti breytt því í framtíðinni.

Svæðis- og annars stigs Hús réttvísinnar eru nú um stundir nefnd andleg svæðisráð og þjóðarráð. Shoghi Effendi hefur sagt að þetta séu „tímabundin nöfn" sem

> . . . þegar betri skilningur og fyllri viðurkenning fæst á stöðu og tilgangi bahá'í trúarinnar munu smám saman fá nafnið Hús réttvísinnar sem er varanlegra og meira viðeigandi. Núverandi andleg ráð munu ekki aðeins fá annað nafn í framtíðinni heldur verður þeim einnig gert kleift að auka við núverandi starfsemi sína og fá í hendur vald, skyldur og forréttindi sem af nauðsyn fylgja viðurkenningu á trú Bahá'u'lláh, ekki aðeins sem einu af viðurkenndum trúarkerfum heims heldur sem ríkistrúarbrögðum sjálfstæðs og fullvalda þjóðríkis.

50. að tölu Bahá ¶30

Tölulegt jafngildi „Bahá" er níu. Allsherjarhús réttvísinnar og andleg þjóðar- og svæðisráð hafa nú níu meðlimi hvert en það er sá lágmarksfjöldi sem Bahá'u'lláh kvað á um.

51. Það sæmir þeim að vera trúnaðarmenn Hins miskunnsama meðal manna ¶30

Almennar skyldur og vald Allsherjarhúss réttvísinnar, andlegu þjóðarráðanna og andlegu svæðisráðanna og hæfniskröfur

til meðlima þeirra eru settar fram í ritum Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá, í bréfum Shoghi Effendi og í skýringum Allsherjarhúss réttvísinnar. Helstu þættir í starfi þessara stofnana eru útskýrðir í stofnskrá Allsherjarhúss réttvísinnar og stofnskrám andlegu þjóðar- og svæðisráðanna.

52. taka ráð saman ¶30

Bahá'u'lláh hefur gert samráð að einni af grundvallarreglum trúar sinnar og hvatt átrúendurna að *„taka ráð saman í öllum málefnum."* Hann lýsir samráði sem *„lampa leiðsagnar sem vísar veginn"* og *„veitir skilning."* Shoghi Effendi segir að „meginregla samráðs . . . sé ein af grundvallarreglum" bahá'í stjórnskipunar.

Í kaflanum Spurningar og svör, nr. 99, gerir Bahá'u'lláh grein fyrir því hvernig nálgast eigi samráð og leggur áherslu á mikilvægi samróma samþykkis þegar ákvarðanir eru teknar. Takist það ekki verður ákvörðun meirihlutans að ráða. Allsherjarhús réttvísinnar hefur gert ljóst að þessi leiðsögn varðandi samráð hafi verið opinberuð áður en andlegu ráðin voru sett á stofn og sú leiðsögn hafi verið svar við spurningum um bahá'í kenningar varðandi samráð. Allsherjarhús réttvísinnar staðfestir að tilkoma andlegra ráða, sem vinirnir geta alltaf leitað til um aðstoð, meini þeim á engan hátt að fylgja þeim framgangsmáta sem útskýrður er í kaflanum Spurningar og svör. Þessa nálgun geta vinirnir notað, ef þeir svo kjósa, þegar þeir óska þess að eiga samráð um persónuleg vandamál sín.

53. Reisið tilbeiðsluhús í öllum löndum ¶31

Bahá'í tilbeiðsluhúsið er helgað vegsömun Guðs. Tilbeiðsluhúsið er aðalbygging stofnunar sem nefnist Mashriqu'l-Adhkár (dögunarstaður lofgjörðar til Guðs). Þegar þessi byggingarsamstæða rís í framtíðinni mun hún ásamt tilbeiðsluhúsinu ná yfir margar aðstoðarstofnanir sem helgaðar verða félags-, mannúðar, mennta- og vísindastarfsemi. 'Abdu'l-Bahá lýsir Mashriqu'l-Adhkár sem *„einni mikilvægustu stofnun heims"* og Shoghi Effendi bendir á að hún sé áþreifanlegt dæmi

um samþættingu „bahá'í tilbeiðslu og þjónustu.“ Þegar Shoghi Effendi lítur til framtíðarþróunar þessarar stofnunar sér hann fyrir sér að tilbeiðsluhúsið og aðstoðarstofnanir þess *„veiti aðstoð þjáðum, næringu fátækum, athvarf vegfarendum, hughreystingu sorgmæddum og menntun fáfróðum.“* Í framtíðinni munu bahá'í tilbeiðsluhús verða reist í öllum borgum og bæjum.

54. Drottinn hefur ákvarðað að þeir yðar sem þess eiga kost fari í pílagrímsför til hins helga húss. ¶32

Þessi fyrirmæli eiga við um tvo helgistaði, hús Bábsins í Shíráz og hús Bahá'u'lláh í Bagdað. Bahá'u'lláh hefur tekið fram að pílagrímsför til annars hvors hússins uppfylli kröfurnar sem gerðar eru í þessari grein (Sp&Sv 25, 29). Í tveimur öðrum töflum sem bera nafnið Súriy-Ḥajj (Sp&Sv 10) hefur Bahá'u'lláh mælt fyrir um sérstaka helgisiði sem fylgja skal í sitt hvorri pílagrímsferðinni. Í þessum skilningi felur pílagrímsferðin í sér meira en heimsókn til þessara tveggja húsa.

Eftir uppstigningu Bahá'u'lláh ákvað 'Abdu'l-Bahá að grafhýsi Bahá'u'lláh í Bahjí yrði pílagrímsstaður. Í töflu gefur hann til kynna að *„hið helgasta grafhýsi, hið blessaða hús í Bagdað og heiðrað hús Bábsins í Shíráz“* séu *„helguð pílagrímsför,“* og að *„skylda“* sé að heimsækja þessa staði *„hafi maður á því efni og getu og ekkert komi í veg fyrir ferðina.“* Ekki er mælt fyrir um neina helgisiði í pílagrímsför til hins helgasta grafhýsis.

55. Konur eru þessu undanþegnar sakir náðar Hans. ¶32

Í Bayáninum mælir Bábinn svo fyrir að þeir fylgjendur Hans sem hafa á því efni takist á hendur pílagrímsför einu sinni á ævinni. Hann segir að þessi skylda eigi ekki við um konur til þess að hlífa þeim við erfiði ferðarinnar.

Bahá'u'lláh undanskilur einnig konur frá kröfu um pílagrímsferð. Allsherjarhús réttvísinnar hefur útskýrt að þessi undanþága feli ekki í sér bann og konum sé frjálst að fara í pílagrímsför.

56. að stunda einhverja atvinnu ¶33

Körlum og konum er skylt að leggja fyrir sig verslun eða atvinnu. Bahá'u'lláh segir að *„þátttaka í slíku starfi"* jafngildi *„tilbeiðslu"* til Guðs. Andleg og hagnýt þýðing þessara laga og gagnkvæm ábyrgð einstaklings og þjóðfélags á að hlíta þeim eru útskýrð í bréfi sem ritað var fyrir hönd Shoghi Effendi:

> Hvað varðar tilskipun Bahá'u'lláh um þátttöku átrúendanna í einhverskonar atvinnustarfsemi: Í kenningunum er mjög rík áhersla lögð á þessi mál, sérstaklega í yfirlýsingunni í Aqdas þar sem gert er ljóst að iðjuleysingjar sem skortir löngun til að stunda atvinnu eigi ekki heima í hinni nýju heimsskipan. Bahá'u'lláh segir ennfremur að tilskipuninni fylgi sú regla að ekki skuli aðeins latt til betls heldur skuli það algjörlega kveðið niður í þjóðfélaginu. Það er skylda þeirra sem bera ábyrgð á skipulagi þjóðfélagsins að gefa öllum einstaklingum tækifæri til að afla sér nauðsynlegrar hæfni í einhverju starfi og sjá þeim einnig fyrir leiðum til að beita slíkri hæfni, bæði hennar sjálfrar vegna og til að gera þeim kleift að afla sér lífsviðurværis. Sérhverjum einstaklingi, hver sem fötlun hans eða takmarkanir kunna að vera, er skylt að leggja fyrir sig einhverja starfsgrein eða atvinnu, því samkvæmt Bahá'u'lláh er atvinna ákveðið form tilbeiðslu, sérstaklega þegar hún er unnin í þjónustuanda. Hún hefur ekki aðeins hagnýtan tilgang heldur hefur hún gildi í sjálfu sér því hún færir okkur nær Guði og gerir okkur kleift að skilja betur áform Hans fyrir hvert og eitt okkar í þessum heimi. Það er því augljóst að það eitt að erfa eignir og auð getur ekki veitt neinum undanþágu frá daglegu starfi.

Í einni af töflum sínum segir 'Abdu'l-Bahá að *„sé einhver ófær um að afla sér lífsviðurværis, búi við sára fátækt eða verði hjálparlaus, sé það skylda hinna auðugu eða trúnaðarmannanna að veita mánaðarlegan styrk honum til framfæris. . . . Með „trúnaðarmönnum" er átt við fulltrúa fólksins, það er að segja*

meðlimi Húss réttvísinnar." (Sjá einnig skýringu 162 varðandi betl.)

Sem svar við spurningu um hvort fyrirmæli Bahá'u'lláh krefjist þess að bæði eiginkona og móðir og eiginmaður hennar afli sér lífsviðurværis hefur Allsherjarhús réttvísinnar útskýrt að boð Bahá'u'lláh feli í sér að vinirnir leggi fyrir sig atvinnu sem komi þeim sjálfum og öðrum að gagni og að hússtjórn sé mjög göfugt og ábyrgt starf sem hafi grundvallarþýðingu fyrir þjóðfélagið.

Varðandi starfslausn einstaklinga sem komnir eru á vissan aldur segir Shoghi Effendi í bréfi sem ritað var fyrir hans hönd að „þetta sé málefni sem Alþjóðlegt hús réttvísinnar muni setja um lög þar sem engin fyrirmæli eru í Aqdas þar að lútandi."

57. Að kyssa á hendur er bannað í Bókinni. ¶34

Í nokkrum eldri trúarbrögðum og á vissum menningarsvæðum var gert ráð fyrir að hendur trúarleiðtoga (klerka) eða fyrirmenna væru kysstar til marks um þá virðingu sem borin var fyrir slíkum einstaklingum og sem tákn um undirgefni við myndugleika þeirra. Bahá'u'lláh bannar handakossa og í töflum sínum fordæmir Hann siði á borð við þá að krjúpa frammi fyrir öðrum og aðra hegðun sem lítillækkar einn frammi fyrir öðrum. (Sjá skýringu 58.)

58. Engum leyfist að leita aflausnar hjá annarri sál ¶34

Bahá'u'lláh bannar syndajátningar og að leita afláts synda hjá öðrum. Í stað þess eigi að biðja Guð fyrirgefningar. Í Bishárát töflunni segir Hann að *„slík játning frammi fyrir öðrum leiði til auðmýkingar og niðurlægingar.*" Hann staðfestir að Guð *„vilji ekki að þjónar Hans séu niðurlægðir.*"

Shoghi Effendi setur þetta bann í samhengi. Ritari hans skrifaði fyrir hans hönd að okkur sé

> . . . bannað að játa syndir okkar og vankanta frammi fyrir öðrum líkt og kaþólskir gera hjá prestum sínum eða að játa syndir á almannafæri eins og siður er sumra sértrúarflokka. Ef við hinsvegar viljum sjálfviljug játa

að við höfum gert eitthvað rangt eða höfum einhverja skapgerðarbresti og biðjum aðra persónu fyrirgefningar á því er okkur alveg frjálst að gera það.

Allsherjarhús réttvísinnar hefur einnig gert ljóst að bann Bahá'u'lláh við syndajátningu komi ekki í veg fyrir að einstaklingur viðurkenni yfirsjónir sínar í samráði sem fram fer innan vébanda bahá'í stofnana. Einnig útilokar það ekki möguleika á að leita ráða hjá nánum vini eða faglegum ráðgjafa varðandi slík mál.

59. Meðal manna er sá sem sest við dyrnar þar sem menn draga skó af fótum sér en girnist í hjarta sínu heiðurssessinn. ¶36

Sá siður hefur tíðkast í Austurlöndum að fara úr sandölum og skóm áður en gengið er inn á mannamót. Sá hluti salarins sem fjærstur er innganginum er talinn mikilvægasti hluti hans og þar eiga þeir að sitja sem njóta mestrar virðingar. Aðrir sitja í lækkandi tignarröð að dyrum þar sem skór og sandalar hafa verið skildir eftir og þar sem hinir lægst settu áttu að sitja.

60. Og meðal manna er sá sem kveðst búa yfir innri þekkingu ¶36

Hér er vísað til fólks sem gerir tilkall til leyndrar þekkingar og sem með fastheldni við slíka þekkingu hylja sig frá opinberanda Guðs. Á öðrum stað segir Bahá'u'lláh: *„Þeir sem tilbiðja hjáguðinn sem ímyndanir þeirra hafa smíðað og kalla hann innri veruleika, slíkir menn eru í sannleika taldir til heiðingjanna.“*

61. Hve margir hafa ekki leitað einveru í héruðum Indlands, neitað sér um það sem Guð hefur heimilað, beitt sjálfa sig harðræði og sjálfspínslum ¶36

Þessi helgiorð fela í sér bann við munklífi og meinlætum. Sjá Skráning og yfirlit, hluti IV.D. I.Y.III.-IV. Í Orðum paradísar skýrir Bahá'u'lláh nánar þessi fyrirmæli. Hann segir: *„Einsetulíf og meinlæti eru ekki þóknanleg í návist Guðs.“* Hann hvetur viðkomandi til að *„hafa í heiðri það sem veldur gleði og geislan.“*

Hann hvetur þá sem hafa *„gert sér bústað í fjallshellum“ eða „leitað í kirkjugarða að næturþeli“* að hverfa frá slíku hátterni og Hann leggur ríkt á við þá að svipta sig ekki „gjöfum“ þessa heims sem Guð hafi skapað fyrir mennina. Og þótt Hann í Bishárát töflunni staðfesti *„frómar gerðir“* munka og presta hvetur Hann þá til að *„snúa baki við lífi í einveru og beina för sinni til hins opna heims og taka sér það fyrir hendur sem gagnar sjálfum þeim og öðrum.“* Hann heimilar þeim einnig *„að ganga í hjónaband til þess að þeir megi eignast afkomanda sem minnast mun Guðs.“*

62. Hver sá sem gerir tilkall til beinnar opinberunar frá Guði áður en full þúsund ár eru liðin ¶37

Trúarkerfi Bahá'u'lláh mun standa fram að komu næsta opinberanda Guðs, sem kemur ekki fram á sjónarsviðið fyrr en eftir að minnsta kosti *„full þúsund ár“*. Bahá'u'lláh varar við að *„þessi helgu orð“* séu túlkuð með nokkrum öðrum hætti en *„augljós merking þeirra“* gefur til kynna. Í einni af töflum sínum segir Hann að í *„hverju ári“* þessa þúsund ára tímabils séu *„tólf mánuðir samkvæmt Kóraninum og nítján mánuðir með nítján dögum hver, samkvæmt Bayáninum.“*

Opinberunin sem Bahá'u'lláh fékk í Síyáh-Chál í Teheran í október 1852 markar upphaf spámannlegs ætlunarverks Hans og þarafleiðandi upphaf þeirra þúsund ára eða meira sem líða munu áður en næsti opinberandi Guðs kemur fram á sjónarsviðið.

63. Þetta er það sem Vér vöruðum við þegar Vér dvöldum í Írak, og síðar í landi leyndardómsins og nú á þessum geislandi stað. ¶37

„Land leyndardómsins“ vísar til Adríanópel og *„þessi geislandi staður“* vísar til Akká.

64. Meðal manna er sá sem hreykir sér af lærdómi sínum og . . . sem í eigin augum verður máttugri en Nimrod þegar hann heyrir skóhljóð þeirra sem ganga á hæla honum. ¶41

Í Austurlöndum var það venja fylgjenda trúarleiðtoga að ganga einu eða tveimur skrefum á eftir þeim í lotningarskyni.

65. Nimrod ¶41

Nimrod sem vísað er til í þessum orðum er samkvæmt gyðinglegum og íslömskum trúarritum konungur sem ofsótti Abraham. Nafn hans varð tákn ofdrambs.

66. Aghṣán ¶42

„Aghṣán“ (fleirtala af Ghuṣn) er arabískt orð sem merkir „greinar.“ Þetta heiti notar Bahá'u'lláh um karlkyns niðja sína. Það hefur sérstaka þýðingu ekki aðeins hvað varðar ráðstöfun eigna heldur einnig hver erfir valdsumboð að Bahá'u'lláh og 'Abdu'l-Bahá látnum (sjá skýringu 145). Í Bók sáttmálans skipaði Bahá'u'lláh 'Abdu'l-Bahá, elsta son sinn, Miðju sáttmála síns og leiðtoga trúarinnar. Í erfðaskrá sinni skipaði 'Abdu'l-Bahá elsta afason sinn, Shoghi Effendi, Verndara og leiðtoga trúarinnar.

Þessi grein í Aqdas gerir því ráð fyrir erfðaröð útvalinna Aghṣán, og þar með Verndarstofnuninni, og í henni er séð fyrir að þessi röð muni rofna. Þegar Shoghi Effendi lést árið 1957 kom einnig til þess rofs sem gert er ráð fyrir í greininni þar sem Aghṣán erfðaröðinni lauk áður en Allsherjarhús réttvísinnar var stofnað (sjá skýringu 67).

67. hverfa aftur til fylgjenda Bahá ¶42

Bahá'u'lláh sér fyrir þann möguleika að Aghṣán erfðaröðin rofni áður en Allsherjarhús réttvísinnar verði stofnað. Hann mælir svo fyrir að undir slíkum kringumstæðum *„hverfi eignir aftur til fylgjenda Bahá.“* Orðin *„fylgjendur Bahá“* er notað í mismunandi merkingu í bahá'í ritunum. Í þessu tilviki er þeim lýst sem þeim *„sem ekki tala án leyfis Hans og fella ekki dóma nema í samræmi við það sem Guð hefur ákvarðað í þessari töflu.“*

Eftir andlát Shoghi Effendi 1957 önnuðust Hendur málstaðar Guðs yfirstjórn trúarinnar uns Allsherjarhús réttvísinnar var kosið 1963 (sjá skýringu 183).

68. Rakið ekki höfuð yðar. ¶44

Í sumum trúarhefðum er talið æskilegt að höfuð sé rakað. Bahá'u'lláh bannar höfuðrakstur og gerir ljóst að fyrirmælin í töflu Hans Súriy-i-Ḥajj varðandi höfuðrakstur pílagríma til hússins helga í Shíráz hafi verið leyst af hólmi með þessari grein í Kitáb-i-Aqdas (Sp&Sv 10).

69. ekki við hæfi að láta hár vaxa niður fyrir eyru ¶44

Shoghi Effendi hefur gert ljóst að þessi lagagrein sem bannar að hár sé látið vaxa niður fyrir eyru eigi aðeins við um karlmenn ólíkt banninu við höfuðrakstri. Beiting þessara laga þarfnast nánari útskýringa Allsherjarhúss réttvísinnar.

70. Ákvarðað er að þjófurinn sæti útlegð og fangelsun ¶45

Bahá'u'lláh segir að ákvörðun um refsingu í samræmi við alvarleika brotsins sé á valdi Húss réttvísinnar (Sp&Sv 49). Refsingar fyrir þjófnað eru hugsaðar fyrir þjóðfélag framtíðar þegar Allsherjarhús réttvísinnar mun kveða nánar á um þær og beita þeim.

71. við þriðja brot auðkennið hann með merki á enninu til þess að ekki verði við honum tekið í borgum Guðs og löndum Hans. ¶45

Merkið sem sett skal á enni þjófsins gegnir þeim tilgangi að vara aðra við hneigðum hans. Öll atriði varðandi þetta merki, hvernig það skuli sett á, hversu lengi þurfi að ganga með það, hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til þess að það verði fjarlægt auk alvarleika ýmissa tegunda þjófnaða hefur Bahá'u'lláh látið Allsherjarhúsi réttvísinnar eftir að ákvarða þegar lögunum verður beitt.

72. Frjálst er hverjum sem það vill að nota ílát úr silfri eða gulli. ¶46

Í Bayáninum leyfir Bábinn notkun gull- og silfurílláta og nemur þannig úr gildi fordæmingu íslams á notkun þeirra. Sú fordæming á sér ekki stoð í skýru banni Kóransins heldur í arfsögnum múslíma. Bahá'u'lláh staðfestir hér ákvörðun Bábsins.

73. Þegar þér neytið fæðu varist að dýfa hendinni í innihald skála og diska. ¶46

Shoghi Effendi segir að þetta sé bann við að „dýfa hendi sinni í fæðu." Í mörgum heimshlutum hefur það verið til siðs að borða með höndunum úr sameiginlegu íláti.

74. Temjið yður sem mesta siðfágun í venjum yðar. ¶46

Þetta er hin fyrsta allmargra efnisgreina sem fjalla um mikilvægi fágunar og hreinlætis. Arabíska orðið „laṭáfah" sem hér er þýtt sem *„siðfágun,"* hefur víða andlega og efnislega merkingu svo sem glæsileik, þokka, hreinlæti, hæversku, kurteisi, mildi, fínleika og góðsemi sem og fágun, helgun og hreinleika. Til samræmis við aðra kafla þar sem það kemur fyrir hefur það annaðhvort verið þýtt sem „siðfágun" eða „hreinlæti".

75. Hann sem er dagsbrún málstaðar Guðs á sér engan jafningja í hinum æðsta óskeikulleika. ¶47

Í Ishráqát töflunni staðfestir Bahá'u'lláh að hinn æðsti óskeikulleiki einskorðist við opinberanda Guðs.

Kafli 45 í bókinni *Some Answered Questions* er helgaður útskýringu 'Abdu'l-Bahá á þessum orðum í Aqdas. Þar leggur hann meðal annars áherslu á að *„óskeikulleiki"* verði í eðli sínu ekki aðskilinn opinberendum Guðs. Hann segir að *„allt sem frá þeim kemur er sannleikur og í samræmi við veruleikann,"* og að *„þeir standa ekki í skugga fyrri laga"* og *„hvaðeina sem þeir segja er orð Guðs og allt sem þeir taka sér fyrir hendur er heiðursvert."*

76. Sérhverjum föður hefur verið gert að skyldu að uppfræða son sinn og dóttur í lestri og skrift ¶48

Í töflum sínum vekur 'Abdu'l-Bahá ekki aðeins athygli á ábyrgð foreldra á menntun barna sinna heldur tekur sérstaklega fram að *„meiri nauðsyn beri til að þjálfa og mennta dætur en syni"* þar sem stúlkur eigi eftir að verða mæður og mæðurnar séu fyrstu fræðarar nýrrar kynslóðar. Ef fjölskylda hefur ekki tækifæri til að mennta öll börn sín hafa dæturnar forgang því með menntuðum mæðrum getur gagnsemi þekkingar aukist hraðast og borist með áhrifamestum hætti um allt þjóðfélagið.

77. Guð hefur lagt fésekt á sérhvern hórsekan karl og konu og skal hún goldin til Húss réttvísinnar ¶49

Þótt orðið sem hér er þýtt sem hórsekt eigi í víðustu merkingu sinni við um ólögmætt samræði milli giftra eða ógiftra einstaklinga (sjá skýringu 36 á skilgreiningu orðsins) hefur 'Abdu'l-Bahá tekið fram að álögð sekt gildi hér um kynferðissamband ógiftra. Hann gefur til kynna að það sé á valdi Allsherjarhúss réttvísinnar að ákveða sekt fyrir hjúskaparbrot gifts einstaklings. (Sjá einnig Sp&Sv 49.)

Í einni af töflum sínum vísar 'Abdu'l-Bahá til nokkurra þeirra andlegu og félagslegu þátta sem tengjast brotum á siðferðislögum og sektina sem hér um ræðir. Hann bendir á að tilgangur þessara laga sé að gera öllum ljóst að slík hegðun sé skammarleg í augum Guðs og í þeim tilfellum þar sem hægt er að staðfesta brotið og leggja sektina á sé helsti tilgangurinn sá að afhjúpa hina brotlegu – að þeir uppskeri hneisu og vansæmd í augum þjóðfélagsins. Hann staðfestir að slík afhjúpun sé í sjálfu sér mesta refsingin.

Hús réttvísinnar sem vísað er til í þessari grein er líklega svæðishús réttvísinnar sem nú gengur undir nafninu andlegt svæðisráð.

78. níu mithqál gulls og tvöfaldast upphæðin við endurtekið brot ¶49

Mithqál er þyngdareining. Þyngd þess mithqál sem notaður er í Miðausturlöndum jafngildir 24 nakhud. Sá mithqál sem bahá'íar nota er hinsvegar 19 nakhud *„samkvæmt leiðbeiningum Bayánsins“* (Sp&Sv 23). Núverandi þyngd níu þessara mithqál er 32,775 grömm eða 1,05374 únsur samkvæmt dýrgripavog.

Í tengslum við beitingu sektarinnar hefur Bahá'u'lláh tilgreint með skýrum hætti að sérhver viðbótarsekt sé helmingi hærri en sú fyrri (Sp&Sv 23). Þannig hækkar álögð sekt með jöfnu hlutfalli. Álagning þessarar sektar er ætluð framtíðarþjóðfélagi en þá munu lögin verða útfærð nánar og þau framkvæmd af Allsherjarhúsi réttvísinnar.

79. Vér höfum heimilað yður að hlýða á tónlist og söng. ¶51

'Abdu'l-Bahá ritaði að *„meðal vissra þjóða í Austurlöndum var tónlist talin ámælisverð.“* Þótt ekki sé neina sérstaka leiðsögn um þetta að finna í Kóraninum telja sumir múslímar að óheimilt sé að hlýða á tónlist en aðrir umbera tónlist innan vissra marka og með sérstökum skilyrðum.

Í bahá'í ritum er marga staði að finna þar sem lof er borið á tónlist. 'Abdu'l-Bahá segir t.d. að *„tónlist, sungin eða leikin, sé andleg næring fyrir hjarta og sál.“*

80. Ó þér menn réttlætis! ¶52

Í ritum 'Abdu'l-Bahá og Shoghi Effendi er útskýrt að þótt aðild að Allsherjarhúsi réttvísinnar einskorðist við karla séu bæði konur og karlar kjörgeng til annars stigs- og svæðishúss réttvísinnar (sem nú ganga undir nöfnunum andleg þjóðar- og svæðisráð).

81. Refsingar fyrir að ljósta aðra persónu eða valda henni áverka fara eftir alvarleika meiðslanna. Sérhverju stigi hefur Drottinn dómsins úrskurðað ákveðnar bætur. ¶56

Bahá'u'lláh tók sérstaklega fram að umfang sektar miðaðist við *„alvarleika meiðslanna"*. Þó er engar heimildir að finna um að Hann hafi tilgreint upphæð skaðabóta fyrir hvert stig brotsins. Ákvörðun um slíkt er á valdi Allsherjarhúss réttvísinnar.

82. Yður er vissulega skylt að bjóða til hátíðar einu sinni í mánuði hverjum ¶57

Með þessum fyrirmælum var stofnað til bahá'í hátíðarinnar einu sinni í mánuði og þau eru því grundvöllur nítján daga hátíðarinnar. Í arabíska Bayáninum hvatti Bábinn fylgjendur sína til að koma saman á nítján daga fresti til að sýna gestrisni og vináttu. Hér staðfestir Bahá'u'lláh orð Bábsins og skýrir einingarhlutverk slíkra viðburða.

'Abdu'l-Bahá og Shoghi Effendi, að 'Abdu'l-Bahá gengnum, hafa varpað ljósi á stofnanalega þýðingu þessara fyrirmæla. 'Abdu'l-Bahá lagði áherslu á mikilvægi þeirra andlegu og guðrækilegu þátta sem einkenna þessa samfundi. Auk þess sem Shoghi Effendi útskýrir frekar þá þætti tilbeiðslu og félagslegra samvista sem hátíðin hefur, þróaði hann stjórnskipulegan þátt hennar. Í skipulagi hátíðarinnar er gert ráð fyrir samráðshluta um málefni bahá'í samfélagsins auk þess sem á henni er miðlað fréttum og skilaboðum.

Í svari við spurningu um hvort þessi fyrirmæli feli í sér skyldu segir Bahá'u'lláh að svo sé ekki (Sp&Sv 48). Í bréfi sem ritað var fyrir hönd Shoghi Effendi er að finna þessa athugasemd:

> Mæting á nítján daga hátíðina er ekki skylda en hún er mjög mikilvæg og sérhver átrúandi ætti að telja það skyldu sína og forréttindi að sækja hátíðina.

83. Ef þér notið dýr eða ránfugla við veiðar ákallið nafn Guðs þegar þér sendið þá eftir bráðinni, því þá er allt sem þeir veiða yður heimilt jafnvel þótt það sé lífvana. ¶60

Með þessum lögum einfaldar Bahá'u'lláh mjög venjur og trúarreglur sem fyrr á tímum sneru að veiðum. Hann sagði einnig að þessi lög taki til veiða með vopnum á borð við boga og örvar, byssur og þessháttar en bannað sé að neyta bráðar finnist hún dauð í gildru eða neti (Sp&Sv 24).

84. Varist þó að veiða í óhófi. ¶60

Þótt Bahá'u'lláh banni ekki veiðar varar Hann við að þær séu stundaðar í óhófi. Allsherjarhús réttvísinnar mun þegar þar að kemur fjalla um hvað teljist vera óhófleg veiði.

85. Hann hefur ekki gefið þeim neinn rétt til eigna annarra. ¶61

Fyrirmæli þess efnis að ættingjum Bahá'u'lláh sé sýnd góðvild gefur þeim ekki rétt til hlutdeildar í eignum annarra. Þetta er í andstöðu við venju shíah múslíma þar sem afkomendum Múhameðs í beinan ættlegg er gefinn réttur til hlutdeildar í vissum skatttekjum.

86. Þann sem af ráðnum hug eyðir húsi í eldi skuluð þér einnig brenna. Taki einhver vísvitandi líf annars manns skuluð þér einnig lífláta hann. ¶62

Í lögum Bahá'u'lláh er mælt fyrir um dauðarefsingu fyrir morð og íkveikju að yfirlögðu ráði en lífstíðarfangelsi er valkostur (sjá skýringu 87).

Í töflum sínum útskýrir 'Abdu'l-Bahá muninn á hefnd og refsingu. Hann staðfestir að einstaklingar hafi ekki rétt til hefnda, að hefnd sé fordæmanleg í augum Guðs og að tilgangur refsingar sé ekki hefnd heldur hegning fyrir framið brot. Í *Some Answered Questions* staðfestir hann að þjóðfélagið hafi rétt til að refsa glæpamönnum með það fyrir augum að vernda meðlimi þess og þjóðfélagið sjálft.

Varðandi þessi ákvæði hefur Shoghi Effendi í bréfi sem ritað var fyrir hans hönd gefið eftirfarandi skýringu:

> Í Aqdas hefur Bahá'u'lláh ákveðið að refsing fyrir morð sé líflát. Hann hefur hinsvegar heimilað lífstíðarfangelsi í þess stað. Hvorutveggja er í samræmi við lög Hans. Sum okkar skilja ef til vill ekki viskuna að baki þessu þegar það gengur þvert á okkar eigin takmarkaða skilning, en við verðum að samþykkja hana í fullri vissu þess að fullkomin viska Hans, miskunn og réttlæti eru hjálpræði öllum heimi. Væri maður dæmdur til dauða og reyndist saklaus gætum við ekki trúað því að alvaldur Guð myndi bæta honum upp þetta mannlega ranglæti þúsundfalt í næsta heimi? Það er ekki hægt að leggja heillavænleg lög til hliðar aðeins vegna þess að í sjaldgæfum tilvikum kunni saklausum að vera refsað.

Bahá'u'lláh tilgreindi ekki nánari atriði varðandi bahá'í lög um refsingu fyrir morð og íkveikju að yfirlögðu ráði en allt eru það lög ætluð þjóðfélagi framtíðar. Ýmis atriði laganna, eins og umfang brotsins, hvort taka eigi tillit til mildandi aðstæðna og hvor þessara refsinga eigi við, er á valdi Allsherjarhúss réttvísinnar að ákveða í ljósi ríkjandi aðstæðna þegar lögin taka gildi. Ákvörðun um hvernig refsingar skuli framkvæmdar er einnig á valdi Allsherjarhúss réttvísinnar.

Hvað varðar íkveikju af yfirlögðu ráði er refsing háð því hvaða *„hús“* er brennt. Það er augljóslega mikill munur á alvarleika brots þess sem kveikir í tómu vöruhúsi eða þess sem leggur eld að skóla fullum af börnum.

87. Yður er einnig heimilt að dæma brennuvarginn og morðingjann í lífstíðarfangelsi samkvæmt ákvæðum Bókarinnar. ¶62

Í svari við spurningu um þessa grein í Aqdas segir Shoghi Effendi að þótt dauðarefsing sé heimiluð megi velja „lífstíðarfangelsi“ í hennar stað og „milda þannig til muna svo þungan dóm.“ Hann segir að „Bahá'u'lláh hafi gefið okkur valkosti og þannig látið ákvörðunarvaldið í okkar hendur innan þeirra marka sem lög

Hans setja.“ Án sérstakrar leiðsagnar varðandi beitingu þessara bahá’í laga hefur Allsherjarhús réttvísinnar heimild til að setja lög um þessi mál í framtíðinni.

88. Guð hefur boðið yður að ganga í hjónaband. ¶63
Í einni af töflum sínum segir Bahá’u’lláh að Guð hafi með setningu þessara laga gert hjónaband að *„virki velfarnaðar og hjálpræðis.“*

Í kaflanum Skráning og yfirlit, hluta IV.C.I.A.–O. eru tekin saman og samræmd ákvæðin í Kitáb-i-Aqdas og kaflanum Spurningar og svör varðandi hjónaband og aðstæður sem heimila það (Sp&Sv 3, 13, 46, 50, 84, og 92), lög um heitbindingu (Sp&Sv 43), greiðslu heimanmundar (Sp&Sv 12, 26, 39, 47, 87, og 88), þær leiðir sem á að fara ef maki er lengi að heiman (Sp&Sv 4 and 27) og ýmsar aðrar aðstæður (Sp&Sv 12 og 47). (Sjá einnig skýringar 89–99.)

89. Varist að ganga að eiga fleiri en tvær konur. Hver sá sem lætur sér nægja eina þjónustumey Guðs að maka, bæði hann og hún munu lifa í friði og ró. ¶63
Þótt texti Kitáb-i-Aqdas virðist leyfa tvíkvæni segir Bahá’u’lláh að einkvæni fylgi gleði og rósemi. Í annarri töflu leggur Hann áherslu á mikilvægi þess að einstaklingurinn hagi sér þannig *„að það færi honum sjálfum og maka hans hugarfró.“* ‘Abdu’l-Bahá, útnefndur túlkandi bahá’í helgirita, segir að samkvæmt texta Aqdas sé einkvæni skylda. Hann útskýrir þetta málefni í allmörgum töflum, meðal annars eftirfarandi:

> *Vita skalt þú að lög Guðs leyfa ekki fjölkvæni því þar eru skýr ákvæði um að maður láti sér nægja eina konu. Það skilyrði er sett fyrir annarri eiginkonu að ávallt ríki jafnræði og réttlæti milli þessara tveggja eiginkvenna. En að gæta jafnræðis og réttlætis gagnvart tveimur eiginkonum er fullkomlega útilokað. Sú staðreynd að skilyrði fyrir tvíkvæni er óframkvæmanlegt er skýr sönnun þess að það er algjörlega bannað. Þess vegna er manninum ekki leyfilegt að eiga fleiri en eina eiginkonu.*

Fjölkvæni er ævaforn siður meirihluta mannkyns. Opinberendur Guðs hafa innleitt einkvæni hægum skrefum. Jesús bannaði t.d. ekki fjölkvæni en nam skilnað úr gildi nema þegar um hjúskaparbrot var að ræða. Múhameð takmarkaði fjölda eiginkvenna við fjórar en gerði réttlæti að skilyrði fyrir fjórkvæni og gaf leyfi til skilnaðar. Bahá'u'lláh opinberaði kenningar sínar í samfélagi múslíma og kynnti mál sem varða einkvæni smám saman í samræmi við meginreglur visku og stighækkandi skilning á markmiði sínu. Sú staðreynd að Hann skipaði fylgjendum sínum óskeikulan túlkanda rita sinna gerði Honum hið ytra kleift að leyfa tvær eiginkonur í Kitáb-i-Aqdas en staðfesta skilyrði sem gaf 'Abdu'l-Bahá síðar heimild til að útskýra að tilgangur laganna væri einkvæni.

90. sá sem vill ráða vinnustúlku í þjónustu sína má gera það að gættu velsæmi ¶63

Bahá'u'lláh segir að karlmaður megi ráða þjónustustúlku til heimilisstarfa. Þetta var ekki leyft í shíah íslam nema vinnuveitandinn gerði við hana hjúskaparsamning. Bahá'u'lláh leggur áherslu á að með *„þjónustunni"* sem tilgreind er í þessari grein sé eingöngu átti við *„þá launuðu þjónustu sem aðrar stéttir þjónustufólks, ungt og aldið, veita."* (Sp&Sv 30). Vinnuveitandi hefur engan kynferðislegan rétt til þjónustustúlku sinnar. Henni er *„frjálst að velja sér eiginmann hvenær sem henni líst"* því að verslun með konur er bönnuð (Sp&Sv 30).

91. Þetta er boð Mitt yður til handa, haldið það staðfastlega sjálfum yður til fulltingis. ¶63

Þótt hvatt sé til hjúskapar í Kitáb-i-Aqdas útskýrir Bahá'u'lláh að hjónaband sé ekki skylda (Sp&Sv 46). Shoghi Effendi segir einnig í bréfi sem ritað var fyrir hans hönd að „hjúskapur sé á engan hátt skylda" og hann staðfestir að „það sé að endingu á valdi hvers einstaklings að ákveða hvort hann vill lifa fjölskyldulífi eða skírlífi." Þurfi einhver að bíða töluverðan tíma áður en hann eða hún finnur sér maka, eða gangi að endingu ekki í hjónaband, merkir það ekki að einstaklingnum sé þar

með ókleift að uppfylla tilgang sinn í lífinu—tilgang sem í grundvallaratriðum er andlegs eðlis.

92. Því höfum Vér . . . sett það skilyrði að foreldrar þeirra samþykki ráðahaginn ¶65

Í bréfi sem ritað var fyrir hönd Shoghi Effendi er fjallað um þetta ákvæði laganna:

> Bahá'u'lláh gefur skýrt til kynna að samþykki allra lifandi foreldra þurfi fyrir bahá'í hjónavígslu. Þetta á við hvort sem foreldrarnir eru bahá'íar eða ekki, hafi verið skilin í mörg ár eða ekki. Hann hefur sett þessi voldugu lög til að styrkja samfélagsgerðina, treysta fjölskylduböndin og innræta börnum ákveðið þakklæti og virðingu í garð þeirra sem báru þau í heiminn og sendu sálir þeirra af stað í eilífa ferð sína í átt til skaparans.

93. Ekki má stofna til hjúskapar án greiðslu heimanmundar ¶66

Í kaflanum Skráning og yfirlit, hluta IV.C.I.J.I.–V. eru tekin saman helstu ákvæðin sem varða heimanmund. Þessi ákvæði eiga sér undanfara í Bayáninum.

Brúðgumi á að greiða brúði heimanmundinn. Hann er 19 mithqál skíragulls fyrir borgarbúa og 19 mithqál silfurs fyrir aðra (sjá skýringu 94). Bahá'u'lláh gefur til kynna að ef brúðgumi geti ekki reitt allan heimanmundinn af hendi þegar brúðkaup fer fram sé honum heimilt að afhenda brúðinni skuldbindandi bréf (Sp&Sv 39).

Opinberun Bahá'u'lláh felur í sér endurskilgreiningu á mörgum kunnuglegum hugtökum, siðum og stofnunum og gefur þeim nýja merkingu. Eitt þeirra er heimanmundurinn. Heimanmundur er ævaforn siður á mörgum menningarsvæðum og tekur á sig ýmsar myndir. Í sumum löndum greiða foreldrar brúðarinnar brúðgumanum heimanmundinn, annarsstaðar greiðir brúðguminn foreldrum brúðarinnar og nefnist það „brúðarverð". Í báðum þessum tilvikum er upphæðin oft veruleg. Í lögum Bahá'u'lláh eru öll slík frávik numin úr gildi og

heimanmundurinn verður táknræn athöfn þar sem brúðguminn afhendir brúði sinni gjöf sem hefur ákveðið takmarkað verðgildi.

94. fyrir borgarbúa ... nítján mithqál í skíragulli og sömu upphæð í silfri fyrir landsbyggðarfólk. ¶66

Bahá'u'lláh tilgreinir að mælikvarðinn á ákvörðun heimanmundar sé staðurinn þar sem brúðguminn hefur fasta búsetu, ekki brúðurin (Sp&Sv 87, 88).

95. Hverjum sem hækka vill þessa upphæð er óheimilt að fara yfir níutíu og fimm mithqál ... En geri hann sér að góðu lægstu upphæðina væri það honum sæmra samkvæmt Bókinni. ¶66

Í svari við spurningu um heimanmundinn sagði Bahá'u'lláh:

> *Allt sem opinberað er í Bayáninum varðandi þá sem búa í borgum og utan þeirra er samþykkt og ber að framkvæma. En í Kitáb-i-Aqdas er lægsta upphæðin nefnd. Átt er við nítján mithqál silfurs sem Bayáninn tilgreinir fyrir aðra en borgarbúa. Þetta er þóknanlegra Guði að því tilskildu að báðir aðilar séu því samþykkir. Tilgangurinn er sá að stuðla að allra hag og koma til leiðar samhljómi og einingu meðal manna. Því meiri gaumur sem þessum málum er gefinn, þeim mun hagfelldari verða þau ... Fylgjendur Bahá verða að samneyta og umgangast hvern annan af mikilli ást og einlægni. Þeir ættu að hafa hagsmuni allra í huga, sérstaklega vina Guðs.*

Í einni af töflum sínum tekur 'Abdu'l-Bahá saman nokkur þeirra ákvæða sem lögð eru til grundvallar upphæð heimanmundar. Grunneining þeirrar greiðslu sem nefnd er í útdrættinum hér að neðan er „váḥid." Eitt váḥid jafngildir nítján mithqál. Hann sagði:

> *Borgarbúar eiga að greiða í gulli og aðrir í silfri. Þetta er háð efnahag brúðgumans. Sé hann fátækur greiðir hann eitt váḥid, sé hann bjargálna greiðir hann tvö váḥid, sé hann efnaður þrjú váḥid, sé hann vel efnum búinn fjögur*

váþid og sé hann auðugur lætur hann fimm váþid af hendi Þetta eru í sannleika mál sem varðar samning milli brúðguma, brúðar og foreldra þeirra. Hvert sem samkomulagið er ber að fylgja því.

Í þessari sömu töflu hvetur 'Abdu'l-Bahá átrúendur til að vísa spurningum varðandi þessi lög til Allsherjarhúss réttvísinnar sem hafi *„lagasetningarvald"* Hann leggur áherslu á að *„það sé þessi stofnun sem muni setja lög og reglur um minniháttar mál sem ekki er kveðið skýrt á um í hinum helga texta."*

96. hyggist einn þjóna Hans ferðast verði hann að fastsetja heimkomutímann með eiginkonu sinni. ¶67

Fari eiginmaður að heiman án þess að tilkynna konu sinni hvenær hann komi aftur, engar fréttir berast af honum og ekkert spyrst til hans segir Bahá'u'lláh að hafi eiginmanninum verið kunnugt um lagaákvæðin í Kitáb-i-Aqdas megi eiginkonan giftast aftur eftir eins árs bið. Hafi eiginmanninum hinsvegar ekki verið kunnugt um lögin verður eiginkonan að bíða uns hún fær fréttir af eiginmanni sínum (Sp&Sv 4).

97. er henni skylt að bíða í níu mánuði og eftir það er ekkert því til fyrirstöðu að hún taki sér annan eiginmann ¶67

Ef eiginmaður kemur ekki aftur í lok hins tiltekna tíma eða lætur eiginkonu sína ekki vita af töfinni verður eiginkonan að bíða í níu mánuði og síðan er henni frjálst að giftast aftur þótt æskilegra sé að hún bíði lengur (sjá skýringu 147).

Bahá'u'lláh segir að ef eiginkonu hans berist við slíkar aðstæður fréttir um *„dauða hans eða morð"* verði hún einnig að bíða í níu mánuði áður en hún giftist aftur (Sp&Sv 27). 'Abdu'l-Bahá hefur í töflu útskýrt að níu mánaða biðtíminn eftir að fréttist af láti eiginmannsins eigi aðeins við hafi eiginmaðurinn verið í burtu þegar hann lést, ekki hafi hann dáið heima.

98. ætti hún að velja þá leið sem er lofsverð ¶67
Bahá'u'lláh skilgreinir *„leiðina sem er lofsverð“* sem *„iðkun þolinmæði“* (Sp&Sv 4).

99. tveggja réttlátra vitna ¶67
Bahá'u'lláh setur *„mælikvarða réttlætis“* varðandi vitni sem *„hafa á sér gott orð meðal manna.“* Hann segir að ekki sé nauðsynlegt að vitnin séu bahá'íar þar sem *„vitnisburður allra þjóna Guðs, hvaða trú eða trúarhópi sem þeir tilheyra er þóknanlegur frammi fyrir hásæti Hans.“* (Sp&Sv 79).

100. Vakni þykkja eða andúð milli eiginmanns og eiginkonu skal hann ekki skilja við hana heldur bíða þolinmóður í eitt ár ¶68
Bahá'í kenningarnar fordæma stranglega hjónaskilnað. Vakni hinsvegar andúð eða þykkja milli makanna er hjónaskilnaður leyfilegur að liðnu einu ári. Á þessu ári þolinmæðinnar er eiginmanni skylt að sjá konu sinni og börnum farborða og hjónin eru hvött til að jafna ágreining sinn. Shoghi Effendi staðfestir að bæði eiginmaður og eiginkona „hafi sama rétt til að fara fram á skilnað“ hvenær sem annar aðilinn „telji það algjörlega nauðsynlegt.“

Í kaflanum Spurningar og svör skýrir Bahá'u'lláh nokkur mál sem varða ár þolinmæðinnar og hvað gera skuli meðan á því stendur (Sp&Sv 12). Hann staðfestir upphaf þess (Sp&Sv 19 og 40), aðstæður sáttaumleitana (Sp&Sv 38) og hlutverk vitna og svæðishúss réttvísinnar (Sp&Sv 73 og 98). Hvað varðar vitnin hefur Allsherjarhús réttvísinnar gert ljóst að á þessum tíma fari andlegu ráðin með skyldur vitna þegar hjónaskilnaður er annarsvegar.

Nánari ákvæði bahá'í laga um skilnað eru rakin í kaflanum Skráning og yfirlit, hluta IV.C.2.a.–i.

101. Drottinn hefur . . . lagt bann við því ráði sem þér gripuð til áður fyrr þegar þér þrívegis sögðuð skilið við konu. ¶68

Hér er vísað til laga í íslam sem sett eru í Kóraninum þess efnis að undir vissum kringumstæðum geti maður ekki kvænst konunni sem hann skildi við nema að hún hafi gift sig og annar maður skilið við hana. Bahá'u'lláh staðfestir að þessi siður sé bannaður í Kitáb-i-Aqdas (Sp&Sv 31).

102. Sá sem skilur við konu sína getur að hverjum mánuði liðnum kosið að giftast henni aftur þegar fyrir hendi er gagnkvæm ást og samþykki, og hafi hún ekki tekið sér annan eiginmann . . . nema ljóst sé að kringumstæður hennar breytist. ¶68

Shoghi Effendi segir í bréfi sem ritað var fyrir hans hönd að merking orðanna „að hverjum mánuði liðnum" eigi ekki að fela í sér takmörkun og að mögulegt sé fyrir hjón sem hafa skilið að giftast aftur hvenær sem er eftir skilnaðinn, svo fremi báðir aðilar séu ógiftir.

103. að sæði sé ekki óhreint ¶74

Í allmörgum trúarlegum arfsögnum og trúarvenjum shíah múslíma var sæði lýst óhreint samkvæmt helgisiðum. Hér vísar Bahá'u'lláh þessari hugmynd á bug. Sjá einnig skýringu 106 að neðan.

104. Gerið fágun að slíku haldreipi ¶74

'Abdu'l-Bahá vísar til þeirra áhrifa sem *„hreinleiki og heilagleiki, þrifnaður og siðfágun"* hafi á *„mannlega reisn"* og *„þroska innri veruleika mannsins."* Hann segir: *„Hreinn og flekklaus líkami hefur áhrif á mannsandann."* (Sjá einnig skýringu 74.)

105. Þvoið allt sem óhreint er með vatni sem engum breytingum hefur tekið í neinum af þremur einkennum sínum ¶74

„Einkennin þrjú" sem vísað er til í þessum helgiorðum eru

breytingar á lit, bragði og lykt vatnsins. Bahá'u'lláh veitir auk þess leiðsögn varðandi hreint vatn og hvenær það skuli teljast óhæft til notkunar (Sp&Sv 91).

106. hefur Guð einnig numið úr gildi hugtakið „óhreinn" sem notað var til að lýsa fólk og ýmsa hluti óhreina. ¶75

Bahá'u'lláh ógildir hugmyndina um „óhreinleika" samkvæmt helgisiðum eins og hugtakið var túlkað og iðkað meðal nokkurra ættbálka og trúarsamfélaga í sumum eldri trúarbrögðum. Hann segir að með opinberun sinni hafi *„öllu sem skapað er verið sökkt í haf hreinleikans"* (Sjá einnig skýringar 12, 20 og 103.)

107. fyrsta degi Riḍván ¶75

Hér er vísað til komu Bahá'u'lláh og félaga Hans til Najíbíyyih garðsins fyrir utan Bagdað, sem bahá'íar nefndu síðar Riḍván garðinn. Þessi atburður átti sér stað þrjátíu og einum degi eftir Naw-Rúz í apríl 1863 og var upphaf þess að Bahá'u'lláh lýsti yfir köllun sinni í návist félaga sinna. Hann vísar í töflu til þessarar yfirlýsingar sem *„hins æðsta gleðidags"* og Hann lýsir Riḍván garðinum sem *„staðnum þaðan sem Hann úthellti yfir allt sköpunarverkið ljóma nafns síns, hins almiskunnsama."* Bahá'u'lláh dvaldi tólf daga í garðinum áður en Hann hélt til Istanbúl, þangað sem Hann hafði verið gerður útlægur.

Yfirlýsing Bahá'u'lláh er haldin hátíðlega á hverju ári með tólf daga Riḍván hátíðinni sem Shoghi Effendi lýsir sem „hinni helgustu og þýðingarmestu allra bahá'í hátíða" (sjá skýringar 138 og 140).

108. Bayáninum ¶77

Bayáninn, móðurbók Bábí trúarkerfisins, er nafnið sem Bábinn gaf lagabók sinni og það er einnig notað um öll rit Hans. Persneski Bayáninn inniheldur kenningakerfi laganna sem Bábinn setti og er meginhirsla þeirra. Arabíski Bayáninn er hliðstæður hinum persneska hvað efni snertir en minni að vöxtum og ekki eins þungvægur. Þegar Shoghi Effendi fjallaði

um Bayáninn í bók sinni *God Passes By* benti hann á að bókina ætti fyrst og fremst að skoða sem „lofgjörð til Hins fyrirheitna fremur en lagabálk og fyrirmæli sem verða ætti varanleg leiðsögn komandi kynslóðum."

'Abdu'l-Bahá hefur ritað: *„Kitáb-i-Aqdas hefur komið í stað Bayánsins að undanskildum þeim lögum sem tilgreind eru og staðfest í Kitáb-i-Aqdas."*

109. eyðingu bóka ¶77

Í Ishráqát vísar Bahá'u'lláh til þeirrar staðreyndar að Bábinn hafi sett lög Bayánsins með fyrirvara um samþykki Bahá'u'lláh. Hann kveðst hafa staðfest nokkur laga Bábsins og *„tekið þau með í Kitáb-i-Aqdas með öðru orðalagi"* en sett önnur til hliðar.

Hvað varðar eyðingu bóka mælir Bayáninn svo fyrir að fylgjendur Bábsins eyði öllum bókum öðrum en þeim sem ritaðar voru til að réttlæta málstaðinn og trú Guðs. Bahá'u'lláh nemur úr gildi þessi sérstöku lög Bábsins.

Hvað varðar eðli og alvöru laga Bayánsins hefur Shoghi Effendi sagt í bréfi sem ritað var fyrir hans hönd:

> Þau ströngu lög og fyrirmæli sem Bábinn opinberaði er aðeins hægt að skilja og meta réttilega þegar þau eru túlkuð í ljósi Hans eigin orða um eðli, tilgang og einkenni opinberunar Hans. Eins og skýrt kemur fram í þessum orðum var trú Bábsins að eðli til trúarleg og raunar þjóðfélagsleg bylting og varð því þess vegna að vera skammlíf en full harmrænna atburða, yfirgripsmikilla og róttækra umbóta. Þær vægðarlausu ráðstafanir sem Bábinn og fylgjendur Hans beittu höfðu þann tilgang að grafa undan sjálfum undirstöðum shíah rétttrúnaðarins og ryðja þannig brautina fyrir komu Bahá'u'lláh. Til þess að standa fast á sjálfstæði hins nýja trúarkerfis og undirbúa um leið jarðveginn fyrir opinberun Bahá'u'lláh sem var í vændum varð Bábinn að opinbera mjög ströng lög, jafnvel þótt flestum þeirra hafi aldrei verið beitt. En sú staðreynd ein saman að Hann opinberaði þau var staðfesting á sjálfstæðum einkennum trúarkerfis Hans

og nægði til að skapa svo mikið umrót og espa hluta klerkaveldisins til slíkrar andstöðu að þeir komu til leiðar píslarvættisdauða Hans.

110. Vér höfum leyft yður að leggja stund á vísindagreinar sem koma yður að gagni, ekki þær sem enda í fánýtu karpi ¶77

Bahá'í ritin hvetja til þekkingaröflunar og náms í listum og vísindum. Bahá'íar eru hvattir til að virða fólk lærdóms og athafna og eru varaðir við að leggja stund á nám sem aðeins leiðir til fánýtra deilna.

Í töflum sínum ráðleggur Bahá'u'lláh átrúendunum að leggja stund á vísindi og listir sem koma að *„gagni"* og stuðla að *„framförum og þróun"* þjóðfélagsins. Hann varar við vísindum sem *„byrja á orðum og enda á orðum"* og leiði til *„fáfengilegs karps."* Í bréfi sem ritað var fyrir hönd Shoghi Effendi líkir hann vísindum sem byrja á orðum og enda á orðum við „árangurslausar háspekilegar vangaveltur og hártoganir" og í öðru bréfi útskýrir hann að það sem Bahá'u'lláh hafi fyrst og fremst átt við með slíkum „vísindum" séu „guðfræðirit og útlistanir sem íþyngja huga mannsins í stað þess að hjálpa honum að leita sannleikans."

111. Hann sem ræddi við Guð ¶80

Þetta er hefðbundinn titill Móse meðal Gyðinga og múslíma. Bahá'u'lláh segir að með opinberun sinni hafi *„eyrum mannsins hlotnast þau forréttindi að heyra það sem Hann heyrði sem ræddi við Guð á Sinaí."*

112. Sinaí ¶80

Fjallið þar sem lög Guðs voru opinberuð Móse.

113. Anda Guðs ¶80

Þetta er einn af titlum Jesú Krists í ritum í íslam og bahá'ía.

114. Karmel . . . Zíon ¶80

Karmel, „Víngarður Guðs", er fjallið í landinu helga þar sem

grafhýsi Bábsins og heimsmiðstöð trúarinnar standa.

Zíon er hæð í Jerúsalem, sem samkvæmt arfsögn er legstaður Davíðs konungs og táknræn fyrir Jerúsalem sem helga borg.

115. örkinni fagurrauðu ¶84

„Örkin fagurrauða“ vísar til málstaðar Bahá'u'lláh. Fylgjendur Hans eru nefndir *„félagar hinnar fagurrauðu arkar.“* Bábinn ber lof á þá í Qayyúmu'l-Asmá'.

116. Ó keisari Austurríkis! Hann sem er dagsbrún ljóss Guðs dvaldi í fangelsinu í Akká þegar þú heimsóttir Aqsá moskuna. ¶85

Frans Jósef (1830–1916), keisari Austurríkis og konungur Ungverjalands, fór í pílagrímsferð til Jerúsalem 1869. Meðan hann var í landinu helga notaði hann ekki tækifærið til að spyrjast fyrir um Bahá'u'lláh sem þá var fangi í Akká.

Aqsá moskan, í bókstaflegi þýðingu „fjarlægasta“ moskan, er nefnd í Kóraninum. Hún stendur á musterishæðinni í Jerúsalem.

117. Ó konungur Berlínar! ¶86

Vilhjálmur I keisari (Wilhelm Friedrich Ludwig, 1797–1888) var sjöundi konungur Prússlands og var krýndur fyrsti keisari Þýskalands í janúar 1871 í Versölum í Frakklandi eftir sigur Þjóðverja yfir Frökkum í fransk-prússneska stríðinu.

118. Minnst þú hans sem var voldugri en þú og æðri að tign ¶86

Hér er vísað til Napóleons III Frakklandskeisara (1808–1873) sem margir sagnfræðingar töldu fremsta einvald síns tíma á Vesturlöndum.

Bahá'u'lláh beindi tveimur töflum til Napóleons III. Í hinni síðari spáði Hann að konungdæmis Napóleons biði *„glundroði“*, að *„veldi hans myndi líða undir lok“* og að *„mikið umrót“* biði þjóðar hans.

Innan árs beið Napóleon III ósigur fyrir Vilhjálmi I keisara

í orrustunni við Sedan 1870. Hann fór í útlegð til Englands þar sem hann lést þremur árum síðar.

119. Ó íbúar Konstantínópel! ¶89
Orðið sem hér er þýtt sem *„Konstantínópel“* er í frumritinu „Ar-Rúm“ eða „Róm.“ Þetta orð var almennt notað í Miðausturlöndum um Konstantínópel og austrómverska keisaraveldið sem þá var Býsansborg og veldi hennar, síðar Ottómanveldið.

120. Ó borg við strendur hafanna tveggja! ¶89
Þetta er tilvísun til Konstantínópel sem nú heitir Istanbúl. Borgin er stærsta borg og hafnarborg Tyrklands. Hún liggur við Bospórussund sem er um 31 km langt og tengir Svarta hafið og Marmarahaf.

Konstantínópel var höfuðborg Tyrkjaveldis frá 1453 til 1922. Meðan Bahá'u'lláh dvaldi í borginni komst einræðisherrann 'Abdu'l-'Azíz soldán til valda. Tyrkjasoldánar voru einnig kalífar, þ.e. leiðtogar sunní-greinar íslam. Bahá'u'lláh sá fyrir fall kalífadæmisins sem leið undir lok 1924.

121. Ó bakkar Rínarfljóts! ¶90
Í einni af töflum sínum sem rituð var fyrir fyrri heimsstyrjöldina (1914–1918) útskýrði 'Abdu'l-Bahá að orð Bahá'u'lláh þess efnis að Hann hafi séð Rínarbakka „blóði drifna“ ættu við um fransk-prússneska stríðið (1870–1871) og að meiri þjáningar væru framundan.

Í *God Passes By* segir Shoghi Effendi að „hinn gríðarlega strangi og íþyngjandi samningur“ sem Þjóðverjum var gert að undirrita eftir ósigurinn í fyrri heimsstyrjöldinni „hafi valdið „kveini [Berlínar]“ sem svo uggvænlega hafði verið spáð hálfri öld áður.“

122. Ó land Ṭá ¶91
„Ṭá“ er upphafsstafur orðsins Teheran, höfuðborgar Íran. Bahá'u'lláh hefur oft kosið að vísa til ákveðinna staða með

upphafsstaf þeirra. Samkvæmt abdsjad-kerfinu er tölugildi Ṭá níu sem jafnframt er tölugildi nafnsins Bahá.

123. í þér fæddist opinberandi dýrðar Hans ¶92
Hér er vísað til fæðingar Bahá'u'lláh í Teheran 12. nóvember 1817.

124. Ó land Kh<u>á</u>! ¶94
Tilvísun til íranska héraðsins Kh<u>u</u>rásán og nágrannasvæða, þar á meðal borgarinnar 'Ish<u>q</u>ábád (Askabad).

125. Eignist maður hundrað mi<u>th</u>qál gulls, tilheyra nítján þeirra Guði . . . og skal gjalda Honum. ¶97
Með þessum helgiorðum stofnar Bahá'u'lláh Ḥuqúqu'lláh, Rétt Guðs. Réttur Guðs felur í sér framlag ákveðins hluta af verðmæti þess sem er í eigu átrúandans. Þetta framlag gekk til Bahá'u'lláh sem opinberanda Guðs og síðan eftir uppstigningu Hans til 'Abdu'l-Bahá sem Miðju sáttmálans. Í erfðaskrá sinni sá 'Abdu'l-Bahá til þess að Réttur Guðs væri lagður fram *„fyrir Verndara málstaðar Guðs."* Þar sem Verndarans nýtur ekki lengur við gengur Rétturinn til Allsherjarhúss réttvísinnar sem æðstu stofnunar trúarinnar. Þessi sjóður er notaður til að efla trú Guðs og hagsmuni hennar og í ýmsu mannúðarskyni. Framlag til Réttar Guðs er andleg skylda sem sérhver bahá'í verður að eiga við samvisku sína. Þótt samfélagið sé minnt á þarfir Réttar Guðs má ekki fara þess á leit við einstaka átrúendur að hann sé greiddur.

Nokkur atriði í kaflanum Spurningar og svör skýra þessi lög betur. Greiðsla Réttar Guðs er byggð á útreikningi á verðmæti einstaklingseignar. Jafngildi eignir að minnsta kosti nítján mi<u>th</u>qál gulls (Sp&Sv 8), er andleg skylda að greiða nítján prósent af allri upphæðinni einu sinni til Réttar Guðs (Sp&Sv 89). Í hvert sinn sem tekjur, að greiddum öllum tilkostnaði, auka verðmæti eigna um að minnsta kosti nítján mi<u>th</u>qál gulls á að greiða nítján prósent af þeirri aukningu. (Sp&Sv 8, 90).

Sérstakir eignaflokkar, svo sem bústaður, eru undanþegnir

greiðslu til Réttar Guðs (Sp&Sv 8, 42, 95) og gerð er grein fyrir sérstökum ráðstöfunum vegna tilvika sem varða fjárhagslegt tap (Sp&Sv 44, 45), óarðsemi fjárfestinga (Sp&Sv 102) og greiðslu á Rétti Guðs þegar um andlát er að ræða (Sp&Sv 9, 69, 80). (Varðandi það síðastnefnda sjá skýringu 47.)

Í samantekt sem nefnist Réttur Guðs er að finna yfirgripsmikla útdrætti úr töflum, kaflanum Spurningar og svör og öðrum ritum um andlega merkingu Réttar Guðs auk nánari skýringa á útfærslu.

126. Átrúendurnir hafa borið ýmsar bænaskrár fram fyrir hásæti Vort varðandi lög frá Guði ... Vér höfum af þeim sökum opinberað þessa helgu töflu og fært hana í skikkju laga Hans, til þess að fólkinu megi auðnast að halda boð Drottins síns. ¶98

„Í allmörg ár“ segir Bahá'u'lláh í einni af töflum sínum *„hafa bænaskrár verið bornar fram fyrir hina helgustu návist frá ýmsum löndum með beiðni um lög Guðs en Vér höfum haldið aftur af penna Vorum fram til hinnar tilsettu stundar.“* Bahá'u'lláh opinberaði ekki Kitáb-i-Aqdas, sem geymir lög trúarkerfis Hans, fyrr en tuttugu árum eftir að Honum opinberaðist spámannleg köllun sín í Síyáh-Chál í Teheran. Jafnvel eftir opinberun Aqdas birti Hann þessi lög ekki um nokkurt skeið en síðan voru þau send vinunum í Persíu. Þessi guðdómlega áformaða töf á opinberun grundvallarlaga Guðs fyrir þessa öld og hægfara gildistaka fyrirmæla hennar er staðfesting á meginreglunni um stighækkandi opinberun sem er í gildi jafnvel á meðan opinberandinn gegnir ætlunarverki sínu.

127. fagurrauða staðar ¶100

Hér er vísað til til fangelsisborgarinnar Akká. Í bahá'í ritum er orðið „fagurrauður“ notað í ýmsum táknrænum skilningi. (Sjá einnig skýringu 115.)

128. Sadratu'l-Muntahá ¶100

Orðasambandið „hinn fjarlægasti lótusviður“ hefur Shoghi

Effendi þýtt sem *„tréð á leiðarenda“*, Þetta hugtak er notað sem tákn í íslam, t.d. í frásögninni um næturferð Múhameðs, til að marka þann stað á himnum þar sem vegferð manna og engla til Guðs lýkur. Það táknar því endimörk þeirrar þekkingar á Guði sem opinberuð er mannkyni. Af þeim sökum er það iðulega notað í bahá'í helgiritum til að tákna sjálfan opinberanda Guðs. (Sjá einnig skýringu 164.)

129. móðurbókin ¶103

Orðið „móðurbókin“ er almennt notað til að tákna miðlæga bók hvers trúarkerfis. Í Kóraninum og í íslömskum arfsögnum táknar orðið Kóraninn sjálfan. Í trúarkerfi Bábsins er Bayáninn móðurbókin og Kitáb-i-Aqdas er móðurbók trúarkerfis Bahá'u'lláh. Auk þess hefur Verndarinn sagt í bréfi sem ritað var fyrir hans hönd að þetta hugtak megi einnig nota sem „sameiginlegt heiti kenninganna sem Bahá'u'lláh opinberaði.“ Þetta orð er einnig notað í víðari merkingu til að tákna guðlega hirslu opinberunar.

130. Hver sá sem túlkar það sem sent hefur verið niður frá himni opinberunar og breytir augljósri merkingu þess ¶105

Í allmörgum töflum staðfestir Bahá'u'lláh muninn á táknrænum helgiorðum sem opin eru fyrir túlkun og helgigreinum sem varða málefni á borð við lög og fyrirmæli, tilbeiðslu og trúarathafnir sem hafa augljósa merkingu og gera kröfu til hlýðni átrúendanna.

Eins og fram kemur í skýringum 145 og 184 útnefndi Bahá'u'lláh 'Abdu'l-Bahá, elsta son sinn, arftaka sinn og túlkanda kenninganna. 'Abdu'l-Bahá gerði að sínu leyti elsta afason sinn, Shoghi Effendi, að arftaka sínum sem túlkanda hinna helgu rita og að Verndara málstaðarins. Litið er svo á að túlkanir 'Abdu'l-Bahá og Shoghi Effendi lúti guðlegri leiðsögn og séu bindandi fyrir bahá'ía.

Tilvist bindandi túlkana kemur ekki í veg fyrir að einstaklingurinn geti stundað rannsókn á kenningunum

og túlkað þær samkvæmt sínum eigin skilningi. Skýr greinarmunur er hinsvegar gerður í bahá'í helgiritum á bindandi túlkun og þeim skilningi sem hver og einn aflar sér með rannsókn á kenningum trúarinnar. Einstakar túlkanir einstaklinga sem byggjast á skilningi þeirra á kenningunum eru ávöxtur af beitingu mannlegrar skynsemi og geta stuðlað að betri skilningi á trúnni. Slíkar skoðanir eru hinsvegar ekki bindandi og skortir myndugleika. Þegar einstaklingar kynna persónulegar hugmyndir sínar eru þeir varaðir við að hafna myndugleika hins opinberaða orðs, deila ekki við bindandi túlkun og taka ekki þátt í deilum, heldur kynna hugmyndir sínar sem framlag til þekkingar og gera ljóst að um þeirra eigin skoðanir er að ræða.

131. Nálgist ekki persnesku almenningsböðin ¶106

Bahá'u'lláh leggur bann við notkun lauga í hefðbundnum almenningsböðum Persíu. Í þessum böðum var venja að margir gengu í sömu laug og að sjaldan væri skipt um vatn í þeim. Vatnið tók því á sig lit, varð óhreint og heilsuspillandi og af því lagði mikinn daun.

132. Forðist einnig illþefjandi laugar í görðum persneskra heimila ¶106

Laugar voru í görðum flestra húsa í Persíu. Þær voru notaðar sem þró fyrir vatn til þrifa, þvotta og annarra heimilisnota. Þar sem vatnið í lauginni var staðið og yfirleitt ekki skipt út vikum saman gat komið af því mikill daunn.

133. Yður er bannað að kvænast eiginkonum feðra yðar. ¶107

Hér er skýrt bann lagt við því að maður kvænist stjúpmóður sinni. Þetta bann gildir einnig um konu og stjúpföður hennar. Þegar Bahá'u'lláh setur lög milli karla og kvenna á það, að breyttu breytanda, við um konur og karla nema samhengið útiloki slíkt.

'Abdu'l-Bahá og Shoghi Effendi staðfestu að þótt stjúp-

mæður séu aðeins einn hópur þeirra ættingja sem nefndir eru í textanum þýði það ekki að öll önnur hjónabönd innan fjölskyldu séu leyfileg. Bahá'u'lláh segir að Hús réttvísinnar hafi lagaheimild til að skera úr um „lögmæti eða ólögmæti þess að giftast ættingjum sínum." (Sp&Sv 50). 'Abdu'l-Bahá hefur ritað að því minni sem skyldleikinn er á milli hjóna þeim mun betra, því að slík hjónabönd séu grundvöllur fyrir líkamlegri velferð mannkynsins og stuðli að vináttu meðal manna.

134. málefni drengja ¶107

Í arabíska frumtextanum hefur orðið sem hér er þýtt sem „drengir" merkinguna kynferðissamband karlmanns og drengs. Shoghi Effendi hefur túlkað þessa tilvísun sem forboð gegn allri samkynhneigð.

Samkvæmt bahá'í kenningum um siðgæði í kynferðismálum er hjónabandið og fjölskyldan undirstaða mannlegs samfélags. Kenningunum er ætlað að vernda og styrkja þessa guðlegu stofnun. Bahá'í lögin takmarka þannig leyfilegt kynferðislegt samneyti við karl og konu í hjúskap.

Í bréfi sem ritað var af hálfu Shoghi Effendi segir:

> Hversu einlæg og ágæt sem ástin er á milli fólks af sama kyni er rangt að hún fái útrás í kynferðisathöfnum. Að segja að slík ást sé fullkomin er ekki afsökun. Siðleysi af öllu tagi er í raun bannað af Bahá'u'lláh og Hann lítur á tengsl samkynhneigðra sem slíkt auk þess sem þau eru andstæð náttúrunni. Það er mikil byrði fyrir samviskusama sál að búa við slíka áþján en með ráðum og aðstoð lækna og einbeittri og sterkri viðleitni og bæn getur sál sigrast á þessari fötlun.

Bahá'u'lláh heimilar Allsherjarhúsi réttvísinnar að ákveða viðurlög fyrir hjúskaparbrot og sódómsku í samræmi við umfang brotsins (Sp&Sv 49).

135. Engum leyfist að muldra fyrir munni sér heilagt orð á almannafæri þegar hann gengur á götu eða markaðstorgi. ¶108

Hér er vísað til þeirrar venju vissra klerka og trúarleiðtoga í eldri trúarbrögðum sem af hræsni og sýndarmennsku muldruðu bænir á almannafæri til þess að sýna guðrækni og auka hróður sinn í augum fylgjendanna. Bahá'u'lláh bannar slíka hegðun og leggur áherslu á mikilvægi auðmýktar og ósvikinnar hollustu við Guð.

136. Öllum er skylt að gera erfðaskrá. ¶109

Samkvæmt kenningum Bahá'u'lláh er einstaklingnum skylt að skrifa erfðaskrá og honum er frjálst að ganga frá eigum sínum eins og honum líst (sjá skýringu 38).

Bahá'u'lláh staðfestir að arfleifandi *„hafi fulla lögsögu yfir eignum sínum"* þar sem Guð hafi heimilað hverjum og einum *„að fara með það sem Guð hefur gefið honum á hvern þann hátt sem hann kýs"* (Sp&Sv 69). Fyrirmæli í Kitáb-i-Aqdas eiga við um skiptingu arfs þegar erfðaskrá liggur ekki fyrir. (Sjá skýringar 38–48.)

137. Hið mesta nafn ¶109

Eins og fram kemur í skýringu 33 getur hið mesta nafn Guðs tekið á sig ýmsar myndir sem allar byggja á orðinu „Bahá". Bahá'íar í Austurlöndum hafa framkvæmt þessi fyrirmæli Aqdas með því að hefja erfðaskrár sínar á orðum eins og „Ó Þú dýrð allra dýrða," „Í nafni Guðs hins aldýrlega" eða „Hann er hinn aldýrlegi" o.s.frv.

138. Allar hátíðir hafa fullkomnast í tveimur hinna mestu hátíða og tveimur öðrum hátíðum sem ber upp á tvenndardagana. ¶110

Í þessari grein er grunnur lagður að fjórum helstu hátíðum bahá'í ársins. *„Hinar tvær mestu hátíðir"* sem Bahá'u'lláh nefnir svo eru Riḍván hátíðin þar sem minnst er yfirlýsingar Bahá'u'lláh á ætlunarverki sínu í Riḍván garðinum í Bagdað á

tólf daga tímabili í apríl/maí 1863 og sem Hann nefnir *„konung hátíða“*. Hin er yfirlýsingarhátíð Bábsins, tengd deginum þegar Hann kunngerði köllun sína í maí 1844 í Shíráz. Fyrsti, níundi og tólfti dagur Riḍván hátíðarinnar eru helgidagar (Sp&Sv 1), og hið sama gildir um yfirlýsingarhátíð Bábsins.

Hinar *„hátíðarnar tvær“* eru afmælisdagar Bahá'u'lláh og Bábsins. Í tunglári múslíma falla þær á tvo daga í röð. Bahá'u'lláh fæddist á öðrum degi Muḥarram mánaðar 1233 A.H. (12. nóvember 1817) og Bábinn á fyrsta degi sama mánaðar 1235 A.H. (20. október 1819). Dagarnir nefnast því „tvenndarafmælin“ og Bahá'u'lláh segir að þessir tveir dagar séu fyrir augliti Guðs einn og hinn sami (Sp&Sv 2). Hann segir að ef þá ber upp í föstumánuði falli fyrirmælin um föstu úr gildi þá daga (Sp&Sv 36). Þar sem bahá'í tímatalið (sjá skýringar 26 og 147) miðast við sólár fellur það í hlut Allsherjarhúss réttvísinnar að ákveða hvort tvenndarafmælin helgu skuli haldin hátíðleg á grundvelli sól- eða tunglárs.

139. fyrsta dag mánaðarins Bahá ¶111

Í bahá'í tímatalinu er fyrsta mánuði ársins og fyrsta degi hvers mánaðar gefið nafnið „Bahá“. Dagurinn Bahá í mánuðinum Bahá er því nýársdagur bahá'ía, Naw-Rúz, sem Bábinn gerði að hátíðisdegi og Bahá'u'lláh staðfestir í þessari lagagrein (sjá skýringar 26 og 147).

Auk helgidaganna sjö sem mælt er fyrir um í Kitáb-i-Aqdas var dags píslarvættis Bábsins einnig minnst sem helgidags meðan Bahá'u'lláh lifði og 'Abdu'l-Bahá bætti við minningardeginum um uppstigningu Bahá'u'lláh. Helgidagarnir verða því alls níu talsins. Tveggja annarra árlegra minningardaga er einnig minnst en vinna er ekki lögð niður á þeim dögum, þ.e. Degi sáttmálans og minningardegi um andlát 'Abdu'l-Bahá. Sjá kaflann um bahá'í tímatalið í *The Bahá'í World*, bindi XVIII.

140. Hin mesta hátíð er að sönnu konungur hátíða. ¶112

Tilvísun til Riḍván hátíðarinnar (sjá skýringar 107 og 138).

141. Guð hafði fyrr á tímum gert sérhverjum átrúanda skylt að færa hásæti Voru ómetanlegar gjafir úr eigu sinni . . . Vér höfum nú leyst þá undan þessari skyldu. ¶114

Í þessari grein eru numin úr gildi fyrirmæli Bayánsins um að alla ómetanlega hluti skuli færa Honum sem Guð mun birta þegar Hann komi fram. Bábinn útskýrði að þar sem opinberandi Guðs ætti sér engan jafningja tilheyrðu allir óviðjafnanlegir hlutir Honum með réttu nema Hann ákvarðaði annað.

142. í dögun ¶115

Með tilvísun til dögunarbæna í Mashriqu'l-Adhkár, bahá'í tilbeiðsluhúsinu, útskýrir Bahá'u'lláh að þótt sá tími dags sem tiltekinn er í bók Guðs sé *„stund dögunar"* sé heimilt að hlýða á þessar bænir hvenær sem er að morgni, eða *„strax þegar birtir af degi, milli dögunar og sólarupprásar, eða jafnvel allt að tveimur klukkustundum eftir sólarupprás"* (Sp&Sv 15).

143. Þessar töflur eru prýddar innsigli Hans sem lét birta af degi og hóf upp raust sína milli himins og jarðar. ¶117

Bahá'u'lláh staðfestir ítrekað að rit Hans séu orð Guðs, skýlaus og sönn. Innsigli Hans er á sumum taflna Hans. Í *The Bahá'í World*, bindi V, bls. 4, er ljósmynd af nokkrum innsiglum Bahá'u'lláh.

144. Óheimilt er að maður sem gæddur hefur verið skynsemi, neyti þess sem rænir henni. ¶119

Í bahá'í ritum eru margar tilvísanir sem banna neyslu víns og annarra áfengra drykkja og sem lýsa skaðlegum áhrifum slíkra vímuefna á manninn. Í einni af töflum sínum segir Bahá'u'lláh:

> *Varist að skipta á víni Guðs og yðar eigin víni því það sljóvgar huga yðar og beinir sjónum yðar frá ásýnd Guðs, hins aldýrlega, hins óviðjafnanlega, hins ótilkvæmilega. Nálgist ekki það sem yður hefur verið bannað með skipun Guðs, hins upphafna, hins alvalda.*

'Abdu'l-Bahá útskýrir að Aqdas banni *„bæði létta og sterka drykki"* og segir að ástæðan fyrir banni áfengra drykkja sé sú að *„áfengi leiði hugann á villigötur og veiki líkamann."*

Shoghi Effendi segir í bréfum sem rituð voru fyrir hans hönd að bannið nái ekki aðeins til vínneyslu heldur „alls sem brenglar hugann." Hann gerir ljóst að notkun áfengis sé aðeins leyfð þegar hún er hluti læknismeðferðar sem fer fram „að ráði hæfs og samviskusams læknis sem kann að mæla með því til lækningar á sérstökum kvilla."

145. beinið ásjónum yðar til Hans sem Guð hefur áformað, sem runninn er af þessari fornu rót. ¶121

Bahá'u'lláh vísar hér til 'Abdu'l-Bahá sem arftaka síns og eftirmanns og býður átrúendunum að snúa sér til hans. Í Bók sáttmálans, erfðaskrá sinni, upplýsir Bahá'u'lláh um tilgang þessarar greinar og segir: *„Viðfang þessara helgu orða er ekkert annað en Hin máttugasta grein."* *„Hin máttugasta grein"* er einn þeirra titla sem Bahá'u'lláh gaf 'Abdu'l-Bahá. (Sjá einnig skýringar 66 og 184.)

146. Í Bayáninum var yður bannað að leggja spurningar fyrir Oss. ¶126

Bábinn bannaði fylgjendum sínum að leggja spurningar fyrir Hann sem Guð mun birta (Bahá'u'lláh) nema slíkar spurningar yrðu lagðar fram skriflega og lytu að málefnum sem væru verðugar háleitri stöðu Hans. Sjá *Selections from the Writings of the Báb*.

Bahá'u'lláh nemur þetta bann Bábsins úr gildi. Hann býður átrúendunum að leggja fram þær spurningar sem þeir *„þurfi að spyrja"* og áminnir þá um að spyrja ekki *„fánýtra spurninga"* af því tagi sem *„menn fyrr á tímum"* voru uppteknir af.

147. Mánuðir ársins sem tilgreindir eru í Bók Guðs eru nítján að tölu. ¶127

Bahá'í árið er samkvæmt Badí tímatalinu nítján mánuðir með nítján dögum hver auk nokkurra aukadaga (fjórum í venjulegu

ári og fimm í hlaupári) á milli átjánda og nítjánda mánaðarins til þess að aðlaga tímatalið sólárinu. Bábinn nefndi mánuðina eftir ákveðnum eigindum Guðs. Bahá'í nýárið fer saman við vorjafndægur í mars (sjá skýringu 26). Nánari upplýsingar, auk nafna vikudaga og mánaða, má finna í kaflanum um bahá'í tímatalið í *The Bahá'í World*, bindi XVIII.

148. Af þeim hefur hinn fyrsti verið prýddur þessu nafni sem yfirskyggir alla sköpunina. ¶127

Í persneska Bayáninum gaf Bábinn fyrsta mánuði ársins nafnið „Bahá" (sjá skýringu 139).

149. Drottinn hefur ákveðið að hina látnu beri að jarðsetja í kistum ¶128

Í Bayáninum mælti Bábinn svo fyrir að hinn látna skuli jarðsetja í kistu úr kristal eða fægðum steini. Í bréfi sem ritað var fyrir hönd Shoghi Effendi útskýrir hann að þessi fyrirmæli merki að sýna bæri mannslíkamanum virðingu því hann hafi „eitt sinn notið þeirrar háleitu stöðu að tengjast ódauðlegri sál mannsins."

Varðandi greftrun hinna látnu segja bahá'í lög í stuttu máli að bannað sé að flytja líkið lengra en sem nemur einnar klukkustundar ferð frá dánarstað; að líkið skuli sveipað silki eða bómullarklæði og að á fingur þess skuli dreginn hringur með áletruninni *„Ég kom frá Guði og sný aftur til Hans, aðskilinn öllu nema Honum, held fast við nafn Hans, hins miskunnsama, hins vorkunnláta."* Líkkistuna skuli gera af kristal, steini eða hörðum vönduðum við. Mælt er fyrir um sérstaka bæn fyrir hinum látna (sjá skýringu 10) og fara á með hana fyrir jarðsetningu. 'Abdu'l-Bahá og Verndarinn segja að þessi lög útiloki líkbrennslu. Útfararbænin og hringurinn eru þeim ætluð sem náð hafa fullþroska, þ.e. orðnir 15 ára gamlir (Sp&Sv 70).

Hvað varðar efni líkkistunnar er andi laganna sá að líkkistur eigi að gera af eins varanlegu efni og kostur er á. Af þessum sökum hefur Allsherjarhús réttvísinnar útskýrt að auk þeirra efna sem tilgreind eru í Aqdas mæli ekkert gegn því að kistan sé

gerð úr vandaðasta viði sem völ er á eða úr steini. Eins og málum nú er háttað hafa bahá'íar frjálst val í þessum efnum.

150. punktur Bayánsins ¶129

„Punktur Bayánins“ er einn þeirra titla sem Bábinn gaf sjálfum sér.

151. hinn látna skuli hjúpa fimm voðum úr silki eða bómull. ¶130

Í Bayáninum tekur Bábinn fram að líkama hins látna eigi að sveipa fimm voðum úr silki eða bómull. Bahá'u'lláh staðfestir þessi fyrirmæli og bætir því ákvæði við að fyrir *„þá sem hafa takmörkuð fjárráð nægir ein voð af öðru hvoru efninu.“*

Þegar Hann var spurður hvort með þeim *„fimm voðum“* sem nefndar eru í lögunum væri átt við „fimm líkklæði í fullri lengd“ eða „fimm voðir eins og þær sem venja var að nota fram til þessa“ svaraði Hann að átt væri við *„notkun fimm voða“* (Sp&Sv 56).

Ekkert í bahá'í ritunum segir hvernig lík skuli vafið, hvorki þegar notaðar eru „fimm voðir“ né þegar notuð er aðeins „ein voð“. Bahá'íum er frjálst að velja hvað þeir gera í þessum efnum.

152. Yður er bannað að flytja lík hins látna lengra en sem nemur einnar klukkustundar vegalengd frá borginni. ¶130

Tilgangur þessara fyrirmæla er að takmarka lengd ferðar við eina klukkustund án tillits til þeirrar aðferðar sem notuð er til að flytja líkið til greftrunar. Bahá'u'lláh staðfestir að því fyrr sem greftrun eigi sér stað *„þeim mun betra og tilhlýðilegra“* (Sp&Sv 16).

Dánarstaður er öll borgin eða byggðin þar sem viðkomandi lést og því má reikna með einnar klukkustundar ferðalagi frá borgarmörkum til greftrunarstaðar. Andi laga Bahá'u'lláh er sá að hinn látna skuli jarðsetja í grennd við staðinn þar sem hann eða hún deyr.

153. Guð hefur fellt út gildi þær ferðatakmarkanir sem settar voru í Bayáninum. ¶131

Bábinn setti ákveðnar takmarkanir á ferðalög sem áttu að gilda þangað til Hinn fyrirheitni Bayánsins kæmi fram. Þá var átrúendum sagt að leggja af stað, jafnvel fótgangandi, til að ná fundi Hans því að komast í návist Hans væri ávöxtur og tilgangur tilveru þeirra.

154. Reisið og gerið vegsamleg húsin tvö á helgu stöðunum tveimur og annarsstaðar þar sem hásæti Drottins þíns . . . hefur verið reist. ¶133

Bahá'u'lláh segir að *„húsin tvö"* séu hús Hans í Bagdað, sem Hann nefndi *„hið mesta hús"* og hús Bábsins í Shíráz en hvortveggja hefur Hann gert að áfangastað pílagrímsfarar. (Sjá Sp&Sv 29, 32 og skýringu 54.)

Shoghi Effendi útskýrði að með *„öðrum stöðum þar sem hásæti Drottins yðar . . . hefur verið reist"* sé vísað til þeirra staða þar sem opinberandi Guðs hafi búið. Bahá'u'lláh segir að hvað varðar *„aðra staði geti fólk þar valið á milli þess að varðveita sérhvert hús, þar sem veldisstóllinn var reistur, eða eitt þeirra"* (Sp&Sv 32). Þar sem það hefur reynst gerlegt hafa bahá'í stofnanir skráð, keypt og endurbyggt marga sögustaði sem tengjast tvenndarbirtingunni.

155. Varist að láta eitthvað sem skráð er í Bókina aftra yður frá því að hlýða á þessa lifandi Bók ¶134

„Bókin" er skráð opinberuð orð opinberanda Guðs. Hin *„lifandi bók"* er tilvísun til persónu opinberandans.

Þessi orð vísa til orða Bábsins í persneska Bayáninum um hina *„lifandi bók"* sem Bábinn segir að sé Hann sem Guð mun birta. Í einni af töflum sínum segir Bahá'u'lláh sjálfur: *„Bók Guðs hefur verið send niður í mynd þessa æskumanns."*

Í þessari grein Aqdas og aftur í efnisgrein 168 í Aqdas vísar Bahá'u'lláh til sjálfs sín sem hinnar *„lifandi bókar"*. Hann varar *„fylgjendur allra annarra trúarbragða"* við að leita *„ástæðna í eigin helgiritum"* til að hafna orðum hinnar „lifandi bókar".

Hann áminnir mennina um að leyfa ekki því sem skráð er í „*bókina*“ að aftra sér frá að viðurkenna stöðu Hans eða frá því að fylgja þessari nýju opinberun af staðfestu.

156. til vegsemdar opinberun Minni frá penna Hans sem var fyrirrennari Minn ¶135

„*Vegsemdin*“ sem Bahá'u'lláh vitnar til í þessari grein er að finna í arabíska Bayáninum.

157. Bænaráttin er að sönnu Hann sem Guð mun birta. Hvenær sem Hann hreyfir sig hreyfist hún allt þar til Hann nemur staðar. ¶137

Sjá nánar skýringar 7 og 8 þar sem fjallað er um þessa grein.

158. Ekki er leyfilegt að stofna til hjónabands með öðrum en þeim sem trúa á Bayáninn. Ef annar makinn játast þessum málstað verða eignir hans eða hennar óheimilar hinum ¶139

Kaflinn í Bayáninum sem Bahá'u'lláh vitnar hér til beinir athygli átrúendanna að væntanlegri komu Hans sem Guð mun birta. Banni Hans við að giftast þeim sem ekki játar trú Bábsins og fyrirmæli um að eignir eiginmanns eða eiginkonu sem gangi trúnni á hönd geti ekki með lögmætum hætti gengið til maka sem ekki er fylgjandi Bábsins var frestað af Bábinum sjálfum og Bahá'u'lláh nam þau síðar úr gildi áður en þau komu til framkvæmda. Þegar Bahá'u'lláh vitnar til þessara laga bendir Hann á þá staðreynd að þegar Bábinn opinberaði þau hafi Hann séð glöggt fyrir þann möguleika að málstaður Bahá'u'lláh risi til vegs á undan málstað Bábsins sjálfs.

Í *God Passes By* bendir Shoghi Effendi á að Bayáninn „eigi fyrst og fremst að skoða sem lofgjörð til Hins fyrirheitna fremur en lagabálk og fyrirmæli sem geyma varanlega leiðsögn komandi kynslóðum.“ Shoghi Effendi segir ennfremur: „Lög og reglur Bayánsins voru vísvitandi ströng, umbyltandi í þeim meginreglum sem hann innrætti, til þess ætluð að vekja klerka og almenning af aldagömlum doða og greiða skyndilegt og afgerandi

högg úreltum og spilltum stofnunum með vægðarlausum fyrirmælum hins fyrirheitna dags, dagsins 'þegar kallarinn stefnir til mikils reikningsskapar,' þegar Hann 'leggur í rúst allt sem var á undan Honum líkt og postuli Guðs kollvarpaði venjum þeirra sem fóru á undan Honum.'" (Sjá einnig skýringu 109).

159. Punktur Bayánsins ¶140
Eitt nafna Bábsins.

160. Vissulega er enginn Guð nema Ég ¶143
Í Bahá'í ritunum er að finna marga staði þar sem varpað er ljósi á eðli opinberandans og tengsl Hans við Guð. Bahá'u'lláh leggur áherslu á einstætt og yfirskilvitlegt eðli Guðs. Hann útskýrir að *„þar að engin bein tengsl eru möguleg á milli hins sanna Guðs og sköpunar Hans"* hefur Hann fastráðið *„að á hverri öld og í sérhverju trúarkerfi skuli hrein og flekklaus sál opinberast í ríkjum himins og jarðar"*. Þessi *„leyndardómsfulli og himneski"* opinberandi Guðs hefur mannlegt eðli sem tilheyrir *„heimi efnisins"* og andlegt eðli sem er *„fætt af eðli Guðs sjálfs."* Honum er einnig veitt *„tvíþætt staða"*:

> *Í hinni fyrri, sem tengist innsta veruleika Hans, birtist Hann sem rödd Guðs sjálfs . . . Hin staðan er staða mannsins eins og eftirfarandi heilög orð sýna: „Ég er aðeins maður eins og þið." „Seg, lof sé Drottni mínum! Er ég annað og meira en maður, postuli?"*

Bahá'u'lláh staðfestir einnig að í hinu andlega ríki sé *„fullkomin eining"* milli allra opinberenda Guðs. Þeir opinbera allir *„fegurð Guðs,"* sem birtist í nöfnum Hans og eigindum og færa opinberun Hans í búning orða. Hann segir:

> *Ef einhver hinna alltumlykjandi opinberenda Guðs segði: „Ég er Guð!" mælir Hann vissulega sannleikann og það án nokkurs vafa. Því þráfaldlega hefur verið sýnt fram á að með opinberun Hans, eigindum og nöfnum, hefur opinberun Guðs, nöfn Hans og eigindir, verið birtar heiminum.*

Shoghi Effendi segir að þótt opinberendurnir birti nöfn og eigindir Guðs og að fyrir þá hafi mannkynið aðgang að þekkingu á Guði og opinberun Hans ætti „aldrei að samkenna þá hinum ósýnilega veruleika, kjarna sjálfs Guðdómsins.“ Varðandi Bahá'u'lláh ritaði Verndarinn að „það mannlega musteri sem hefur verið gert að hirslu svo yfirþyrmandi opinberunar“ eigi ekki að samkenna „raunveruleika“ Guðs.“

Varðandi einstæða stöðu Bahá'u'lláh og mikilleika opinberunar Hans staðfestir Shoghi Effendi að spámannleg fyrirheit varðandi „Dag Guðs“ sem finna má í helgiritum eldri trúarbragða hafi verið uppfyllt með komu Bahá'u'lláh:

> Fyrir Ísrael var Hann hvorki meira né minna en „eilífðarfaðirinn“, „Drottinn herskaranna“ kominn í fylgd „tíu þúsund dýrlinga“; fyrir kristindóminn var Hann endurkoma Krists „í dýrð föðurins“; fyrir shíah íslam endurkoma Imám Ḥusayns; fyrir sunní íslam „andi Guðs“ stiginn niður (Jesús Kristur); fyrir Saraþústra-fylgjendur hinn fyrirheitni Sháh-Bahrám; fyrir hindúa holdtekja Krishna; fyrir búddhista fimmti Búddhann.

Bahá'u'lláh lýsir stöðu „guðdómsins“ sem Hann á sameiginlega með öllum opinberendum Guðs þannig

> *. . . staðan þar sem maður deyr sjálfum sér og lifir í Guði. Guðdómur, hvenær sem ég nefni Hann, gefur til kynna algjöra og fullkomna sjálfsafmáun mína. Þetta er staðan þar sem ég hef ekkert vald yfir láni mínu eða óláni né yfir lífi mínu og upprisu.*

Og varðandi tengsl Hans sjálfs við Guð ber Hann þessu vitni:

> *Þegar ég íhuga, ó Guð minn, bandið sem bindur mig við Þig er ég knúinn til að lýsa því yfir frammi fyrir öllu sem skapað er að „sannlega er Ég Guð!“; og þegar ég beini sjónum að mínu eigin sjálfi, sjá, ég sé að það er grófara en leir!*

161. að greiða Zakát ¶146

Zakát sem vísað er til í Kóraninum eru reglubundin góðverk sem skuldbinda múslíma. Á sínum tíma þróaðist hugmyndin yfir í nokkurskonar ölmususkatt sem gerði múslímum skylt að gefa vissan hluta ákveðinna tekjuliða til fátækra, til ýmiskonar góðgerðarstarfsemi og til aðstoðar við trú Guðs. Takmörk fyrir undanþágu voru breytileg fyrir mismunandi liði og sama gilti um þann hundraðshlut sem greiða átti af metanlegum hlutum.

Bahá'u'lláh segir að bahá'í lög um Zakát fylgi *„því sem opinberað var í Kóraninum"* (Sp&Sv 107). Þar sem ekki er í Kóraninum minnst á málefni eins og takmörk undanþágu, viðkomandi tekjuflokka, tíðni greiðslna og hlutfallsliði fyrir ýmsa flokka Zakát mun Allsherjarhús réttvísinnar kveða á um þessi mál í framtíðinni. Shoghi Effendi hefur bent á að meðan beðið er slíkrar löggjafar ættu átrúendur að gefa reglulega í bahá'í sjóðinn í samræmi við efni og aðstæður.

162. 162. Óheimilt er að betla og bannað að gefa þeim sem betlar. ¶147

Í töflu fjallar 'Abdu'l-Bahá um merkingu þessara orða. Hann segir: *„Betl er bannað og að gefa í góðgerðarskyni fólki sem hefur betl að atvinnu er einnig bannað."* Hann bendir einnig á eftirfarandi í sömu töflu: *„Tilgangurinn er sá að uppræta betl með öllu. En sé einhver ófær um að vinna fyrir sér, búi við sára fátækt og þurfi á hjálp að halda er það skylda hinna auðugu eða fulltrúanna að sjá honum fyrir mánaðarlegri framfærslu . . . Með „fulltrúum" er átt við fulltrúa fólksins, það er að segja meðlimi Húss réttvísinnar."*

Bann við að gefa fólki sem biðst beininga kemur ekki í veg fyrir að einstaklingar og andleg ráð veiti fátækum og þurfandi fjárhagslega aðstoð eða sjái þeim fyrir tækifærum til að afla sér færni sem geri þeim kleift að sjá sér farborða (sjá skýringu 56).

163. Áður hafði sá sem er Drottinn alls mannkyns lagt fjársekt . . . á hvern þann sem olli öðrum hryggð. ¶148

Bahá'u'lláh nemur úr gildi lög persneska Bayánsins varðandi greiðslu skaðabóta fyrir að valda náunga sínum hryggð.

164. hinn heilagi lótusviður ¶148

Hinn *„heilagi lótusviður"* er tilvísun til Sadratu'l-Muntahá, *„trésins á leiðarenda"* (sjá skýringu 128). Hér er líkingin notuð um Bahá'u'lláh.

165. Lesið orð Guðs á hverjum morgni og hverju kvöldi. ¶149

Bahá'u'lláh segir að nauðsynleg forsenda þess að lesa *„heilagt orð Guðs"* sé *„ást og löngun"* átrúendanna til að *„lesa orð Guðs"* (Sp&Sv 68).

Hvað varðar *„orð Guðs"* segir Bahá'u'lláh að átt sé við *„allt sem sent hefur verið niður frá himni guðlegs máls."* Í bréfi sem skrifað var til átrúanda upplýsir Shoghi Effendi að orðin *„orð Guðs"* nái ekki til rita 'Abdu'l-Bahá og ekki heldur sinna eigin rita.

166. Yður hefur verið boðið að endurnýja húsmuni heimila yðar á nítján ára fresti ¶151

Bahá'u'lláh staðfestir fyrirmælin í arabíska Bayáninum varðandi endurnýjun á nítján ára fresti á húsmunum á heimili að því tilskildu að það sé framkvæmanlegt. 'Abdu'l-Bahá tengir þessi fyrirmæli fágun og hreinlæti. Hann útskýrir að tilgangur laganna sé að endurnýja skuli þau húsgögn sem komin eru til ára sinna, missa þokka sinn og valdi andúð. Þau eigi ekki við um sjaldgæfa hluti, muni sem eru manni kærir, forngripi eða skartgripi.

167. Þvoið fætur yðar ¶152

Átrúendurnir eru hvattir til þess í Kitáb-i-Aqdas að baða sig reglulega, klæðast hreinum fötum og yfirleitt að vera fyrirmynd í hreinlæti og siðfágun. Í kaflanum Skráning og yfirlit, hluta IV.D.3.Y.I.–VII., eru viðkomandi fyrirmæli tekin saman. Hvað

varðar fótaþvott segir Bahá'u'lláh að ákjósanlegra sé að nota heitt vatn, en heimilt sé að nota kalt vatn (Sp&Sv 97).

168. Yður hefur verið bannað að nota predikunarstóla. Hver sem fara vill með orð Guðs fyrir yður, fáið honum hærra sæti ¶154

Þessi fyrirmæli eiga sér fordæmi í persneska Bayáninum. Bábinn bannaði notkun predikunarstóla til þess að halda predikanir eða lesa heilagan texta. Hann segir hinsvegar að til þess að allir geti hlýtt á orð Guðs skuli setja stól ræðumanns á pall.

Í athugasemdum sínum við þessi lög gera 'Abdu'l-Bahá og Shoghi Effendi ljóst að í Mashriqu'l-Adhkár (þar sem predikanir eru bannaðar og aðeins má lesa úr helgiritum) megi lesandinn sitja eða standa. Sé nauðsynlegt að betur heyrist til hans má notast við lágan færanlegan pall en predikunarstóll er ekki leyfður. Þegar um fundi er að ræða á öðrum stöðum en í Mashriqu'l-Adhkár er þeim sem les eða talar einnig heimilt að sitja eða standa og nota pall. Í einni af töflum sínum þar sem notkun predikunarstóla er bönnuð hvarvetna leggur 'Abdu'l-Bahá áherslu á að þegar bahá'íar halda ræður á mannfundum skuli þeir gera það af mikilli auðmýkt og sjálfsafneitun.

169. veðmál ¶155

Ekki hefur verið grein gerð fyrir þeim tegundum veðmála sem bannið nær til í ritum Bahá'u'lláh. Bæði 'Abdu'l-Bahá og Shoghi Effendi hafa bent á að það sé á valdi Allsherjarhúss réttvísinnar að tilgreina nánar hvað felst í banninu. Sem svar við spurningum um hvort bann við veðmálum nái til happdrættis, veðhlaups eða fótboltaleikja, bingós og annars þesháttar hefur Allsherjarhús réttvísinnar gefið til kynna að þetta mál verði tekið til nánari athugunar í framtíðinni. Á meðan er ráðum og einstaklingum ráðlagt að gera ekki mikið úr þeim og láta þau eftir samvisku einstakra átrúenda.

Samkvæmt reglum sem Hús réttvísinnar hefur sett er óviðeigandi að fjármagns fyrir trúna sé aflað með lotteríi, hlutaveltum og hverskyns lukkuspili.

170. neyta ópíums . . . sérhvers efnis sem veldur sinnuleysi og sljóleika ¶155

Bahá'u'lláh ítrekar þetta bann við notkun ópíums í síðustu grein Kitáb-i-Aqdas. Í þessu sambandi sagði Shoghi Effendi að ein þeirra krafna sem gerðar eru til „hreins og heilags lífernis" sé „algjört bindindi ... á ópíum og önnur svipuð ávanabindandi eiturlyf." Litið er svo á að heróín, hass og önnur afbrigði af kannabis svo sem marijúana, auk ofskynjunarlyfja eins og LSD, peyote og svipaðra efna falli undir þetta bann.

'Abdu'l-Bahá hefur ritað:

> *Hvað ópíum snertir, þá er það ægileg bölvun. Guð verndi okkur fyrir þeirri refsingu sem Hann leggur á neytanda þess. Samkvæmt skýrum texta Hinnar helgustu bókar er það bannað og notkun þess fullkomlega fordæmd. Skynsemin leiðir í ljós að ópíumneysla er einskonar geðsýki, og reynslan ber því vitni að neytandi þess er fullkomlega afskiptur í ríki mannsins. Megi Guð vernda alla frá því að fremja svo hræðilegan verknað sem þennan, verknað sem leggur í rúst sjálfan grundvöll þess sem mennskt er og veldur eilífri örbirgð neytandans. Því að ópíum festir sig við sálina þannig að samviska neytandans deyr, hugur hans eyðist, skynjanir hans fjara út. Það breytir lifendum í dauða. Það slekkur hinn náttúrlega hita. Ekki er hægt að gera sér í hugarlund meira tjón en það sem ópíum veldur. Giftusamir eru þeir sem ekki nefna það einu sinni á nafn; íhugið þá hversu hörmulegt hlutskipti neytanda þess er.*
>
> *Ó þér sem elskið Guð! Í þessari trú alvoldugs Guðs er með öllu fordæmanlegt að beita valdi og ofbeldi, hindrun og kúgun. Það er samt sem áður skylda að koma í veg fyrir notkun ópíums með öllum þeim ráðum sem tiltæk eru, svo mannkynið megi frelsast frá þessari hinni alvarlegustu af öllum sínum plágum. Ef ekki, vei og eymd hverjum þeim sem lætur undir höfuð leggjast að gera skyldu sína gagnvart Guði sínum.*

Í einni af töflum sínum segir 'Abdu'l-Bahá um ópíum að

„neytandi, kaupandi og seljandi séu allir sviptir hylli og miskunnsemi Guðs.“

Í enn annarri töflu hefur ‘Abdu’l-Bahá skrifað:

> *Varðandi hass hefur þú bent á að sumir Persar hafi ánetjast neyslu þess. Miskunnsami Guð! Þetta er hið versta allra vímuefna og það er bannað með skýrum hætti. Neysla þess veldur upplausn hugans og fullkomnum sljóleika sálarinnar. Hvernig gæti nokkur leitað ávaxtar hins djöfullega trés og með neyslu þess tileinkað sér eiginleika skrímslis? Hvernig gæti nokkur notað þetta forboðna eiturlyf og svipt sig þannig blessunum Hins almiskunnsama?*
>
> *Áfengi tærir hugann og veldur því að maðurinn fremur fáránlega verknaði, en þetta ópíum, þessi illi ávöxtur hins djöfullega trés og þetta spillta hass slekkur á huganum, frystir andann, gerir sálina að steini, eyðir líkamanum og skilur manninn eftir týndan og gæfulausan.*

Þess ber að gæta að ofangreint bann við neyslu vissra tegunda fíkniefna merkir ekki bann við neyslu þeirra ef hæfir læknar ávísa þeim eða þau eru hluti af læknismeðferð.

171. leyndardómur hinna miklu umskipta í merki Yfirbjóðandans ¶157

Shaykh Aḥmad-i-Aḥsá’í (1753–1831), höfundur Shaykhí skólans og hinn fyrri *„tveggja vitringa sem boðuðu komu trúar Bábsins“* spáði því að með komu Hins fyrirheitna yrði öllu snúið við, hinir fyrstu yrðu síðastir og hinir síðustu fyrstir. Í einni af töflum sínum vísar Bahá’u’lláh til *„tákns og vísbendingar“* um *„leyndardóm hinna miklu umskipta í merki Yfirbjóðandans“* Hann segir: *„Með þessum umskiptum hefur Hann niðurlægt hinn upphafna og upphafið hinn niðurlægða,“* og Hann minnist þess að *„á dögum Jesú voru það þeir sem virtir voru fyrir lærdóm sinn, menn fræða og trúar, sem afneituðu Honum meðan auðmjúkur fiskimaður hraðaði sér til að fá inngöngu í ríki Hans“* (Sjá einnig

skýringu 172). Nánari upplýsingar um Shaykh Aḥmad-i-Aḥsá'í er að finna í *The Dawn-Breakers*, köflum 1 og 10.

172. hina „sex" sem reistir voru upp í krafti þessa „beina Alif" ¶157

Í ritum sínum lagði Shaykh Aḥmad-i-Aḥsá'í mikla áherslu á arabíska bókstafinn „Váv". Í bókinni *The Dawn-Breakers* segir Nabíl að þessi bókstafur hafi fyrir Bábinum „merkt komu nýrrar guðlegrar opinberunar og í Kitáb-i-Aqdas hefur Bahá'u'lláh síðan vísað til hans með orðum eins og 'leyndardómur hinna miklu umskipta' og 'tákn yfirbjóðandans.'"

Í nafni bókstafsins „Váv" eru þrír bókstafir: Váv, Alif, Váv. Samkvæmt abdsjad-talnakerfinu voru tölugildi þessara bókstafa 6, 1 og 6. Í bréfi sem ritað var fyrir hönd Shoghi Effendi til átrúanda í Austurlöndum er túlkun að finna á þessum orðum í Aqdas. Hann segir að hið *„beina Alif"* tákni komu Bábsins. Fyrsti bókstafurinn sem hafi tölugildið sex, komi á undan Alif og sé tákn fyrri trúarkerfa og opinberenda sem komu á undan Bábinum en þriðji bókstafurinn sem einnig hefur tölugildið sex tákni æðstu opinberun Bahá'u'lláh sem kom á eftir Alif.

173. Yður er bannað að bera vopn nema brýna nauðsyn beri til ¶159

Bahá'u'lláh staðfestir fyrirmæli Bayánsins um að ólögmætt sé að bera vopn nema nauðsyn beri til. Varðandi aðstæður þar sem vopnaburður gæti reynst einstaklingi *„mikil nauðsyn"* gefur 'Abdu'l-Bahá átrúanda leyfi til sjálfsvarnar við hættulegar kringumstæður. Í bréfi sem ritað var fyrir hönd Shoghi Effendi er gefið til kynna að í neyðartilvikum þegar engin löggæsla er fyrir hendi hafi bahá'íi rétt til að verja líf sitt. Til eru ýmsar aðrar kringumstæður þar sem vopna er þörf og nota má þau með lögmætum hætti, t.d. í löndum þar sem fólk veiðir sér til fæðis og klæða og í íþróttagreinum eins og bogfimi, skotfimi og skylmingum.

Bahá'u'lláh setti fram skýra meginreglu um sameiginlegt öryggi (sjá *Úrval úr ritum Bahá'u'lláh*, CXVII) og Shoghi Effendi

hefur skýrt hana (sjá bréf Verndarans í *The World Order of Bahá'u'lláh*). Hann gerir ekki ráð fyrir afnámi valdbeitingar en segir fyrir um „kerfi þar sem valdinu er gert að þjóna réttlætinu," og gerir ráð fyrir alþjóðlegu friðargæsluliði sem „muni verja lífræna einingu alls samveldisins." Í Bishárát töflunni lætur Bahá'u'lláh í ljós þá von að *„stríðsvopnum um allan heim verði breytt í tæki til uppbyggingar og að deilur og átök hverfi á meðal manna."*

Í þessari sömu töflu leggur Bahá'u'lláh áherslu á mikilvægi vináttu við fylgjendur allra trúarbragða. Hann segir einnig að *„lögin um heilagt stríð hafi verið afmáð úr bókinni."*

174. yður er leyfilegt að klæðast silki ¶159

Samkvæmt siðum í íslam var karlmönnum yfirleitt bannað að klæðast silki nema á tímum heilags stríðs. Þetta bann byggði ekki á orðum Kóransins og Bábinn nam það úr gildi.

175. Drottinn hefur . . . létt af yður þeim takmörkunum sem áður giltu um klæðaburð og skeggskurð. ¶159

Margar reglur varðandi klæðaburð áttu uppruna sinn í lögum og siðvenjum heimstrúarbragðanna. Til að mynda tók shíah klerkastéttin upp sérstök höfuðföt og kyrtla og lagði eitt sinn bann við evrópskum klæðaburði. Íslamskar venjur sem vildu fylgja fordæmi spámannsins kynntu einnig til sögunnar margar takmarkanir varðandi snyrtingu yfirskeggs og sídd skeggs.

Bahá'u'lláh ógilti slíkar takmarkanir á klæðaburði og skeggskurði. Hann lætur slík málefni eftir *„geðþótta"* hvers og eins og hvetur um leið átrúendurna til að fara ekki yfir mörk velsæmis og gæta hófsemi í öllu sem varðar klæðnað.

176. Ó land Káf og Rá! ¶164

Káf og Rá eru fyrstu samhljóðarnir í Kirmán, nafni á borg og héraði í Íran.

177. Vér skynjum það sem berst frá þér heimullega og með leynd. ¶164

Þessi kafli er tilvísun til leynimakks í hópi azalíta, fylgjenda Mírzá Yaḥyá (sjá skýringu 190), sem tengdust Kirmán borg. Meðal þeirra voru Mullá Ja'far, sonur hans Shaykh Aḥmad-i-Rúḥí og Mírzá Áqá Khán-i-Kirmání (báðir tengdasynir Mírzá Yaḥyá), sem og Mírzá Aḥmad-i-Kirmání. Þeir reyndu ekki aðeins að grafa undan trúnni heldur tóku þátt í pólitískum undirróðri sem náði hámarki í morðinu á Náṣiri'd-Dín Sháh.

178. Minnist shayksins sem bar nafnið Muḥammad-Ḥasan ¶166

Shaykh Muḥammad-Ḥasan, einn af leiðandi lagaskýrendum shíah íslam, hafnaði tilkalli Bábsins. Hann var höfundur umfangsmikilla rita um shíah lögspeki og er talinn hafa látist í kringum 1850.

Nabíl lýsir í *The Dawn-Breakers* fundi sem átti sér stað í Najaf milli Mullá 'Alíy-i-Basámí, eins af Bókstöfum hins lifandi, og Shaykh Muḥammad-Ḥasan. Meðan á fundinum stóð kynnti Mullá 'Alí opinberun Bábsins og lofaði mátt og möguleika opinberunar Hans. Að frumkvæði shayksins var Mullá 'Alí þegar í stað lýstur trúvillingur og rekinn af fundinum. Hann var leiddur fyrir dóm, fluttur til Istanbúl og dæmdur í þrælkunarvinnu.

179. bygg- og hveitisáldari ¶166

Hér er vísað til Mullá Muḥammad Ja'far Gandum-Pák-Kun, hins fyrsta í Iṣfahán sem játaðist trú Bábsins. Hans er minnst í persneska Bayáninum og lof borið á hann sem þann sem *„klæddist kyrtli lærisveins."* Í *The Dawn-Breakers* lýsir Nabíl því hvernig „hveitisáldarinn" viðurkenndi boðskap Bábsins skilyrðislaust og barðist kappsamlega fyrir hinni nýju opinberun. Hann slóst í hóp þeirra sem vörðu Shaykh Ṭabarsí virkið og féll í því umsátri.

180. Varist að orðið „spámaður“ haldi yður frá þessari mestu boðun ¶167

Bahá'u'lláh varar menn *„innsæis“* við því að leyfa túlkunum sínum á helgiritunum að koma í veg fyrir viðurkenningu á opinberanda Guðs. Fylgjendur trúarbragðanna hafa hneigst til þess vegna hollustu við trúarhöfund sinn að líta á opinberun Hans sem endanlegt orð Guðs og hafna því að aðrir opinberendur Guðs geti komið fram. Þetta hefur gerst í gyðingdómi, kristindómi og íslam. Bahá'u'lláh vísar á bug þessum hugmyndum um endanleika bæði hvað varðar fyrri trúarkerfi og sitt eigið. Varðandi múslíma ritar Hann í Kitáb-i-Íqán að *„fylgjendur Kóransins . . . hafi leyft orðunum „innsigli spámannanna“ að byrgja sér sýn,“ „að myrkva skilning sinn og svipta sig náð margvíslegra gjafa Hans!“* Hann staðfestir að *„þetta hafi verið sár prófraun öllu mannkyni,“* og harmar hlutskipti *„þeirra sem halda fast við þessi orð og hafa ekki trúað á Hann sem er sannur opinberandi þeirra.“* Bábinn vísar til sama efnis með viðvörunarorðum sínum: *„Látið ekki nöfn byrgja yður líkt og með blæju frá Honum sem er Drottinn yðar, jafnvel ekki heldur nafn spámannsins því það er aðeins sköpun orða Hans.“*

181. eða einhver tilvísun til „staðgengils“ aftri yður frá að lúta yfirráðum Hans sem er staðgengill Guðs ¶167

Orðið sem hér er þýtt sem *„staðgengill“* er í arabísku frummálinu „viláyat,“ sem hefur ýmsar merkingar, þar á meðal „staðgengill stjórnanda,“ „verndardæmi,“ „varnardæmi“ og „arftaki . . .“ Það er notað í tengslum við Guð sjálfan, opinberanda Hans eða þá sem skipaðir eru arftakar opinberandans.

